



L
Ó
Ð
R
É
T
T

R
A
N
N
S
Ó
K
N

© 20016 Steinunn Knútsdóttir

Lóðrétt rannsókn:
Ódauðleg verk
Áhugaleikhúss atvinnumanna
2005–2015

Reykjavík, 2016

Ritstjóri: Ólöf Gerður Sigfúsdóttir
Útgefandi: Listaháskóli Íslands og Háskólaútgáfan
Ljósmyndir: Aðalbjörg, Árnadóttir, Hera Magdalena Steinunnar
og Eiríksdóttir, Guðlaug Magnúsdóttir, Óli Björn Finnsson og
Steinunn Knútsdóttir
Útlit: Björg Vilhjálmsdóttir
Prentun: Litlaprent

Útgáfa bókarinnar er styrkt af Útgáfusjóði Listaháskóla Íslands
og Miðstöð Íslenskra bókmennta.

V 201614
ISBN: 978-9935-23-128-4

Öll réttindi áskilin.

Allt efni í þessu riti er verndað af ákvæðum höfundalaga.
Ef ekki er til að dreifa samþykki höfunda og Háskólaútgáfunnar
er sérhver eintakagerð og drefing efnisins óheimil nema til komi
lagaheimild í samningi við Fjölís, samtök rétthafa höfundaréttar.
Nokun sem brýtur í bága við lög eða samninga getur haft bóta-
og refsíðabyrgð í för með sér



Steinunn Knútsdóttir

Ódauðleg verk
Áhugaleikhúss
atvinnumanna
2005-2015

L
Ó
Ð
R
É
T
T

R
A
N
N
S
Ó
K
N

„Með umfjöllun um eigið höfundarverk vil ég leggja mitt á vogarskálarnar til að það verði skrásett sem er að gerast og gerjast í samtímasviðslistum á Íslandi.“



Á þeim tíu árum sem Áhugaleikhús atvinnumanna hefur starfað höfum við sem að því stöndum tekist á við stórar spurningar um lífið og listina og átt í samtali við áhorfendur okkar um þær. Við höfum reynt eftir fremsta megni að vera sem næst kjarnanum í því sem við teljum vera hlutverk listamannsins, þ.e. að spyrja mikilvægra og áleitinna spurninga um tilvist okkar með það að markmiði að við, listamennirnir og áhorfendur okkar, verðum örlítið meðvitaðri um eðli okkar og umhverfi. Áhugaleikhús atvinnumanna hefur siglt með og á móti straumi á tímum nýfrjálshyggu, efnahagshruns, kreppu og endurreisnar í hverfi sem enn er ólokið.

Ég er meðvituð um hversu lánsöm ég hef verið að njóta trausts og stuðnings ólíkra aðila í fagumhverfi sviðslista í gegnum árin. Listaháskóli Íslands hefur verið minn helsti bakhjarl en fyrir tilstilli hans hef ég nú haft ráðrúm til þess að vinna að þessari bók um *Ódauðleg verk* Áhugaleikhúss atvinnumanna meðfram störfum mínum sem deildarforseti sviðslista-deildar Listaháskóla Íslands.

Það hefur ekki tíðkast að sviðslistafólk á Íslandi ræði um höfundarverk sitt eða tjái sig um aðferðafræði og listræna sýn á opinberum vettvangi. Ég hef saknað þess að heyra samferðafólk mitt lýsa faglegri reynslu sinni á yfirvegaðan og gagnrýnninn hátt, en á Íslandi hefur okkur löngum skort hefð fyrir því að deila faglegri þekkingu okkar með öðrum. Ég held að við getum lært mikið af kollegum okkar á erlendra grundu sem miðla hugmyndum sínum í ræðu og riti og taka þannig þátt í að skrásetja menningarsöguna í stað þess að láta það alfarið í hendur seinni tíma listfræðinga og sagnfræðinga.

Þessi bók er tilraun til þess að opna fyrir skrif af þessu tagi á Íslandi en áður hefur Áhugaleikhús atvinnumanna gefið út bókina *2010, lárétt rannsókn* sem gerði grein fyrir vinnu við *Örverk um áráttur, kenndir og kenjar* sem leikhúsið vann að árið 2010.

Með umfjöllun um eigið höfundarverk vil ég leggja mitt á vogarskálarnar til að það verði skrásett sem er að gerast og gerjast í samtímasviðslistum á Íslandi.


París, nóvember 2015



Efnisyfirlit

Byrjunarreitur: samhengi og forsendur	12
Listamenn Áhugaleikhúss atvinnumanna 2005–2015	14
Manifestó Áhugaleikhúss atvinnumanna	15
Jarðvegur: hugmyndir og aðferðir.	16
Efni og efnistöð	18
Aðferðafræðilegur bakgrunnur	18
Leikarinn og hlutverkið	22
Grænt leikhús	24
Sköpunarferlið	24
Krufning.	28
Ódauðlegt verk um stjórn og stjórnleysi	32
Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna	40
Ódauðlegt verk um stríð og frið	48
Ódauðlegt verk um draum og veruleika	54
Ódauðlegt verk um ást og ástleysi: hvar er guð?	62
Allt er pólitík: Vangaveltur um fagið, listina og samfélagið	72
Bergmál: hugleiðingar samferðafólks í sviðslistum	90
Eva Rún Snorradóttir	92
Tyrfingur Tyrfingsson	93
Karl Ágúst Þorbergsson	94
Heiðar Sumarliðason	96
Ragnheiður Skúladóttir	97
Þorgerður E. Sigurðardóttir	98
Að sýna kærleikstennurnar: hugleiðing áhorfanda	100
Haraldur Jónsson	102
Handrit	106
Ódauðlegt verk um stjórn og stjórnleysi	108
Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna	116
Ódauðlegt verk um stríð og frið	132
Ódauðlegt verk um draum og veruleika	138
Ódauðlegt verk um ást og ástleysi: hvar er guð?	148
Gagnrýni í prentmiðlum	202
Heimildir & itarefni	212





Byrjunarreitur: samhengi og forsendur

Hér verður fjallað um *Ódauðleg verk*, kvintólógíuna um tilvist og eðli mannsins. Greint verður frá tilurð verkanna, efni og efnistöðum, því umhverfi sem verk-in spretta úr og hvaða viðbrögð þau hafa fengið.

Bókinni er ekki ætlað að fjalla línulega um tilurð *Ódauðlegra verka* heldur er hún lóðrétt umfjöllun um þau faglegu og samfélagslegu álitamál og viðfangs-efni sem endurspeglast í vinnu Áhugaleikhús atvinnumanna frá því að hópurinn hóf starfsemi sína og fram á þennan dag.

Til þess að starfsemi eins og Áhugaleikhús atvinnumanna geti orðið til, vaxið og dafnað verða rétt skilyrði að vera til staðar. Við sem höfum staðið að þessu leikhúsi spruttum upp úr ákveðnum jarðvegi, sem við jafnframt nærumst á, og höfum notið góðs af þeirri starfsemi og aðstöðu sem hefur verið byggð upp í kringum menntun, listir og menningu í Reykjavík og víðar á landinu.

Árið 2005 átti sviðslistafólk í heitum umræðum um aðstöðu sjálfstæðra leikhópa og sviðslistafólks í Borgarleikhúsinu í Reykjavík. Leikhópar höfðu

unnið að sýningum í húsinu samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og Leikfélags Reykjavíkur um aðstöðu sjálfstæða geirans í húsinu en styr stóð um framkvæmd samningsins. Innan geirans var talað um aðstöðumun listamannanna sem störfuðu við húsið og þeirra sem komu inn á forsendum samstarfssamningsins. Þeim verkefnum sem fengu inni fylgdi oft og tíðum ekki nægilegt fjármagn til að greiða laun samkvæmt töxtum og aðstöðumunur hinna sjálfstætt starfandi listamannanna og þeirra fastráðnu var hrópandi. Sumir notuðu orð eins og áhugaleikarar og áhugaleikhús um sjálfstæðu leikhópana og listamennina til aðgreiningar frá þeim listamönnum sem störfuðu í húsinu. Sýningarnar voru ekki sambærilegar við þau verkefni sem leikhúsið sjálft framleiddi enda var mun minna kostað til í umgerð og við framleiðslu verkanna.

Mér fannst áhugavert hvernig fólk tjáði sig um birtingarmyndir þessa munar á áhugamennsku og atvinnumennsku sem voru allar tengdar við peninga. Mig langaði að ögra viðteknum hugmyndum um atvinnumennsku því mér fannst þessir hópar sem borguðu með sér til þess að geta sýnt list sína

í viðeigandi húsnæði vera alveg jafn fagmannlegir og metnaðarfullir og leikhópurinn sem var fast-ráðinn í Borgarleikhúsinu þó að listamennirnir væru á lægri launum eða jafnvel launalausir. Þetta voru listamenn sem höfðu það mikla ástriðu fyrir faginu og áhuga á því að þeir létu slag standa þrátt fyrir peningaleysið.

Á meðan Borgarleikhúsið brást við gagnrýninni með því að skilyrða samstarfsamninga sína við þá leikhópa sem höfðu tryggt fjármagn til framleiðslu gekkst ég á hönd hugsjóninni um leikhús án peninga. Tækifæri opnaðist þegar Landsbankinn veitti listamönnum þvert á listgreinar aðstöðu til listsköpunar í Klink & Bank en þar var Áhugaleikhús atvinnumannanna stofnað á vordögum 2005, peningalaust leikhús. *Ódauðlegt verk um stjórn og stjórnleysi*, sem frumsýnt var í kjallara hússins í maí 2005, varð fyrsta verkið í *Ódauðlegri kvintólógíu* um mannlegt eðli og tilvist sem hópurinn átti eftir að vinna að næstu tíu árin. Síðasta verk kvintólógiunnar, *Ódauðlegt verk um ást og ástleysi: hvar er guð?* var frumsýnt í Borgarleikhúsinu í ágúst 2015 og kvintólógían var sýnd í heild sinni á LÓKAL, alþjóðlegri leiklistarhátíð í Reykjavík, og á Reykjavík Dance Festival þá um haustið.

Ég hef verið listrænn og hugmyndafræðilegur leiðtogi Áhugaleikhúss atvinnumannanna frá stofnun þess fram á þennan dag og leikstýrt öllum sýningum þess, en leikhópurinn samanstendur af faglærðu sviðslistafólki sem hefur áhuga á sviðslist sem er óháð markaðslögmálum.

Í þessari bók mun ég gera grein fyrir störfum Áhugaleikhúss atvinnumannanna, hvernig hugmyndafræði leikhópsins hefur haft áhrif á hvaða aðferðir, fagurfræði og efnistökin urðu fyrir valinu við uppsetningu á ódauðlegu kvintólógiunni og hvernig sú aðferðafræði hefur þróast á þeim tíu árum sem verkin hafa verið í vinnslu. Ég geri grein fyrir helstu áhrifavöldum mínum og rek í stuttu máli hvaðan ég sækí innblástur í vinnunna. Þá greini ég frá tilurð hvers verks fyrir sig og því umhverfi sem það sprettur úr. Ég rek hvert ferli línulega og fjalla um þær áskoranir sem við höfum mætt við vinnslu verkanna og geri stuttlega grein fyrir opinberri umfjöllun sem verkin fengu.

Ég hef einnig tekið saman hugleiðingar mínar um helstu viðfangsefni og álitamál sem upp hafa komið á þeim tíu árum sem Áhugaleikhús atvinnumannanna

hefur starfað. Hugleiðingarnar eru margar og ólíkar og varða sjálfa listsköpunina beint eða óbeint. Ég hef valið að kalla þennan kafla „Allt er pólitík“ enda er það skoðun mín að allar gjörðir okkar séu í grunninn pólitískar. Í kaflanum varpa ég fram spurningum og læt í ljós skoðanir mínar um ýmis málefni sem varða sviðslistir og menningarmál. Ég geri ekki tilraun til að leysa nein vandamál og forðast að fara út í of mikil tækniatriði varðandi rekstrarform leikhúsa eða menningarstefnu stjórnvalda þótt ég leyfi mér að þreifa á yfirborði stærri álitamála. Dýpri menningarpólitíska umræðu læt ég eftir sérfróðara fólki.

Ég hef fengið hóp samferðafólks míns úr sviðslistum til þess að deila hugleiðingum sínum um starf Áhugaleikhúss atvinnumannanna, en líkt og í öðrum fögum hefur sviðslistafólk áhrif hvert á annað og er þessi kafla tilraun til þess að kortleggja annars ósýnlegt faglegt samtal sem á sér stað um sviðslistirnar í viðum skilningi.

Umfjölluninni um verkin lýkur á hugleiðingu áhorfanda um kvintólógiuna en í sviðslistunum er það áhorfandinn sem á síðasta orðið. Án hans væri leikhúsið ekki til.

Í lok bókarinnar má finna handrit af verkum kvintólógiunnar og leikdóma sem vísað er til í umfjölluninni um verkin, auk ítarefnis sem tengist aðferðafræði hópsins.

Ég hef kennt þessa bók við *lóðrétta rannsókn* til aðskilnaðar frá bók um örverk Áhugaleikhúss atvinnumannanna 2010 sem kennd er við *lárétta rannsókn*.¹ Heiti rannsóknaraðferðanna vísa annars vegar til efnis verkanna sem þær hafa að viðfangsefni. Örverkin eru eins konar svipmyndir af atburðum líðandi stundar árið 2010 og endurspegla því lárétta sýn á mannlega tilvist, en í *Ódauðlegu verkunum* er kafað ofan í mannlegt eðli með því að skoða það sem leynist undir yfirborði hlutanna. Þess vegna endurspeglar slík nálgun lóðrétta sýn á mannlega tilvist og eðli.

Hins vegar er hér átt við efnistökin bókanna. Í bókinni um örverkin er fjallað á lýsandi hátt um verkin og gerð lauslega grein fyrir hugmyndafræði og afstöðu leikhópsins til sviðslistanna. Í þessari bók kafa ég dýpra í verkin og samhengi þeirra og leitast við að gera grein fyrir þeim mörgu lögum sem Áhugaleikhús atvinnumannanna starfar á.

Listamenn Áhugaleikhúss atvinnumanna 2005–2015

Leikarar

Adam Freyr Aronsson
 Aðalbjörg Árnadóttir
 Arndís Hrönn Egilsdóttir
 Árni Pétur Guðjónsson
 Kristjana Skúladóttir
 Hannes Ágústsson
 Hera Magdalena Steinunnar Eiríksdóttir
 Jórunn Sigurðardóttir
 Katla Helga Thorlacius Jónsdóttir
 Lára Sveinsdóttir
 Magnús Guðmundsson
 Orri Huginn Ágústsson
 Ólafur Steinn Ingunnarson
 Ólöf Ingólfsdóttir
 Sveinn Ólafur Gunnarsson
 Sverrir Páll Einarsson

Aðrir listamenn sem unnið hafa að verkum Áhugaleikhúss atvinnumanna 2005–2015

Gígja Hólmgeirsdóttir, sviðshöfundur
 Halldóra Malín Pétursdóttir, leikari
 Harpa Arnardóttir, sviðslistakona
 Hákon Már Oddsson, kvikmyndagerðarmaður
 Hilmar Örn Hilmarsson, tónskáld
 Hrafnhildur Hagalín, textahöfundur
 Ilmur Stefánsdóttir, leikmyndahöfundur
 Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir, tónskáld
 Kristín Valsdóttir, tónlistarkona
 Nanna Hlíf Ingvarsdóttir, tónlistarkona
 Margrét Pálmadóttir, tónlistarkona
 Marta Nordal, sviðslistakona
 Rúnar Guðbrandsson, sviðslistamaður
 Una Stígisdóttir, leikmyndahöfundur

Nemendur Hlíðarskóla

Áslaug Edda Kristjánsdóttir
 Benedikt Jens Magnússon
 Dagur Máni Sunnuson
 Dúna Pálsdóttir
 Erlen Isabella Einarsdóttir
 Eva Steinunn Harðardóttir
 Freyja Gyðudóttir Gunnarsdóttir
 Hrafn Sverrisson
 Hugrún Lóa Kvaran
 Inga Sóley Kjartansdóttir
 Jóhannes Lárus Helgason
 Katrín Nótt Birkisdóttir
 Maja Meixin Aceto
 Ólafur Steinar Ragnarsson
 Ólína Stefánsdóttir
 Ómar Atli Viggósson
 Rannveig Gréta Gautsdóttir
 Salka Grímsdóttir
 Sunna Líf Arnarsdóttir
 Telma Sól Sulem

MANIFESTÓ ÁHUGALEIKHÚSS ATVINNUMANNA

Áhugaleikhús atvinnumanna
er peningalaust leikhús

Við lítum á listsköpun sem rannsókn

Við lítum á vinnuna sem áhugamál

Við lítum á verk okkar sem samtal
við áhorfandann en ekki neysluvöru

Við metum hugvit meira en peninga

Við vinnum í kosmísku flæði
og höfum léttleikann að leiðarljósi

JARÐVEGUR: HUGMYNDIR OG AÐFERÐIR

Með stofnun Áhugaleikhúss atvinnumanna og vinnu að *Ódauðlegu verkunum* var ætlunin að skapa vettvang til að rannsaka hvernig fjarvera peninga hefði áhrif á ólíka þætti listsköpunar og á stefnumótið við áhorfendur. Var hægt að starfrækja leikhús án hreyfiafls fjármagnsins, óháð markaðslögmálum?

Sú aðgerð að fjarlægja þetta mikla hreyfiafl úr framleiðsluferli leikhússins hafði afgerandi áhrif á afstöðu, aðferðir og fagurfræði leikhópsins en aðrir þættir skiptu einnig máli. Ég mun hér gera grein fyrir hvaðan aðferðafræðin er sprottin og hvernig hugmyndafræðin hefur áhrif á listrænt ferli og ákvarðanatöku.

Efni og efnistöð

Í peningalausa leikhúsinu vildum við ná utan um kjarnann og losa okkur við hismið, við vildum fara út úr tilgerðinni og inn í alvöruna, út úr kvöðinni og til móts við áhugann og ánægjuna. Við vildum taka skref út úr hefðinni og sprengja upp hið viðtekna.

Eitthvað sem byrjaði sem brandari um að við myndum ekki bara láta okkur nægja að gera trílógíu heldur yrðum við að bæta um betur og gera kvintólógíu varð einhvern veginn alla tíð kjölfestan í vinnu okkar.

Efniviður kvintólógíunnar og titlar verkanna fimm urðu til strax í upphafi vinnunnar við *Ódauðlegt verk um stjórn og stjórnleysi* vorið 2005, en þá vöknudu margar spurningar um efni og aðferðafræði sem mig langaði til að halda áfram að rannsaka.

Í *Ódauðlegu verkunum* hef ég reynt að kafa sem dýpst og setja fram spurningar sem ganga sem næst kjarnanum í tilvist mannsins, sjálfu frumeðlinu. Ég spyr spurninga um hver drifkraftur mannsins sé og hvað skilyrði gjörðir hans.

Ég hef flokkað viðfangsefni okkar svona:

Samband manns við sjálfan sig

Samband manns við mann

Samband manns við samfélagið

Samband manns við söguna

Samband manns við náttúruna

Samband manns við guð

Líkt og í grísku harmleikjunum er helsta umfjöllunar-efni kvintólógíunnar átök mannsins við stóru öflin í lífinu; eðlið, örlögin, guð og samfélagið.

Segja má að samband manns við mann sé það stef sem vegur minnst í verkum okkar en það eru átök sem af því sambandi spretta sem einkenna helst meginstraum vestræns samtímaleikhúss.

Gegnumgangandi stef í verkunum eru hugmyndir sem lúta að frelsi og helsi mannsins. Er maðurinn frjáls? Þegar við spyrjum svo þýðingarmikilla spurninga er erfitt að gefa eitthvert einhlítt svar, segja eina sögu. Enda þótt við séum öll einstök þá er mannfólkið eins í eðli sínu og við nálgumst kjarnann aldrei betur en með því að bera saman margar sögur og leita að samnefnurum milli þeirra. Þegar við erum að meitla efni fyrir verkin reynum við að þurrka út persónulegar sögur og sálfræði og leyfum hlutum að standa fyrir heild. Í sumum verka okkar ákváðum við á endanum að nota tákn og erkitýpur, eimaðar útgáfur af hinum mörgu sögum um manninn.

Aðferðafræðilegur bakgrunnur

Ég hlaut óhefðbundna menntun í sviðslistum og hef frá upphafi viljað móta aðferðir mínar á eigin forsendum. Sviðslistamenntun mín er samansett úr ólíkum hefðum og kenningaskólum, er jafnt akademísk sem verkleg, formleg sem óformleg.

Áður en ég sótti formlega menntun í sviðslistum lauk ég bakkalárgráðu í guðfræði frá Háskóla Íslands. Meðfram háskólanáminu aflaði ég mér leiklistarþjálfunar í leikhópi eða öllu heldur skóla sem gekk undir nafninu Leiksmiðjan Ísland og var framtak metnaðarfullra ungmenna í Reykjavík sem höfðu ástríðu fyrir leiklist, með þær Ástu Arnardóttur og Björgu Vilhjálmsdóttur í fararbroddi. Kári Halldór Þórsson, sem þá var leiktúlkunarkennari við Leiklistarskóla Íslands, var fenginn til að leiða skólann en þar var unnið að jafnaði í tuttugu stundir á viku við alhliða leikarabjálfun. Tveggja ára skólagöngu lauk með leikferð á alþjóðlega leiklistarhátíð í Toyama í Japan sumarið 1989, þar sem ég kynntist Tadashi Suzuki leikstjóra í æfingabúðum hans í Toga og varð þar hugfanginn af verkum hans og aðferðafræði. Síðar átti ég eftir að til- einka mér Suzuki-þjálfunaraðferð fyrir leikara sem byggist á fornum hefðum Noh og Kabuki í bland við vestrænar hefðir eins og ballett.

Eftir að ég lauk guðfræðináminu árið 1991 flutti ég til Árósa í Danmörku þar sem ég vann í ríflega tvö ár við tilraunaleikhúsið Boxiganga Performance Teater áður en ég hóf nám í leiklistarskóla. Ég hlaut formlega leikaramenntun í Nordisk Teaterskole í Árósum sem þá var undir sterkum áhrifum frá dansleikhúsi samtímans en byggðist annars á hugmyndafræði Odin Teater í Holsterbro og líkamlegum leikaðferðum Eugenio Barba, listræns stjórnanda þar og Jerzy Grotowski, einum af helstu áhrifavöldum í leiklist á 20. öld. Ég fór frá Danmörku til Bretlands í meistaranám í sviðslistum með áherslu á leikstjórn í De Montfort-háskólanum í Leicester sem þá var miðstöð fyrir tilraunir og póstmóderníska nálgun að sviðsetningu og leikstjórn. Eftir útskrift bætti ég við mig diplómánámi í leikstjórnaraðferðum Konstantíns Staníslavskíj hjá Jurij Alschitz og lærði Suzuki-þjálfunar- aðferð fyrir leikara hjá dönskum lærisveini Suzukis, Anne Lise Gabold leikkonu, og síðar hjá Siti Company í New York. Þessi samsetning menntunnar minnar endurspeglast í þeirri aðferðafræði sem ég þróaði með Áhugaleikhúsi atvinnumanna og hef beitt við sviðssetningu *Ódauðlegra verka*.

Ég geri hér grein fyrir helstu hugtökum og aðferðum sem ég hef beitt með leikhópi Áhugaleikhúss atvinnumanna og stuðst við í sköpun *Ódauðlegra verka*.

Borð/gólf/borð eða „borðið á gólfinu“

Í leikhúsinu er gerður greinarmunur á borðvinnu og gólfvinnu. Borðvinna er sú vinna sem leikhópurinn sinnir sitjandi við borð við lestur og greiningu á verkinu, þar fara fram umræður um heim verksins og erindi þess við samtímann. Það er hefðbundið að æfingaferli byrji á borðvinnu og við taki í beinu framhaldi vinna á gólfinu þar sem leikverkið er æft. Staníslavskíj lagði mikla áherslu á greiningarvinnu leikhópsins en samkvæmt mínum bókum er hugtakið borð/gólf frá honum komið. Staníslavskíj, sem var stöðugt að þróa eigin aðferðir, bætti sjálfur við því sem hann kallaði borð/gólf/borð sem þýðir að greiningarvinnan hættir ekki þótt æfingar séu hafnar, heldur getur greiningin breyst í gegnum reynsluna af því sem fram fer á gólfinu og þá þarf að setjast aftur niður og greina verkið betur.

Í rauninni er þessi pendúlhreyfing einkenni á allri listsköpun, þ.e. að skiptast á að stinga sér á bóla- kaf í það huglæga, innlifunina í sköpunina sjálfa, og

beita svo hlutlægum tólum til að greina, grisja, taka ákvarðanir og móta listaverkið.

Þegar verkið er unnið í samsköpun er leikhópurinn svo að segja með „borðið á gólfinu“ og greiningin á sér stað meðfram og í sjálfri sköpunarvinnunni, en við hefjum þó ferlið við borðið þar sem við veltum öllum vinklum efnisins fyrir okkur. Mér finnst mikilvægt að leyfa öllum leikhópnum að „fjárfesta“ í efni- við verksins þannig að hann öðlist hlutdeild í ferlinu og verkinu. Við það finna leikararnir að mínu mati til ábyrgðar og verða úrræðabetri og frjálsari í tjáningu.

Oft er talað um að leikstjóri verði að halda eldræðu þegar þörf er á sameiningarafli í verkefnum. Mín eldræða er yfirleitt haldin í upphafi æfingatímans þegar ég kynni hugmyndir að uppsetningunni. Ef verk á að verða stærra en einstakur listamaður þarf efni- viðurinn að snerta hvern og einn listamann og mengi verksins að verða það stórt að það rúmi fjölbreyt- leikann í hópnum.

Þjálfun

Eins og margir leikhópar byrjum við allar æfingar á upphitunaræfingum sem beinast að líkama og rödd, að því að efla hlustun leikarans og meðvitund. Ég reyni oftast að virkja miðju leikarans, efla jarðtengingu hans og vinna með hrynjandi og sam- hæfingu hópsins. Það er erfitt ef leikarar eru kaldir og ósamstilltir þegar æfingar hefjast, en sviðslistin er hóplistform þar sem leikhópurinn vinnur sem ein lífræn heild þó að hver hafi þar sitt hlutverk. Að mínu mati er sameiginleg upphitun mikilvæg helgiathöfn í vinnu leikhópsins en þá mætast leikararnir á gólfinu, ná að stilla sig saman, einbeita sér og finna leið út úr hversdagsorkunni inn í sviðstilveruna sem kallar á annað orkustig, einbeitingu og hugarástand. Þegar þessum hluta vinnunnar er sleppt vegna tímaskorts finn ég best hversu mikilvæg upphitunin er og hvað maður tapar í raun miklum tíma á því að vinna með „kaldan“ leikhóp. Þegar hlé hefur verið á starfsemi Áhugaleikhúss atvinnumanna höfum við stundum gripið til Suzuki-þjálfunar til þess að halda tækinu við, en tæki er það sem leikari notar í leiktúlkun sinni og vísar til líkama, raddar og hugar listamannsins. Suzuki-þjálfunin byggist á klassískum japönskum leikhúsformum, Noh og Kabuki, og hefur að höfuð- markmiði að efla tjáningarmátt leikarans. Aðferðin miðar að því að efla bæði líkamlegan og andlegan

styrk leikarans í gegnum mjög krefjandi líkamlegar æfingar sem bera keim af austurlenskum bardaga-íþróttum í bland við vestrænan ballet.

Opnanir og tillögur

Í sköpunarferlinu gef ég leikurunum mjög oft tiltekin verkefni sem þeir eiga að leysa einslega eða í smærri hópum. Ég bið þá um að búa til atriði út frá ákveðnum þemum og kalla ég þetta ýmist tillögur eða opnanir.

Opnun er nafn yfir verkfæri sem eru notuð við verklega greiningu leikara á leikverki samkvæmt arfleifð Staníslavskijs í kerfi líkamlegra gjörða sem Georgíj Tovstonogov þróaði. Samkvæmt kerfi Tovstonogovs, sem stuðst er við á leikarabaut sviðslistadeildar Listaháskólans og víðar í leiklistarmenntun á Norðurlöndum, eru opnanir atriði eða myndir sem varpa ljósi á, dýpka eða lýsa viðfangsefni á listrænan hátt. Opnanir geta verið innsetning, dans, tónlist eða gjörningur.

Munur á tillögu og opnun er að tillaga er tilboð leikara að útfærslu á senu á meðan opnun er efnisleg opnun, eins konar hugvekja. Í vinnu við *Ódauðleg verk* fá tillögur oft stöðu opnunar og opnanir verða að senum sem við notum beint í verkunum.

Spuni

Ég nota oft spuna þegar við erum að feta okkur áfram með senur og persónur. Spuni í Áhugaleikhúsi atvinnumanna getur verið með ýmsu móti en í grunninn er spuni leikið atriði með fyrirframgefnum forsendum þar sem leikararnir leita að nýjum flötum á tilteknu viðfangsefni. Spuni getur haft það að markmiði að draga fram þemu, eiginleika, stemningu, karakter, texta eða hreyfingu. Spuni er yfirleitt ekki skipulagður fyrirfram, á sama hátt og tillögur eða opnanir, heldur fá leikararnir verkefni sem þeir reyna að leysa á „lífrænan“ hátt á gólfinu í tilbúnum kringumstæðum. Hver spuni hefur skýrt markmið svo að leikararnir eigi auðveldara með að vinna saman á gólfinu. Spunarnir taka breytingum eftir því hvenær þeir koma fyrir í ferlinu. Í upphafi reyni ég að beita aðferðinni til að beina sjónum að sér-tækum hlutum en í lokin til að sameina marga þætti og vinna í átt að útfærslu sena.

Þegar við spinnum oft sömu senuna festum við smám saman ákveðna hluti, texta, myndir eða hreyf-

ingar sem verða eins konar vörður sem stika leiðina í gegnum spunann og verða þá að senu með spuna-elementum. Ég skil senur mjög oft eftir í spuna-fasa og negli þær aldrei alveg niður til þess að halda leikurunum opnum og leitandi.

Lögmál og skilyrtur textaspuni

Ég hef orðið fyrir miklum áhrifum frá sviðslistahópnum Forced Entertainment, sem staðsettur er í Sheffield í Englandi, og Tim Etchells, listrænum stjórnanda þeirra, en afstaða þeirra til efniviðar hefur orðið mér innblástur við meðferð hugmynda, byggingu verka og samsetningu sýninga. Hópurinn vinnur ekki með hefðbundin leikrit eða línulega frásögn í verkum sínum. Í verkunum er hugmyndum vel haldið á lofti en framsetningin einkennist af sterkum, gegnsæjum lögmálum og jafnvel leikjum. Aðferðunum er ætlað að mynda fjarlægð frá umfjöllunarefninu en um leið að ná fram ákveðnum léttleika. Hópurinn býr til sterkt hugmyndafræðilegt samhengi (heim verksins) þar sem hann hefur rými til að leika sér og varpa upp ólíkum en skyldum myndum sem saman draga fram sterka afstöðu hans til efnisins. Fyrir utan sviðssetningar í leikhúsum vinna listamennirnir einnig við innsetningar og myndbandsverk.

Með Áhugaleikhúsi atvinnumanna hef ég töluvert unnið með skilyrta textaspuna sem spretta beint úr aðferðum Forced Entertainment. Aðferðin gengur út á það að leikarinn skilyrðir allt sem hann segir í samræmi við lögmál sem sett er um setningaskipan. Textinn sem verður til í spunanum fer allur í gegnum sömu kvörnina þar sem formið á textanum verður hinn eiginlegi merkingarrámmi.

Við vinnu Áhugaleikhúss atvinnumanna við örverkin árið 2010 voru tvö verkanna algjörlega unnin í þessum anda en það var *April, örverk um fyrirgefninguna* og *Örverk um Ágúst eins og hann leggur sig*. Í fyrra verkinu komu leikararnir inn hver af öðrum og byrjuðu allar setningar á „ég biðst fyrirgefningar á ...“ eða „ég biðst afsökunar á ...“ og í seinni hluta verksins segja þeir „ég get ekki fyrirgefið ...“ eða „ég get aldrei fyrirgefið ...“. Það sem þeir báðust fyrirgefningar á eða gátu ekki fyrirgefið gat verið stórt eða lítið, mikilvægt eða ómerkilegt, persónulegt, siðferðilegt eða samfélagslegt. Í *Ágúst eins og hann leggur sig* byrja allar setningar á „ágúst er ...“ og „Í ágúst ...“. Þar eru dregnar upp

stórar og smáar myndir af mannlegri tilvist í ágúst samtíðar, fortíðar og framtíðar, í Reykjavík og í heiminum. Lögmálið virkar hér eins og stækkunargler sem beint er að ákveðnum tímapunkti þar sem allir snertifletir þess punkts verða sýnilegir.

Ég hef beitt skilyrtum textaspuna við fleiri tilefni og mér finnst hann vera öflugt tæki til þess að skoða ýmis mjög áleitin viðfangsefni á greinandi en um leið tilvistarlegan hátt.

Sjónarhornsspuni

Önnur spunaaðferð sem ég hef notað mikið er sjónarhornsspuni (*e. viewpoints*) sem Anne Bogart, listrænn stjórnandi Siti Company, þróaði. Bogart er annar áhrifavaldur þegar kemur að aðferðum og umgjörð í kringum sköpunarferlið.

Hún hefur þróað kerfi fyrir leikara og sviðslistafólk þar sem hún kortleggur flesta þá þætti sem koma við sögu í skapandi vinnu leikara og dansara á gólfi. Kerfi sjónarhornsspuna er eins konar verkfærakista og mælistika til þess að skoða og meitla efnivið, skerpa aðferðafræði og sjónræna útfærslu og halda leikurum á tánum. Aðferðin er víða notuð sem þjálfunarleið fyrir leikara og dansara en hentar mjög vel sem grundvöllur skapandi vinnu við hvers konar sviðslistir. Sjónarhornsspunar eru form frjálstra spuna auk ýmissa verkefna sem sviðslistamaðurinn þarf að leysa og lúta að gjörðum hans, annars vegar í tíma og hins vegar í rými.

Undir tíma fellur:

- hlustun eða skynjun
- hvati eða líkamleg viðbrögð
- hraði
- lengd
- endurtekning

Undir rými fellur:

- rýmissamband
- útlínur eða mynstur
- form
- gjörðir
- byggingarlist

Til viðbótar við þessi lykilatriði mætti nefna áferð, orkustig eða stíl en engin takmörk eru fyrir því í kerfinu hvað má taka til athugunar.

Anne Bogart er öflugur kennari og fagmanneskja og hefur gefið út bækur um efnið en hún birtir líka opinberlega hugleiðingar sínar um allt sem viðkemur sviðslistum á vettvangi leikhúss síns, Siti Company í New York. Þar hef ég sótt námskeið hjá henni en samhliða sjónarhornsspuninum, sem leikhúsið beitir mikið við vinnu að sýningum, notar leikhópurinn Suzuki-aðferðina við daglega þjálfun leikara.

Tungumálið

Oft skortir mig orðaforða eins og þann sem fyrirfinnst í tónlist og dansi til þess að lýsa tæknilegum atriðum í leiklist. Með markvissari miðlun á sértækri aðferðafræði í menntun leikara hefur fagtungumálið þó styrkst á Íslandi síðastliðin ár en mikið af orðaforðanum tengist ákveðnum kenningaskólum, þá sérstaklega Tovstonogov og Michael Chekov. Fagorðin vísa til þeirrar tilteknu aðferðafræði eða hugmyndafræði sem þau spretta úr. Almennari fagleg hugtök í leiklist eru oft á tíðum meira fljótandi en þau sem fyrirfinnast í tónlist. Ég hef því oft leitað í orðfæri úr öðrum greinum til þess að draga leikara út úr hversdagshugsun og hversdagsiðju. Þannig nota ég íðulega hugtök úr tónlist til að lýsa hrynjandi og áferð – orð eins og *staccato*, *crescendo*, *legato* – eða líkingar úr indverskri matargerð til að lýsa eiginleikum eða orkustigi: *vindaloo*, *korma*, og gjarnan tala ég um chilípipar.

Í Áhugaleikhúsi atvinnumanna höfum við líka haft gaman af því að búa til leiklistaræfingar sem draga fram ákveðna eiginleika. Ég man að við Árni Pétur Guðjónsson leikari, sem er einn af mínum nánustu samverkamönnum, þróaðum æfingu út frá ljósmyndum af þungbúnum og þreyttum íslenskum bændum á 19. öld, sem við sátum á vegg í veitingasölunni við Gullfoss. Við vildum ná að framkalla þessa sérstöku orku og einbeitingu sem við sátum að verki í þessum mönnum og konum sem okkur virtust vera svo jarðtengd á myndunum. Jarðtenging er ein af grunnstöðunum í allri vinnu leikarans því ef hann getur ekki staðið almennilega í fæturna er hann ekki

alveg til staðar og án nærveru hverfur leikarinn inn í sjálfan sig. Þó að þessar nýju æfingar séu til gamans gerðar beina þær sjónum að hlutum sem okkur finnast skipta máli.

Ég hef haft gaman af því að finna upp nýjar æfingar, hugtök og aðferðir í samstarfi við leikara og annað samstarfsfólk. Það gefur vinnunni ævintýralegan og tilraunakenndan blæ, eykur ánægju í starfi og veitir okkur eignarrétt á þeim aðferðum sem við beitum.

Leikarinn og hlutverkið

Fyrir mér eru það fyrst og fremst tvö grunnelement sem einkenna meginstraum vestrænnar leiklistar og þau byggjast í stórum dráttum á klassískum leikbókmenntum, en það eru kringumstæður og persónusköpun. Í Áhugaleikhúsi atvinnumanna notum við ekki þau hugtök og beinum þar af leiðandi ekki sjónum að þessum þáttum. Leikarinn vinnur miklu heldur að því að draga fram ákveðna eiginleika í leik sínum, svo sem stílbrögð, hrynjandi, orku, form og einkenni, sem eru til þess fallnir að varpa ljósi á efni verksins frekar en að skapa trúverðuga persónu. Hlutverk leikarans er því að framkvæma ákveðna hluti sem draga fram sögu eða sögn.

Fyrir mér er afstaða leikarans til hlutverksins eitt af því áhrifaríkasta í sviðstungumálinu. Í þessu sambandi nota ég skilgreiningu Jurij Alschitz, kennara míns, sem viðmið og leiðarvísi, en hann gerir grein fyrir þremur gegnumgangandi leiðum leikara að hlutverki sínu. Þessar leiðir geta skarast en tilheyra hver um sig tiltekinni tegund leiklistar eða nálgunar og kennir Jurij þær við þrjá meistara sviðslista 20. aldar, Konstantín Staníslavskíjs, Bertold Brecht og Antoine Artaud.

Hefðbundið vestrænt leikhús hvílir á arfleifð Staníslavskíjs, en samkvæmt henni samsamar leikarinn sig persónunni og heldur hlutverkinu innra með sér. Samkvæmt aðferðum Brechts heldur leikarinn hlutverkinu á milli sín og áhorfandans, hann sýnir persónuna án þess að samsama sig henni. Í lýsingum Artaud á tótal-leikhúsi er hlutverkið það sem leikarinn tekur sér fyrir hendur í leikrýminu, þar er engin önnur persóna en leikarinn; athafnir leikarans eiga þátt í að skapa andrúmsloft inni í þeirri innsetningu sem sýningin er. Nálgun leikarans við hlutverkið



STANÍSLAVSKÍJ

Leikarinn samsamar sig hlutverkinu. Heldur hlutverkinu inni í sér.



BRECHT

Leikarinn leikur hlutverkið og heldur því á milli sín og áhorfenda.



ARTAUD

Hlutverkið er það sem leikarinn gerir í leikhúsrýminu.

Myndin sýnir mismunandi afstöðu leikarans til hlutverksins, þar sem hringurinn táknar hlutverkið og figúran leikarann.

samkvæmt Artaud er að mínu mati náskyld póst-móðernískum leiktúlkunaraðferðum sem notaðar eru í dansleikhúsi, sviðslistagjörningum og mörgum þeim sviðslistaformum samtímans sem ekki byggjast á hefðbundnum leikritum. Þessar aðferðir eru notaðar í samsköpunarverkum þar sem hópurinn á hlutdeild í sköpun verksins, sem er sjaldnast línuleg frásögn heldur röð af atriðum sem eru tengd innbyrðis með ólíku móti. Þar þarf leikarinn ekki að skapa trúverðuga sálfræðilega persónu inni í klassískri sögubýggingu heldur þarf hann að draga fram ákveðna eiginleika eða efni. Því nálgast leikarinn

hlutverk sitt utan frá og getur ferlið verið brotkennt framan af þar til hann nær að skapa heild úr þeim brotum sem hann vinnur með. Með póstmóðernískri nálgun má öðlast töluvert frelsi til að blanda saman ólíkum aðferðum í einu og sama ferlinu.

Í Áhugaleikhúsi atvinnumanna beitum við póstmóðernískum leiktúlkunaraðferðum þar sem leikarinn nálgast hlutverk sitt í gegnum gjörðir sínar og yfirleitt fá persónurnar í verkum okkar ekki einu sinni nafn. Við förum gjarnan í einhvers konar hlutverkaleiki á æfingatímabilinu þar sem við nálgumst persónurnar utan frá, vinnum út frá eiginleikum þeirra og erkitýpum. Við teiknum gjarnan upp verk í grófum dráttum eða skissum og þá getur flókin sálfræði raunsærrar persónusköpunar einfaldlega flækst fyrir. Það að samsama sig persónu er aldrei meðvituð leið en vel má vera að leikarar Áhugaleikhússins nái stundum slíkri samsömun við hlutverk sín. Þótt það sé aldrei ásetningur minn að skapa trúverðugar persónur geri ég skýlausa kröfu um að leikarinn sé trúr sjálfum sér í nærveru sinni.

Nokkrir kollegar mínir hafa tjáð mér að þeim finnist aðferðin köld þar eð áhorfendur eigi erfitt með að samsama sig persónum sem þeir kynnist ekki nægilega vel. Leikurum finnist þeir heldur ekki raunverulega vera að leika hlutverk fyrr en þeir samsami sig persónunni, gangist við veruleika hennar og gleymi sjálfum sér. Að mínu mati byggist þessi skoðun á því að leikhúsið eigi að segja sögur af þrívíðum persónum sem áhorfendur geti á sálfræðilegan hátt samsamað sig og þar með öðlast dýpri skilning á eigin aðstæðum. Ég tel að hægt sé að öðlast dýpri skilning á tilvist mannsins á fleiri vegu og hef í verkum mínum leitast við að draga fram eimaða mynd af veruleikanum þar sem persónurnar eru táknrænar birtingarmyndir ákveðinna tilhneiginga, afla og hugmynda eða í hlutlausu þjónustuhlutverki.

Persónur í *Ódauðlegu verkunum* eru sumar fullar af tilfinningum en yfirleitt eru tilfinningarnar hreinar en ekki sálfræðilega margslungnar eins og yfirleitt í raunveruleikanum.

Ég hef orðið fyrir innblæstri af kenningum hins þýskfædda taugalífeðlisfræðings Susana Bloch, en hún hefur þróað kerfi fyrir leikara sem hún nefnir Alba Emoting og felst í því að greina tilfinningar út

frá líkamlegum birtingarmyndum þeirra og leita að leið fram hjá sálfræðinni til þess að skilja og tjá tilfinningar í leik. Bloch hefur greint sex grunntilfinningar sem eru uppistaðan í þeim flóknu tilfinningum sem við finnum fyrir. Þessar grunntilfinningar eru að mati Bloch reiði, gleði, sorg, ótti, umhyggja (*e. tenderness*) og ástríða (*e. erotic love*), en allar aðrar tilfinningar eru blanda af þeim. Hver tilfinning hefur ákveðin einkenni sem birtast í öndun, svipbrigðum og líkamsstöðu, og gerir okkur annaðhvort líkamlega slök eða spennt, „inn á við“ eða „út á við“. Eftir forskrift Alba Emoting má á mjög tæknilegan hátt greina ástand manneskju sem er í flóknu tilfinningalegu ástandi, svo sem í ástarsorg eða haldin afbrýðisemi, með því að lesa í öndun, andlit og líkama og ákvarða þannig hlutfall mismunandi grunntilfinninga. Að sama skapi er það kenning Bloch að með því að raða upp líkamlegum kóðum, eins og að spennna vöðva, galopna augun eða anda ótt og títt, leysist tilfinningin sjálf úr læðingi bæði hjá þeim sem tjáir hana en líka hjá þeim sem verður vitni að þeirri tjáningu. Aðferðin hefur veitt mér innblástur í vinnu með leikurum en ég leita oft leiða til að draga fram hreinar tilfinningar og rifja þá gjarnan upp birtingarmyndir tilfinninganna.

Ýmsir leikstjórar nota Alba Emoting í bland við aðferðir Michaels Chekov en hann beitti einnig tiltekinni aðferð til að vinna út frá líkamlegum kóðum og erkitýpum. Líkt og Bloch taldi Chekov líkamlegar birtingarmyndir erkitýpa leysa úr læðingi tilfinningar hjá leikaranum jafnt sem áhorfandanum, væri þeim beitt á sviði.

Kringumstæður í verkum okkar eru aldrei raunsæjar þótt við lítum á þær sem raunverulegar í vissum skilningi. Við bregðum upp „fjórða veggnum“ þegar það á við en brjótum hann jafnharðan niður og eigum í beinu samtali við áhorfandann.

Ég held að leikarar Áhugaleikhússins séu sammála því að við nálgumst leiktúlkunina út frá forminu, utan frá og inn á við, en tölum sárasjaldan um forsendur eða ásetning, heldur miklu frekar um orku, áferð, ásýnd eða notum myndlíkingar. Samleikur er mikilvægur og eiga æfingar sem lúta að hlustun og samhæfingu stóran þátt í þjálfun hópsins. Ég lít svo á að leikararnir séu allir hluti af þéttneti í tíma og rými þar sem minnstu gjörðir hafa áhrif á heildina.

Grænt leikhús

Í upphafi ákváðum við að sniðganga algjörlega peninga við úrvinnslu verkanna og hafa endurvinnslu og sjálfbærni að leiðarljósi. Peningaleysið hafði áhrif á hvernig hugmyndir að útfærslu þróuðust en að sjálfsögðu var ekki hægt að hugsa í dýrum og tækni-legum lausnum. Við vildum helst ekki stofna til nýs kostnaðar heldur nýta okkur það sem til væri, bæði hvað varðar aðstöðu og alla umgjörð.

Ég legg yfirleitt ekki af stað með leikmyndavinnu sem slíka heldur byrja á að velta fyrir mér heimi verksins, eðli hans, áferð, lögmálum og andrúmslofti en þessir þættir hafa áhrif á birtingarmynd verksins og útlit. Ég hugsa mjög sjónrænt og er myndbyggingin samofin vinnunni með leikurunum. Oft þarf mjög lítið til að skapa víðeigandi andrúmsloft og eiga verkin það sammerkt að myndbyggingin í þeim er mjög hrein og mínímalísk. Yfirleitt tölum við ekki um leikmynd heldur sjónræna útfærslu eða útlit. Mér finnst meira örvandi að vinna verkin í óhefðbundnu leikrými en að vinna í svörtu, hlutlausu rými/svörtum kassa eða á leiksviði.

Búningar eru oftast á ábyrgð hvers leikara sem þróar búning sinn í samstarfi við leikstjóra og útlitshönnuð þegar þess gerist þörf.

Á sama hátt og við hreinsum söguna af öllu sértæku og leitum í frummyndir eða tákni er sjónræna útfærslan líka mjög meitluð.

Við höfum reynst úrræðagóð í að finna lausnir og höfum getað leitað til Borgarleikhússins, Götuleikhúss Hins hússins, Borgarholtsskóla og ekki síst Listaháskólans um æfingaaðstöðu, tæknaaðstoð og lán á tækjabúnaði, búningum og leikmunum. Segja má að Áhugaleikhúsið sé „grænt leikhús“ í ákveðnum skilningi þar sem listrænar útfærslur í umgjörð byggjast að mestu leyti á endurvinnslu.

Við lýsum því yfir í manifestói okkar að við metum hugvit meira en peninga og þessi lífsskoðun okkar endurspeglast einmitt í praktískum úrlausnum. Peningaleysið hefur því reynst efla og örva listamennina sem þurfa að beita hugvitinu frekar en pyngjunni. Grænar lausnir kalla á frjóan huga.

Það er trú mín að sjálfbærni, endurvinnsla og græn hugsun eigi með tímanum eftir að smitast inn í meginstraum sviðslistanna. Mikill tilkostnaður fylgir því að setja upp sviðslistaverk og í því sambandi er gengið á margar auðlindir. Ég held að ekki líði á löngu þar til listaverk verði vottuð sjálfbær og umhverfisvæn, ekki bara af því að það er siðferðilega rétt heldur af því að það er að mörgu leyti meira skapandi.

Hráleiki og einfaldleiki *Ódauðlegu verkanna* var að hluta tilkominn vegna peningaleysisins en hefur nú orðið að helsta auðkenni verkanna.

Sköpunarferlið

Að mínu mati er listsköpun í eðli sínu rannsókn. Sú rannsókn felst í því að spyrja fjölda spurninga um efni- við, samfélagslegt samhengi og aðferðir og er niðurstaða hennar sýningin sjálf og endurgjöf áhorfenda. Við vitum aldrei nákvæmlega hver útkoman verður og viljum vera opin fyrir því sem gerist í ferlinu.

Það er í raun þessi rannsóknarvinkill sem að mínu mati greinir listrænt leikhús frá markaðsleikhúsinu og afþreyingariðnaðinum, þótt auðvitað byggist iðnaður á handverki sem getur í eðli sínu verið listrænt og falið í sér rannsóknarfæri.

Við beitum samsköpunaraðferðum við gerð sýninga sem þýðir að við upphaf vinnunnar er verkið óskrif- að og í sameiningu tekst leikhópurinn á við að semja handrit og setja sýninguna saman.

Í upphafi deili ég grunnhugmyndum mínum um verkið með leikurum og listrænum þátttakendum og geri þeim grein fyrir listrænni sýn minni. Síðan leiði ég hópinn í gegnum sköpunarferlið þar sem hver og einn listamaður spinnur sína list inn í stóran vef sem ég síðan bind endahnút á áður en við mætum áhorfendum. Í lokin eru allir listrænir þátttakendur verksins titlaðir sem meðhöfundar.

Við höfum það að markmiði að láta kosmíska krafta vinna með okkur og forðumst að þrýsta á hluti eða þvinga fólk til fylgis við okkur og hef ég haft það að reglu að bjóða aðeins þeim að vinna með okkur sem



hafa áður lýst yfir áhuga á að starfa með Áhugaleikhúsi atvinnumanna.

Við erum fljót að sleppa því sem okkur líður ekki vel með, höktir eða dregur úr okkur orku, leyfum tímanum að vinna með okkur á lífrænan hátt og beitum óspart slagorðinu „lágmarksfyrirhöfn, hámarksárangur“.

Sköpunarferlið er í fimm hlutum; í þeim fyrsta forma ég efniviðinn, undirbý spurningar og safna í fagurfræðilega uppsprettu, í öðrum hlutanum hittist leikhópurinn og býr til efnivið. Þá er gert hlé á æfingum á meðan ég skrifa handrit að verki úr því efni sem hópurinn hefur skapað; það er þriðji hlutinn. Í þeim fjórða kemur leikhópurinn saman aftur eftir lengri eða skemmri tíma og æfir verkið nokkurn veginn eftir handriti líkt og í hefðbundnum leikhúsuppfærslum. Lokahlutinn er fólgin í aðkomu áhorfandans að verkinu.


Enda þótt í hópnum ríki mikill samhugur og hver listamaður hafi umboð til þess að láta í ljós skoðun á hverju sem fyrir ber í ferlinu þá er verkaskipting í vinnunni hefðbundin þar sem hver listamaður vinnur við sína sérgrein, leikarinn annast leiktúlkun, tónlistarmaðurinn flytur tónlist og leikstjórinn leikstýrir.

I. Rannsóknin undirbúin

Sem höfundur og leikstjóri verkanna er það mitt hlutverk að skapa verkefninu skýran ramma og sýn sem er ögrandi, hvetjandi og nærandi fyrir allan leikhópinn. Áður en hópurinn hittist hef ég þegar skilgreint efniviðinn og efnistökin, lagt niður hugmyndir að sjónrænni útfærslu og orðað rannsóknarspurningarnar sem tengjast þessum þáttum. Ég hef lært að skipuleggja æfingar vel og geri stífa verkáætlun til þess að skapa öruggt umhverfi í kringum rannsóknina og sköpunarferlið, en öll óreiða í umgjörðinni hefur að mínu mati letjandi áhrif og dregur úr sköpunarkraftinum.

II. Tilraunir með efni og form

Þegar leikhópurinn kemur fyrst saman kynni ég hugmyndir mínar og samtal hefst um efniviðinn. Leikararnir eru að jafnaði rausnarlegir á hugmyndir og líflegar umræður skapast um efni, efnistökin, aðferðir og fagurfræði. Í ferlinu ríkir mikið traust og hafa leikarar Áhugaleikhúss atvinnumanna undantekningarlaust verið uppbyggilegir, jákvæðir og úrræðagóðir en það er ekki sjálfsgefið í leikhópum.



Við notum yfirleitt ekki langan tíma í æfingar og því er mikilvægt að verja tímanum vel enda vöndum við okkur við allt sem við segjum og gerum. Við dveljum ekki lengi við borðvinnu, erum fljót út á gólf og höfum skýra hugmynd um hvaða aðferðum við beitum hverju sinni.

Aðferðirnar eru oft í formi leikja með skýrum lög-málum sem viðkomandi efni og efnistöð skilyrða. Oft er um að ræða vinnu við opnanir, stuttar skissur eða hreinlega spuna með skýrum formerkjum. Stundum tala ég um aðferðafræði okkar sem stílæfingar en það lýsir ágætlega þeim léttleika sem ríkir þegar unnið er að sýningum.

Þessum hluta vinnunnar er lokið þegar við höfum dregið fram kjarnann í efniviðnum, þegar afstaða leikarans er skýr gagnvart verkefninu og andrúmsloftið styður ákveðna túlkun efnisins. Við höfum skapað heim verksins, erum komin með skýr hlutverk, hljóðheim, hreyfingu, texta og samsetningar eða senur. Þegar hér er komið sögu hefur efniviðurinn getið af sér ákveðna aðferð, form og fagurfræði sem verða meitluð í framhaldinu.

III. Úrvinnsla tilrauna, handrit verður til

Þegar ég sem handrit, eftir að hópurinn hefur skapað heim verksins og efniviðurinn er fyrir hendi, byrja ég yfirleitt á því að huga að heildarbyggingu verksins. Byggingarmódel *Ódauðlegu verkanna* er undir

sterkum áhrifum tónsmíða og segir alfarið skilið við aristótelísku frásagnarhefðina sem leikhúsið byggir dramatúrgíu sína vanalega á. Ég vinn með öðrum orðum út frá hrynjandi, áferð og kaflaskiptingum eins og um tónverk væri að ræða.

Meistaraverkefni mitt við De Montfort-háskólann í Leicester, *Four Sudden Deaths*, var samið eftir forskrift sönötunnar sem ég fylgdi í þaula. Sönötuformið er algengt, klassískt byggingarform í tónlist frá 18. öld þar sem stefjaefnunum er skipt í framsögu, úrvinnslu og ítrekun. Klassísk uppbygging sönötunnar er tveir eða þrír hlutar en með þróun hennar á 19. öld urðu hlutarnir fjórir eða fleiri. Í lokaverkefninu mínu valdi ég að vinna með sönötu í fjórum hlutum; *allegro*, *largo*, *scherzo* og *rondo*, en hver kafli hefur ákveðinn karakter sem ásamt forskrift um meðferð stefjaefna hefur áhrif á efnistöð verksins.

Þessi aðferð hefur fylgt mér allar götur síðan og er sönötuformið ekki langt undan við vinnslu *Ódauðlegra verka*.

Verkin innihalda öll bæði hvörf og kennsl² en segja þó ekki eina sögu sem byggir á klassískri fabúlu, með upphafi, miðju og endi, heldur stafi eða stefjum sem fléttast saman í ólíkum köflum.

Ég skipti verkunum upp í mismarga kafla og vinn með ólíka eiginleika hvers fyrir sig sem oft fela í sér stígandi sem endar á einhvers konar hápunkti þar

sem ég leitast við að sprengja upp stefin. Leiðarstefið sem ég vinn með er yfirleitt mjög sterkt, nánast eins og þrástef. Verkin eru einföld í grunninn en flækjurnar birtast annars vegar í lagskiptingu og hins vegar í spunaelementunum sem eru eins og jazzspunar, í senn frjáls en þrælbundin.

Form og innihald eru samofin og hið sjónræna er órjúfanlegur hluti af erindi verksins eins og hið talaða orð og bygging verksins alls.

Handritið liggur til grundvallar í lokaútfærslunni en tekur alltaf einhverjum breytingum á æfingum.

IV. Niðurstaða rannsóknar liggur fyrir og sýning verður til

Þegar leikhópurinn hittist aftur hefjast hefðbundnar æfingar en við æfum yfirleitt ekki lengur en fjórar klukkustundir í einu. Mér finnst gott að vinna í stuttum lotum og gefa mér góðan tíma til að melta hlutina á milli æfinga. Eins finnst mér gagnlegt að rjúfa æfingaferlið og skipta því í tvennt eða jafnvel þrennt til þess að veita öllum aðstandendum tíma til að hugleiða og fjarlægjast efniviðinn og koma ferskir til leiks á ný. Það er ótrúlegt hvað sýnin skerpist við að öðlast örlitla fjarlægð og hvað tíminn sjálfur nýtist við að dýpka skilning á verkinu.

Yfirleitt er ekki tími til þess að þaulæfa senur og verða verkin fyrir vikið hrá og fersk. Ég er hrifin af þessum hráleika og orkunni sem fylgir hinum leitandi listamanni; af óvissunni og eftirvæntingunni. Líka af tilfinningunni fyrir því að enn eigi áhorfandinn kost á að koma með innlegg og spyrja spurninga bæði um innihald og form. Hráleikinn er á einhvern hátt stíll sem tilheyrir grasrótinni en ekki markaðsleikhúsinu sem við ákváðum að stíga út úr með afgerandi hætti. Við reynum þess vegna meðvitað að njörva hluti ekki of kyrfilega niður.

Verkin eiga það engu að síður til að skorða sig vel á endanum enda liggur skýrt handrit til grundvallar, en það veitir þeim sem standa á sviðinu töluvert öryggi. Í örygginu getur þó falist gildra fyrir leikarann sem á það til að falla í þægindaramma sinn og

því leitast ég við að búa leikurunum umhverfi sem heldur þeim á tánum.

Eftir því sem verkunum fjölgaði og við þjálfuðumst í aðferðum okkar urðu sýningar okkar fagaðri og fastari í forminu þótt afstaðan væri alltaf sú sama; við skyldum aldrei alveg setjast í þægindarammann okkar.

Þó að stuttur æfingatími hafi verið hluti af ytri skilyrðum vinnunnar vegna þeirrar staðreyndar að við vorum að vinna verkin í frítíma okkar, þá varð hann hluti af hinni eiginlegu aðferð Áhugaleikhúss atvinnumannanna og skapaði það sviðstungumál sem einkennir verk okkar. Það að vinna í snörpum, stuttum lotum með öndunarrými á milli, að vinna ekki efniviðinn út í hörgul og skilja eftir rými fyrir spuna, er í dag aðferðafræði okkar sem grundvallast í listrænni og yfirvegaðri ákvörðun.

V. Niðurstöður birtar og áhorfandinn fær orðið

Lokahnykkurinn í vinnuferlinu er svo þegar samtalid fer fram við áhorfendurna en þá liggur hin eiginlega niðurstaða rannsóknarferlisins fyrir. Ég, sem höfundur, leikstjóri og hin talandi leikskrá, ávarpa áhorfendur fyrir hverja sýningu þar sem ég býð þá velkomna, kynni leikhópin og býð áhorfendum að staldra við að lokinni sýningu til að eiga samtal um sýninguna, efni hennar og listrænar áherslur. Ávarpið er hluti af verkinu í heild og geymir í sumum tilfellum lykilinn að því eins og í *Ódauðlegu verki um samhengi hlutanna* þar sem formálinn slær tóninn fyrir túlkun verksins.

Áhorfandinn gegnir mikilvægu hlutverki í sköpun verksins en það er í raun ekki fyrr en hans sýn mætir vinnu okkar að verkið verður til. Samtalið við áhorfandann og það sem gerist í framhaldinu, bæði hjá listamönnunum og áhorfandanum, er það sem öll fyrirhöfnin snýst um. Mér finnst skilningur minn dýpka í samtali við áhorfanda um efnistöð og form og það er trú mín að hann upplifi slíkt hið sama. Hann er ekki lengur þiggjandi heldur þátttakandi í sýningunni, upplifun hans hættir að vera einkamál og fer að skipta máli í stærra samhengi.

KRUFNING

Kvöl höfundarins og ásetningur er aðeins byrjunin á löngu ferli sem margir aðilar koma að

Ég hef nú gert grein fyrir grunnhugmyndum í aðferðafræði leikhópsins og mun í framhaldinu fjalla ítarlega um tilurð hvers verks í kvintólógiunni. Það eru margir samverkandi þættir í sköpunarferlinu sem hafa áhrif á lokaútkomu sýningar, bæði faglegir og samfélagslegir. Kvöl höfundarins og ásetningur er aðeins byrjunin á löngu ferli sem margir aðilar koma að. Ég reyni að draga fram þá þætti sem ég tel orka sterkast í sköpunarferlinu og máta öll verkin inn í hvern þeirra.

Í upphafi hverrar umfjöllunar birti ég lýsingu á verkinu frá þeim tíma sem verkin voru frumsýnd og geri grein fyrir þátttakendum í frumuppfærslunni, hvenær og hvar það var endurflutt og hvernig hlutverkaskipan breyttist. Þá geri ég grein fyrir samhengi verkanna, samfélagslegu, persónulegu og listrænu, þar sem það á við. Þegar fjallað er um eðli mannsins, eins og *Ódauðlegu verkin* gera, þá tala þau inn í það samhengi sem áhorfandinn finnur sig í, bæði persónulega og samfélagslega, og þó að verkin taki ekki beint á málefnum líðandi stundar hefur samfélagslega samhengið áhrif á efnistökin og ekki síst skilningur áhorfandans á þeim. Persónulegt samhengi listamannsins hefur augljóslega áhrif á

efni og efnistökin og í hverjum kafla geri ég grein fyrir þeim þáttum í mínu lífi sem ég tel að hafi haft afgerandi áhrif á verkin.

Ég beini sjónum að erindi verkanna, sem endurspeglar kvöl höfundarins og ásetning. Einnig lýsi ég þeim aðferðum sem hópurinn beitti í sköpunarferlinu og geri grein fyrir samsetningu verksins, hinni eiginlegu byggingu og útfærslu sýningarinnar.

Að mínu mati er mikilvægasti þátturinn stefnu-mótið við áhorfandann en í því verður verkið fullskapað. Hér geri ég grein frá upplifun minni af þeim samtölum sem ég átti eða varð vitni að í kringum sýningarnar og áttu sinn þátt í að móta áframhaldandi starf hópsins. Síðasta stikan sem verkin eru mæld við er hin opinbera umfjöllun um þau, en hún er til marks um vægi verkanna í þjóðfélagslegu samhengi. Ég greini frá afstöðu minni til einstakra þátta í gagnrýninni en vægi opinberrar umfjöllunar vegur óneitanlega þungt í skrásetningu verkanna þótt hún endurspegli ekki nauðsynlega umræðuna á vettvangi fagsins. Í lok bókarinnar er gerð betri grein fyrir áhrifum verkanna á fagumhverfið þar sem samferðafólki er gefið orðið.



Ódauðlegt verk um stjórn og stjórnleysi

Ódauðlegt verk um stjórn og stjórnleysi er handbók um það hvernig maðurinn stjórnar og lætur að stjórn og um leið könnunarleiðangur inn í mannlegt eðli. Í verkinu er leitað að hinum raunverulegu stjórnendum í lífi venjulegs manns og spurningum varpað fram um drifkraft mannlegs samfélags, frelsi og ófrelsi. Skemmtikraftur byrjar á atriði en kemst lítt áfram þar sem hópur „aftursætisbílstjóra“ hefur skoðun á því hvernig hann eigi að flytja það. Verkið tekur stefnu inn í öngstræti örvæntingar þegar hópurinn hefur „leik lífsins“ með hinum lánlausa skemmtikrafti. Leikurinn endar óhjákvæmilega með hörmungum sem kalla á að guð stígi úr vélinni.

Leikstjórn: Steinunn Knútsdóttir.

Leikarar: Aðalbjörg Árnadóttir, Árni Pétur Guðjónsson, Lára Sveinsdóttir, Orri Huginn Ágústsson, Ólafur Steinn Ingunnarson, Ólöf Ingólfsdóttir.

Sýningartími: 45 mínútur.

Frumskýnt í Klink & Bank í maí 2005.

Sýnt í Smiðjunni á LÓKAL,
alþjóðlegri leiklistarhátíð í ágúst 2009.

Sýnt á Litla sviði Borgarleikhússins á *Everybody's Spectacular*, alþjóðlegri sviðslistahátíð í ágúst 2010.
Þar gekk Arndís Hrönn Egilsdóttir í hlutverk Láru Sveinsdóttur.

Samhengið

Áhugaleikhús atvinnumanna spratt upp á tímum nýfrjálshyggjunnar í miðri efnahagsbólunni og naut stuðnings athafnamannsins Björgólfs Guðmundssonar í listamannasamsteypunni Klink & Bank. Hún var þá í gamla húsnæði Hampiðjunnar við Hlemm þar sem um 140 listamenn úr öllum greinum lista fengu um 5000 fermetra vinnuáðstöðu.

Þó að í Klink & Bank hafi ríkt listrænt frelsi og okkur fundist við hafa dottið í lukkupottinn þegar við fengum þessa aðstöðu sem rúmaði svo marga og ólíka listamenn þvert á listgreinarnar þá var stemn-

ingin sem einkenndi staðinn blendin, sérstaklega ef litið er í baksýnispegilinn. Nálægð útrásarvíkinganna og Bessastaða var áþreifanleg, en forsetafrúin, ásamt frægum, ríkum og á tíðum áhrifamiklum erlendum gestum, kom í skoðunarferðir um húsið og móttökur voru haldnar á Bessastöðum fyrir listamennina sem þar unnu. Upphaflegur samningur við Landsbankann hljóðaði upp á eitt ár en var framlengdur um annað ár. Húsið opnaði með viðhöfn í mars 2004 en í nóvember 2005 var engin starfsemi lengur í húsinu.

Mér var falið að halda utan um sviðslistastarfsemi hússins en margir áhugaverðir sviðslistahópar héldu þar sýningar á umræddu tímabili.

Sviðslistirnar fengu rými í kjallara hússins þar sem við innréttuðum þjálfunarsal og buðum upp á leikþjálfun á morgnana. Jón Páll Eyjólfsson sviðslistamaður var þá nýkominn úr námi í London, fullur eldmóðs, en hann skipulagði standsetninguna á salnum. Ég kom mér fyrir í rými við bakhlið hússins og setti þar upp forlata samóvar sem ég hafði keypt í Moskvu þegar ég var við nám hjá Juríj Alschitz við listaleikhús Antonín Vasiljev árið 2000. Ég hafði tengt þennan samóvar við drauminn um að finna leikhúsinu mínu samastað með vísun í *Þrjár systur* Antons Tsjechov, draumsýnina um Moskvu og samóvar Írínu sem tákni um draumóra systranna.



Í þessu rými urðu hugmyndir um Áhugaleikhús atvinnumanna til en þarna var kominn fullkominn vettvangur fyrir þá starfsemi sem hugmyndafræði okkar byggðist á, þ.e. um óháða listsköpun sem þó nýtti kerfið sér til framdráttar.

Samóvarnum var síðan stolið haustið 2005 þegar listamannasamsteypan var að líða undir lok og stjórnsýsi ríkti í húsinu. Kannski var bara gott að losna við samóvarinn enda var hann þá fremur orðinn tákn fyrir tálsýn en raunsæjan draum. Ég hef ekki þurft á honum að halda síðan þó að tedrykkja mín hafi aukist með árunum.

Mikil gerjun og gróska var í Klink & Bank á þessum tíma: innsetningar, tónleikar, uppákomur og gjörningar. Við fengum marga erlenda gesti sem nutu aðstöðunnar og vorum í návígi við ólíka listamenn þvert á listgreinar. Ég var þá annar tveggja listrænna stjórnenda Lab Loka, sem var með fasta aðstöðu í Klink & Bank en aðrir leikhópar komu og fóru. Leikhópur Vesturports vann í húsinu að uppsetningu á verki Víkings Kristjánssonar, *Kringlunni rústað*, í leikstjórn Björns Hlyns Haraldssonar. Stefán Hallur Stefánsson, Jörundur Ragnarsson og Vignir Rafn Valþórsson, þá nemendur leiklistardeildar Listaháskólans, settu upp *Penetrator* eftir Anthony Neilson, markverða sýningu í leikstjórn Kristínar Eysteinsdóttur. Sýningin vakti athygli fyrir áleitna og beinskeytta fram-

setningu verksins en leikhópurinn átti eftir að meitla hugmyndafræði sína og halda áfram á svipaðri braut sem atvinnuleikhópurinn Vér morðingjar.

Kvenfélagið Garpur, leikhópur sem beindi sjónum að stöðu kvenna í sviðslistum, sýndi þar sviðsverkið *Kaktusmjólk*, sem hópurinn samdi undirstjórn Graeme Maley frá Skotlandi með leikkonunum Maríönnu Clöru Lúthersdóttur og Sólveigu Guðmundsdóttur á sviðinu.

Leikhús listamanna hóf starfsemi sína í húsinu en þar mættust listamenn þvert á greinarnar í gáskafullum tilraunum með leiklistarformið, og Ördansahátíðin, sem stofnuð hafði verið árið 2003, var haldin í Klink & Bank vorið 2004. Við fengum heimsókn frá alþjóðlegum þungavigtarmönnum í sviðslistum, þeim Ong Keng Sen leikstjóra frá Singapúr og belgíska danshöfundinum Sidi Larbi Cherkaoui í tengslum við Break the Ice, stórt norrænt verkefni á vegum Nordscen, sem var unnið í samstarfi við Klink & Bank, Borgarleikhúsið, Íslenska dansflokkinn og Listaháskólann. Ég var framkvæmdastjóri verkefnisins á Íslandi en það var hugsað sem vettvangur fyrir norrænt sviðslistafólk til að hittast og mynda tengslanet. Fimmtíu sviðslistamenn frá Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum tóku þátt í því og voru nokkrir þeirra með gjörninga og sýningar í Klink & Bank í tengslum við verkefnið.

Í þessu umhverfi fæddist hugmyndin að stofnun Áhugaleikhúss atvinnumanna og fyrsta verki þess.

Við vorum nokkrir sviðslistamenn úr Klink & Bank sem hófum samtalið um stofnun nýs grasrótarleikhúss, þrjú úr Lab Loka, Árni Pétur Guðjónsson, Lára Sveinsdóttir og ég en við bættist Ólöf Ingólfssdóttir, dansari og danshöfundur, sem hafði starfað með okkur í húsinu og unnið með mér að Ördansahátíðinni. Mig langaði líka að bjóða yngstu kynslóð sviðslistafólks með í hópinn og úr varð að ég fékk til liðs við okkur þrjá nýtskrifaða leikara úr leiklistardeild Listaháskólans sem höfðu ferska sýn á leikhúsið og sýndu tilraunastarfsemi Klink & Bank áhuga. Þetta voru þau Aðalbjörg Árnadóttir, Orri Huginn Ágústsson og Óli Steinn Ingunnarson.

Við hófum æfingar í byrjun maí 2005, sex leikarar og einn leikstjóri, og þremur vikum síðar var fyrsta ódauðlega verk kvintólógiunnar sýnt í kjallara Klink & Bank.

Við frumsýndum *Ódauðlegt verk um stjórn og stjórnleysi* í sömu viku og heimsfrumflutningur var á sýningu hins heimsfræga þýska leikstjóra Christoph Schlingensief, *House of Obsession*, í Klink & Bank. Sýningin var framlag austurrísku hertogaynjunnar Francesco von Habsburg og stofnunar hennar, T-B A21 í Vín, í samstarfi við Landsbanka Íslands, til Klink & Bank og Listahátíðar í Reykjavík. Frumsýningin var flokkuð sem heimsviðburður og fór hópurinn í sýningarferð víða um heim í kjölfarið. Minna fór fyrir frumsýningu Áhugaleikhúss atvinnumanna.

Erindið

„Ég er frjáls“ er upphafslínan í *Ódauðlegu verki um stjórn og stjórnleysi*. Leikverkið var unnið á tímum sterkrar nýfrjálshyggju á Íslandi þar sem mikil hreyfing var á hlutunum, krónan var sterk og margir á sviði viðskipta og lista áttu velgengni að fagna. Íslendingar voru í útrás, þeir ætluðu sér að sigra heiminn. Innan sviðslista töluðu ýmsir niður listrænt leikhús; leikhúsið átti að bera sig fjárhagslega og fjöldinn átti að ráða hvað lifði af í sviðslistum. Maður mátti ekki hallmæla þeim sem voru í útrásinni, ekki eyðileggja stemninguna. Það gekk svo vel – af hverju að vera með leiðindi?

Mig langaði til að leita að manninum þar sem hann birtist í smæð sinni gagnvart samfélagi sem beitir hann ofbeldi með rétttrúnað og góðmennsku að vopni. Ég vildi draga upp mynd af afskiptasömu, sjálfhverfu og sjálfumglöðu samfélagi sem sækir umboð sitt í samkomulagið sem það hefur gert við sjálft sig og leyfir ekki frávik frá því.

Aðferðirnar

Ég hafði áhuga á að takast á við hlutgervingu mannsins og vægðarlausa stýringu samfélagsins á honum með því að nota hugmyndina um strengjabrúður.

Ég hef alltaf haft áhuga á objekt-leikhúsi og hafði á þessum tíma þegar unnið nokkrar sýningar samkvæmt þeirri hefð. Árið 2003 vann ég með Lab Loka sýninguna *Baulaðu nú Búkolla mín*, sem var sýnd á listasöfnum borgarinnar, en þar var sagan um Búkkollu sögð með hreingerningarvagni skúringarkonu. Ári síðar vann ég með Charlotte Böving að sýningunni *Hin smyrjandi jómfrú*, sem var sett upp í Iðnó, þar sem við sögðum sögu Charlotte í gegnum smurbrauð. Síðar það sama ár vann ég innslög fyrir börn á RÚV í Stundinni okkar, *Hið lifandi eldhús*, þar sem ég sagði litlar sögur í gegnum mat.

Innbyggð í objekt- og brúðuleikhúsið er heimsmynd þar sem gert er ráð fyrir stjórnendum sem eru áhorfendum meira eða minna sýnilegir. Ég hef lengi verið heilluð af þessari hugmynd en við þetta verða til tveir hliðstæðir heimar, sá stærri geymir stóra samhengið og frumspekilegar spurningar á meðan innri heimurinn rúmar söguna sjálfa, smærri tilvistarlegar spurningar og rannsókn á framferði.

Þegar ég bjó í Cambridge á Englandi kynntist ég vinnu leikhóps undir stjórn Helen Gould leikkonu. Leikhópurinn samanstóð af fólki sem hafði misst skammtímaminnið eftir slys eða sjúkdóma og var starfsemi hans hluti af endurhæfingu þeirra. Þó að leikararnir hafi ekki verið færir um að læra neitt nýtt, hvorki texta né hreyfimynd, þá æfðu þeir heilu leiksýningarnar. *Macbeth* í meðförum þessa hóps er ein stórkostlegasta leikhúsupplifun sem ég hef orðið fyrir. Leikhópurinn var á sviðinu allan tímann og var hver leikari með aðstoðarmanneskju sem ýmist fylgdi eða stýrði gjörðum hans. Aðstoðarmað-

urinn stjakaði aðeins við leikaranum þegar hann átti leik, leiddi hann ljúflega áfram og brá miðum fyrir framan leikarann sem las textann beint af blaði, og á einhvern undraverðan hátt varð til einhvers konar lífrænn galdur á sviðinu. Sýningin var æfð en samt alveg ný. Leikararnir bjuggu yfir líkamsminni sem geymdi endurtekninguna en líka sakleysi gleymskunnar og um leið eftirvæntingu augnabliksins. Verkið var þannig kynngimagnað, hlaðið spennu og marglaga merkingu. Ég varð alveg heilluð af þessu leikhúsi og sæki oft innblástur í þessa reynslu.

Sumarið 2003 þróaði ég einhvers konar brúðuleikhús með lifandi brúðum í samstarfi við Götuleikhús Hins hússins sem hefur verið vettvangur fyrir mig til þess að gera tilraunir með sjónrænar sviðslistir. Í sjö sumur vann ég þannig með ungu fólki að sviðslistum í opinberu rými í Reykjavík.

Sú aðferð sem ég þróaði með Götuleikhúsinu og innblásturinn sem leikhópur Helen Gould með minnislausum veitti mér nýttust mér sem aðferðafræðilegur stökkpallur inn í vinnuna að *Ódauðlegu verki um stjórn og stjórnleysi* en mismunandi birtingarmyndir stjórnsemi voru meginviðfangsefni hennar.

Við ræddum efnið út frá eigin reynslu og fundum endalausar vísbendingar um stjórnsemi í lífi okkar sem urðu okkar veganesti í rannsókn sem við höfum á efninu. Til þess fórum við í ólíka leiki með mismunandi reglum og lögmálum sem var ætlað að afhjúpa hinar mismunandi birtingarmyndir stjórnseminnar.

Það voru þrír leikir sem á endanum lágu sýningunni til grundvallar; leikur lífsins sem tekur mið af strengjabróðum, leikur aftursætisbílstjóranna sem byggist á aðfinnslum og afskiptasemi samleikaranna og leikur skjallarans sem snýst um stýringu í gegnum jákvæðar, munnlegar athugasemdir.

Leikur lífsins

Með leikhópnum byrjaði ég á ýmsum útgáfum af stýrileikjum, þar sem einn eða fleiri leikarar stýra hreyfingum einnar eða tveggja persóna á sviði og búa til röð mynda úr daglegu lífi fólks. Við bættum við húsgögnum og leikmunum og sömdum loks við-

eigandi texta til flutnings. Við söfnuðum setningum sem okkur fannst endurspeglar klisjuna um borgaralegt líf, setningar sem stóðu fyrir stærri heild og lýstu væntingum, vonbrigðum og mistökum fólks sem reynir að vera með á nótunum og passa inn í kassann.

Við vildum skoða hvað einkennir líf hins „venjulega manns“ og rötuðum fljótt á hjónabandið í því sambandi. Hjónabandið er eitt af stjórnþækjum samfélagsins og í samlífi hjóna kristallast mörg af þeim tilvistarlegu álitamálum sem við vorum að leita að. Þessi leikur fékk nafnið leikur lífsins og gat rúmað allar þær sögur sem við vildum draga fram. Þær myndir úr hjónalífi sem var stillt upp breyttust stöðugt og sögurnar urðu mýmargar, en í grunninn vörpuðu þær allar ljósi á baráttu mannsins í hversdagsleikanum.

Í sýningunni stóð þessi leikur í miðju verksins en inn í hann lögðum við vörður sem tryggðu ákveðna framvindu. Hann byrjar í von, en við taka vonbrigði og leikurinn endar í vonleysi. Í þessum leik lífsins kviknuðu margar spurningar um merkingarfræði sem urðu kveikjan að næsta verki hópsins um samhengi hlutanna.

Leikur aftursætisbílstjóranna

Mig langaði að etja saman andstæðum, flæðandi tjáningu hins frjálsa manns og afskiptasemi og áreiti samfélags sjálfumglaðra.

Við bjuggum því til leik þar sem einn leikari segir sögur og hinir grípa inn í frásögnina. Þeir trufla framgang sögunnar í orði og verki, spyrja þráspurninga, koma með athugasemdir, greiningar og önnur inn-grip. Manneskjan í miðju leiksins hefur skýran ásetning og vilja sem hún þarf að standa við þrátt fyrir öll inn-grip hópsins. Leikararnir skiptust á að fara með hlutverk sögumanns á meðan hinir í leikhópnunum reyndu allar mögulegar aðferðir við að slá sögumanninn út af laginu.

Saga Árna Péturs Guðjónssonar um samband hans við bíla varð það viðfangsefni sem stóð upp úr eftir nokkrar tilraunir. Hún fjallar um hvernig Árni fær bílpróf þótt hann sé á mótí einkabílum og hvernig bílprófið hafi, þrátt fyrir andstöðuna, komið að gagni í listrænum tilgangi. Saga hans og niðurrið hennar

varð að fyrsta kafla verksins en í honum heyra aftur-sætisbílstjórnir aldrei hverju sögumaðurinn reynir að miðla vegna þess hversu uppteknir þeir eru af eigin hugmyndum sem þeir reyna að þvinga upp á sögu-manninn. Inngrip þeirra verða smám saman tíðari, nærgöngulli og ofbeldisfyllri og leikurinn endar með algjörrri niðurlægingu skemmtikraftsins.

Leikur skjallarans

Þriðji leikurinn fjallaði um stöðugt mat, samanburð eða greiningu samfélagsins á einstaklingnum. Á sama hátt og áður settum við eina persónu í miðju leiksins. Leikurinn var lagskiptur en leikarinn dansar eða hreyfir sig á sviðinu á meðan leikhópurinn talar um það sem hann er að gera án þess að hafa bein líkamleg áhrif á það. Leikhópurinn lýsir á jákvæðan hátt öllu því sem fram fer á sviðinu og leggur uppbyggilega út frá því.

Við notuðum alltaf sömu byrjun á lýsingunum þannig að úr varð kerfi, hrynjandi, jafnvel ljóð-ræna. Í gegnum þráláta endurtekninguna skapast framandgerving á gjörðir mannsins sem bauð upp á áhugaverðan marglaga lestur á aðstæðum. Við prófuðum okkur áfram með mismunandi upphaf á setningu áður en við rötuðum á frasann „það er svo fallegt“. Okkur fannst hugmyndin um fegurð vera bæði afstæð og afgerandi. Úr varð texti sem var röð setninga sem allar byrjuðu á „það er svo fallegt“: „Það er svo fallegt að dansa“, „Það er svo fallegt að vera mann-eskja“ o.s.frv.

Upp úr þessum leik unnum við kafla þar sem Aðalbjörg talar til Árna Péturs þegar hann hefur rifið sig lausan úr leik lífsins og brostið í frjálsan dans. Við vildum kanna hvort jákvæðni og hól gætu ýtt mannum fram af brún örvæntingar. Í verkinu verður grimmdin í hinni meintu góðmennsku það óvægin að hún knýr skemmtikraftinn til þess að myrða aðdáanda sinn þegar allar jákvæðu strokurnar hafa snúist upp í andhverfu sína.

Samsetning verksins

Þessir þrír leikir mynduðu uppistöðuna í verkinu og næsta skref var að skapa heim í kringum þessar

stíllæfingar sem afhjúpuðu stjórn og stjórnleysi í lífi mannsins.

Úr varð að Árni Pétur varð aðalpersónan og leikhópurinn að kór sem stóð fyrir samfélagið eða kúgarann.

Bygging verksins var í fjórum hlutum: Það hófst á sögu skemmtikraftsins með athugasemdum aftur-sætisbílstjórnanna. Annar kaflinn og sá veigamesti var leikur lífsins með Árna Pétri og Láru sem hinum lánlausu strengjabrúðum. Sá þriðji fjallaði um umpólun umhyggjunnar og endaði, sem fyrr segir, á því að persóna Árna Péturs grandaði velunnara sínum. Verkið endar á kafla sem varð til í samsetningu verksins á lokametrinum, þar sem ofbeldið gegn Árna Pétri nær hápunkti með háværum köllum og skipunum. Hann getur ekki gert neitt rétt lengur, lendir í öngstræti og hrópar á hjálp. Þarna ákváðum við að láta guð stíga inn á svið úr vélinni³, eins og í grísku harmleikjunum til forna. Þannig er það María mey sem svarar kalli hins örmagna skemmtikrafts og býður honum sinn breiða kærleiksfaðm. Sú list-ræna ákvörðun var í senn einlæg og kaldhæðin og útkoman bæði falleg og ósmekklek. Við tókum sjálf okkur ekki of alvarlega eins og við gáfum í skyn á afgerandi hátt með þessum óvænta endi. Að láta Maríu mey rúnna af gjörninginn með von og fegurð var viðeigandi og endurspeglaði okkar einlægu von um að mannum yrði bjargað, þótt hann væri sjálfur búinn að missa alla von.

Við lögðum vörður í hverjum kafla fyrir sig og tókum ákvörðun um innihald, áferð, hrynjandi og stígandi. Í öllum köflunum vildi ég ganga sem lengst og reyndi að finna leið til þess að sprengja upp lögmál leikjanna sem lágu fyrir.

Við færðum kórinn í einkennisbúning, skrifstofuklæðnað, og settum á þau grímur, gríngleraugu með nef og skegg. Þessi gríngleraugu voru notuð á sama hátt í seinni verkum leikhópsins, *Örverkum um um árattur, kenndir og kenjar*, sem skopgríma fyrir embættismenn og umboðsmenn valdstjórnarinnar en þeir voru gegnumgangandi persónur í verkunum.



Leikararnir fundu sjálfir á sig búninga og í sameiningu stilltum við af útlit sýningarinnar. Við unn-um verkið inn í hrátt rými í kjallara Klink & Bank sem rammaði inn hráan og kaldan skrifræðisheim þeirrar framtíðardystópiu sem við höfðum skapað. Öll bygging verksins var mjög skýr, erindið beinskeytt og úrvinnslan var hrá og blátt áfram.

Stefnumót við áhorfendur

Við frumsýndum verkið 26. maí í kjallara Klink & Bank. Sýningin tók 45 mínútur og var frítt inn. Ég bauð fólk velkomið og sagðist vera hin talandi leik-skrá, taldi upp nöfn listamannanna og setti verkið í samhengi með örstuttum formála um efni og efnis-tök. Jafnframt bauð ég áhorfendum að doka við að lokinni sýningu til þess að ræða við okkur um það sem fram fór.

Þetta virkaði.

Í gegnum fjölmiðla fékk fólk pata af því að frítt væri inn. Við fengum nýja áhorfendur, fólk sem ekki var vant að koma í tilraunaleikhús. Fólk hafði áhuga á því sem við vorum að gera og vildi ræða það.

Þetta var gaman. Við fundum að við vorum að gera það sem okkur langaði til, algjörlega fyrirhafnalaust í fríu flæði, og okkur fannst heimurinn styðja við okkur.

Opinber umfjöllun

Okkur Árna Pétri var boðið í Kastljós þar sem við ræddum hugmyndir okkar um peningalaust leikhús og eftir útsendinguna flyktist fólk í Klink & Bank til þess að sjá sýninguna. Birt var gagnrýni bæði í *Morgunblaðinu* og *DV* þar sem gagnrýnendur, hvor á sinn hátt, lýstu áhuga sínum á tilraunaleikhúsi, en María Kristjánsdóttir segir í sinni gagnrýni: „Öll hefur stutt sýningin yfirbragð tilraunar, spuna, leitar sem mér finnst alltaf ánægjulegt í leikhúsi.“⁴



Gagnrýni sem Páll Baldvin Baldvinsson skrifaði í DV hefst á setningunni: „Tilraunaverk Steinunnar Knútsdóttur ber með sér ferskan blæ í kyrrstöðunni sem alla jafna ríkir í leikhúslífi okkar.“⁵ En þótt gagnrýnin væri bæði jákvæð og uppbyggileg fannst mér Páll Baldvin snúa ásetningi okkar upp í andhverfu sína með orðunum: „En tilraunum sem þessum ber að fagna. Þær auðga oftast leikhúslíf. Margt bendir til að smærri verkefni í styrkveitingum leiklistaráðs eigi sér ekki stærri áhorfendabasa en rétt um þúsund áhorfendur. Má spyrja hvort ekki er nær að fækka styrkjum, en leikhúsbransinn vinni meira á þessum nótum: launalaust fyrir þá ánægju eina að gera hvað kemur, hvað þróast og stenst.“

Ég fann mig knúna til þess að svara gagnrýninni þó að hún hafi að öðru leyti verið jákvæð í okkar garð:

„Listamenn rétta valdi peninganna fingurinn“

Áhugi á Kyrrstöðu?

Ég vil þakka Páli fyrir góð orð og uppörvandi varðandi sýningu okkar á *Ódauðlegu verki um stjórn og stjórnleysi* í DV 26. maí síðastliðinn. Hann segir verk-ið vera „ferskan blæ í kyrrstöðunni sem alla jafna ríkir í leikhúslífi okkar“, talar um að „tilraunir af þessu tagi auðgi oftast leikhúslíf“ og fagnar efnistöfum. Hann segir að það sé „gaman að sjá sýningu sem

laut hvergi undir persónuleikasköpun“, hann fagnar vinnuaðferðum af þessu tagi og einnig þessari tegund af leikhúsformi og segir: „tilraunum þessum ber að fagna“. En um leið efast hann um að styrkja eigi þessa tegund leiklistar sem tekst á við formið og unnin er af áhuga og gefur í skyn að leikhúsfólk eigi að vinna að framþróun í sjálfboðavinnu því það hafi svo lítinn markhóp en í stað þess eigi að styrkja færri straumlínuverkefni sem höfða til fjöldans.

Hann býður hér greinilega til mjög þarfrar umræðu um fjárveitingar til leikhúsa og vil ég þakka honum fyrir að opna umræðuna.

Hvað ber að styrkja?

Páll er greinilega á því að kyrrstaða ríki í íslensku leikhúslífi.

Er það það sem áhorfandinn vill? Er það það sem leikhúsfólk vill?

Ég held ekki.

Og ef ekki, ber þá ekki einmitt að styrkja þessa tegund leiklistar sem er framsækin en ekki er fjárhagslega arðbær?

Ef við sættum okkur ekki við kyrrstöðuna hvað gerum við til að koma okkur á ferð?

Hjá leikhúsfólki er greinilegur vilji til að halda áfram ferðinni, við hræðumst stöðugt að leikhúsið sé deyjandi listform. En íslenskir áhorfendur eru bara alls ekki með! Af hverju? Eru þeir of fáir? Er markaðurinn of smár?

Mín tilgáta er sú að þeir hafi ekki séð nóg. Og af hverju hafa þeir ekki séð nóg? Í fyrsta lagi er framboðið ekki nógu fjölbreytt (sérkennilegt í öllu þessu flóði af leikhúsi sem í boði er). Og í öðru lagi vegna þess að þegar almennur borgari fer í leikhús með sínar 2500 krónur vill hann ekki borga fyrir eitthvað sem hann ekki veit hvað er. Neytandinn vill fá eitthvað fyrir aurana sína. Þess vegna er stöðug ásókn í *Chicago*, *Fame*, *Hárið*, *Kalla á þakinu*, *Línu Langsokk* og fleiri sýningar þar sem fólk fær það sem það vill en ekkert meira. En ég held við viljum meira.

Við viljum fara inn í 21. öldina. Við viljum breytingar, við viljum hreyfingu!

Til þess þurfum við að hafa sterka stefnu í menningarmálum og hætta smáborgaralegum hugmyndum um listir. Fjöldinn veit ekki alltaf best og áhorfendatölur eru ekki endilega alltaf merki um gæði.

Frítt í leikhús!

Kyrrstaða myndast þegar hugmyndaflugið er ekkert og ekkert hugmyndaflug þýðir dauði.

En hvernig breytum við um stefnu, hvernig förum við að, allt áhugafólk um leiklist, hvernig förum við saman inn í framtíðina?

Ég segi:

Styrkjum listamenn í að þróa sína list og bjóðum áhorfendum frítt inn. Þannig gefum við áhorfendum tækifæri til að skoða ný form og venjast við nýja ásýnd leikhússins en um leið gefum við leiklistarfólki raunveruleg tækifæri til að takast af áhuga á við listina og sköpunina. Leikhús þarf ekki að vera iðn þó hún getir verið það. Þó við séum atvinnufólk erum við líka áhugafólk. Við höfum áhuga á að taka áhorfandann með í ný ókönnuð lönd þar sem lyktin er önnur, ásýndin önnur, tilfinningin önnur en jafn fagmannleg. Peningar eru mikið stjórnunartæki. Peningar stjórna því hver fær að vinna að sinni list og hver ekki. Og fleiri áhorfendur þýða fleiri peningar. Áhugaleikhús atvinnumanna hefur áhuga á framtíð leikhússins, áhuga á mótinu við áhorfendur, en listamenn lifa ekki á loftinu einu saman. Áhugaleikhús atvinnumanna hefur áhuga á samvinnu við yfirvöld í áframhaldandi starfi til að tryggja leikhúsinu heilbrigða þróun í framtíðinni. Áhugaleikhús atvinnumanna vill að atvinnumenn fái greitt fyrir sitt framlag en að áhorfendur geti notið án endurgjalds. Þannig teljum við að leikhúsinu sé tryggð örugg framtíð.

Næstu sýningar á *Ódauðlegu verki um stjórn og stjórnleysi* eru í Klink & Bank, Brautarholti, 6. og 7. júní kl. 21. Frítt inn.⁶

Þrjú ár liðu þar til við hófum vinnu að næsta verki en ég gegndi stöðu listræns ráðgjafa í Borgarleikhúsinu í millitíðinni. Vinna við *Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna* hófst á Litla sviði Borgarleikhússins í maí 2008 en það var síðasti mánuðurinn sem ég starfaði við leikhúsið.

Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna

Í verkinu er notuð sena úr *Dauðadansinum* eftir Strindberg til þess að skoða merkingu orða og athafna. Leiddar eru líkur að því að orð eða athafnir öðlist enga merkingu nema í því samhengi sem þau falla. Textinn er endurtekinn í sífellu en skipt er um ýmsar breytur, s.s. kyn, aldur eða staðsetningu í rými, án þess að leikarinn geri nokkra tilraun til að túlka textann. Smám saman leiðir texti Strindbergs dhorfandann í gegnum mannkynssöguna og beint inn í kjarna mannsins, inn í baráttu hans við eigið eðli og máttlausan vilja hans til þess að hafa stjórn á eigin lífi.

Leikstjórn: Steinunn Knútsdóttir.

Texti: August Strindberg.

Leikarar: Aðalbjörg Árnadóttir, Árni Pétur Guðjónsson, Hera Eiríksdóttir, Jórunn Sigurðardóttir, Lára Sveinsdóttir, Magnús Guðmundsson, Ólöf Ingólfssdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson.

Sýningartími: 45 mínútur.

Frumskýnt í Nýlistasafninu í janúar 2009.

Sýnt í Verksmiðjunni Hjalteyri í júlí 2009. Þar gekk Steinunn Knútsdóttir í hlutverk Ólafar Ingólfssdóttur.

Sýnt í Smiðjunni á LÓKAL, alþjóðlegri leiklistarhátíð í ágúst 2009.

Sýnt í Útgerð Hugmyndahúss Háskólanna í október 2010.

Sýnt í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi á Keðju, norrænu sviðslistahátíð, í október 2010. Þar gekk Steinunn Knútsdóttir í hlutverk Aðalbjargar Árnadóttur.

Sýnt í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi á *Everybody's Spectacular*, alþjóðlegri sviðslistahátíð í ágúst 2010.

Þar gekk Kristjana Skúladóttir í hlutverk Láru Sveinsdóttur og Katla Helga Thorlacius Jónsdóttir í hlutverk Heru Eiríksdóttur.

Samhengið

Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna varð til á miklum umrótatímum í íslensku samfélagi, efnahagsbólan var að bresta og blikur á lofti. Magnús Geir Þórðarson tók við af Guðjóni Pedersen sem leikhússtjóri Borgarleikhússins, minn tími í stofnanaleikhúsinu var á enda runninn og ég var áfjád í að beita mér á öðrum vettvangi.

Á vordögum 2008 hófum við vinnu að *Ódauðlegu verki um samhengi hlutanna* á Litla sviði Borgarleikhússins. Þegar ég hætti störfum í Borgarleikhúsinu færðum við æfingar yfir í húsnæði leikhópsins Vörðingjar sem þá hafði komið sér upp aðstöðu á horni Skúlagötu og Vitastígs. Við gerðum hlé á æfingum á meðan efnahagsbólan sprakk og Geir H. Haarde bað guð að blessa Ísland en tókum aftur upp þráðinn í miðri búshaldabyltingunni í nóvember 2008 og frumsýndum verkið í Nýlistasafninu í janúar 2009.

Erindið

Ég hafði verið að skoða hugmyndir okkar frá vorinu 2005, sérstaklega merkingarfræðina og mig langaði að gera sýningu þar sem afstæði orða og gerða væri kannað. Þótt hugmyndin að kvintológíunni væri þá



fædd var enn óljóst í hvaða röð verkin yrðu unnin, auk þess sem innihald einstakra verka og innra samhengi þeirra átti eftir að skýrast. Á þessum tímapunkti stjórnleysis í íslensku samfélagi langaði mig að beina sjónum að spurningunni um hvort maðurinn geti stjórnað því hvernig orð hans og athafnir orka á umhverfi sem er síbreytilegt, forsendur viðtakenda ólíkar og samhengið margslungið.

Aðferðirnar

Ég vildi skapa hlutlausan útgangspunkt þar sem afstæði orða og athafna yrði augljóst. Ætlunin var því að gera áhorfandann að þeim sem skilyrðir merkinguna út frá stærra samhengi en ekki út frá sértækri merkingu orða og athafna eða ásetningi leikara við miðlun þeirra. Leikarar eru þjálfaðir í að hlaða texta og gjörð merkingu og ásetningi en hvort tveggja vildi ég losna við. Fyrsta verkefni hópsins var því að leita að aðferð til að hreinsa burt túlkun í textameðferð og gjörðum án þess að „drepa“ þar með textann eða gjörðina. Við reyndum að afbyggja raunsæislegar og sálfræðilegar gjörðir leikarans með ýmsum truflun-

um og inngripum á hreyfingu og texta og prófuðum okkur áfram með að tóna og syngja samtöl og eintöl.

Á endanum voru það lögmál trúðsins sem komu okkur á skrið í leitinni að hlutlausum útgangspunkti. Í framhaldinu unnum við æfingar sem lutu að myndbyggingu, rými, notkun tónlistar og táknmynda.

Meðganga verksins tók alls níu mánuði en æfingar voru fáar, strjálar, snarpar en markvissar.

Lögmál

Þá um vorið 2008 vann ég sem dramatúrg í trúðasýningunni, *Dauðasyndirnar 7*, í leikstjórn Rafaels Bianciotto á Litla sviði Borgarleikhússins.

Ég hafði áhuga á regluverki trúðanna en heimur þeirra byggir á ströngum lögmálum sem leikarinn verður að virða. Ég sá að þessi strangi heimur lögmálanna leysti sköpunarkraft leikarans úr læðingi um leið og hann framkallaði framandgervingu og gaf áhorfandanum rými fyrir eigin hugleiðingar og túlkun.

Þau lögmál trúðsins sem ég fór að skoða sérstaklega í tengslum við þessa vinnu eru eftirfarandi:

- Trúðurinn felur aldrei þá staðreynd að hann og leikarinn eru tvær ólíkar persónur.
- Trúðurinn byrjar ekki að tala fyrir en hann hefur náð augnsambandi við viðmælanda.
- Trúðurinn gefur boltann áfram með því að veita öðrum trúð athygli sína.
- Trúðurinn horfir alltaf á þann sem hefur orðið.
- Trúðurinn telur alltaf upp að þremur í huganum áður en hann svarar spurningum.
- Trúðurinn notar hvorki málalengingar né hikorð.
- Trúðurinn er 100% til staðar.

Ég lagði upp með að við ynnum með texta og hreyfingu á sviði út frá lögmálum trúðsins og þróðum okkar eigin aðferð út frá þeim. Í samtölum á sviði létum við leikarann sem hafði orðið beina textanum að leikara sem horfði fram til áhorfenda á meðan hann hlustaði.

Hreyfing og texti höfðu jafnt gildi en þegar leikari hreyfði sig á sviðinu horfði hann á annan leikara sem þá náði augnsambandi við áhorfanda. Leikararnir „tóku boltann“ með því að horfa á þann leikara sem hafði orðið sem varð þá að líta undan og út til áhorfenda en leikararnir sjálfir horfðust aldrei í augu. Jafnframt reyndum við að hreinsa textaflutninginn af hvers kyns tilfinningu og ásetningi og reyna að miðla merkingu textans á eins hlutlausan hátt og mögulegt var. Leikurinn fór fram eins og skák, af yfirvegun og einbeitingu þar sem hver leikur virtist vera kyrfilega hugsaður og fram settur. Sjónum áhorfenda var beint að hlustandi leikara fremur en þeim sem flutti textann eða framkvæmdi gjörðina.

Innihald textans skipti ekki höfuðmáli í þessum fyrstu tilraunum en við leituðum þó að hentugum texta sem gat tengst baráttu mannsins í heiminum. Í fyrstu lékum við okkur með texta úr dagblöðum, skáldsögum og vísindaritum en leikararnir komu með ýmsa texta sem þeir höfðu mætur á.

Á eina æfinguna kom ég með senu sem ég þekkti vel úr *Dauðadansinum* eftir August Strindberg en í Lab Loka höfðum við Rúnar Guðbrandsson unnið

með *Dauðadansinn* í sýningunni *Aurora Borealis* í Nýlendumni 2003.⁷

Það varð úr að við völdum þennan texta því að okkur fannst skemmtilegt að vinna með hann, enda bæði háðramatískur og tilvistarlegur. Hann var fullur af safaríkum orðum og í honum mátti finna átök, ásakanir, játningar, spurningar og svör, mýkt og hörku. Textinn er samtal karls og konu, Kurts og Alice.


Við slitum textann úr samhengi leikritsins og unnum aldrei með upprunalegar kringumstæður í senunum. Við mátuðum textann inn í heim lögmálanna sem við höfðum lagt niður fyrir okkur. Við fórum með textann aftur og aftur inn í ólíka merkingarramma og samsetningar. Fyrst rannsökuðum við áhrif aldurs og kyns á túlkun senunnar og prófuðum allar hugsanlegar samsetningar parsins: karl – kona, ungur – gamall, kona – kona, gamall – gamall, gamall maður – ung kona. Við skoðuðum senuna með mismunandi fjölda þátttakenda, einn á móti einum, einn á móti tveimur, einn á móti hópi, tveir hópar o.s.frv. Einnig lékum við okkur með sjónræna samsetningu og ólíka rýmislega afstöðu persónanna, og skoðuðum valdatafl og stöður fólks gagnvart hvert öðru.

Eftir það fórum við að leika okkur að því að lagskipta myndunum og etja saman þáttum sem vísa í andstæðar áttir. Við snerum heiminum á hvolf með því að breyta sjónarhorni áhorfandans og snúa myndinni á hlið, gera vegg að gólfi. Það virtust vera óendanlegir möguleikar í stöðunni og auðvelt að draga fram hvaða mynd sem við vildum með einföldum og gegnsæjum tækjum. Við beittum engri leiktúlkun heldur létum myndbygginguna búa til merkingarrammann. Minnsta breyting í jöfnunni gat breytt samhengi lestursins.

Við fundum að um leið og áhorfandinn hafði áttað sig á lögmálunum fór hann að lesa í samhengi orðanna og athafnanna út frá þeim litlu frávikum sem urðu á kerfinu. Lögmálið varð að eins konar striga eða fleti sem við unnum á.

Tilfinningar

Af því að við höfðum ákveðið að útrýma túlkun og tilfinningum úr þessari jöfnu langaði okkur að athuga



hvað gerðist ef við hleyptum þeim aftur inn með einhverju móti. Við létum tilfinningarnar koma inn sem hreint element og rannsókuðum hvernig tilfinningaleg viðbrögð við texta eða gjörð gat haft áhrif á túlkun áhorfandans.

Þannig lékum við okkur að því að láta einn leikara flytja texta á hlutlausan hátt og annan leikara bregðast við á tilfinningalegan hátt, verða leiður, reiður, hissa eða hneykslaður. Merking textans tók stakka-skiptum eftir því hvort viðmælandinn fór að hlæja eða gráta, varð hissa eða hneykslaður. Þegar við útfærðum þessa stílæfingu í verkinu var senan leikin af karli og konu á hlutlausan hátt en hinir leikararnir komu inn í senuna hver á eftir öðrum og brugðust við samtalinu með mjög ýktum tilburðum, hver með sína hreinu tilfinningu: undrun, reiði, tómleika, hneykslan eða gleði. Í verkinu eru tilfinningarnar persónugerðar á ýktan, nánast gróteskan hátt og við það varð túlkunin á senunni óræð en áleitinn.

Myndaspuni

Við lékum myndaspuna sem gengur út á að leikhópurinn býr til myndir á sviðinu sem breyta sífellt um merkingu eftir því sem leikararnir koma og fara. Leikari gengur inn á sviðið og stillir sér upp í mynd, þá kemur næsti leikari og bætir við myndina sem umsvifalaust breytir um merkingu, því næst kemur inn nýr leikari og bætir enn í merkingu myndarinnar. Sá leikari sem fyrstur steig á sviðið yfirgefur það þegar fleiri leikarar bætast við. Leikurinn býður upp á marga möguleika, hægt er að hafa fleiri eða færri leikara á sviðinu, vinna á mismunandi hæðarplönnum, setja inn stef, texta eða hreyfingar og vinna með húsgögn, leikmuni og búninga.

Ég hafði mikinn áhuga á objekt-leikhúsi og langaði að vinna með og víkka út notagildi hluta á sviði. Ég hafði oft leikið mér með hluti og gefið þeim vægi í sýningum og gjörningum, jafnvel gert hluti að framlengingu af manningum. Enn og aftur var götuleikhúsið vett-



vangur fyrir þessar tilraunir. Mér er minnisstæður gjörningur þar sem ég notaði brauðrist, klukku og fleiri hluti sem grímur á götuleikarana, en það var eins og höfðinu á þeim hefði verið skipt út fyrir hlutina. Með hlutina á höfðinu eða fyrir andlitinu gengu þeir um borgina, prúðbúnir í klösum, röðum og línun. Þessum áhuga á notagildi hluta deildi ég með Ilmi Stefánsdóttur, myndlistakonu og leikmyndahöfund, og fundum við honum sameiginlegan farveg í sýningunni *Out of Office* í Norræna húsinu sumarið og haustið 2006. Sýningin samanstóð af röð kringumstæðna þar sem hlutur var í aðalhlutverki en manneskjan í aukahlutverki, en þema þessarar vinnu var andleg fjarvera fólks í daglegu

lífi. Við unnum hugmyndirnar að sýningunni í sameiningu. Hún útfærði hlutina á meðan ég sviðsetti og æfði inn leikara sem voru hluti af sýningunni í þá þrjá mánuði sem hún stóð.

Það var eðlilegt að bjóða Ilmi að taka þátt í að þróa þælingar um notkun leikmuna og búninga. Í sameiningu leituðum við að hlutum sem bjuggu yfir margræðni og sveigjanleika og sem leikararnir gætu unnið með í spununum. Við prófuðum okkur áfram með leirtau og ýmiss konar borðbúnað en enduðum með einfalt svart borð, tvo svarta stóla, hvítan dúk og hvítar tauservíettur. Með þessum hlutum gátum við vísað í mismunandi menningarheima, stéttir, tímabil,

staðsetningar og stemningu. Í höndum leikaranna urðu servíetturnar að skuplu, handklæði, djákna-hatti, sáraumbúðum, fjöturum, líkklæði og friðarfána. Á sama hátt skiptu stóllinn, borðið og dúkurinn um hlutverk eftir því hvert samhengi spunans var hverju sinni. Þannig lékum við okkur með valin textabrot úr *Dauðadansinum* og tónlist og myndræn minni úr listasögunni, mannkynssögunni og samtímanum.

Í gegnum einfalda myndaspuna gat leikhópurinn með einföldum hjálpartækjum spannað menningar- og stjórnmálasögu mannkyns og vísað í samtíma-viðburði; stríðið í Palestínu og búsáholdabyltinguna á Austurvelli.

Úr þessum spunum varð til röð af sterkum myndum sem við söfnuðum saman í eins konar efnisbanka sem við notuðum í samsetningu verksins.

Tónlist

Fátt er eins áhrifaríkt og tónlist en hún getur umsvifalaust sent hlustandann á ólíklegustu strendur. Ég nota oft tónlist með leikurum þegar ég er að vinna senur og er að leita að viðeigandi stemningu eða áferð sem ekki verður útskýrð með orðum. Þegar ég spila tónlist á æfingum skapast tilfinning innra með leikaranum sem litar það sem hann gerir. Oftast tek ég tónlistina í burtu aftur þegar mér finnst leikararnir hafa fangað það sem ég var að kalla fram. Þetta snarvirkar. Í þessu samhengi vildi ég leggja sérstaklega upp úr mikilvægi þess að fylla áhorfandann tilfinningu sem litaði það sem hann sæi. Ég prófaði að leika tónlistina undir senunum og skoða hvernig túlkun þeirra breyttist. Með tónlistinni „hitnaði“ allt sem fór fram á sviðinu en fram að því var margt af því sem við höfðum verið að vinna með sneytt allri tilfinningalegri túlkun og gat á köflum virkað „kalt“. Ég áttaði mig þó á því að ég þyrfti að fara varlega með að nota tónlist því að hún litaði mjög sterkt það sem áhorfandinn sá á sviðinu, enda smeygir hún sér inn í taugakerfið og nær tökum á okkur. Í samsetningu verksins nota ég tónlistina á mjög afgerandi hátt í lokakaflanum þar sem unnið er með myndaspuna. Þar vann ég með brot úr mjög áhrifaríkum tónverkum og klippti þau þannig saman að tónlistin virkaði eins og kvika sem drífur myndirnar áfram.

Táknmyndir

Á síðustu metrunum fyrir frumsýninguna í Nýlistasafninu ákvað ég að hafa barn með í verkinu til að draga fram siðferðislegar spurningar sem mér fannst vera fölgjar í efninu en framsetningin ekki styðja nógu vel undir. Til tals kom að fá líka gamalmenni og taldi ég mér trú um að þannig myndum við ná að fullkomna heimsmynd verksins. Ég stóðst freistinguna því auðvitað gátum við aldrei fullkomnað heimsmyndina. Í verkinu er meiningin að hlutur geti staðið fyrir heild og tíu ára stúlkubarn gerði galdurinn. Þetta tákn sakleysis virtist höfða til siðferðisvitundar og gildismats áhorfandans og þá var markmiðinu náð. Barnið á innkomu í öllum köflum verksins en sterkust er innkoma þess í lokakaflanum þegar það varpar ljósi á grimmd og óskiljanleika stríðsins þar sem það liggur andvana á vígvellinum.

Samsetning verksins

Afgerandi ákvörðun í samsetningu verksins var val á sýningarstað. Ef skoða átti samhengi hlutanna var mikilvægt að velja vettvang sýningarinnar af kostgæfni. Ég vildi leyfa verkinu að standa á eigin forsendum og fannst því útilokað að sýna það í leikhúsrými sem myndi setja það í samhengi leikhússins. Við fengum inni í Nýlistasafninu sem þá var til húsa á Laugavegi 26. Með því að sýna sviðslistaverk í myndlistaumhverfi gafst okkur aukið listrænt frelsi auk þess sem það skapaði ákveðna fjarlægð á listformið. Við vorum ekki að vinna í samræmi við neina hefð, hvorki í leikhúsinu né í myndlistinni.

Við vorum semsé komin með stílfæingar sem við byggðum verkið á og vettvang fyrir sýningar á því. Mig langaði einnig að ná fram dáleiðandi áhrifum á áhorfandann sem órar ekki fyrir því hvert verkið dregur hann. Listin fólst í því að byrja á algjörum mínímalisma og taka út öll element sem trufluðu túlkun áhorfandans. Af þeim sökum voru engir litir í umgjörðinni og allt skorið í burtu sem ekki hafði merkingu, því allt var hægt að túlka. Verkið var einfalt í byrjun og hafði hægan stíganda en smám saman voru dregnir inn nýir þættir og ólíkir vinklar á þá. Senan var fyrst leikin alveg í gegn af tveimur leikurum sem sitja við borð og flytja textann án allrar túlkunar. Smám saman breytist uppsetningin, fleiri leikarar stíga inn á sviðið, hlutverkin flytjast á milli

leikara og atburðarásin færist til á sviðinu. Hæg en stöðug umbreyting á sér stað út í gegnum allt verkið.

Ég ákvað að nota aðeins tónlist í lokakaflanum sem var spunninn í kringum myndrænar vörður og knúinn áfram af ákveðinni hljóðmynd. Þetta var tilkomumikill kafli en í honum leituðum við í mannkynssöguna og könnuðum núningsflöt mennskunnar og skepnunnar í gegnum myndir af uppreisn, átökum og stríði.

Ég lagði í handritsvinnu fyrir áramótin og við hófum æfingar eftir handritinu í janúar 2009.

Ákveðin þyngsl og kuldi einkenndu bygginguna þegar við fórum að sviðsetja handritið og brá ég á það ráð að setja inn stutt atriði til þess að hreinsa andrúmsloftið og létta stemninguna í áhorfendasal fyrir lokakaflann. Atriðið er innblásið af *intermezzo*-kafla sönötuformsins og hef ég stundum gripið til þess við samsetningu sýninga til að gefa áhorfandanum andrými í augnablik og skerpa þannig sýn hans á framhaldið. Atriðið þegar sviðið er undirbúið fyrir lokakaflann er röð af litlum heimatilbúnum töfrabrögðum sem leikararnir sýna áhorfendum á hispurslausan hátt við undirleik glaðlegrar tónlistar Nino Rota í anda mynda Fellini og með tilkomu þess varð til enn annar snúningurinn á samhengi verksins.

Hluti af hugmyndinni að verkinu var samhengi þess við *Ódauðlegt verk um stjórn og stjórnleysi*, en þarna vorum við líka að leggja grunninn að kvintólógiunni og innri tengslum verkanna. Fyrir mér var augljóst að við þyrftum að reka manninn í aðstæður þar sem hann stendur aleinn andspænis örlögum sínum í allri sinni smæð og nekt, aðstæður sem kalla á guðlegt inngríp.

Í *Ódauðlegu verki um samhengi hlutanna* endar lokakaflinn á því að allir leggjast gegn einum manni í firrtum heimi stríðs, pyntinga og grimmdar. Hann er bundinn, látinn falla á kné og svara fyrir brot sem hann veit ekki hvort hann hefur framið. Stígur þá María mey fram með borðdúkinn sem blæju og upprisið barnið sér við hlið sem leysir manninn úr fjötrunum. Barnið valhoppar léttfætt út af sviðinu með

fjötrana, María tekur manninn í fang sér og verkið endar á píetu.⁸

Þetta guðlega inngríp í lok sýninganna átti eftir að verða kennimark *Ódauðlegu verkanna*.

Stefnumótið við áhorfandann

Við frumsýndum verkið föstudaginn 16. janúar í Nýlistasafninu.

Lokahnykkurinn á samsetningunni var að semja formála að sýningunni. Við höfðum áætlað að vera með fjórar sýningar í Nýlistasafninu og ég skrifaði því fjóra ólíka formála sem settu verkið í fjóra ólíka merkingarramma.

Sem hin talandi leikskrá flutti ég í hvert skipti texta sem vísaði áhorfendum í ákveðna átt í túlkun; einn formálanna fjallaði um manninn sem villidýr, annar um þunna línu minnimáttarkenndar og mikilmennskubrjálæðis og samband mannsins við guð, sá þriðji fjallaði um valdið og manninn í samfélaginu og sá fjórði um hið mikla leikskáld Strindberg og leikhúsið sem líkingu fyrir lífið. Allir formálarnir hvöttu áhorfendur til að skyggjast undir yfirborðið og leita að dulðri merkingu verksins. Formálinn sló mjög sterkan tón í þeim skilningi að sýningarnar urðu gjörólíkar eftir því hvaða formáli var lesinn.

Á þessum tímapunkti var hugmyndin um kvintólógiuna orðin skýr og skrifaði ég lýsingu á heildarverkinu sem við höfðum að leiðarljósi við vinnu okkar þaðan í frá. Í lýsingunni segir meðal annars:

„Verkin eru rannsókn á árátтуhegðun mannkyns og ófullkomleika. Þau feta sig inn í augnablikið þar sem maðurinn stendur berskjaldaður frammi fyrir guði og viðurkennir vanmátt sinn. Verkin leita að sársaukanum sem býr djúpt inni í sálu mannsins og leitast við að skilja hann.“

„... ekki er langt í kímni og kæruleysi ...“

Sýningarnar urðu mun fleiri en fjórar en verkið spurðist vel út. Fólk var vakandi á þessum tíma búsáaldabyltingar og mjög virkt í að afkóða það sem fyrir augu bar. Þarna áttum við margar og



magnaðar samræður við áhorfendur eftir sýningar sem styrkti mig í þeirri trú að leiklistin væri tungumál, farartæki fyrir skoðanir, og að leiksýningin væri ekki endapunktur heldur upptaktur að lengra samtali.

Þegar sýningum var lokið höfðum við lagt grunninn að kvintólógiunni, styrkt ímynd leikhússins og staðfest ætlunarverk okkar. Þessi langa meðganga verksins virkaði mjög vel og við hlökkkuðum til að halda áfram þessu hugsjónastarfi sem passaði svo vel inn í kraftinn sem ríkti í samfélaginu í kreppunni.

Opinber umfjöllun

Frá RÚV komu Listræningjarnir, undir stjórn Viðars Eggertssonar, á sýninguna og fékk verkið þar mjög fína gagnrýni og umfjöllun sem hafði áhrif á hversu vel sýningin spurðist út. Engir prentmiðlar birtu hefðbundna leiklistargagnrýni um *Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna*. Þegar ég sendi boð á DV fékk ég þau svör að blaðið skrifaði ekki gagnrýni um áhugaleikhús og breyttu útskýringar mínar á hver við vorum ekki afstöðu ritstjórnar blaðsins. Sýningin fékk heldur ekki gagnrýni í *Morgunblaðinu* þar sem

hún þótti of tilraunakennd. Þess í stað skrifaði ritstjóri menningarblaðs *Morgunblaðsins*, Fríða Björk Ingvarsdóttir, pistil um hana í flokknum „Af listum“. Þar kemur fram skoðun hennar á ástandi leikhúss samtímans og sérstöðu Áhugaleikhúss atvinnumannanna innan þess:

Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna [er titill] á verki sem ekki bara er úthugsað heldur óvenjulega lunkið – ekki síst þar sem hvað lengst er gengið í því að kanna möguleika textans í samhengi leikhússins. Og hvað þýðir það? kann einhver að spyrja, er ekki alltaf verið að kanna möguleika textans í leikhúsinu? Mín reynsla, sem leikhúsgests, er reyndar ekki á þá lund. Hún er þvert á móti sú að alltof algengt sé að vaxtarbroddar listgreina séu ekki sýnilegir. Að fáir þori að taka áhættuna á því að setja eitthvað upp sem fólki gæti mislíkað, sem fólk ekki kannast við og finnst framandlegt, sem fólk getur ekki samsamað sig og álitur þar af leiðandi ekki vera leikhús. Það er m.ö.o. alltof oft verið að höfða til meðalmennskunnar; fullnægja afþreyingarþörf með ærið fyrirsjáanlegum hætti.⁹

Ódauðlegt verk um stríð og frið

Ódauðlegt verk um stríð og frið reynir að snúa mannlegu eðli á úthverfuna og skoða þær kenndir í manninum sem ýta honum í dtök og neita honum um frið í sálinni. Ódauðlegt verk um stríð og frið spyr spurninganna: „höfum við eitthvað lært?“ og „verður manninum bjargað?“ Verkið er könnunarleiðangur um myrka kima mannglegrar náttúru og er byggt á sönnnum atburðum.

Leikstjórn: Steinunn Knútsdóttir.

Texti: Hrafnhildur Hagalín.

Söngstjórn: Margrét Pálmadóttir.

Tónlist: Kristín Valsdóttir og Nanna Hlíf Ingvadóttir

Leikarar: Sverrir Páll Einarsson og Hera Eiríksdóttir

Skuggar: Árni Pétur Guðjónsson, Hannes Óli

Ágústsson, Magnús Guðmundsson, Orri Huginn

Ágústsson, Ólafur Steinn Ingunnarson,

Sveinn Ólafur Gunnarsson, Rúnar Guðbrandsson,

Aðalbjörg Árnadóttir, Arndís Hrönn Egilsdóttir,

Harpa Arnadóttir, Jórunn Sigurðardóttir, Kristjana

Skúladóttir, Lára Sveinsdóttir, Marta Nordal,

Ólöf Ingólfssdóttir.

Sýningartími: 40 mínútur.

Frumskýnt í frumgerð á LÓKAL haustið 2009.

Fullunnið og frumsýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu vorið 2010 með tónlist og hljóðmynd Hilmar Arnar Hilmarssonar.

Sýnt á Litla sviði Borgarleikhússins á *Everybody's Spectacular*, alþjóðlegri sviðslistahátíð í ágúst 2015. Þar gekk Katla Helga Thorlacius Jónsdóttir í hlutverk Heru Eiríksdóttur og Adam Freyr Aronsson inn í hlutverk Sverris Páls Einarssonar.

Samhengið

Fyrsta atлага okkar að *Ódauðlegu verki um stríð og frið* var frekar stutt. Ég hafði trú á að aðferðir okkar

myndu virka og treysti á að stutt meðganga gæti getið af sér sterka sýningu þótt hún yrði hrá, eins og raunin var með fyrstu tvö verkin.

Ég kallaði leikhópinn saman vorið 2009 í stutta vinnu-lotu þar sem við mótuðum efniviðinn og sköpuð-um heim verksins. Þá um sumarið lagðist ég í hand-ritsvinnu og skipulagði svo þriggja vikna æfingar í ágúst til þess að fullvinna sýninguna.

Ég hafði unnið að undirbúningi verksins frá því að sýningum um samhengi hlutanna lauk í febrúar 2009 og gekk fyrsti hluti vinnunnar mjög vel. Ég lauk við handritið áður en æfingar hófust í ágúst en tíminn sem ég hafði áætlað til æfinga um haustið reyndist of knappur og erfitt var að finna tíma fyrir þær æfingar sem til þurfti þar sem allir leikararnir voru í fullu starfi á öðrum vígstöðvum eða í skóla.

Ég lenti í erfiðleikum með stóra þætti verksins og var sjálf upptekin við vinnu sem hafði forgang á tímabilinu en ég var þá bæði að kenna við leiklistardeild Listaháskólans og í miðju kafi við að klára fyrsta verk Netleikhússins *Herbergi 408*.

Á þessum tíma var mikið þjóðfélagslegt umrót sem við vildum gera skil með afgerandi hætti. Í því skyni var leikhópurinn að undirbúa röð verka sem voru hugsuð sem beint svar við atburðum líðandi stundar, *Örverk um árættur, kenjar og kenndir*, og áttu eft-



ir að vera sýnd í hverjum mánuði árið 2010. Vinnan við *Ódauðlegt verk um stríð og frið* var persónulegri og dýpri og efni þess tímalaust með öllu. Verkið afhjúpaði ákveðna veikleika í hugmyndafræði okkar en með því urðu vatnaskil í starfsemi Áhugaleikhúss atvinnumanna þegar ljóst varð að við þyrftum fjárhagslegan stuðning við starfsemi okkar.

Ódauðlegt verk um stríð og frið var opnunarsýning LÓKAL það árið. Mér þótti ljóst að verkið væri ekki fullunnið. Við ákváðum því að tala um sýninguna sem verk í vinnslu eða forsýningu, en sýningin var fullunnin átta mánuðum síðar, 6. maí 2010, í Hafnarfjarðarleikhúsinu við önnur og betri skilyrði. Þá höfðu listamenn leikhússins fengið úthlutað listamannalaunum og gat leikhópurinn því klárað verkið og gert sýningunni góð skil.

Erindið

Mig langaði að kanna ástæðu þess að maðurinn skuli sækja í ósætti og spyrja af hverju friðurinn entist ekki þegar hann loksins kæmist á. Mig langaði að leita að svörum í eðli og hvötum mannsins og leitaði lengi að réttum farvegi fyrir rannsóknina, en um leið og ég fór að máta viðfangsefnið við kringumstæður fór rannsóknin að snúast í höndunum á mér.

Ég tók eftir því að þegar ég fór að skoða stríð í beinum skilningi og beina sjónum að stríðsátökum, tók rannsóknin að fjalla um stjórnsmál, vald og trú, en ef ég beindi rannsókninni inn á persónulegri brautir fór rannsóknin að snúast um sálfræði, hjónabandið, samband karls og konu, jafnvel jafnréttismál. Ég fór á endanum að vinna alla rannsóknina út frá heimi frummynda og tákna. Persónur verksins urðu ímynd sakleysis, börn sem eru rétt að nálgast kynþroskann, drengur og stúlka. Mig langaði að skoða hugmyndina um frið og samhljóm annars vegar og stríð og spennu hins vegar og hvað það er sem dregur okkur frá einum pólum til annars. Syndafall og erfðasynd, sem eru hugtök úr kristni, urðu leiðandi stef sem mig langaði að skilgreina. Þetta varð annars vegar að rannsókn á birtingarmyndum sjálfins, fæðingu þess, drifkrafti og þætti þess í syndafalli mannsins og hins vegar erfðasyndinni sem birtist mér sem þungur straumur í mannkynsögunni. Með tímanum hefur hún grafið farveg sem maðurinn virðist fastur í. Ég hafði áhuga á að gera það ósýnilega sýnilegt og reyna að persónugera þetta afl sem erfðasyndin er, sem skilyrðir hugsun okkar og tilfinningar, og beina sjónum að augnablikunum þegar maðurinn missir jafnvægið og sjálfið nær valdi á viljanum.

Um allt þetta langaði mig að flytja einfalda dæmisögu án orða þar sem erindið yrði kjarnað á beinskeyttan hátt í gegnum algild tákn.

Aðferðirnar

Aðferðafræði leikhópsins grundvallast á samsköpun þar sem leikararnir eiga stóra hlutdeild í tilurð verksins og þá um leið í að þróa eigin hlutverk. Nú hafði ég ákveðið að hafa börn í aðalhlutverkum en þau höfðu ekki burði til að taka þátt í sköpunarferlinu með þessum hætti. Ég ákvað því að fela leikhópnum að semja verkið með mér og skilgreina hlutverk barnanna áður en þau hefðu nokkra aðkomu að því. Ég undirbjó verkefni sem fólu í sér að skýra tákn, búa til lögmál og skapa heildstæðan heim sem við gætum unnið senur inn í. Mig langaði að styðjast við byggingu sem vísaði til sköpunarsögunnar og vinna t.d. þannig með sjö daga og sjö nætur. Hugmyndin var að börnunum væri stýrt eins og strengjabrúðum af skuggaverum sem smám saman næðu algjörum tókum á tilveru þeirra. Ég sá fyrir mér að þessir skuggar væru í raun hreyfiafl sýningarinnar, ósýnilegir en áþreifanlegir.

Áhugi minn beindist að sjónrænni samsetningu ólíkra mynda af börnunum í svefni sem yrðu þær sjö vörður sem myndu bera verkið uppi. Í þeim tilgangi var ætlunin að rannsaka helgiathafnir, daglegt lífsmynstur mannsins í gegnum leik og starf og skilgreina þá meginþætti sem hvetja okkur til að eiga í ófriði.

Vorið 2009 vann leikhópurinn röð af opnunum út frá fyrirfram gefnum spurningum. Ég skipti hópnum í tveggja til þriggja manna teymi sem fjölluðu hvert um sig um viðfangsefnin og undibjó opnanir eða senur sem þau sýndu hinum teyminum. Úr þeim ólíku tillögum sem sýndar voru völdum við ákveðnar opnanir og senur eða ákváðum að taka annan snúning á viðfangsefnið út frá einni eða fleiri tillögum. Þannig meitluðum við heiminn, söguna og senurnar þangað til ég gat tekið efniviðinn og fest hann í handrit sem við æfðum síðan með börnunum og öllum leikhópnum seinna um haustið.

Svefninn

Til eru ýmsar aðferðir við að greina samband hjóna út frá svefnstillingum þeirra sem lesa má um í glanstímaritum. Þessar stúdíur voru byrjunarreiturinn í samtalinu um stríð og frið. Við ræddum lengi

um hvernig líkamstjáning fólks endurspeglar líðan þess og þá sérstaklega svefnstillingarnar. Við unnum í tveggja manna teyminum við að búa til sögur út frá svefnstillingum pars. Við greindum mismunandi stöður og skilgreindum lykilstillingar. Ein af hugmyndunum var að búa til hreinan danskafla með þessum samsetningum, þar sem röð af myndum af svefnstillingum segði sögu barnanna frá einingu til sundrunga. Atriðið náði aldrei inn í sýninguna í heild sinni en myndirnar úr atriðinu rötudu í verkið og eru sterk minni í sýningunni.

Helgiathöfnin

Við unnum með helgiathafnir, ræddum hvað í þeim felst, hvernig þær verða til og hvaða tilgangi þær þjóna. Einnig hugleiddum við hvaða gildi liggja þeim að baki, hvaða tilfinningu helgiathöfnin vekur og hvers konar samfélag verður til í kringum hana. Leikararnir bjuggu til nokkrar útgáfur af helgiathöfn sem við skoðuðum og ræddum. Á endanum ákváðum við að setja saman helgiathöfn sem heiðræði samfélag tveggja, þ.e. rammaði inn samstöðu, virðingu, traust, umhyggju og skilyrðislausu ást. Þvotturinn var þungamiðjan í athöfninni þar sem vatnið stendur fyrir lífið og andann, hið hreinsandi og lífgefandi afl.

Náskýlt hugmyndinni um helgiathöfn er lífsmynstur og rútínur sem geta orðið að einhvers konar helgiathöfn. Þennan þátt skoðaði ég við gerð handritsins síðar í ferlinu. Má segja að bygging verksins hafi tekið á sig form rútínu eða helgiathafnar sem í endurteknuninni spillist og eyðileggst að lokum. Það er í gegnum helgiathöfnina eða rútínuna sem hættan á stöðnun felst, þótt það sé að vissu leyti mótsagnarkennt því í mínum skilningi ætti rituálið að vera sláttur lífæðar eða kvikurennslí.

Leikurinn

Eins og með aðra þætti vann leikhópurinn með leikinn, samveruna og samhljóminn í gegnum opnanir og spuna. Við notuðum á endanum tvenns konar leiki, sameinandi leiki og þá sem fela í sér keppni. Við skoðuðum hvaða þættir gætu ógnað friðinum og leituðum að núningsfletinum þar sem gaman og alvara mætast. Einnig bjuggum við til leiki með reglu og skilyrtum jafnvægið og eindrægnina annars vegar og keppnisskapið og spennuna hins vegar. Úr þessari vinnu urðu til nokkrir marglaga leikir sem

við gátum notað í sýningunni og voru til þess fallnir að varpa ljósi á þá þætti sem við vildum draga fram: dægradvölin, þörfina fyrir sameiningu, nauðsyn samstillingar, drifkraft sjálfsins, kænskuna, stoltið og þá þætti sem lúta að mistökum og ósigri.

Táknin

Leikhópurinn vann með ýmsar táknmyndir út frá grunnþörfum eða þáttum í daglegu lífi eins og andlegri og líkamlegri næringu, þekkingu, einingu og sundrung. Við völdum vatnið, bókina og hnífinn en það voru þau tákn sem okkur fannst skipta mestu máli í sögunni sem við vildum segja. Leikhópurinn vann með opnanir þar sem þessir hlutir birtust og við skoðuðum hvernig táknin gætu virkað í heimi verksins, eins konar frummyndaheimi. Út frá þessari vinnu urðu til drög að senum sem notaðar voru í verkinu.

Skuggarnir

Skuggarnir eru hið eiginlega hreyfiafl þess sem gerist á sviðinu. Þeir hrinda atburðarásinni af stað og leiðbeina börnunum án þess að sjást með berum augum. Stjórn skugganna er blíð og uppbyggileg í upphafi en verður yfirgangssöm og eyðileggjandi eftir því sem líður á verkið. Hlutverk skuggaveranna voru í höndum leikaranna sem voru eins konar ósýnilegir brúðustjórnendur.

Ég vildi túlka tilfinningarnar og umbrotin í sjálfinu með því að rjúfa jarðsamband barnanna, þau áttu hreinlega að takast á loft þegar þau misstu stjórn á skapi sínu. Um leið og nýir þættir birtust í heiminum eða börnin fylltust sjálfhverfum tilfinningum eins og reiði, öfund eða græðgi vildi ég að þau yrðu hafin á loft og að átökin á milli þeirra færu öll fram í lausu lofti. Við kölluðum þessa vinnu Matrix með vísun í samnefnda kvikmynd þar sem öll stærri bardagaatriði eru unnin með tölvubrellum og persónurnar fara á svig við þyngdarlögmálið og önnur náttúrulögmál, fljúga í gegnum loftið og ganga á veggjum. Þessum áhrifum ætluðum við að ná fram með því að beita hugviti og handaflí. Við þurftum að finna leið til að stýra börnunum, lyfta þeim og handleika þau í átökunum þannig að manni fyndist þau vera að gera þetta allt sjálf. Leikhópurinn vann ýmsar opnanir sem lýstu því hvernig mismunandi þættir og inngrip gátu haft áhrif á börnin þannig að þau misstu jarðsambandið og gerði tillögur að lyft-

um og hreyfingum sem hægt væri að vinna með börnunum.

Samsetning verksins

Þegar þessum æfingum hópsins var lokið um vor-ið og við vorum búin að skapa heim verksins var ég komin með senur og opnanir til að vinna úr. Verkið, sem gerist á sjö dögum og sjö nóttum, greinir frá því hvernig sjálfið sundrar samstöðunni í fullkomnum heimi hinna saklausu barna, myrkraöfl ná tökum á þeim og etja þeim út í átök og stríð um sameiginlegar auðlindir sem endar á því að stúlkan grandar drengnum. Í lokin stígur María niður af himninum og reisir drenginn upp frá dauðum og fyrirgefur stúlkunni. María mey gengur út með börnin, hinar myrku verur sýna andlit sitt og inn á sviðið stígur ný persóna, hvítvoðungur í faðmi foreldris síns, og minnir okkur á að ábyrgðin er okkar hvað sem öllu líður. Það er ekki of seint að bregðast við.

Þegar þetta handrit var tilbúið hófust æfingar.

Lyfturnar voru sá þáttur vinnunnar sem tók hvað mest á í æfingaferlinu en finna þurfti lausnir á allmörgum tæknilegum þáttum við þær, setja þær saman, æfa tímasetningar og ganga frá lýsingu. Börnin voru aðeins tíu ára gömul og þó að þau væru mjög einbeitt og dugleg voru þau ekki annað en strengjabrúður í höndum leikhópsins í bókstaflegum skilningi og þurftu því mikla hjálp til þess að læra sýninguna á met tíma og ná að fylgja þeim hraða sem verkið var unnið á. Aðeins ein dauf ljósapera var á sviðinu og þegar leikararnir voru komnir í búninga, með svartan nælonsokk fyrir andlitin, sáu þeir ekki neitt.

Stór hluti leikstjórnarvinnunnar gekk út á að stýra umferðinni í myrkrinu og erfitt var að finna tíma til þess að hlúa að leik barnanna. Margrét Pálmadóttir æfði söng með hópnum og Kristjónu Skúladóttur, sem lék Maríu mey. Verkið endar á aríu úr óperunni Xerxes eftir Händel sem hún syngur ásamt öllum leikhópnum. Við unnum allt á handahlaupum og gátum því ekki dvalið við einstaka þætti eða dregið fram fin blæbrigði.

Ég hafði ætlað að fá litla lúðrasveit, skipaða börnum, til að leika á bak við tjöldin og átti hún að koma í ljós í lokaatriðinu. Lárus Grímsson hljómsveitarstjóri var

til taks með nemendur sína úr Lúðrasveit Reykjavíkur en það gafst ekki tími til þess að skipuleggja þátttöku þeirra í sýningunni. Ég hafði ekki áttað mig á hversu tímafrek og krefjandi undirbúningsvinnan yrði. Mér var ljóst að börn þyrftu tíma til að skilja hlutina og tíma fyrir æfingar ef vel átti að vera, en þetta rými og þennan tíma höfðum við ekki fyrir ósýnilega lúðrasveit barna. Ég fékk því í staðinn tónlistarkonurnar Kristínu Valsdóttur og Nönnu Hlíf Ingvadóttur til að taka þátt í vinnunni á lokametrinum með harmonikkurnar sínar og unnu þær á undraverðan hátt að því að gæða hljóðheim verksins lífi en nær enginn texti var í sýningunni, aðeins örfá orð. Harmonikkurnar blésu lífi í söguna á lífrænan hátt, þær spunnu með atburðarásinni og fylgdu hverju fótspori krakkanna. Þær Kristín og Nanna sömdu nokkrar laglínur sem voru eins og leiðarstef í gegnum verkið og ljáðu sýningunni einstaka áferð. Hljóðmyndin náði að líma saman aðra þætti verksins og þá loksins gátum við boðið áhorfendum til samtals við okkur um stríð og frið. Verkið var rétt smollið saman þegar LÓKAL, alþjóðleg listahátíð í Reykjavík, var sett og við opnuðum hátíðina með þessu ódauðlega verki.

Stefnumótið við áhorfandann

Verkið var frumflutt 3. september í Smiðjunni, leikrými Listaháskólans á Sölvhólsgötunni, og virkaði eins og fyrri verkin. Hér var á ferðinni skissa, skýr hugmynd sem var komið til skila á hráan en lífrænan hátt af kærleika og rausn. Eins og áður ræddum við við áhorfendur sem sáu jafnframt margir fyrri verkin tvö sem líka voru sýnd á hátíðinni, *Ódauðlegt verk um stjórn og stjórnleysi* í Smiðjunni og *Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna* á Nýlistasafninu.

Verkin voru sýnd nokkrum sinnum á hátíðinni og áttum við þarna mjög áhugaverð samtöl um hvað tengdi verkin, um guð sem stígur úr vélinni, áhrif kristninnar og káþólskunnar í verkunum, hugmyndir um friðþægingarförn og hvernig maðurinn endar á að taka á sig byrði mannkyns, og auðvitað var rætt um smæð mannsins gagnvart örlögum sínum, eðli og náttúru.

Óræð afstaða leikhópsins til hinna stóru spurninga sem varpað var fram vakti áhuga, sem og kímni og kærleysið en jafnframt alvaran og óttaleysið við að fást við stóru spurningarnar í lífinu, trú og afstæði. Verkin þóttu fagurfræðilega ólík og bar fólk

upp spurningar um aðferðafræði okkar og hvað réði fagurfræðinni. En áleitnustu spurningarnar snerust um pólitíska afstöðu okkar sem endurspegladist í aftengingu peninga og lista.

Verkið fullunnið

Þó að verkið hefði náð ætluðum áhrifum var ég ekki sátt við þann hraða sem einkenndi æfingaferlið og hefði viljað vinna það betur, þannig að þeir tæknilegu hlutir sem það byggðist á stæðu á traustari grunni. Við höfðum fengið úthlutað listamannalaunum fyrir árið 2010 til þess að vinna að *Ódauðlegu verki um draum og veruleika*, *Örverkum um árátur, kenndir og kenjar* og klára *Ódauðlegt verk um stríð og frið*.

Í mars 2010 hóf ég að vinna að lokaúfærslu verksins. Ég fékk Hilmar Örn Hilmarsson tónskáld og allsherjargoða til þess að semja tónlist við verkið út frá upptökum af verkinu frá haustinu áður og fékk aðstöðu í Hafnarfjarðarleikhúsinu í apríl og maí til æfinga og sýninga.

Ég ákvað að skipuleggja vinnuna í þaula og fela leikurunum ábyrgð á einstaka þáttum hennar. Ólöf Ingólfssdóttir dansari tók að sér að stýra vinnu við lyftur en þar unnu tvö teymi hvort með sínu barninu. Tíu mánuðir voru liðnir frá því að verkið hafði verið sýnt og börnin höfðu vaxið sem gerði allan burð töluvert erfiðari.

Við unnum verkið eins og dans eftir tónlist Hilmars Arnar, sem var leikin af bandi, og fastlögðum allar hreyfingar og gjörðir. Við unnum eins og fínsmurð vél að tæknilegum þáttum verksins og gerðum efninu þau skil sem við vildum.

Verkið tók sig vel út í Hafnarfjarðarleikhúsinu og var ég sátt við ákvörðunina um að vinna það betur. Ekki voru allir sammála mér um að það hefði verið nauðsynlegt en verkið varð bæði fagaðra, ljóðrænna og stilltara í nýrri útgáfu. Það virkaði ekki lengur eins og skissa heldur birtist sem fullklárað verk.

Mér varð strax ljóst að þetta verk var að mörgu leyti lokaðra en þau fyrri. Spurningar áhorfenda voru ekki eins áleitnar og áður enda svaraði verkið flestum þeim spurningum sem það varpaði fram, nema þá helst um hvert væri eðli myrku veranna. Það var dýpra á kímnni og kærleysinu og í stað hinnar talandi leikskrár var komið prentað póstkort sem



ígildi leikskrár. Börnin voru bæði viðkvæm og hjartnæm og tónlist Hilmars eins og af öðrum heimi. Þessir þættir orkuðu þannig að verkið varð fjarlægara en fyrri verk, eins og ekki mætti snerta það, og samtölin eftir sýningarnar urðu færri og styttri en við áttum að venjast.

Opinber umfjöllun

Verkið fékk mjög litla umfjöllun þegar það var fyrst sýnt á LÓKAL 2009 og birtist engin opinber gagnrýni um það í fjölmiðlum. Eina fjölmiðlaumfjöllunin birtist í almennum fréttum um LÓKAL.

Það fór ekki mikið fyrir okkur á æfingatímabilinu, en við höfðum ekki umframorku til þess að koma okkur á framfæri við fjölmiðla, senda út tilkynningar eða fara í viðtöl. Maraþonsýningin á *Ódauðlegu verkunum* var þó umtöluð í bransanum og þótti fólki forvitnilegt að við værum með þrjár sýningar úr sömu seríu á hátíðinni, enda var það fordæmalaust á Íslandi og margir spenntir fyrir þeirri tilraun. Það var ekki fyrr en við frumsýndum verkið í endanlegri gerð í Hafnarfjarðarleikhúsinu vorið 2010 að fjallað var um það í prentmiðlum og útvarpi.

Í gagnrýni sinni í *DV* skrifaði Jón Viðar Jónsson um starfsemi Áhugaleikhúss atvinnumanna:

„Leikhúsfólki er stundum hælt fyrir að þora að prófa eitthvað sem er ekki fyrirfram víst hvort gangi upp. En vitaskuld getur „framúrstefna“ orðið jafn geld og klisjukennd og öll önnur leikform; sagan um nýju fötin keisarans á oft jafnmikið erindi við leikhúsfólk og aðra. Ég hef haft mismikla ánægju af þeim þremur verkum „kvintólógiunnar“ sem enn hafa sést, en

einna mesta af þessu; mér finnst það vitsmunalegt og einlægt, látlaust og fallett. Það er ekkert offramboð af slíku á íslenskum leiksviðum nú um stundir. Svo er ókeypis inn fyrir allan almenning (ekki bara krítíkera og boðsgesti), gleymum ekki því. Einhvern tímann talaði merkur leikhúismaður um fátæka leikhúsið – fátækt í ytra skilningi, ekki þeim innri. Það skyldi þó ekki vera að tími þess sé að renna upp á voru fátæka landi?“¹⁰

Ósýnilegi leikarinn

Vinnan að *Ódauðlegu verki um stríð og frið* var fyrir leikarana ákveðin æfing í æðruleysi og auðmýkt. Leikhópurinn byrjaði á því að spinna og skapa efnivið í sýninguna sem börn gætu leikið, en hópurinn var síðan ósýnilegur og í þjónustuhlutverki allt ferlið og þurfti að athafna sig meira og minna sjónlaus í myrkinu og leyfa börnunum að láta ljós sitt skína. Ég er leikurunum óendanlega þakklát og ekki síður stolt af þeim fyrir að standa svona vel í fætturna í þessum aðstæðum sem eru mikil ögrun fyrir sjálfið og nánast í andstöðu við drifkraft leikarans og eðli. Við höfum rætt það okkar á milli að bestu leikararnir séu þeir sem geta orðið ósýnilegir á sviði og vísað þannig í hefð japanska *kabuki*-leikhússins, en þar eru leikarar nefndir *Kuroko* sem nota hálfa ævina í að þjálfast sig í að vera ósýnilegir á sviði og eru þeir taldir vera fyrirmyndir *ninja*-bardagamanna.

Ég hef notið þeirrar blessunar að vinna með frábæru samstarfsfólki, þetta er æðrulaust listafólk og hugrakkir bardagamenn.

Ódauðlegt verk um draum og veruleika

Verkið gerist á huglægum stað handan tíma og rýmis.

Verkið spyr hvort sé raunverulegra, það sem fer fram í huga

fólks eða það sem sýnilega hendir í veraldlegum heimi.

Erum við saman í þessu?

Hver metur?

Hver upplifir?

Hverjum er ekki sama?

Leikstjórn: Steinunn Knútsdóttir.

Textar: Leikhópurinn.

Leikmynd og búningar: Una Stígsdóttir.

Leikarar: Aðalbjörg Árnadóttir, Arndís Hrönn

Egilsdóttir, Árni Pétur Guðjónsson, Hannes

Óli Ágústsson, Lára Sveinsdóttir, Orri Huginn

Ágústsson, Ólöf Ingólfssdóttir, Sveinn

Ólafur Gunnarsson.

Myndbandsvinnsla: Óli Björn Finnsson.

Sýningartími: 50 mínútur.

Frumskýnt í Útgerð Hugmyndahúss háskólanna

í október 2010.

Sýnt í Tunglinu á *Everybody's Spectacular*, alþjóðlegri sviðslistahátíð í ágúst 2010. Þar gekk Kristjana Skúladóttir í hlutverk Láru Sveinsdóttur.

Samhengið

Þegar efnahagskreppan var skollinn á varð mörgum ljóst mikilvægi lista og menningar við endurreisn samfélagsins. Unnin var skýrsla um hagræn áhrif skapandi greina sem kom út 1. desember 2010. Listaháskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík tóku sig saman og opnuðu frumkvöðlasetrið Hugmyndahús háskólanna, aðstöðu og vettvang fyrir unga frumkvöðla og sprotafyrirtæki, til þess að ýta úr vör hugmyndum þvert á rótgróna skiptingu í vísindi og listir og styðja þannig við uppbyggingu fyrirtækja og reksturs á sviði skapandi greina. Markmiðið var að skapa nýútskrifuðum nemendum skólanna atvinnutækifæri og var ætlunin að þannig yrðu til 500 störf á

tveimur árum til uppbyggingar efnahagslífsins. Verkefninu var fundið húsnæði á Grandagarði 2 og hrint af stað á vordögum 2009. Verkefnastjóri verkefnins var Daníel Björnsson myndlistarmaður og framkvæmdastjóri var Ingibjörg Gréta Gísladóttir.

Netleikhúsið Herbergi 408 hafði fengið aðstöðu í Hugmyndahúsi háskólanna haustið 2009 til þess að fullvinna fyrsta verk leikhússins, gagnvirka netleikhúsverkið *Herbergi 408*. Í Hugmyndahúsinu unnum við Hrafnhildur Hagalín að allri eftirvinnslu verksins og var opnunargjörningur verksins, sem var leikinn á milli Helsinki og Reykjavíkur í gegnum samskiptaforritið skype, fluttur í beinni vefútsendingu frá Hugmyndahúsi háskólanna á dagskrá Sequences.

Ég hóf fljótt að vinna með við Daníel Björnssyni að því að setja á stofn sérstakt gjörningarými undir hatti Hugmyndahússins en við höfðum áður unnið saman í Klink & Bank fimm árum fyrr. Verkefninu bauðst 2400 fermetra rými á annarri hæð svonefndrar Bakkaskemmu að Grandagarði 16. Í janúar 2010 tók þar til starfa Útgerð Hugmyndahúss háskólanna sem var ætlað að hýsa hvers kyns gjörninga og viðburði sem tengdust starfsemi hússins og vera vettvangur fyrir nýsköpun í sviðslistum.

Ég hafði umsjón með sviðslistastarfsemi Útgerðarinnar á meðan hún var starfrækt og hlaut að launum aðstöðu fyrir alla mína listrænu starfsemi endurgjaldslaust. Í húsinu var ég með aðstöðu fyrir bæði



Netleikhúsið og Áhugaleikhús atvinnumanna en leikhóparnir tveir sköruðust nokkuð. Við komum okkur fyrir í gamalli kaffistofu fyrir miðju hússins sem við máluðum himinbláa. Áhugaleikhús atvinnumanna hafði aðsetur í Útgerðinni þann tíma sem hún var starfrækt, en þar vann hópurinn að *Örverkum um áráttur, kenndir og kenjar* í samstarfi við Netleikhúsið Herbergi 408. Við sendum út eitt örverk í hverjum mánuði í beinni vefútsendingu með þátttöku teymis frá Borgarholtsskóla undir stjórn Hákon's Mús Oddssonar kvikmyndagerðarmanns. Verkefnið hóf göngu sína í janúar 2010 og lauk með maraþonsýningu á öllum örverkunum tólf í beinni vefútsendingu á gamlársgangi 2010 og útgáfu bókarinnar *2010, lárétt rannsókn* sem fjallaði um örverkaraðirina, tilurð verkanna, og hafði að geyma vitnisburð listamannanna um sviðslistina.

Í Útgerðinni unnum við *Ódauðlegt verk um draum og veruleika*, sýndum *Ódauðlegt verk um samhengi*

hlutanna og ég hóf vinnu að tveggja verka seríu Áhugaleikhúss atvinnumanna, *Móðirin og Faðirinn*, sem enn er í vinnslu.

Þetta var mikill gróskutími fyrir leikhópinn enda nutum við þarna mjög góðrar aðstöðu, við höfðum fengið úthlutað listamannalaunum í fyrsta sinn og vorum umkringd listamönnum úr ólíkum listgreinum sem höfðu líka aðstöðu í húsinu. Þarna vann ég líka með Hrafnhildi Hagalín á vettvangi Netleikhússins Herbergi 408 að nýju verki, *Jöklum*.

Auk okkar var Mind Group með fasta aðstöðu í Útgerðinni og Íslenski dansflokkurinn með tímabundna aðstöðu en til stóð að halda samstarfsýningu Listahátíðar í Reykjavík og Íslenska dansflokksins á dansverki undir stjórn Gísla Arnar Garðarssonar. Útgerðin hósti Art Fart leiklistarhátíðina, Raflost – alþjóðleg tónlistarhátíð leiklistardeild Listaháskólans var með útskriftarsýningar í rým-



inu og þarna voru haldnar tískusýningar, tónleikar og gjörningar af ólíkum toga. Margir listamenn og hönnuðir nýttu sér aðstöðuna á þessum tíma.

Stemningin var ekki ólík því sem myndaðist í Klink & Bank á sínum tíma þótt formerkin hafi verið ólík. Það fór svo að sjóðir til starfseminnar tæmdust en þeir höfðu verið fjármagnaðir með almennu rekstrarfé skólanna sem stöðugt sættu niðurskurði. Hugmynda-hús háskólanna og Útgerðin voru lögð niður í lok febrúar 2011 eftir tæplega tveggja ára starfstímabil.

Vinna við *Ódauðlegt verk um draum og veruleika* hófst í júní 2010 með opnunum og spunum. Æfingar fóru síðan fram í þremur lotum frá ágúst til október-loka þegar verkið var frumsýnt í Útgerð Hugmynda-húss háskólanna.

Þetta var mjög frjósamur tími í sögu Áhugleikhúss atvinnumanna en eftir að honum lauk liðu fjögur ár þar til boltinn fór að rúlla á ný í starfsemi hópsins.

Erindið

Hugmyndin að verkinu kviknaði undir málsverði hjá hjónunum og myndlistarmönnum Aðalheiði S. Eysteinsdóttur og Jóni Laxdal Halldórssyni að Freyjulundi í júlí 2009 þegar Áhugleikhús atvinnu-

manna sýndi *Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna í Verksmiðjunni á Hjalteyri*.

Jón hafði boðið skjólstæðingum sínum til kvöldverðar en hann vann á sambýli fyrir geðfatlaða. Þetta varð mjög áhugaverð samverustund en leikararnir og sjúklingarnir áttu mjög innblásnar samræður um lífið, listina og framtíðardrauma sem voru sérlega hugvekjandi. Hver einstaklingur við borðið bjó yfir einstökum innri heimi og litaði það samræðuna. Þess utan var sjálft umhverfið sem heimili Aðalheiðar og Jóns skóp í kringum samræðurnar ævintýrlegt: okkur umkringdu tréfigúrur Aðalheiðar og mínímalísk hugmyndaverk Jóns. Með okkur til borðs sat Arna Valsdóttir myndlistakona sem vinnur með margbreytileika skynjunar í verkum sínum, en hún stofnaði Verksmiðjuna á Hjalteyri ásamt Aðalheiði, Jóni, Hlyni Hallssyni, Gústav Geir Bollasyni og fleiri íslenskum og erlendum listamönnum sem tengdust Hjalteyri með mismunandi hætti.

Þessar kringumstæður voru hárréttur útgangspunktur fyrir vangaveltur um draum og veruleika.

Mig langaði að spyrja spurningarinnar um hvað væri raunverulegt. Fyrir mér var veruleikinn að vissu leyti afstæður enda skynjun hvers og eins á því sem ger-

ist ólík. Í læknisfræðinni er talað um að þegar mann-
eskja verður fyrir geðrofi með ofskynjunum geti
enginn talið henni trú um að skynjunin hafi ekki
verið raunveruleg, ekki sé hægt að véfengja raun-
veruleika skynjunar sem slíkar.

Í heimi árangursstjórnunar erum við stöðugt að
reyna að mæla árangur og gerum þá yfirleitt ekki
greinarmun á upplifun og staðreynd. Upplifun er
erfitt að mæla því að hún er afstæð og þegar til kast-
anna kemur er það hún sem er hinn raunverulegi
mælikvarði á hvernig eitthvað reynist vera. Kenna
mætti litblindri manneskju hvað sé grænt og hvað
rautt með því að lesa í samhengi en ekki er hægt að
breyta því sem hún sér.

Mig langaði að búa til heim þar sem þessar spurn-
ingar lægju í forgrunni og etja saman ólíkum heim-
um fólks, leyfa þeim að mætast og kanna núningsflöt
milli þeirra sem hin sameiginlega upplifun gæti ver-
ið fólgin í. Síðan vildi ég gera tilraun til þess að beita
á þennan heim tæki árangurstjórnunar. Mig langaði
að geta skyggst inn í hugarheim hvernar persónu og
reyna að geta mér til um hvað þar færi fram.

Aðferðirnar

Það voru þrjú meginverkefni sem lágu til grundvallar
við vinnslu verksins:

- 1) Við þurftum að skilgreina heim verksins, lögmál
hans og eiginleika.
- 2) Við þurftum að skilgreina heim hvernar persónu,
lögmál og eiginleika.
- 3) Við þurftum að skilgreina hvernig þessir heimar
skarast og ákveða með hvaða hætti við ættum að
árangursmæla þá.

Við notuðum sjónarhornsspuna Anne Bogart til að
skoða heim verksins. Í heimi persónanna lögðumst
við í einstaklingsbundna rannsóknarvinnu þar sem
við grúskuðum, lásúm, spunnum, skrifuðum og unn-
um með fundna texta og efni sem leikarinn mótaði og
meitlaði. Við vörðum svo dágóðum tíma í að tileinka
okkur SVÓT-greiningu sem víða er notað í fyrirtækj-
um og stofnunum til þess að koma auga á sóknarfæri
þeirra, styrkja innviði og bæta úr vanköntum.

Eins og áður gerðum við hlé á æfingum meðan ég
vann að handriti sem lá til grundvallar samsetningu
verksins „á gólfinu“ með öllum þáttum, myndvörpun
og tónlist. Æfingarnar fóru svo fram með hefðbundn-
um hætti en í fyrsta sinn ákvað ég að notast við tölu-
verða tækni í uppfærslunni. Ég vildi komast eins
nálægt persónunum og mögulegt var og ákvað því að
nota til þess lifandi myndstreymi þar sem ég varpaði
nærmyndum af persónum verksins, augnaráði þeirra
og örlitlum atriðum í hreyfingum, á tvö stór tjöld sitt
hvoru megin við leiksviðið. Ég sá fyrir mér að mynd-
mál sýningarinnar yrði þéttofið og verkið marglaga,
sem gerði vinnu við samsetningu mjög krefjandi en
jafnframt ákaflega spennandi.

Heimur verksins

Í gegnum sjónarhornsspuna gátum við skoðað heim
verksins út frá mörgum ólíkum sjónarhornum en
með þeirri aðferð má skilgreina þætti eða sjónarhorn
í vinnunni út frá tíma og rými. Þannig unnum við að
kóréógraffi verksins, þ.e. hvernig leikararnir ferðast í
gegnum leikrýmið, hrynjandi hreyfinganna og hraða.
Leikararnir unnu með mjög sterka líkamlega hlust-
un¹ en eitt af því fyrsta sem við ákváðum í þessu
vinnuferli var að þeir skyldu aldrei horfast í augu. All-
ar hreyfingar í rýminu voru eftir ósýnilegum braut-
um en hver persóna hafði sína persónulegu leið til
þess að ferðast um rýmið þó að meginlögmálið væri
að hreyfingar í því fylgdu beinum línunum.

Við mátuðum heim verksins við ýmsa staði, eins og
umferðarmiðstöð, sjúkrahús eða áþekkar stofnan-
ir þar sem hlutverk persónanna varð óljóst og tím-
inn óræður. Síðan beindum við sjónum að hljóð-
heimi persónanna og lékum okkur með þau hljóð
sem leikararnir gátu skapað með hreyfingum, rödd,
stappi, klappi, klóri o.fl. Við æfingarnar lékum við
mismunandi tónlist og átti málmkenndur hljómur
sembalsins vel við þann heim sem var að verða til
ásamt nostalgískum sönglögum í flutningi Maríu
Markan og Stefáns Íslandi frá fyrri hluta tuttug-
ustu aldar.

Heimurinn sem við náðum að skapa var mjög sterk-
ur og þéttofinn þótt hver leikari hafi að vissu leyti
verið aleinn í sínum veruleika. Lögmál sjónarhorns-
spunanna um að allt sem leikarinn gerði væri við-

bragð við því sem gerist í umhverfi hans var lykillinn að því að verkið gengi upp.

Heimur persónunnar

Í upptakti að vinnunni bað ég leikarana um að velta fyrir sér spurningum um draum og veruleika út frá eigin áhugasviði. Við ræddum ýmsa vinkla á veruleikafirringu, um ótta, flóttu, blekkingar, sorgir og viðbrögð mannsins við áföllum og andstreymi. Einnig ræddum við um trúarbrögð og heimsmynd trúaðra og mismunandi leiðir sem fólk beitir til þess að komast af í lífinu. Ég hafði ákveðnar hugmyndir um viðfangsefni og persónur áður en vinnan hófst og lagði þær fyrir hópinn, og í gegnum samræður og lífrænar þreifingar tóku leikararnir að sér ólík hlutverk.

Árni Pétur hafði áhuga á hljóðheimi sem er ósýnilegur en samt áþreifanlegur. Saman unnum við að því að gera hljóðið sýnilegt og nota hugmyndina um hljóð til að spyrja tilvistarlegra spurninga um uppruna mannsins og tilvist hans í heiminum.

Sveinn Ólafur vann með kerfi sem hann hafði sjálfur þróað með sér til þess að ná tökum á hugsunum sínum á krefjandi tímabili í lífi sínu. Hann ímyndaði sér að hann væri að vélrita allt sem hann sagði og hugsaði. Þegar í setningu voru fleiri slög öðrum megin lyklaborðsins þurfti hann að slá inn stafi af hinum helmingi þess til þess að koma á jafnvægi í textanum. Hann yfirfærði þessa aðferð á talmálið sem gerði allt sem hann sagði mjög torkennilegt. Síðan vann hann með tvo texta sem hann fann fyrir verkið; annars vegar endurflutti hann ræðu sem hann hafði heyrt í brúðkaupi kunningjafólks, en þetta var ræða föður brúðarinnar. Á móti ræðunni vann hann með brot úr viðtali við Vigdís Finnbogadóttur í *Mannlífi*. Báðir textarnir voru á einhvern hátt opinber sviðsetning viðkomandi persóna á sjálfum sér og gildum sínum og höfðu vakið áhuga Sveins.

Persóna **Hannesar Óla** var maður sem telur sér trú um að hann sé með barni. Faðir Hannesar var á þessum tíma að stíga fram sem transkona og að hefja langt kynleiðréttingarferli. Persóna Hannesar er í kvenskóm og fær okkur til að beina sjónum að hugmyndum okkar um kynvitund. Ofan á þessar pælingar

Hannesar bættust hugmyndirnar um hinn guðdómlega getnað og meyfæðinguna. Persóna Hannesar lifir í heimi þar sem bein samskipti við guðdóminn er veruleiki og hann les stöðugt í tákni sem birtast honum í öllu sem fyrir ber.

Arndís Hrönn beindi sjónum að sorginni og leiðum fólks til að fást við hana. Okkur langaði að skoða hvernig áföll beinir manneskjunni oft inn á hliðarstíga veruleikans, þar sem hún gjarnan festist og missir taktinn við þann raunveruleika sem er umhverfis hana. Við vildum gera tilraun til þess að etja saman ólíkum heimum, kapítalismanum og djúpri sorg, og láta syrgjandi móður verðleggja barnaherbergi látins hvítvoðungs á bland.is. Konan lifir og hrærist í þessu herbergi sem er engum sýnilegt nema henni.

Orri Huginn vann með speglun. Hann hafði áhuga á að skoða mann sem speglar sig í heiminum og sogar í sig hugmyndir og tilfinningar annarra. Þannig gengst hann inn á veruleika annarra án þess að eiga sinn eigin og gerist hermikráka, endurómur samfélagsins. Hann er með rödd sem hæst heyrir í en á bak við orðin má greina holan hljóð, vott af örvæntingu og tómleika.

Lára tók að sér hlutverk markþjálfans. Við ákváðum strax að hún væri andstæða þeirra sem gera sér far um að kenna þessi fræði og fékk Lára því það verkefni að læra SVÓT-greiningu í þaula um leið og hún átti að skapa andhetju sem er dæmd til að mistakast ætlunarverk sitt. Persóna Lára er sú eina í *Ódauðlegu verkunum* sem á sér nafn en hún kynnir sig sem Sigurbjörgu Einarsdóttur og verður að hetju verksins áður en henni er fórnað á altari samfélagsins í lok þess.

Aðalbjörg tók að sér hlutverk þess sem verður vitni að lífi annarra og lifir í gegnum auga myndbandsupp-tökuvélarinnar.

Ólöf fékk það verkefni að vera boðberi fagnaðarerindisins og ganga ofurhægt um 10 metra á klukkustund til þess eins að opinbera Maríu mey á ögurstund í lok verksins.

SVÓT

Við lærðum öll hvernig beita megi SVÓT-greiningarkerfinu. SVÓT er greiningaraðferð til árangursstjórnunar, er oftast beitt innan fyrirtækja og gengur út á að flokka ytri og innri þætti sem hafa áhrif á árangur persóna eða fyrirtækja í skilgreindum verkefnum. SVÓT stendur fyrir styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri. Þannig á að koma auga á sóknarfæri og aðferðir við að snúa veikleikum í styrkleika. Við höfðum gaman af því að máta okkur við þetta greiningartæki árangursstjórnunar og náðum með því að greina framtíð Áhugaleikhúss atvinnumanna.

Mér fannst aðferðin fela í sér frábæra möguleika til að sýna fram á afstæði almennra mælistika og nýttum við okkur það í verkinu. Í meðförum Láru Sveinsdóttur beitti Sigurbjörg Einarsdóttir aðferðinni á persónur verksins sem var gert að taka þátt í sjálfsmati í gegnum SVÓT í sýningunni.

Unnið var við töflu og minnisblöðum og litlum gulum miðum dreift til persónanna sem fylltu þá ötullega út og límdu á töfluna.

Við fundum leiðir til þess að grípa inn í kerfið, snúa út úr því, umpóla og umbreyta. Einnig reyndum við að finna ólíkar leiðir persónanna til þess að takast á við greininguna og skoðuðum hvað svona tæki setur af stað í skapandi huga.

Mig langaði til þess að sýna hvernig sú þvingun sem kerfið beitti hugann myndi gefa undan og það vísa á endanum út fyrir sjálft sig og inn í frelsið og stjórnsleysið. Við leitumst því við að sprengja SVÓT-kerfið upp með margvíslegum hætti og að lokum með því að búa til táknmynd frelsisins, fuglinn, úr verkfæri kerfisins, gulu miðunum sem límdir höfðu verið á töfluna, auk þess sem leikararnir lærðu japanska pappírsbrotalist, *origami*, og brutu minnisblöðin saman svo úr varð fugl sem þau skildu eftir á við og dreif um sviðið.

Samsetning verksins

Við byrjuðum að setja verkið saman í október. Þá hafði ég fengið Unu Stígsdóttur myndlistarkonu, sem ég hafði kynnst á vettvangi Götuleikhússins, til þess

að vinna með mér leikmynd og búninga og Óla Finns-son, útskriftarnemanda í Borgarholtsskóla, til að sjá um myndbandsvinnslu en hann hafði einnig tekið þátt í beinum útsendingum á örverkunum.

Við unnum með skjannahvíta umgjörð, lokaðan heim með tvö stór tjöld sitt hvorum megin við sviðsopið og glugga á bakvegg. Sviðið var djúpt og áhorfendur sátu í nokkurri fjarlægð frá því. Köld, stofnanakennd lýsing var yfir sviðinu með vægri neðanlýsingu sem gerði andlit persónanna örlítið dramatískara en ella. Ég ákvað að vinna með sembaltónlist, sem ég notaði mikið í sviðssetningunni, en að auki æfðum við tvö vögguljód með hópnum, pólska kórlagið „María syngur handa Jesúbarninu“ og „Sofðu, sofðu“, vögguljód Benedikts Þ. Gröndal sem Orri Huginn söng með tærri og sterkri tenórrödd. Ég valdi á tveimur stöðum að hleypa útsendingu á Rás 1 inn í heim verksins til þess að draga það inn samtímann. Þetta voru morgunfréttirnar og Hugvekja dagsins, þáttur um andleg og tilvistarleg málefni. Samsetningin var því mjög músíkölsk og þó að leikararnir ættu engin samtöl sín á milli var allur leikur þeirra samofinn og krafðist mikillar einbeitingar og samhæfingar. Allar hreyfingar voru meira og minna þróaðar eins og dans. Myndmálið var marglaga en með tilkomu nærmynda af persónunum opnaðist heimur smáatriða fyrir áhorfendum.

Verkið er í tveimur hlutum. Í þeim fyrri fáum við inn-sýn inn í þá ólíku heima sem persónurnar geyma í gegnum eintal hvers og eins. Hlutinn endar á myndbandsupptöku, sem varpað er upp á skerm, af persónum verksins í annarri tilvistarvídd, þar sem þær sjást við verðlaunaafhendingu í blíðskaparveðri utandýra. Þar eru þær vel fúnkerandi, heilbrigðar og hressar. Fyrir neðan þessar fallegu skjámyndir eru persónur verksins fastar á sviðinu, hver í sínum heimi. En hreyfimyntstur þess sem gerist á sviðinu kallast á við myndbandið og gefið er í skyn að þetta gætu verið ólík sjónarhorn á sömu aðstæðurnar.

Seinni hluti verksins fjallar um innrás SVÓT-greiningarinnar í heiminn. Lokað er á gluggana – sem til þessa hafa verið sýnilegir og haft sterka tilvísun í heiminn fyrir utan sviðið – með risavaxinni túss-

töflu. Markþjálfinn Sigurbjörg Einarasdóttir stígur inn á sviðið og reynir að koma stjórn á heim verksins en á í fullu fangi með að ná stjórn á sjálfri sér. Með persónur verksins á bakinu reynir hún að halda áætlun í fyrirlestri sínum en þær eru með stöðug innskot og útúrdúra án þess að vera í nokkurri tengingu við það sem hún hyggst miðla. Því hverfur hún meira og meira inn í sjálfa sig, fyrirlesturinn verður að innhverfu muldri og að lokum er hún kröfuð af í því fuglabjargi sem hugmyndaflæði persóna verksins myndar. Hún liggur á gólfinu við fætur Ólafar sem hefur gengið ofurhægt allan tímann með lítið líkneski af Maríu mey í höndunum. Sigurbjörg lítur í örvæntingu sinni upp til Ólafar sem opnar lófa sinn og María mey opinberast með veikum tónum úr spiladósinni sem hún hvílir á. Ró færist yfir allan hópinn, öll loka þau augunum, verða friðsæl og róleg eins og þau séu komin heim eftir langt og strangt ferðalag. Þau brosa og myndin af Maríu, sem varpað hefur verið upp á stóru tjöldin, og lagið úr spiladósinni, sem hleypt hafði verið í hljóðkerfið, leysast smám saman upp. Nú ríkir þögn, tjöldin eru hvít, persónurnar hreyfingarlausar. Leiknum er lokid ... eða hann er að byrja.

Samtalið við áhorfendur

Verkið var frumsýnt 27. október í Útgerð Hugmynda-húss háskólanna. Við vorum komin með hóp af áhorfendum sem hafði séð fyrri verk okkar, kunnu inn á okkur og gengu óþvinguð til samtals við okkur um alla þætti verksins, um samtímatilvísanir og tilvistarlegar spurningar. Fólk hafði áhuga á árættu hegðun persónanna og var forvitið um hvernig leikararnir unnu ein-tölin og lögmálin sem lágu þeim til grundvallar.

Verkið birtist á annan og nýjan hátt þegar við áttum loks stefnumót við áhorfendur. Fyrirferðarmikið stef í sýningunni opinberaðist mér eiginlega ekki fyrir en áhorfendur bentu á það, en það var minnið um barnsmissinn. Fyrir mér var augljóst að við notuðum þetta minni í verkinu en ég sá ekki hversu þungt það vó. Í verkinu ríkti tregafullur tónn og sársauki var undirliggjandi hjá flestum persónunum. Ég féllst á hversu fyrirferðarmikið stafið væri þegar ég hafði komið auga á það, en barnið í verkinu stendur fyrir framlengingu sjálfsins og missirinn verður tákn vonbrigða og brostinna framtíðardrauma.

Tregatónninn í verkinu gat á vissan hátt ölvað leikarana en stundum þurfti ég að draga þá út úr þæginda-svæði eigin tilfinninga. Fátt er eins nautnalegt fyrir leikarann og að hella sér í tilfinningavímu á sviði. Í leikhúsinu þurfum við oft að minna okkur á að það sem skiptir máli fyrir verkið er hvað áhorfandinn upplifir en ekki hvernig leikaranum líður. Að mínu mati er það áhrifaríkara þegar leikari reynir að fela tilfinningar sínar en þegar hann sýnir þær. Eitt af lykilatriðunum í leiktúlkunaraðferðum Tostanogovs, sem kenndar eru við sviðslistadeild Listaháskólans, er að persónan eigi að reyna að fela hver hún er í raun og veru, raunverulegan ásetning sinn og tíðum raunverulega líðan. Í þeim feluleik felst mikil spennan sem áhugavert er fyrir áhorfandann að fylgjast með. En það var einmitt í þessu verki sem ég varð þess áskynja að leikararnir unnu með samsömunaraðferðir Staníslavskíjs þótt við hefðum ekki lagt upp með að vinna eftir þeirri aðferð. Mig grunar að það hafi verið sú mikla vinna sem leikararnir lögðu í persónurnar í upphafi, þegar við vorum að semja verkið, og nálægðin við tilfinningarnar sem kallaði á þessar vinnuaðferðir leikaranna og sá ég ekki annað en að samsömun Staníslavskíjs hefði orðið þeim að gagni.

Verk um draum og veruleika endar á því að persónurnar loka augunum og gefa sig öðrum veruleika á vald, þær eru til staðar í holdinu en hafa sagt skilið við veruleika áhorfendanna. Þeir eru því skildir eftir í lausu lofti og sátu undantekningarlaust mjög lengi í þögninni án þess að klappa áður en ég steig fram og tilkynnti að sýningunni væri lokið.

Við veltum því oft fyrir okkur hversu lengi áhorfendur hefðu setið með sínum eigin hugsunum í leikhúsinu meðan þeir fylgdust með leikurunum aðgerðarlausum á vel upplýstu leiksviðinu hefði ég ekki gripið inn í.

Opinber umfjöllun

Áhugaleikhús atvinnumanna var með mikla starfsemi árið 2010 og fjallað var um það í blöðum og ljósvakamiðlum í hverjum mánuði, einkum í tengslum við örverk leikhússins sem sýnd voru síðasta föstudag hvers mánaðar. Það þóttu því kannski ekki stórtíðindi þegar *Ódauðlegt verk um draum og veruleika* var frumsýnt í október sama ár. Við fengum mjög hefðbundna meðferð í fjölmiðlum í kringum sýn-



inguna, *Morgunblaðið*, *DV* og *Fréttablaðið* birtu hvert sína fréttatilkynningu um viðburðinn, í Víðsjá var fjallað um verkið og einn prentmiðill birti gagnrýni um það, tveir birtu þó gagnrýni um fyrsta verk leikhússins. Menningarblaðamennska virðist helst snúast um að hjálpa leikhúsum að selja miða á sýningar og viðburði frekar en að forvitnast um ásetning höfunda, taka saman höfundarverk og samhengi verka. Gagnrýnin virkar því frekar eins og leiðarbók fyrir neytendur og sjálf hef ég mætt því viðhorfi hjá fjölmiðlafólki að ekki þyki taka því að skrifa leihúsgagnrýni um verk sem sýnd eru sjaldan því þá fari skrifin meira og minna forgörðum. Þessi afstaða er þó sem betur fer á undanhaldi.

Umfjöllunin um *Ódauðlegt verk um draum og veruleika* var jákvæð en að mínu mati á frekar almennum nótum, hefðbundið frammistöðumat og lítið

farið í efni og efnistöð verksins. Salka Guðmundsdóttir fjallaði á uppbyggilegan hátt um verkið í Víðsjá og Elísabet Brekkan, gagnrýnandi *Fréttablaðsins*, endaði dóm sinn á orðunum: „Niðurstaða: Öguð og athyglisverð sýning, svolítið hæg í byrjun en þess betri þegar líða tók á verkið.“ Í miðjum leikdómnum, þar sem hún á jákvæðan hátt lýsir frammistöðu einstakra listamanna, segir hún: „Þetta er tilraunaverkefni en alls ekki ruglingslegt eða tilviljanakennt. Steinunn Knútsdóttir virðist hafa mjög sterka sýn með verkið og sömuleiðis rammar hún það mjög vel inn í þeirri tækni sem notuð er.“¹² Það er áhugavert að í þessum orðum má lesa að Elísabetu finnist tilraunaverkefni eigi það til að vera ruglingsleg eða tilviljunarkennd. Ég held að slíkt viðhorf sé útbreitt meðal almennings en að mínu mati ætti það ekki að einkenna fagmannlega menningarumfjöllun fjölmiðla.

Ódauðlegt verk um ást og ástleysi: hvar er guð?

Sýningin er eins konar helgiathöfn þar sem sannleikurinn er hafinn upp á stall, blekkingin verður að víkja og leikhúsið lifnar við í huga áhorfandans. Verkið er byggt á innsendum bréfum sem fjalla um ástina í lífinu, væntingar, vonbrigði, hita og kulda, upphaf og endi.

Leikstjórn: Steinunn Knútsdóttir.

Tónlist: Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir.

Þátttakendur: Aðalbjörg Árnadóttir, Arndís Hrönn

Egilsdóttir, Árni Pétur Guðjónsson, Gígja Hólmeirsdóttir, Hannes Óli Ágústsson, Jórunn Sigurðardóttir, Kristjana Skúladóttir, Magnús Guðmundsson, Orri Huginn Ágústsson, Ólöf Ingólfssdóttir, Ólafur Steinunn Ingunnarson, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Steinunn Knútsdóttir.

Börn: Áslaug Edda Kristjánsdóttir, Benedikt Jens Magnússon, Dagur Máni Sunnuson, Dúna Pálsdóttir, Erlen Isabella Einarsdóttir, Eva Steinunn Harðardóttir, Freyja Gyðudóttir Gunnarsdóttir, Hrafn Sverrisson, Hugrún Lóa Kvaran, Inga Sóley Kjartansdóttir, Jóhannes Lárus Helgason, Katrín Nótt Birkisdóttir, Maja Meixin Aceto, Ólafur Steinar Ragnarsson, Ólína Stefánsdóttir, Ómar Atli Viggósson, Rannveig Gréta Gautsdóttir, Salka Grímsdóttir, Sunna Líf Arnarsdóttir og Telma Sól Sulem.

Sýningartími: 60–80 mínútur.

Frumskýnt á Litla sviði Borgarleikhússins á *Everybody's Spectacular*; LÓKAL, alþjóðlegri leiklistarhátíð í Reykjavík, og Reykjavík Dancefestival (RDF) í ágúst 2015.

Samhengið

Við höfðum ekki unnið saman í yfir þrjú ár, fjármálakreppan var yfirstaðin að mestu en í staðinn ríkti sjálfsmýndarkreppa á Íslandi eftir að þjóðin kaus yfir sig reynslulausa stjórnámamenn sem höfðu lofað heimilunum fjárhagslegri endurreisn. Ég

hafði unnið að tveimur verkefnum með Netleikhúsinu, tekið við stöðu deildarforseta sviðslistadeildar Listaháskólans og átti að baki stormasamt tímabil í einkalífinu.

Tími var kominn til þess að klára kvintólógíuna með stóru verki um ástina. Vinnan að því hófst haustið 2014 en þá kom leikhópurinn í fyrsta sinn saman síðan á gamlársdag 2010. Haustið 2014 gerði hópurinn með sér samkomulag um að sækja um listamannalaun og að ljúka við verkið haustið 2015, jafnvel þótt við fengjum ekki brautargengi hjá launasjóði sviðslistafólks. Samningar tókust við LÓKAL, alþjóðlega leiklistarhátíð, og Borgarleikhúsið um sýningar þar í tengslum við hátíðina Everybody's Spectacular.

Í annað sinn sóttum við, listamenn leikhússins, um listamannalaun og fengum úthlutað þrettán mánaðarlaunum fyrir jafnmarga listamenn til þess að endurvinnna fjögur verk og semja það fimmta, *Ódauðlegt verk um ást og ástleysi, hvar er guð?*

Erindið

Ég velti lengi fyrir mér hvernig hægt væri að fjalla um ástina og andstæðu hennar, ástleysið. Ástin er það sem bindur allt saman og án hennar myndum við glata mennskunni. Mig langaði ekki til að skrifa ástarsögu heldur finna leið til þess að búa til stað þar sem áhorfendur hefðu sjálfir tækifæri til þess að vega og meta þátt ástarinnar í eigin lífi. Ég vildi fjalla um átök mannsins við dýrlegar hvatir sem lita hugmyndir okkar um ást og kærleika og viðkvæmnina og óttann við að leggja allt undir. Mig langaði að fjalla



um hinar mörgu birtingarmyndir ástarinnar: móður-
ást, rómantíska ást, ást milli vina eða systkina.

Mér virtist verkefnið þó vera yfirþyrmandi og spurn-
ingarnar allar áríðandi og aðkallandi en um leið
sígildar og eilífar. Ég hafði í mínu lífi tekið það skref
að elska skilyrðislaust í erfiðum aðstæðum, en þegar
erfiðleikar steðja að er auðvelt að verða tilfinninga-
kaldur til þess að forðast höfnun og sársauka.

Mig langaði að fanga kjarnann í ástinni með áhorfend-
um og leiða þá í aðstæður þar sem hinum mörgu lögum
blekkinga er aflétt, leikhúsið er ekki lengur til og hver
maður hefur tækifæri til þess að meta ástina í eigin lífi.

Aðferðirnar

Á fyrsta fundi mínum með leikhópnum haustið 2014
greindi ég frá hugmyndum mínum um verkið sem ég
sá fyrir mér sem þátttökuleikhús. Mig langaði til að
bjóða áhorfendum í helgiathöfn þar sem þeir þyrftu
að mæta sjálfum sér. Ég sem höfundur og leikstjóri
myndi taka að mér hlutverk hetjunnar, leggjast í duft-
ið, vanmáttug gagnvart áhorfendum, leikhúsinu og
heiminum. Ég sá fyrir mér lágstemmdar hugleiðingar
um ástina og vanmáttugar tilraunir leikstjórans til
að hafa ofan af fyrir áhorfendum, sem væru dæmdar
til að mistakast. En með því að beina sjónum áhorf-
andans inn á við myndi innra með honum verða til
óðauðlegt listaverk sem væri stærra en nokkuð sem
ég gæti skapað fyrir nokkurn mann.

Í þetta skiptið veitti ég leikurunum ekki mikið rými
til þess að leggja til hugmyndir eða vangaveltur. Mér
fannst þetta vera að miklu leyti mín vegferð sem ég
myndi bjóða þeim í þegar rétti tíminn væri kominn.

Ég hélt efniviðnum þétt að mér og vann í einrúmi að
handriti sýningarinnar frá janúar til júní 2015 en þá
fyrst kynnti ég handritið fyrir hópnum og fékk tón-
skáld til liðs við okkur. Það var ekki fyrr en í ágúst,
við samsetningu verksins í Borgarleikhúsinu, að ég
hleypti leikhópnum fyrir alvöru inn í sköpun verks-
ins. Á lokametrinum sprengdi ég upp mína eig-
in rammgerðu byggingu og leyfði ferskum vindum
að leika um hugmyndirnar. Leikararnir náðu þá
tengingu við verkið og við fengum hóp af börnum á
aldrinum 9–11 ára til að taka þátt í því.

Bréfin

Ég ákvað mjög snemma að vinna út frá raunveruleg-
um sögum því að mig langaði að þessu sinni að stíga
út fyrir skáldskapinn. Fyrstu hugmyndirna gengu út
á að ég myndi ræða á mjög persónulegum nótum um
mínar eigin hugmyndir um ástina, leikhúsið og lífið.
Ég myndi opinbera forgangsroðun mína í lífinu og
tala um stóra og litla hluti sem hreyfa við mér.

En þótt ég gengist við einlægninni, sannleiksþránni
og þörfinni fyrir játningu fannst mér þessi nálgun
vera óáhugaverð. Ég hafði mun fremur áhuga á nún-



ingsflötum ástarinnar, hvar hún byrjar eða endar, hvernig ástin er á ögurstundu.

Ég ákvað því að vinna með ástarbréf og hóf að skoða mín eigin bréf, sem ég hafði ýmist sent eða mótttekið, með það að markmiði að nota þau. En eins og með fyrri verk langaði mig að geta vísað í ólíkar áttir og draga fram mörg mismunandi sjónarhorn.

Þegar leikhópurinn hittist í febrúar 2015 viðraði ég hugmyndir um að nota ástarbréf sem uppistöðu textans í verkinu og ræddum við þá fyrst möguleikann á því að leikararnir deildu jafnvel sínum persónulegu bréfum. Í sameiningu ákváðum við þó þess í stað að kalla eftir bréfum frá ókunnugu fólki.

Í kjölfarið sendi ég út eftirfarandi kall eftir bréfum:

Viltu deila með heiminum fallegu orðunum sem þér bárust eða sem þú sendir? Fallegu orðunum sem enginn annar hefur aðgang að? Viltu létta farginu af brjóstinu og hleypa dómsdagsbréfinu út svo allir heyri? Nafnlaust.

Áhugaleikhús atvinnumanna kallar eftir ástarbréfum og skeytum til þess að nota í sýninguna *Ódauðlegt verk um ást og ástleysi, hvar er guð?* sem sýnt verður

í ágúst 2015 í Borgarleikhúsinu á LÓKAL, alþjóðlegu leiklistarhátíðinni.

Kallað er eftir textum úr sendibréfum, tölvupóstum og/eða röð af stuttum textaskilaboðum sem tjá ást eða ástleysi.

Bréfið þarf að hafa verið sent eða mótttekið af:

- einhverjum sem elskar eða er elskaður
- núverandi kærasta/elskhuga/maka
- fyrrverandi kærasta/elskhuga/maka
- móður/föður til barns
- barni til móður/föður
- vini
- guddómi – æðri máttarvöldum

Ástarbréfið getur tjáð

- þrá
- löngun
- reiði
- vonbrigði
- höfnun
- ástleysi
- kulda
- fyrirgefningu
- fyrirlitningu
- játningu
- útskýringar

Textinn má vera í hvaða formi sem er: ljóðrænn, afstrakt, hugleiðing, útlekking, svar, andsvar o.s.frv.

Þau ástarbréf sem bárust einkenndust öll af rómantískri ást. Engin dæmi voru um móðurást, ást milli vina eða vitnisburð um guðlegan kærleika. Í fyrstu langaði mig til að senda út annað kall, nota útgefin ástarbréf skálda og hugsuða eða hreinlega að semja sjálf þau bréf sem ég sóttist eftir.

En ég stóðst freistinguna og ákvað að vinna með það efni sem ég var komin með og reyndust þau bréf duga vel. Þau báru vitni um ástríðu, þrá, von og vonbrigði, ást og ástleysi. Í fyrstu bar ég mikla virðingu fyrir texta bréfanna en eftir því sem ég fór dýpra í efnið fann ég mig knúna til að stytta þá mikið og búa bréfin niður þematískt, og óf ég síðan úr þessu stóra fléttu.

Þegar ég var búin að vinna einhvers konar textaheild úr bréfunum fékk ég Rúnar Helga Vignisson, dósent í ritlist við Háskóla Íslands, til þess að lesa textann fyrir mig þar sem mér fannst ég ekki alveg vita hvað ég væri með í höndunum. Rúnar Helgi kom strax auga á fjarveru hinnar stóru, epísku ástar, ástar sem væri í jafnvægi, en bréfin eru annaðhvort skrifuð í upphafi sambands eða í lok þess. Mér þótti áhugavert að fólk hefði ekki þörf fyrir að senda inn bréf sem einkenndust af djúpri, kyrrri og staðfastri ást. Ást í leynum, ást í meinum, ástríðan, örvæntingin og ástleysið virtust vera það sem okkur var ætlað að fjalla um í þessum kafla verksins og þar við stóð.

Ég flutti textann fyrir hluta leikhópsins um sumarið og eftir samtöl um innihald og form hélt ég áfram að vinna að honum. Sú vinna fólst í að skapa hrynjandi í uppbyggingunni og draga fram endurtekninguna, það sammannlega og fyrirsjáanlega í efninu, afhjúpa klisjuna. Ég vildi líka draga fram hvernig ákveðin fjarlægð væri á milli elskendanna. Ég ákvað að lokum að lesa bréfin af blöðum í sýningunni og láta þau falla á jörðina strax að lestri loknum. Með því vildi ég undirstrika sendingu hvers bréfs, marka tímann sem liður milli sendinga og gera vaxandi fjölda bréfanna sýnilegan. Samræðurnar við Rúnar Helga og leikhópin voru mikilvægar við mótun textans.

Spurningarnar

Gunnhugmyndin var sú að áhorfendur skoðuðu ástina í eigin lífi og hafði ég ætlað leikurunum að eiga samtal við hvern áhorfanda í upphafi sýningarinnar þar sem formerki hennar birtust í ákveðnum lykilspurningum um vægi ástarinnar í lífi áhorfandans. Þennan spurningalista var ég að meitla í nokkra mánuði samhliða samsetningu bréfanna og tóku spurningarnar endanlega mynd í meðförum leikaranna í júní. Ég sá strax þegar við beindum spurningunum hvert að öðru að hætta væri á að áhorfandinn færi í vörn og sviðsetti sjálfan sig óafvitandi gagnvart leikaranum í þessu návígi sem við vorum að skapa og að aðstæðurnar yrðu óþarflega hlaðnar spennu vegna þessara nærgöngulu spurninga. Ég vildi ekki að áhorfandinn yrði krafinn svara heldur væri mikilvægast að hann hlustaði á spurningarnar og svaraði þeim af heiðarleika en í hljóði. Því var mikilvægt að hlúa að þeim kringumstæð-

um sem við ætluðum að skapa í þessu samtali. Eftir mikil heilabrot ákvað ég að betra væri að barn spyrði spurninganna. Sem tákni fyrir sakleysi myndi barnið gefa spurningunum aukna dýpt og nærvera þess gefa augnablikinu sérstakt vægi. Við fengum því til liðs við okkur tuttugu börn á aldrinum 9–11 ára frá Hlíðarskóla en þau voru öll leiklistarnemendur Ylfu Aspar Áskelsdóttur, leikkonu og leiklistarkennara.

Börnin fengu aðeins eina æfingu með leikhópnunum en á henni tók hver leikari að sér tvö börn sem hann þjálfaði. Hvert barn átti að taka á móti einum áhorfanda í einu, leiða hann á afvikinn stað og spyrja spurninga sem það las af blaði. Því næst leiddi barnið áhorfandann að tveimur borðum í forsal leikhússins þar sem hann átti að velja sér táknræna gripi til að nota í helgihaldinu sem fram fór í Litla sal Borgarleikhússins í kjölfarið. Barnið leiddi áhorfandann loks að salardyrunum þar sem leikararnir tóku við og leiddu hann inn í helgidóminn.

Við skipulögðum alla vinnuna mjög vel og börnin komu vel undirbúin til leiks, en foreldrar þeirra voru einstaklega áhugasamir og hjálplegir.

Augljóst var frá því að börnin komu inn í vinnuferlið að þetta hafði verið hárrétt ákvörðun. Við fundum öll að þau, með sitt sakleysi, reynsluleysi og einlægni, gerðu spurningarnar meira aðkallandi og áleitnari.

Helgiathöfnin

Ég ákvað mjög fljótt að verkið skyldi vera eins og helgiathöfn, með merkingarþrungið andrúmsloft, og gefa rými fyrir vangaveitur og sjálfskoðun. Draumur minn var að áhorfendur gæfu af sér og tengdu athöfnina við eigið líf. Ég ákvað að bjóða áhorfendum að handleika táknræna leikmuni til þess að draga fram andstæða póla í hugmyndinni um kæruleika. Þannig vildi ég finna tákni fyrir byrði, missi og það liðna í lífinu annars vegar og vonina, drauma og framtíð hins vegar. Til þess valdi ég stein og fjöður. Þessa hluti fengu áhorfendur í hendur sem veganesti inn í helgiathöfnina.

Ég hafði tekið mér stöðu á miðju sviðsins sem prestur eða jafnvel guð sem hefur skapað heim verksins. Ég sá fyrir mér að ég ætti að mæta augnaráði hvers ein-

asta áhorfanda og ná samkomulagi eða sátt um það sem væri að fara að gerast.

Mig langaði til að áhorfandinn ætti möguleika á að fara í gegnum kaþarsis¹³ eða andlega hreinsun. Það var því mikilvægt að honum liði vel og traust næðist í forsalnum þar sem tekið var á móti honum áður en hann steig inn í helgidóminn í leikrýminu.

Við æfðum helgiathöfnina eins og við gátum í okkar litla hópi en okkur vannst ekki tími til að prufukeyra verkið með áhorfendum fyrr en á frumsýningunni. Einnig reyndum við að hreinsa burt allar óþarfa málalengingar og skapa öruggt umhverfi, þar sem áhorfandinn væri alltaf meðvitaður um til hvers væri ætlast af honum, og jafnframt að veita honum rými fyrir eigin hugsanir.

Til þess að skapa traust og nánd í rýminu ákváðum við að leikhópurinn myndi þjóna sem meðhjálparar í helgihaldinu.

Steinana áttu áhorfendur að leggja í ljóspoll á miðju leiksviðinu samkvæmt persónulegri leiðsögn leikaranna. Við reyndum að sjá fyrir okkur hvernig áhorfendur myndu upplifa það og gerðum okkur grein fyrir því að það sem fólkið bæri með sér inn í rýmið væri hið raunverulega innihald verksins; stór hluti af sjónarspilinu væri helgiathöfnin sjálf, áhorfendur og þátttaka þeirra.

Tónlistin

Eins og með aðra þætti verksins hafði ég mjög mótáðar skoðanir á því hvers konar hljóðheim ég vildi skapa. Í rýminu vildi ég slátt og seiðandi andrúmsloft en ég sá líka fyrir mér að leikið yrði lag sem vísað var til í tveimur bréfum frá einum sendanda. Í gegnum Hróðmar Sigurbjörnsson, fagstjóra tónsmíðabrautar tónlistadeildar Listaháskólans, komst ég í kynni við Ingibjörgu Ýr Skarphéðinsdóttur, tónsmíðanemanda, sem gekk óhrædd til verks. Ingibjörg lagði til að við notuðum andardrátt sem grunn í hljóðmyndinni og svo samdi hún hljóðheim út frá honum. Hljóðheimur verksins varð seiðandi, lífrænn og svolítið óhugnanlegur. Hljóðmyndin kallaðist á við tónlist Hilmars Arnar Hilmarssonar í *Ódauðlegu verki um stríð og frið*, enda virtust heimarnir nokkuð skyldir.

Vitnisburður listamannanna

Þegar fyrstu svokölluðu æfingarnar voru á verkinu í Borgarleikhúsinu höfðu leikararnir nánast ekki átt neinn kost á því að móta efni þess eða form. Aldrei áður höfðum við lagt í vegferð þar sem við höfðum ekki unnið saman, þótt ég hefði vissulega alltaf verið leiðsögumaðurinn. Ég fann sterkt að þetta var andstætt eðli okkar og þá helst mínu eigin því fyrir mér lifna hugmyndirnar ekki fyrr en búið er að kasta þeim á milli fólks og þær hafa blandað blóði við aðrar hugmyndir. Leikararnir höfðu allir áhuga á efniviðnum en til þessa höfðu þeir aðeins fengið fá tækifæri til þess að viðra við mig vangaveltur sínar.

Ég hafði skrifað handrit að lokakafla verksins sem hafði það að markmiði að beina sjónarhorni áhorfandans inn á við, snúa baki við svokölluðum töfrum leikhússins og upphefja töfra mannshugans og ímyndunaraflsins. Um var að ræða langan texta sem ég hafði áður lesið fyrir hluta af leikhópnum um sumarið.

Ég fór hjá mér þegar ég dró fram þennan texta um haustið því að hann vann þvert á hugmyndir mínar um að virkja ímyndunarafl áhorfandans, textinn var þess í stað markviss tilraun til að stýra hugmyndum hans. Ég vissi að ég þyrfti að gefa frá mér stjórntaumana, virkja leikarana og leyfa þeim að hjálpa mér við verkefnið því að þarna hafði ég ratað í blindgötu. Ég kom út úr skápnum með þessa þanka og leikararnir tóku strax boltann, fegnir því að fá loksins að gefa af sér. Við þetta stækkaði verkið og hjarta þess fór að slá.

Við einbeittum okkur að lokakaflanum en okkur vantaði endapunkt á verkið. Ég lagði til að við beittum aðferð sem við höfðum notað áður, þ.e. skilyrtan textaspuna. Leikararnir skiptust á að segja í hljóðnema sögur af ást eða ástleysi, þeir lýstu sýningum um ástina, opinberuðu væntingar sínar til verksins sem við vorum að búa til, ræddu heimspeki og eigin lífssýn, töluðu meira eða minna um mikilvæga hluti sem tengdust ástinni á breiðum grunni. Við þróuðum þessa spuna þar til við fundum ákjósanleg lög-mál sem leystu úr læðingi þann efnivið sem við vildum draga fram. Þannig mætti gefa sem breiðasta mynd af birtingarmyndum ástarinnar í lífi hvers

manns og særa þannig fram spurningar og svör hjá áhorfendum um ást og ástleysi.

Samsetningin verksins

Samsetning verksins fór að mestu leyti fram við teikniborðið með því að færa til hluti í handritinu og gera áætlanir. Eiginlegar æfingar voru alls fimm, auk örfárra óformlegra samræðna í smærri hópum. Sýningin varð þó ekki til fyrr en með þátttöku áhorfenda enda verkið ekki fullsamið fyrr en framlag þeirra lá fyrir.

Eitt rennsli var fyrir frumsýningu þar sem við reyndum að sjá fyrir okkur hvernig ferðalagið gæti orðið. Ég hafði gert mér flest í hugarlund, reynt að sjá fyrir mér hvernig hver einstakur þáttur orkaði á fólk, og tók þarna afgerandi ákvarðanir sem lutu að tímaskynjun. Verkið stendur og fellur með því hvort áhorfandinn gefi sig því á vald og bíði ekki eftir því að haft sé ofan af fyrir honum. Áhorfandinn þurfti því helst að missa tímaskynið og leyfa hugsunum sínum að fara í allar þær áttir sem þær vildu.

Stundin sem áhorfandinn sat inni í sýningarrýminu þar sem athöfnin fór fram gat verið upp undir 30 mínútur áður en lestur bréfanna hófst, en stór hluti af sýningunni var helgiathöfnin sjálf og andrúmsloftið í rýminu þegar steinarnir voru lagðir í ljóspollinn.

Lestur bréfanna var langur og var ekkert lagt í sviðsetningu eða túlkun innihaldsins. Lesturinn var knúinn áfram af umhyggju og hlutlausri greiningu endurlitsins. Engin tilraun var gerð til þess að draga fram átök eða sterkar tilfinningar og lesturinn var nógu langur til þess að áhorfendur hefðu rými fyrir eigin hugsanir og gætu mátað sínar hugmyndir og minningar við það sem þeir hlýddu á.

Ég átti erfitt með að finna heppilega aðferð til þess að fara úr lestri bréfanna yfir í lokakaflann þar sem ég sem höfundur stend berskjölduð andspænis áhorfendum mínum.

Leiðin sem ég valdi var að tala umbúðalaust við áhorfendur og reyna að fella allar grímur. Ég vísaði í fyrri ódauðleg verk og höfðaði beint til væntinga áhorfenda til þess sem var að gerast. Ég minnti áhorf-



endur á hvar við værum stödd: í verki sem leitaði vitnisburðar um ást og ástleysi hjá áhorfendum, við hefðum sagt skilið við skáldskapinn en værum jafnframt á stað í verkinu þar sem við, samkvæmt fyrri verkum, gætum átt von á guðlegu inngripi. Á meðan við biðum eftir guði langaði mig að varpa þeirri spurningu til leikhópsins hvort ástin gæti bjargað heiminum eða hvort guð væri ást. Og síðan héldu leikararnir áfram að spyrja hver annan um ástina og ástleysið þar til í lokin að Orri Huginn svaraði með því að syngja lagið „Bridge Over Troubled Water“ sem fjallar um ástina milli vina. Áhorfendur voru síðan minntir á óskir sínar og þeim var beint út í heiminn með fjöður upp á vasann.

Stefnumótið við áhorfendur

Ódauðlegt verk um ást og ástleysi, hvar er guð? var frumsýnt á Litla sviði Borgarleikhússins 26. ágúst 2015 á dagskrá Everybody's Spectacular, sameiginlegri sviðslistahátíð LÓKAL, alþjóðlegrar leiklistarhátíðar og Reykjavík Dance Festival.

Við runnum nánast blint í sjóinn þegar kom að því að taka á móti áhorfendum en helstu áskoranirnar fólust í skipulagsmálum í kringum móttöku þeirra. Ég tók á móti hverjum einasta gesti og átti við hann stutt samtal þar sem við skiptumst á nöfnum áður en ég kynnti hann fyrir barninu sem undirbjó hann fyrir helgiathöfnina og leiddi hann síðan inn í salinn. Þar sátu áhorfendur þar til allir voru komnir í salinn. Sýningar gengu mjög vel og voru viðbrögðin eins margvísleg og áhorfendur voru margir. Verkið virtist tala til fólks þar sem það var statt í lífinu. Margir áhorfendur komust við og grétu eða lýstu upplifunum sem líkja má við hreinsun grísku harmleikjanna. Hér fengu þeir tækifæri til þess að máta eigin reynslu við þær sögur sem opinberaðar voru eða samsama sig örlögum þeirra persóna sem fengu rödd í verkinu, en ekki síst fengu þeir tíma og rými til þess að mæta sjálfum sér. Stærsti og mikilvægasti hluti verksins

var það sem áhorfandinn bar sjálfur með sér, hans eigin sögur, hugleiðingar, skrifuð og óskrifuð bréf.

Við undirbúning verksins var ég viss um að nú værum við að endanlega að stíga út úr leikhúsinu, en í stefnumótinu við áhorfendur komst ég að því að við værum þvert á móti að gangast leikhúsinu á hönd í sinni upprunalegu mynd, helgiathöfninni og hreinsuninni sem í henni felst.

Opinber umfjöllun

Talsverð umfjöllun var um kvintólógíuna í fjölmiðlum, netmiðlum, ljósvakamiðlum og prentmiðlum í tengslum við allar sýningarnar á hátíðinni. *Morgunblaðið* fjallaði um ódauðlegu verkin í helgarblaði sínu og Þorgerður E. Sigurðardóttir tók langt viðtal við mig fyrir Viðsjá þar sem við ræddum um hugmyndafræði og listrænar áherslur Áhugaleikhúss atvinnumannanna og þá mörgu núningsfleti sem myndast hafa í kringum starfsemina.

Ódauðlegt verk um ást og ástleysi, hvar er guð? var lokaverkið í kvintólógíunni og bar umfjöllun um verkið í aðdraganda frumsýningarinnar dám af því. Sjónum var beint að stærra samhengi ódauðlegu verkanna og minna fjallað um efni og efnistöð þessa einstaka verks. Í gagnrýninni eftir frumsýninguna tapaðist aftur á móti þetta stærra samhengi og fjallað var um *Ódauðlegt verk um ást og ástleysi, hvar er guð?* óháð fyrri verkum og samhengi þess við heildarverkið.

Tveir gagnrýnendur birtu leikdóma sína um verkið, annars vegar Silja Aðalsteinsdóttir á vef tímariti *Máls og menningar*, og hins vegar Sigríður Jónsdóttir, gagnrýnandi *Fréttablaðsins*. Í dómi sínum segir Sigríður:

„Lítið er um svör við stóru spurningum lífsins en það er ekki tilgangur verksins heldur frekar að biðja áhorfendur um að finna svörin innra með sér. Þau berjast ekki við að finna þau sjálf eða einblína stöð-



ugt á sitt eigið sálarlíf heldur opna þau fyrir sjálfs- skoðun hjá öðrum.

Taktur framvindunnar er flæðandi og afslappaður en samt sem áður má finna undirliggjandi spennu þar sem hópurinn sjálfur spinnur ákveðnar senur með því að spyrja hvert annað óvæntra spurninga. Sýningin daðrar stundum við væmnina en nær oftast að draga í land áður en tilfinningavellan fer yfir þolmörk.

Áhugaleikhús atvinnumanna á mikið hrós skilið fyrir að varpa fram þessum stærstu vangaveltum mannverunnar en spurningar um guðlegt yfirbragð ástarinnar ganga aðeins of langt. Þrátt fyrir fallegar tengingar á milli hugtakanna eru þær yfirborðs- kenndar og ættu betur heima í annarri sýningu.

Þrátt fyrir nokkra hugmyndafræðilega galla er Ódauðlegt verk um ást og ástleysi, hvar er guð? krefj- andi og eftirminnilegt sviðsverk. Vonandi verður þetta ekki síðasta verk hópsins í þessari seríu því þau eiga svo sannarlega mikið inni.

Niðurstaða: Töfrandi tilraunaleikhús sem hika ekki við að varpa fram stórum spurningum.¹⁴

Hér stendur kennimark *Ódauðlegu verkanna*, hið guðlega inn grip, eða í þessu tilfelli fjarvera þess, í gagnrýndanum. En það er einmitt í lokaverki kvintólógiunnar, þegar inn gripið á sér ekki stað eins og í fyrri verkunum, að spurningin um hvað og hvar guð sé verður knýjandi. Gagnrýnandinn kemst hér að því að vangaveltur um „guðlegt yfirbragð ástar- innar“ séu „yfirborðslegar og ættu heima í annarri sýningu“.

Það er áhugavert hvernig gagnrýni er háð því sam- hengi sem hún er skrifuð í, en í þessu tilfelli er nokk- uð augljóst að gagnrýnandinn hefur ekki séð fyrri verk kvintólógiunnar og getur því aðeins metið efni og efnistöð þessa einstaka verks út frá heimi þess, vísanir út fyrir hann missa því marks. Þannig er um flest sviðsverk og gagnrýni um þau. Yfirleitt standa þau ein og stök og sjaldnast er tekið tillit til stærra höfundarverks, samhengis og sögu í fagleg- um skrifum. Gagnrýnendur eru, eins og almennir áhorfendur, misjafnlega upplýstir og upplifa verkin út frá eigin forsendum, hvort sem þær eru faglegar eða persónulegar.

Ódauðleg verk 2005–2015

- Maí 2005** Ódauðlegt verk um stjórn og stjórnleysi.
Frumskýnt í Klink & Bank.
- Janúar 2009** Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna.
Frumskýnt í Nýlistasafninu.
- Júlí 2009** Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna.
Sýnt í verksmiðjunni á Hjalteyri.
- Ágúst 2009** Ódauðleg verk I–III á dagskrá LÓKAL.
Ódauðlegt verk um stríð og frið, forsýnt í Smiðjunni,
leikhúsi leiklistardeildar Listaháskólans.
Ódauðlegt verk um stjórn og stjórnleysi, sýnt í Smiðjunni,
leikhúsi leiklistardeildar Listaháskólans.
Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna, sýnt í Nýlistasafninu.
- Janúar 2010** Listamenn Áhugaleikhúss atvinnumanna fá úthlutað
úr launasjóði sviðslistafólks og Menningarsjóði
Reykjavíkurborgar til þess að vinna að verkefnum leikhússins.

Áhugaleikhúss atvinnumanna flytur inn í Útgerð Hugmyndahúss
háskólanna með starfsemi sína.
- Jan.–des. 2010** Örverk um áráttur, kenndir og kenjar, örverk sýnd í Útgerðinni
í beinni vefútsendingu fyrsta föstudag hvers mánaðar
í samstarfi við Netleikhúsið Herbergi 408.
- Maí 2010** Ódauðlegt verk um stríð og frið.
Frumskýnt í endanlegri útgáfu í Hafnarfjarðarleikhúsinu.
- Október 2010** Ódauðlegt verk um draum og veruleika.
Frumskýnt í Útgerð Hugmyndahúss háskólanna.

Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna.
Sýnt í Útgerð hugmyndahúss háskólanna.

Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna.
Sýnt í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu á Keðju Reykjavík.
- Janúar 2015** Listamenn Áhugaleikhúss atvinnumanna fá úthlutað úr
launasjóði sviðslistafólks og frá Leiklistarráði
til þess að klára kvintólógína um mannleg eðli og tilvist.
- Ágúst 2015** Ódauðleg verk I–V á dagskrá LÓKAL og RDF.
Ódauðlegt verk um ást og ástleysi, hvar er guð?
Frumskýnt á Litla sviði Borgarleikhússins.
Ódauðlegt verk um stjórn og stjórnleysi, sýnt á Litla sviði Borgarleikhússins.
Ódauðlegt verk um stríð og frið, sýnt á Litla sviði Borgarleikhússins.
Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna, sýnt í Listasafni Reykjavíkur,
Hafnarhúsinu.
Ódauðlegt verk um draum og veruleika, sýnt í Tunglinu,
leikrými sviðslistadeildar Listaháskóla Íslands.

Pankar

Af umfjöllun minni hér að framan má sjá hvernig úthald leikhópsins, þróun aðferðanna, listræn sýn, fagurfræði og menningarpólitísk afstaða hefur eflst í gegnum tíu ára starf. Við lögðum upp með að starfrækja peningalaust leikhús sem talaði umbúðalaust til áhorfenda sinna. Aðferðir okkar hafa mótast og fagurfræðin í auknum mæli litast af hugmyndum um græna hugsun, endurvinnslu og hagkvæmni. Í gegnum tíðina hefur rannsakandi afstaða til vinnunnar og þess samfélags sem við lifum í leitt okkur áfram þó að við höfum ávallt haft léttleikann að leiðarljósi í öllu því sem við höfum tekið okkur fyrir hendur. Við höfum verið trú markmiðum okkar og þau hafa vísað okkur leiðina í listrænni ákvarðanatöku og gert okkur að þeim leikhópi sem við erum í dag.

Óhjákvæmilega urðum við þó að gera málamiðlanir þegar listamenn leikhússins sóttu um starfslaun úr launasjóði sviðslistamanna. Áður en við stigum það skref þurftum við setja niður fyrir okkur hvað það var við markaðsumhverfi sviðslistanna sem við vildum ekki gangast inn á og greina á milli þess hvenær peningar fara að stýra listsköpuninni og hvenær þeir einungis þjóna henni. Við búum í markaðssamfélagi og hreyfiafl þess eru peningar. Hvert og eitt okkar þarf á þeim að halda en sannleikurinn er sá að Áhugaleikhús atvinnumannanna hefur aldrei átt peninga, er ekki með kennitölu og er hvorki atvinnurekandi, rekstraraðili né markaðsfyrirtæki. Hugmyndafræði leikhópsins og aðferðafræði mótast mjög af þeirri staðreynd að við erum samfélag listamanna sem lítur ekki á verk sín sem vöru heldur samtal. Sem listamenn viljum við þó vera metin að verðleikum og geta fengið laun fyrir listsköpunina. En þá hljóta að vakna nokkrar grundvallarspurningar:

Hver á að greiða okkur laun ef ekki áhorfandinn sem er ætlað að njóta verkanna?

Hvaða hlutverki gegna listirnar fyrir samfélagið?

Hvernig samfélag viljum við byggja?

ALLT ER PÓLITÍK

Vangaveltur um fagið, listina og samfélagið

Hvert er hlutverk sviðslistamannsins?

Í litlu samfélagi sviðslista á Íslandi er nauðsynlegt að listamenn séu meðvitaðir um stöðu sína og hlutverk. Til þess að skapa heilbrigða leikhúsflóru þurfum við að spanna allt róf sviðslistanna. Ég hef valið mér stöðu á jaðrinum en ég tel mig þó vera í framvarðarsveit sviðslistamanna, þ.e. í hópi þeirra sem kanna jarðveginn fyrir nýja strauma og stefnur og er Áhugaleikhús atvinnumanna vettvangur til þess. Áhugaleikhús atvinnumanna spyr grundvallarspurninga um listformið, hlutverk og umhverfi þess. Við reynum að stjaka við viðteknum hugmyndum um aðferðir og höfum skapað okkar eigið sviðstungumál sem lýtur eigin lögmálum, óháð tíðaranda og tísku-straumum. Með þessu móti erum við ekki að setja okkur í andstöðu við það sem fyrir er, heldur vinnum við með hag sviðslistanna að leiðarljósi. Hugtakið framvarðarsveit – eða *avant garde* upp á frönsku – kemur úr hernaði og er nafn yfir þá herdeild sem með leynd kannar sóknarfæri meginhersins og undirbýr jarðveginn fyrir hann til að ryðjast fram. Framvarðarsveitin vinnur sem sagt fyrir fjöldann en fáir úr hennar röðum fá orður eða viðurkenningar því að sigrana vinna þeir sem á eftir koma. Okkar markmið er að hafa áhrif á sviðslistirnar innan frá með rannsóknum okkar og með því að vera öðrum fyrirmynd, um leið og við viljum eiga samtal við áhorfendur um það sem okkur finnst skipta máli. Umfram allt viljum við halda sjálfum okkur á hreyfingu því að kyrrstaðan kallar á stöðnun og leiðir að lokum til dauða.

Hvernig samfélag viljum við byggja?

Ef listin á að vera hreyfiafl í samfélaginu þarf listamaðurinn að greina samtíma sinn og gefa til kynna hvers konar samfélag hann vill byggja. Listamaðurinn verður að hafa svigrúm til að eiga í kröftugu samtali um samtíma sinn. Listin er yfirleitt í „stjórnarandstöðu“ því að hún stjakar við stöðluðum hugmyndum um heiminn og gagnrýnir viðtekin gildi. Hún getur verið jafn óvægin og hún getur verið fögur endar þjónar hún engum herra.

Listin þarf jafnframt að standa vörð um eigin tilvist; stjórnleysi hennar er það sem gerir hana manninum nauðsynlega en um leið að hættulegu afli í augum valdhafa. Þess vegna eru stjórnámálameinn og viðskiptajöfrar hræddir við sterka listamenn því að þeir lúta engu valdi og eru óútreiknanlegir.

Á Íslandi lýtur samfélagið markaðshyggju nýfrjálshyggjunnar. Listamenn eru margir önnur kafnir við vinsældakapphlaupið, ef ekki brauðstritið, og leikhúsgestir eru umfram allt neytendur, í versta falli fíklar sem bíða eftir næsta fixi.

Markmið Áhugaleikhúss atvinnumanna er að stuðla að því að á Íslandi verði til mannúðarsamfélag þar sem þarfir manneskjunnar eru í forgrunni: víðsýni, umburðarlyndi, umhyggja, samkennd og önnur mjúk gildi.

Áhugaleikhús atvinnumanna hefur lagt sitt af mörkum til bætts samfélags með hugmyndafræði sinni, starfsemi og erindi sínu, jafnt til einstaklingsins sem samfélagsins, ekki síst með pólitísku útspili leikhópsins, sem lýtur að því að gera sviðslistina óháða valdi markaðarsins og áhorfandann að þátttakanda í stað þess að vera einungis þiggjandi.

Hver er munurinn á áhugamennsku og atvinnumennsku?

Ég hef of spurt mig að því hvað aðskilur áhugamennsku frá atvinnumennsku í sviðslistum, en þessi spurning er mun erfiðari en sú hvað aðskilur áhugamanninn og atvinnumanninn í þessu samhengi.

Ef við byrjum á léttari spurningunni, þá er það sem aðskilur atvinnumanninn frá áhugamanninum fyrst og fremst það að áhugamaðurinn stundar list sína af áhuga en atvinnumaðurinn hefur sótt sér menntun í faginu og þarf oft að framfleyta sér með list sinni. Menntun getur verið formleg eða óformleg og felur í sér – fyrir utan tæknilega færni – meðvitund og þekkingu á sviðslistaumhverfinu, bæði sögulega og samfélagslega.

En hvað aðgreinir áhugamennskuna og atvinnumennskuna þegar kemur að iðjunni sjálfri og verkunum sem til verða?

Ég er ósammála mörgum kollegum mínum sem telja fagmennsku aðallega felast í tæknilegri útfærslu sýninga og hversu vel að framleiðslu þeirra er staðið.

Í mínum huga er tækni eða handverk aðeins ein birtingarmynd fagmennsku og tengist frekar iðn og framleiðslu en list. Í faginu er gjarnan notað orðið „pródúksjón“ um sýningar en þessi orðanotkun ýtir mjög undir framleiðsluhugsunina. Fagmennska í listum finnst mér tengjast meira efni og erindi verka, efnistöfum og aðferðafræði. Vissulega tel ég verðugt að spyrja spurninga um frammistöðu listamannanna en fyrir mér gilda engin einhlít viðmið um hvað sé góður eða slæmur leikur eða góð eða vond leikstjórn.

Ef ég gef mér að list eigi að vera hugvekjandi og varpa nýju ljósi á tilvist fólks í nútímanum finnst mér að mat mitt á fagmennsku í sviðslistum eigi að byggjast á þeirri skoðun. Ef leikurinn, ljóshönnunin, leikstjórnin o.fl. ná á trúverðugan hátt að styðja við efni og efnistöf þannig að sýningin verði hugvekjandi og ögrandi, þá tel ég að fagmannlega hafi verið að henni staðið.

Áhugaleikhópar ná yfirleitt ekki að verða fagmannlegir á þennan hátt. Til þess skortir þá bæði menntunina og faglega meðvitund þótt þeir geti haft heilmikla reynslu og hafi þróað með sér gott handverk. Aftur á móti ríkir oft mikil leikgleði og kraftur í áhugaleikhúsi sem ekki eru sjálfgefnir eiginleikar atvinnuleikhúsa.

Hver eru verðmætin sem myndast við listsköpun?

Í markaðssamfélagi nútímans er allt metið til fjár.

Við listamenn erum farnir að nota það sem rök á peningavaldið að ef við fáum frá því aur munum við ávaxta hann og að fleiri aurar komi fyrir eða síðar aftur í ríkiskassann en fóru úr honum.

En er það þess vegna sem við erum að þessu?

Við tölum of sjaldan um eigið gildi lista og notum ekki nógu oft þau rök að list sé manninum nauðsynleg, að listsköpun sé órjúfanlegur hluti af menningu okkar og framþróun hennar mikilvægari en hagvöxtur.

Við þurfum peninga til þess að skapa list svo að fólk njóti betri lífsgæða en ekki til að enn meiri peningar verði til.

Hvað gerist þegar við setjum verðmiða á listina?

Ég hef oft átt í rökræðum við listafólk um það hvernig eigi að meta list til fjár og hvað það þýðir. Alþjóðlegir listar eru gefnir út þar sem listamenn eru flokkaðir eftir því hvað þeir selja fyrir háar upphæðir eða hversu há laun þeir fá. Það virðist vera mjög auðskiljanlegt og þykja eðlilegt að meta listamenn á þennan hátt því að þarna ræður auðvitað eftirspurn eftir listamanni eða verkum hans hversu ofarlega hann lendir á listanum, þ.e. markaðurinn ákveður verðið og þar með vægi listar hans.

Þessi áhersla á peninga afvegaleiðir okkur, færir okkur fjær því sem máli skiptir, hinum mannlegu gildum. Við höfum í raum skipt þeim út fyrir peninga.

Í mínum huga ætti ekki að meta list til fjár því að með því gjaldfellum við þau gildi sem listin bæði skapar og felur í sér.

Til þess að meta raunverulegt gildi listamanns eða listaverks þarf að leggja út í krefjandi og flókna greiningu á því hverju hann skilar og í hvaða mæli.

Auðveldast er að telja hausa og krónur en erfiðara er að mæla fegurð, visku, réttlætiskennd eða kærleika.

Sú staðreynd að Áhugaleikhús atvinnumanna skuli ekki selja miða á sýningar sínar hefur vafist fyrir mörgum. Sumum finnst eins og við höfum sjálf gert lítið úr listsköpun okkar með því að krefjast ekki aðgangseyris. Ég hef heyrt ýmsa segja að fólk kunni ekki að meta leiksýninguna nema það hafi borgað fyrir hana. Þetta vekur hjá mér grunsemdir um að verðmætamat okkar sér alvarlega skaddað af kapítalismanum.

Hver segir að sýningar okkar séu endurgjaldslausar þótt við tökum ekki við peningum? Við lítum svo á að áhorfandinn gefi tíma sinn, einbeitingu og áhuga. Með nærveru sinni tekur áhorfandinn þátt í gjörningnum og bætir við hann með því að hugleiða sýninguna, innihald hennar og áhrif – allt tekur hann það með sér út úr leikhúsinu og færir inn í líf sitt. Við teljum okkur eiga erindi við fólk til þess að eiga við það samtal en ekki til þess að taka við peningum frá því. Við stundum ekki viðskipti, við stundum listsköpun.

Listrænt leikhús eða markaðsleikhús?

Á Íslandi er yfirleitt ekki gerður greinarmunur á markaðsleikhúsi og listrænu leikhúsi eins og víða tíðkast í Evrópu og vestanhafs. Greint er þar á milli vegna þess að markmið markaðarins eru önnur en markmið listarinnar. Markaðurinn er hreyfiafl fyrir fjármuni á meðan listin er hreyfiafl fyrir hugmyndir. Reyndar hefur mjög borið á tali um hagræn áhrif upplifunariðnaðarins (eða skapandi greina) á Íslandi og eru þá listir og menning sett undir þann hatt. Að mínu mati er með þessu verið að stíga stórhættuleg skref í átt til markaðsvæðingar listarinnar þar sem ég tel drifkraft markaðarins vera andsnúinn listinni. Ef við ætlum að leitast við að auka eða hámarka hagræn áhrif upplifunariðnaðarins er eins víst að framsækin listsköpun muni deyja. Markaðssjónarmiðin miðast við væntingar fjöldans og ef markaðurinn á að ráða er hætta á að allt sem er óhefðbundið, framandi eða óþægilegt líði undir lok. Til þess að leikhúsið, í hvaða formi sem er, eigi að geta þrífist verður einnig að vera rými fyrir áleitna listsköpun sem er tilraunakennd því að meginstraumur listarinnar verður ekki til nema með tilkomu allra þeirra kvísla sem í hann renna.

Af hverju að kaupa miða?

Fólk hugsar sig tvisvar um áður en það kaupir miða í leikhús. Markaðurinn er duglegur að segja fólki hverjar þarfir þess eru um leið og neytandinn vill yfirleitt vita hvað hann er að nota peningana sína í. Hver kaupir vöru sem hann veit ekki hver er? Neytendur eru nefnilega yfirleitt ekki mjög ævintýragjarnir. Þess vegna er alltaf hægt að selja fólki það sem það þekkir. Hvað er kunnuglegra í leikhúsi en það sem áður hefur verið sýnt annars staðar við góðar undirtektir?

Í leikhúsinu hef ég heyrt listræna stjórnendur segja hluti á borð við: „Er ekki kominn tími á *Söngvaseið* eða *Kardemommubæinn*?“ En að baki slíkum hugmyndum liggja rekstrarsjónarmið og þekking á markaðnum og lögmálum hans, frekar en listræn sýn.

Þegar Áhugaleikhús atvinnumanna ákveður að selja ekki miða á sýningar sínar breytist leiksýningin úr söluvöru í samtal og áhorfandinn úr neytanda í þátttakanda. Afstaða okkar sem listamanna breytist líka því að við förum að fremja list algjörlega á eigin forsendum. Við hættum að reyna að selja okkur hverjum sem er og vinnum verk okkar í trausti þess að þau muni rata til sinna. Það er alveg í lagi þótt verkin höfði ekki til allra.

Getur leikhús verið markaðsfyrirtæki og menningarstofnun í senn?

Áhorfendatölur segja að mínu mati ekki til um gæði eða vægi sýninga eða listamanna. Fyrir mér endurspegla einmitt háar áhorfendatölur umfram allt annað markaðsvæðingu leikhúsanna. Háum áhorfendatölum nær sýning sjaldnast nema með mjög öflugum kynningar- og söluátaki og þarf þá að beita öllum brögðum í bókinni. Til þess þarf kunnuglegt verk sem vekur áhuga almennings, fræga leikara á sviðið og háar fjárhæðir í kynningarherferð.

Vissulega þarf heilmikla hæfileika til þess að skapa sviðslist sem laðar að sér fjöldann en þeir hæfileikar liggja að miklu leyti á sviði markaðsfræða og fjármála. Þetta skilur viðskiptafólk eins og dæmi sýna, til að mynda þegar listrænn stjórnandi Borgarleikhússins var kjörinn markaðsmaður ársins 2008 af ÍMARK (Samtök markaðsfólks á Íslandi) og þegar Borgarleikhúsið var valið markaðsfyrirtæki ársins 2010 á sama vettvangi. Þarna var listrænn stjórnandi verðlaunaður fyrir hæfileika í rekstri og stjórnun en ekki fyrir listræna stefnu, listrænt vægi eða framþróun listgreinarinnar:

Markaðsfyrirtæki ársins var valið Borgarleikhúsið. Heildræn markaðsstefna Borgarleikhússins hefur gert fyrirtækinu kleift að ná sterkri fótfestu á markaðinum á mjög stuttum tíma. Borgarleikhúsið hefur verið stefnufast í markaðssókn sinni frá haustinu 2008. Þá var lögð skýr stefna og henni hefur verið fylgt eftir með tiltölulega litlum breytingum. Með nýju merki, nýrri stefnumótun og nýjum nálgunum er leikhúsið orðið sýnilegasta leikhús landsins.¹⁵

Um leið og það er ánægjuefni að almenningur skuli hafa áhuga á að kaupa miða í leikhús og að menningarstofnanir fái verðlaun af þessu tagi vekur þetta með mér ugg um að hvatningar á þessu sviði geti afvegaleitt lista- og menningarstofnanir og beint þeim frá eiginlegum tilgangi sínum.

Áhugaleikhús atvinnumanna er ekki fyrirtæki og þarf ekki að reka sig sem slíkt. Því eru allar hugmyndir um rekstur og stjórnun okkur óviðkomandi.

Við höfum ákveðið að gangast ekki við markaðssjónarmiðum og tökum ekki þátt í kapphlaupi um áhorfendur. Gildin sem við viljum leggja rækt við verða hvorki metin til fjár né talin. Metnaður okkar er á sviði lista og menningar en ekki á sviði viðskipta sem okkur virðast vera andsnúin listinni.

Af hverju eru listrænir stjórnendur sífellt að spá í peninga?

Það er algengt að sviðslistafólk sem hefur metnað og áhuga til þess að taka að sér leiðtogahlutverk í þeim geira bæti við sig menntun í viðskiptafræði (rekstri og stjórnun) ofan á listmenntun sína en leikhússtjórar og aðrir menningarstjórnendur eru gjarnan með MBA-gráðu.

Mér finnst þetta mjög umhugsunarvert. Ég velti líka fyrir mér hvort það geti verið raunin að listrænir stjórnendur séu sums staðar ráðnir út frá rekstrarhæfni fremur en listrænni sýn. Rekstraráætlanir listastofnana eru yfirleitt fremur skammsýnar og hafa ekki þann samfélagslega og um leið sögulega slagkraft sem öflug listræn sýn getur haft, sérstaklega á tímum efnahagskreppu. Ég er ekki viss um að sigrar í rekstri listastofnana verði ritaðir á spjöld sögunnar. Auðvitað held ég að sviðslistastofnanir eigi að vanda sig við rekstur og eigi að fara vel með það fjármagn sem þeim er treyst fyrir en til þess eru ráðnir framkvæmda- og fjármálastjórar. Listrænir stjórnendur eiga aftur á móti að beina sjónum að framgangi listgreinarinnar og vinna að menningarpólitískum málum og pæla sem minnst í peningum.

Þessi áhersla á rekstur hefur haft mikil áhrif á fagumræðuna síðastliðin ár, en innan sviðslista hverfist hún alltof oft um fjármál og rekstur fremur en hlutverk sviðslistanna í samfélaginu, listræna stefnu leikhúsanna, áherslur, aðferðafræði, þróun og menntun.

Hver var hin raunverulega kreppa?

Meðganga *Ódauðlegs verks um samhengi hlutanna* hófst í aðdraganda efnahagshrunsins á Íslandi á vordögum 2008 en verkið var svo frumsýnt í janúar 2009. Tilurð þess mótaðist mjög af samtímaviðburðum en umfjöllunarefnið, afstæði hlutanna og spurningin um hvað skilyrðir lestur okkar á aðstæðum, átti mjög vel við á þessum tíma. Ljóst var að við efnahagshrunið breyttist heimssýn almennings á Íslandi; verðmætamat varð annað, traust til stjórnmála brast, dómgreind fólks efldist og fólki var almennt duglegra að beita sér í samfélagsmálum eins og búsáholdabyltingin sýndi glögg. Við skynjuðum þessa virku afstöðu fólks við sýningar á *Ódauðlegu verki um samhengi hlutanna* en áhorfendur voru mjög duglegir að afkóða verkið og lögðu margir þeirra mjög pólitískan skilning í það í samræmi við byltingaranda samtímans.

Mér fannst listirnar að mörgu leyti losna úr fjötrum góðærisins í kreppunni og endurheimta hlutverk sitt sem gagnrýninn samtíma-spegill. Áhorfendur fóru líka úr hlutverki neytenda í hlutverk þátt-takenda, þeir voru virkir og virtust þyrstir í að láta í ljós skoðanir sínar. Ég spyr mig sannast sagna að því hvort hið svokallaða góðæri hafi á endanum verið hin raunverulega kreppa.

Dæmisagan

Í kaþólskum messum er enn til siðs að rekja sögur um dýrlinga og helga einstaklinga. Þessar sögur eru margar og fjölbreyttar og segja gjarnan frá baráttu einstaklinga við sjálfa sig, breyskleikann og mennskuna. Yfirleitt eru þær einfaldar og gefa dæmi um hvernig megi breyta rétt í erfiðum aðstæðum. Það eru ekki til þær aðstæður eða þeir erfiðleikar sem ekki er hægt að tengja við ákveðinn dýrling en í kaþólskum sið er hver dagur ársins nafnadagur að minnsta kosti einnar helgrar manneskju. Segja má að í kaþólskunni sé mennskunni þannig haldið á loft og fólki ætlað að læra um heiminn út frá reynslu annarra. Ekki má heldur gleyma sjálfum biblíu-sögunum. Ég hef alltaf kunnað að meta þessar sögur. Í hverri þeirra er fengist við afmarkað efni og þeim er ekki ætlað að fjalla um allt í einu. Ég hef alltaf litið á *Ódauðlegu verkin* sem dæmisögur sem á einfaldan en ákveðinn hátt beina sjónum að afmörkuðum hugmyndum um svipað efni.

Helgiathöfnin

Ég hef orðið fyrir miklum áhrifum úr kristni og þá einkum kaþólsku kirkjunni. Fyrir mér er messan athöfn með öllum þeim þáttum sem mér finnst að gott leikhús eigi að búa yfir. Upplifunin getur verið marglaga en helgiathöfnin felur í sér næringu fyrir huga, líkama og sál. Í henni er áhorfandinn þátttakandi sem tengist á persónulegan hátt því sem fer fram enda fjallar messan ekki um annað en tengsl hvers og eins við guð og heiminn. Helgiathöfnin dregur fram tilfinningar og hugsanir og spyr grundvallarspurninga um tilvist okkar. Hún örvar okkur með spurningum, dæmisögum og fjölbreytilegri fegurð tóna, mynda og upplifana. Leiksýningin hverfist að sama skapi um öfl sem eru svo stór að þau rúma margbreytileika þeirra sem eru viðstaddir hana.

Þó að trúarbrögðum, sem stofnun og samfélagslegu afli, hafi verið beitt sem kúgunartæki og þau reynst vera hættuleg, stenst helgiathöfnin algjörlega skoðun. Þangað sæki ég skammlaust innblástur enda á leiklistin rætur að rekja til trúarbragðanna og helgisíðanna.

Leiklistargagnrýni

Leiklistagagnrýnendur á Íslandi fylgja flestir ákveðinni hefð sem gengur í grófum dráttum út á endursögn á framvindu verksins og frammistöðumat á listamönnunum og eru þá gjarnan allir þættir tíundaðir. Liggur þar til grundvallar persónulegt mat viðkomandi gagnrýnanda sem oftast en ekki á að baki einhvers konar bókmenntafræðilegan námsferil þó að núorðið séu fleiri menntaðir í sviðslistum og menningartengdum fræðum. Fáir gagnrýnendur gera grein fyrir viðmiðum sínum eða persónulegri afstöðu eða með hvaða gleraugum þeir vilji skoða verkið. Sjaldan er í dómum þeirra fjallað um mikilvægi verkefnanna fyrir samfélagið eða listgreinina og ekki gerð grein fyrir samhengi þeirra við stærra höfundarverk listamannanna sem eiga í hlut. Þar er sjaldan sögð stærri saga en af því hvernig viðkomandi gagnrýnandi skemmti sér í leikhúsinu sem hlutgerist í stjórnujökf sem yfirleitt dregur athyglina frá öllu því sem fram kemur í gagnrýninni, sé þar eitthvert misræmi (en oft gætir þess). Gagnrýnina nota leikhúsin með það að markmiði að selja miða enda er hún vel til þess fallin. Sem betur fer eru þó til gagnrýnendur sem nálgast gagnrýni á meira greinandi hátt, leggja ásetning listamannanna henni til grundvallar og skoða verkin í stærra samhengi. Þar vil ég einkum hrósa gagnrýnendum Víðsjár á Rás 1, sem er sá vettvangur í fjölmiðlum samtímans sem helst heldur uppi merkjum metnaðarfullrar og gagnrýnnar umfjöllunar um menningu og listir. Það að Áhugaleikhús atvinnumanna selur ekki miða, hversu lítið við leggjum upp úr umgjörð, hvernig áhorfandinn er þátttakandi í samtali við leikendur og sýningar okkar tengjast allar innbyrðis hefur gert það að verkum að gagnrýnendur hafa átt í erfiðleikum með að skrifa um sýningar okkar og verið tregir til þess að láta í ljós skoðanir sínar á þeim. Við virðumst ekki vera samanburðarhæf við hefðbundnið leikhús. Leiðarljós gagnrýnenda, hið hefðbundna frammistöðumat, fellur úr gildi og sumum hefur fundist erfitt að vita hvort taka ætti mark á okkur sem alvöru leikhúsi þar sem við köllum okkur áhugaleikhús. Í gegnum tíðina höfum við þó fengið gagnrýnendur á sýningar leikhússins sem hafa látið í ljós skoðun sína á verkum

okkar og hefur mér þótt innlegg þeirra áhugavert. Mér þætti þó enn áhugaverðara ef gagnrýnendur gerðu grein fyrir sýn sinni, viðmiðum og mælistiku. Sjálfri hefur mér fundist áhugavert að skoða sýningar eða listaverk út frá fyrirfram ákveðnum sjónarhornum, eins og kynjafræði, trú eða stjórnmálum. Mér þætti gaman að lesa gagnrýni sem rýndi í sértæka efnislega þætti, tæki ákveðna afstöðu til þeirra og greindi erindi verka í samtímanum. Ég trúi nefnilega ekki á hlutlaust faglegt mat í listum og held að alltaf hljóti huglægt mat áhorfandans að ráða för.

Þó að samtalið við áhorfendurna sé mikilvægast fyrir okkur viljum við gjarnan gera okkur gildandi í faglegu samhengi og fögnum því þegar gagnrýnendur mæta á sýningar okkar. Ég hef átt samtal við einn af reyndari gagnrýnendum á Íslandi sem viðurkenndi að hann vissi hreinlega ekki hvernig hann ætti að nálgast verk okkar þar sem honum fyndist starfsemin of tilraunakennd. Þegar ég hafði útskýrt fyrir honum aðferðir okkar og þá sérstaklega afstöðu okkar til umgerðar sýninganna ákvað hann að skrifa um okkur leikdóm og virtist þá eiga auðvelt með að leggja mælistikuna sína á okkur.

Afstæð fegurð fiskanna

Mér hefur oft fundist merkilegt hvernig sviðsverk og sviðslistafólk er metið í íslensku leikhúsi. Sjálfsprottin verkefni eru jafnan minna metin en pöntunarverk stofnanaleikhúsanna. Ef leikstjóri er fenginn til þess að leikstýra jólasýningu Þjóðleikhússins er hann sjálfkrafa kominn í fremstu röð sviðslistamanna. Frumsamin og sjálfsprottin sviðsverk framsækinna sviðslistahópa eru ekki ofarlega á virðingarlistum. Að sama skapi þykir listamaður ekki hafa teljandi slagkraft fyrr en hann hefur sannað sig, er orðinn eftirsóttur og álitinn geta búið til sviðslist sem er flestum kunnugleg og „gengur“ á stórum sviðum leikhúsanna. Oft er litið svo á að litlar, sjálfstæðar sýningar séu eins konar inntökupróf inn í stóru atvinnuleikhúsin en ekki alvöruframlag til flóru sviðslistanna. Þessi skoðun er sem betur fer ekki jafn algeng í fagumhverfinu í dag og hún var á síðustu áratugum tuttugustu aldar þó að álit almennings þurfi lengri tíma til að breytast. Nú á dögum er rými fyrir meiri fjölbreytileika í sviðslistum enda þótt virðingarstiginn breytist lítið.

Mér er minnisstætt þegar virt leikskáld í Reykjavík sagði mér að Þjóðleikhúsið veiddi fallegustu gullfiskana úr fiskabúrinu. Viðkomandi listamaður virtist samþykkja skilyrðislaust þau viðmið sem liggja til grundvallar vali á listamönnum og treysta dómgreind listrænna stjórnenda Þjóðleikhússins um hvað væri góð sviðslist eins og um náttúrulögmál væri að ræða.

Fyrir mér er þetta ekki svona einfalt. Mér finnst fegurð fiskanna afstæð, að sitt sýnist hverjum.

Merkilegast og mest spennandi þykir mér að fylgjast með vaxtarbroddinum í leikhúsinu og ég lít upp til sviðslistafólks sem setur á stofn eigin leikhús og vinnur sjálfstætt á mörkum þess kunnuglega. Mér finnst gaman að sækja leiksýningu sem mér finnst ég ekki hafa séð áður og gaman að láta koma mér á óvart. Ég hef minna gaman af því þegar leiksýningu er ætlað að svara öllum spurningum og hún krefst einskis af mér. Ég hef heldur ekki gaman af hámenningarlegum sirkus þar sem vel menntaðir og hæfileikaríkir listamenn keppast við að sýna áhorfendum hversu klárir þeir eru.

Mér finnst óvenjulegir fiskar fallegir.

Launasjóður sviðslistafólks

Launasjóður listamanna er lífæð framþróunar í listum en hann veitir rannsóknarmiðaðri list stuðning og hefur hingað til ekki fylgt meintum kröfum markaðarins eða pólitísku valdi. Styrkir ríkisins við grasrótastarfsemi í listum eru ómetanlegir og nauðsynlegir til þess að viðhalda heilbrigðu og sterku listalífi.

Þegar við vorum að vinna þriðja verkið í kvintólógiunni, *Ódauðlegt verk um stríð og frið*, fundum við fyrir því hversu dýrmætur tíminn okkar var en þá kristallaðist fyrir okkur gamla klisjan um að tími sé peningar. Við ákváðum því að kaupa okkur tíma til þess að vinna að þessu verkefni okkar, enda var það aldrei hugmyndin að lifa á loftinu eða eftir rómantísku hugmyndinni um fátæka listamanninn. Við vildum bara ekki gera listina sjálfa að markaðsvöru. Peningar hafa áhrif á mann þegar á þeim er algjör skortur. Fátækt er aldrei af hinu góða.

Það fór svo að hvert okkar sótti um listamannalaun í launasjóð sviðslistamanna í kjölfar LÓKAL 2009 til að vinna að verkum leikhússins og fengum við úthlutað samtals 24 mánaðarlaunum úr sjóðnum í janúar 2010. Aftur fengu listamenn Áhugaleikhússins úthlutað úr launasjóði sviðslistafólks 2015, einn mánuð hver, vegna vinnu við lokaverk kvintólógiunnar og enduruppfærslu á fyrri verkunum fjórum. Þessi stuðningur ríkisins við Áhugaleikhús atvinnumannanna hefur verið afgerandi fyrir framgang leikhússins en launin fara til listamannanna en ekki í framleiðslu, efniskaup eða rekstur.

En auðvitað eru launin mjög lág og alltof lítið fé er í þessum mögru sjóðum til sjálfstæðra listamanna og listhópa enda fer bróðurpartur allra útgjalda til lista og menningar af fjárlögum ríkisins til ríkisstofnana. Leikárið 2013–2014 fóru aðeins 8% ríkisstyrkja til sjálfstæðrar sviðslistastarfsemi sem þó stóð fyrir 60% allra frumsýninga í leikhúsunum það árið. Það má velta fyrir sér hvort þessi ráðstöfun sé sviðslistinni til framdráttar og hvort þetta litla fjármagn sem veitt er til lista nýtist best til reksturs fjárfrekra stofnana.

Samstaðan

Við í Áhugaleikhúsi atvinnumanna erum hústökufólk, uppbyggileg sníkjudýr sem gefa jákvæða innspýtingu þar sem við tökum okkur bólfestu. Við smjúgum inn í glufur sem myndast fyrir starfsemi okkar og reynum að fylgja flæðinu þegar það myndast. Við höfum leitast við að þefa uppi vaxtarbrodda, grasrót og hvers kyns listrænar opnarir. Við höfum starfsemi okkar í bullandi grasrót og stjórnleysi undir verndarvæng aðalsfólks og útrásarvíkinga í Klink & Bank, þá áttum við inni í sölum Borgarleikhússins, hvers stjórnendur hafa frá upphafi verið leikhópnum innan handar með aðstöðu og greiðasemi af ýmsu tagi. Söngskólinn Domus Vox hefur tekið leikhúsið upp á arma sína og þjálfað leikhópinn í kórsöng í sölum skólans. Listaháskólinn hefur verið dyggur stuðningsaðili með því að veita okkur aðstöðu til æfinga og sýninga í Smiðjunni, leikhúsi deildarinnar, Hugmyndahúsi háskólanna og Útgerðinni. Við fundum rými til sýninga á mörgum stöðum án endurgjalds, svo sem í Nýlistasafninu, Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur, Hafnarfjarðarleikhúsinu og Verksmiðjunni á Hjalteyri.

En það er LÓKAL, alþjóðleg leiklistarhátíð sem hefur sett Áhugaleikhús atvinnumanna á kort samtímasviðslista á Íslandi með því að veita verkum þess í tvígang brautargengi á hátíðinni, en *Ódauðlegu verkin* hafa öll verið sýnd á LÓKAL og Reykjavík Dance Festival. Í gegnum LÓKAL höfum við öðlast reisinna sem fylgir því að vera boðið í hóp þeirra sem þykja skipa framvarðarsveit samtímasviðslista.

Samstaða, skilningur og stuðningur eru nauðsynleg fyrir framgang sviðslistanna. Fyrir allan þennan stuðning er ég ævinlega þakklát.

Að mínu mati er það nefnilega ekki samkeppnin heldur samstaðan sem gerir okkur sterkari, betri og mannúðlegri. Að fá að njóta listar er mannréttindi og til þess að standa vörð um þau mannréttindi þarf að gera listir aðgengilegar öllum almenningi.

Hjá Áhugaleikhúsi atvinnumanna standa dyrnar opnar áhorfendum af öllum þjóðfélagsstigum óháð fjárhag.



BERGMÁL:
HUGLEIÐINGAR SAMFERÐAFÓLKS
Í SVIÐSLISTUM

Eva Rún Snorradóttir, sviðshöfundur

Ég var um það bil að hefja nám við leiklistardeild Listaháskóla Ísland sá sviðshöfundabraut þegar ég sá fyrsta verk Áhugaleikhúss atvinnumanna árið 2005. Ég fór í leiklist af því að mér fannst eins og miðillinn væri opinn galdur þar sem kjarni hans byggðist á þessum óvænta hittingi sem verður þegar fólk mætir á leiklistarviðburði. Þar getur allt gerst, þessi stund er alveg opin. Ég hafði þó einungis grunsemdir um þetta því ég hafði í raun ekki upplifað neitt hér heima sem hreyfði við mér á þennan hátt. Ég er ekki að halda því fram að þannig sýningar hafi ekki verið settar upp, eða þannig þreifingar, ég hafði bara ekki orðið vitni að þeim. En svo kom að því og grunsemdir mínar reyndust sannar, með Áhugaleikhúsi atvinnumanna. Hér var eitthvað sprúðlandi spúnk á ferð. Aðferðirnar og andrúmsloftið hafði áhrif á mig, öllu virtist hafa verið hent upp í loft og leyft að flæða fersku niður. Viðburðirnir fóru ekki fram í hefðbundnum leikhúsrymum. Við að mæta á viðburðinn voruð þið, sýningin og þú, að takast á við eitthvað viðfangsefni. Hér var á ferð leikhús sem var fyrst og fremst rannsóknartæki. Það var þessi nálgun á miðilinn sem var spennandi og veitti nema sem var að hefja nám á sviðshöfundabraut innblástur. Í nálguninni var eitthvað frelsi og forvitnileg blanda af metnaði og æðruleysi gagnvart miðlinum og faglegu umhverfi, t.d peningum, lokaútkomu eða áliti áhorfenda. Minni þungi er þá lagður á listræna lokaafurð og það gerir þennan vinnuanda opinn og lifandi. Hugsanlega er sú hugmyndafræði hópsins að halda sig alveg frá markaðslist, selja ekki inn og gera sýningarnar sem ódýrastar í framleiðslu, svo stór áhrifaþáttur á frelsi og æðruleysi hópsins – sem aftur veldur svo mikilli opnun og um leið listrænni áhættu – að við ættum í raun að vera mun meira hugsí yfir áhrifum markaðarins á leiklist í samtímanum.

Tyrfingur Tyrfingsson, leikskáld

Í sýningum Áhugaleikhúss atvinnumanna er áhorfandinn óhultur. Hreyfingar í verkum hópsins eru skýrar, hreinar og tærar. Sýningarnar þjónusta eilífðina og nota til þess endurtekningu eins og hún hljómar hjá t.d. Philip Glass og mörgum öðrum 20. aldar tónskáldum enda eru performansarnir á mörkum tónlistarflutnings. Mér líður eins og ég sé að sjá hverja senu í fyrsta og síðasta sinn þar til hún er enn og aftur endurtekin í öðru eða sama verki.

Leikararnir syrgja líf sitt í svörtum grunnbúningum – tilfinningalausir í framan – og kalla hvorki eftir viðurkenningu né aðdáun eða dýrkun áhorfandans. Leikarinn eða leikritið er nefnilega ekki í öndvegi í sýningum Áhugaleikhúss áhugamanna. Fyrir ofan áhorfendur, leikara og verkið trónir guð eða það sem trúað er á. Verkin snúast því um að koma áhorfendum nær eilífðinni. Þannig afskræmir Áhugaleikhús atvinnumanna stigveldi sviðslista eins og það birtist áhorfendum í samtímanum. Það hverfur aftur til ævaforns viðhorfs til leikritunar þar sem guð getur birst hvenær sem er, líknað og læknað.

Sýningar Áhugaleikhúss atvinnumanna eru kristilegar og er það byltingarkennt í okkar samtíma. Það kostar ekkert inn á þær, eins og það kostar ekkert að sækja messu. Áhugaleikhús atvinnumanna spyr engra beinna spurninga en svarið er guð, þótt aldrei sé útlistað hvað guð er. Upplýsingin er fjarri góðu gamni heldur er það eilífðin og rómantíkin í kringum hana sem gerir Áhugaleikhús atvinnumanna að hættulegum og spennandi trúarbrögðum.

Karl Ágúst Þorbergsson, sviðslistamaður

Áhugaleikús atvinnumanna kemur fram á áhugaverðum tímum í íslensku samfélagi. Árið 2005 má segja að góðærið sé hratt og örugglega að nálgast hápunkt sinn og hugmyndir um lögmál markaðarins, hagvöxt og frelsi gegnsýra okkar samfélagslega samhengi. Þremur árum síðar springur sú blaðra og í kjölfarið á sér stað mikil umræða um hvaða áherslur eigi að leggja og hvaða hugmyndafræði eigi að vera ráðandi í samfélaginu. Einnig verða ákveðin tímamót í umhverfi sviðslista á Íslandi. Til að mynda taka tvær nýjar brautir, sviðshöfundabraut (áður nefnd „fræði og framkvæmd“) og dansbraut, í fyrsta skipti inn nemendur og eiga þær eftir að hafa töluverð áhrif á mengi sviðslista næstu árin, stækka það, þenja og sprengja. Áhrifin eru skýr: síðan þá er t.d. nánast búið að skipta út orðinu leiklist fyrir sviðslistir.

Í öllum þessum hræringum á Áhugaleikhúss atvinnumanna í ákveðnu samtali við almenning. Grunnurinn í hugmyndafræði Áhugaleikhúss atvinnumanna er frelsi til að gera tilraunir með sviðslistaformið, óháð ríkjandi markaðslögmálum, og nálgast formtilraunirnar frekar á forsendum myndlistar en sviðslista. Ókeypis er inn á sýningar til að undirstrika aðskilnaðinn frá peningahyggjunni. Markmiðið með því er einhvers konar núllstilling, að vera óháður, fá frið til sköpunar og um leið að fá leyfi frá myndlistinni til að þenja formið eilítið í átt til gjörninga, gefa Aristótelesi verðskuldað frí uppi í hillu í smástund.

Á fyrstu árum Áhugaleikhúss atvinnumanna var ekkert skrítið að atvinnufólk innan sviðslista, sem vildi gera róttækar formtilraunir, þyrfti að setja sér eins skýran ramma og raun bar vitni. Á þeim tíma mótaðist listræn áhersla stóru leikhúsanna mjög af markaðshyggju og einfaldlega ekkert pláss var fyrir svoleiðis tilraunir innan þeirra. Róttækt andsvar við þeirri stefnu var því að stíga út fyrir stofnunina og í raun hafna leiklistinni og nálgast myndlistina, að þiggja ekki laun fyrir vinnu sína og bjóða áhorfendum frítt inn. Það er bæði skýr og þörf pólitísk afstaða.

Innihald verka Áhugaleikhúss atvinnumanna bera kannski ekki í sér jafn afdráttarlausu pólitíska afstöðu, enda er það óþarfi. Þau eru fyrst og fremst formtilraunir þar sem listamennirnir fá að prófa sig áfram með samspil forms og grunnhugtaka mannlegrar tilvistar; ást og ástleysi, stríð og friður ... Samfélagsgerðin og menningin í kringum hrun hreinlega óskraði eftir slíkum tilraunum, þar sem leitað var að nýjum eða öðrum tjáningarmáta til þess að skoða og skilja ástandið í samfélaginu og stöðu mannsins innan þess.

Áhugaleikhús atvinnumanna er að þessu leyti listamönnum sterk fyrirmynd árið 2015.

Við búum við augljósa kúgun og skilyrðingu í formi niðurskurðar og beinna hótana um ritskoðun. Í stað þess að láta slíkt hræða okkur til hlýðni og halda okkur innan vaxandi markaðshyggju og forðast að leita óhefðbundinna og óþægilegra tjáningarleiða ættum við að taka pólitík Áhugaleikhúss atvinnumanna til okkar. Við ættum að stíga út fyrir rammann, prófa okkur áfram, reyna að komast að því hver við erum og kanna þá möguleika sem sviðslitamiðillinn felur í sér til að rýna í mannlega tilvist.

Heiðar Sumarliðason, leikskáld og leikstjóri

Íslensk leikkona, Halldóra Geirharðsdóttir, hélt magnþrungna ræðu þegar hún tók við Grímuverðlaunum fyrir leik sinn í aukahlutverki í *Billy Elliot*. Hún sagði: „Mér finnst samfélagið okkar vera að halla sér of mikið í þá átt að fólk þurfi að eiga meiri og meiri pening í poka til að börnin þeirra eigi framtíð og eigi jafn mikla möguleika og hvert einasta barn í þessu landi.“ Hún sagði að sýningin *Billy Elliot* snerist um þetta, að öll börn þyrftu að fá tækifæri og eiga sér bakland.

Ég held að erfitt sé að finna manneskju sem ekki er sammála þessum orðum hennar. Það sem hins vegar gerði mig hugsí er sú staðreynd að miðinn á *Billy Elliot* kostaði heilar 7.500 krónur. Billy Elliot gæti ekki einu sinni séð *Billy Elliot*. Börnin sem Halldóra talar um munu sjálfsagt aldrei sjá hana á sviði, sem er miður.

Því spyr ég fyrir hvern við erum eiginlega að gera leikhús.

Fólk sem á peninga virðist vera eina svarið við því.

Ég þekki samt fátt leikhúsfólk sem leggur af stað í verkefni með það fyrir augum að tala eingöngu við fólk sem er með góðar tekjur (og aðra listamenn, sem eru á afsláttarkjörum). Við viljum tala við allt fólkið í landinu. Staðreyndin er hins vegar sú að við eigum einungis í samtali við hluta þjóðarinnar (svo ekki sé talað um landsbyggðina). Þegar ég fylgist með áhorfendum ganga inn í salinn til að sjá sýningu sem ég hef skrifað og mér verður ljóst hversu einsleitur áhorfendahópurinn er verð ég sorgmæddur. Er þetta virkilega eina fólkið sem ég var að vonast eftir samtali við með skrifum mínum?

Leikhúsið, eins og það er í dag, er ekki fyrir Billy Elliot þessa heims. Jafnmikið og okkur listamennina langar að eiga samtal við hann mun það ekki gerast á meðan miðaverð í leikhús er jafn hátt og raun ber vitni. Helst langar mig að ókeypis sé á allar sýningar sem ég set upp. Áhugaleikhús atvinnumanna hefur haft þann háttinn á. Lengi megi það lifa. Leikhús á nefnilega að vera fyrir alla.

**Ragnheiður Skúladóttir, listrænn stjórnandi LÓKAL,
alþjóðlegar leiklistarhátíðar í Reykjavík**

Áhugaleikhús atvinnumanna skipar einstakan sess í sviðslistalífi Íslendinga. Leikhúsið hefur unnið ötullega að sköpun framsækinnna verka, með það að leiðarljósi að ekkert sé dýrmætara í heimi hér en hugvitið og sköpunargáfan. Þannig hefur Steinunn Knútsdóttir, ásamt samstarfsfólki sínu, boðið áhorfendum upp á verk sem fjalla öll um tilvistarlegar spurningar. Áhersla hefur verið lögð á innihald verkanna en um leið hefur einföld sviðsetningin dregið fram á skemmtilegan hátt flókna þræði mannlegrar tilveru. LÓKAL, alþjóðleg leiklistarhátíð hefur frá upphafi haft það að meginmarkmiði að kynna fyrir áhorfendum það markverðasta sem er að gerast í samtímasviðslistum á Íslandi hverju sinni ásamt því að flytja inn sýningar listamanna erlendis frá sem eru sýndar í samhengi við innlend verk. *Ódauðleg verk* Áhugaleikhúss atvinnumanna hafa öll verið flutt á LÓKAL. Árið 2009 frumflutti hópurinn *Ódauðlegt verk um stríð og frið* ásamt því að flytja *Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna* og *Ódauðlegt verk um stjórn og stjórnleysi*. Það hefur alltaf verið markmið LÓKAL að á dagskrá hátíðarinnar séu verk listamanna sem leita nýrra forma og vinnuaðferða. Þótti okkur því skipta miklu máli að verkin þrjú yrðu sýnd, enda vörpuðu þau ljósi á sérstöðu hópsins. Það var okkur einnig mikið gleðiefni að geta frumsýnt nýjasta verkið, *Ódauðlegt verk um ást og ástleysi: hvar er guð?* á LÓKAL og Reykjavík Dance Festival í ágúst 2015, en leikhópurinn vann þá það þrekvirki að sýna öll ódauðlegu verkin fimm á jafn mörgum dögum. Þar með gafst áhorfendum einstakt tækifæri til að skoða verkin í samhengi hvert við annað og í tengslum við aðrar sýningar á hátíðunum. Það er sjaldgæft að boðið sé upp á endurlit af þessu tagi í leikhúsinu en afar mikilvægt að það sé gert – ekki síst þegar um er að ræða verk sem eru mikilvægt innlegg í sviðslistir samtímans á alþjóðavísu. Þótt margt sé skiljanlega sammerkt með ódauðlegu verkunum fimm hefur leikhópurinn unnið stöðugt að því að þróa hugmyndafræði sína og vinnuaðferðir. Er óhætt að segja að enginn íslenskur leikhópur hafi á svo löngum ferli verið jafn trúr afmörkuðu konsepti en náð um leið að þróa form sín og innihald og kanna alla kima og ystu mörk þeirrar hugmyndafræði sem var farangurinn í upphafi ferðar.

Þorgerður E. Sigurðardóttir, útvarpsleikhússtjóri

Þegar Áhugaleikhús atvinnumanna setti upp sitt fyrsta ódauðlega verk um mannlegt eðli voru aðrir tímar í okkar samfélagi en kannski líka nákvæmlega sömu tímarnir, því kannski er tíminn í raun alltaf sá sami, að minnsta kosti ef mið er tekið af mannlegu eðli en hugtakið felur í sér óbreytanleika; aðstæðurnar breytast en eðlið ekki. Aftur á móti hafa hugmyndir mannsins um sitt eigið eðli auðvitað verið breytilegar og Áhugaleikhús atvinnumanna skoðar einmitt þessar hugmyndir.

En sem sagt, árið er 2005 og það eru í einhverjum skilningi aðrir tímar, við erum á blússandi siglingu, þrjú ár eða um það bil liðin frá einkavæðingu bankanna og þrjú ár í hrun þeirra. Leikhús sem sniðgengur peninga sem hreyfiafl er kynnt til sögunnar á tímum þar sem trú á mátt peninganna er um það bil að ná einhvers konar hámarki, farvegir peninga og lista virðast renna oftar saman, án mikillar umhugsunar og gagnrýni. Fyrsta verk leikfélagsins fjallar um frelsi og ófrelsi á tímum þar sem vald peninga og kapitalisma er alltumlykjandi og hefur ekki aðeins áhrif á hin veraldlegu kerfi, heldur einnig meiri áhrif á sköpun og hugsun en menn átta sig almennt á.

Næsta verk lítur dagsins ljós rétt eftir hrun banka og fjármálakerfis, í ársbyrjun 2009. Þá eru allt aðrir tímar uppi, mótmælt er í hverri viku á Austurvelli, menn þurfa að horfast í augu við blekkingar og tálsýnir og krefjast endurskoðunar. Þá býður Áhugaleikhús atvinnumanna upp á verk um samhengi hlutanna, um það hvernig merking athafna og orða helgast af samhenginu hverju sinni. Slíkar vangaveltur tala beint til þjóðar sem hefur litið á sig sem ríka og stönduga, jafnvel á einhvern hátt æðri og merkilegri en aðrar í ríkjandi samhengi, en uppgötvar að hún er í raun föst í eigin gildru. *Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna* veltir upp ýmsum spurningum, meðal annars um ábyrgð og áhrif einstaklingsins í samfélaginu.

Við taka svo verk um stríð og frið, draum og veruleika, ást og ástleysi, allt djúpstæð öfl í lífi mannkynsins og einstaklinganna, en öll varpa verkin ljósi á hegðun mannsins og samskipti, á það sem hefur raunveruleg áhrif á gang mannlegrar tilvistar í þessum heimi. Þess vegna er auðvelt að setja þau í samhengi við samtímaviðburði en þau nærast hins vegar ekki á samfélagssveiflum. Verkin leitast við að skoða innviðina og mátt listarinnar til að sinna raunverulegu rannsóknarhlutverki á eigin forsendum – sem hreyfiafl í sjálfu sér, en ekki á forsendum ytri aðstæðna þar sem peningar skipa sífellt stærra hlutverk. Hin ódauðlegu verk Áhugaleikhúss atvinnumanna eru merkileg tilraun til að endurheimta raunverulegt hreyfiafl listarinnar.



AÐ SÝNA KÆRLEIKSTENNURNAR:
HUGLEIÐING ÁHORFANDA

Að sýna kærleikstennurnar

Haraldur Jónsson, myndlistarmaður

Ég er myndlistarmaður með áhuga á leikhúsi. Þetta er vitnisburður leikmanns, skrásettur í september 2015 þegar ég var búinn að sjá allar fimm sýningar Áhugaleikhúss atvinnumanna er þær voru endursýndar á leiklistarhátíðinni LÓKAL.

Áhugi minn á sýningum hópsins snýst ekki síst um aðferðir hans og nálgun. Leikararnir koma fram undir eigin nafni og umgangast tungumálið sem tilbúinn hlut sem færast áreynslulaust á milli einstaklinga og tímabila. Þau nota orð og setningar úr leikbókmenntum og setja í mismunandi samhengi eða eima hann beint úr tíðarandanum og eigin lífi. Tíminn líður eða brunar í gegnum þau án þess að hverju augnabliki sé frátekinn staður. Atburðarásin gerist á eigin forsendum og lýtur lögmálum leiks og tilviljunar. Það glittir stöðugt í alvörugleði undirbúningsins, spunans og tilraunarinnar. Aðferðin tengist rauntíma gjörningum órofa böndum og þykku loftinu sem gjarnan umleikur þá. Krafan um ákveðna framvindu er ekki til staðar. Ef svokallaðar kúnstpásur myndast eru þær samstundis rofnar og það er heldur ekki gert neitt hlé. Þetta er ástand. Nekt og berangur. Kvika og auðn. Rauða og blámi. Ákveðin tegund af huglíkamningum. Stundum er engu líkara en leikararnir séu andsetnir þegar þeir draga áhorfandann ósjálfrátt með sér inn í verkið.

Hópurinn flytur alls kyns aðstæður utan úr landlægum raunveruleikanum og inn í rými leiksins. Um leið opnast vök á íslandinu og það blotnar í gegn þegar skynjun manns tekur völdin. Þetta er skynsamur leikhópur. Hann er samur skynjun sinni. Hann fylgir innsæinu og fer alla leið.

Það eru alltaf tíðindi á eyju sem hjúpuð er þykkri landhelgi. Hún skilur okkur frá heiminum þannig að við upplifum okkur sérstök og öðruvísi. Innan landhelgi. Landhelgin. Hún er tvö hundruð mílur. Það er langur tími. Við horfum á heiminn í gegnum þetta rými og drögum ályktanir. Innan hennar mölum við og tölum tungu sem enginn annar skilur. Höndlum hugmyndir að utan sem auðveldlega eru umskornar eða afmyndaðar ef þeim er yfirhöfuð sleppt í gegnum tollinn. Afleiðingarnar eru stöðugt að koma í ljós. Sérstaklega undir augliti annarra, þeirra sem koma í heimsókn yfir hafið. Gestanna. Ferðamannanna. Hinna. Rétt eins og Norðurljólin dregur til sín farfugla með segulmagni eru landið og íbúar þess orðin aðdráttarafl. Og eyjarskeggjar byrja ósjálfrátt að leika það sem gestirnir vilja



sjá. Við byrjum að sjá okkur með þeirra augum og bráðnum hæglega saman við ímyndina með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Á sama tíma sýnum við stundum okkar rétta andlit og þá kemur ýmislegt geðslegt fram í dagsljósið.

Landhelgin er sambærileg fjórða veggnum svokallaða sem skilur að áhorfanda og leikara. Hann er bilið á milli. Stundum næfurþunn húð eða heljarinnar gjá. Hérna iðar niður þjóðsöngsins í eyrunum og endar í eilífðar smáblómi sem tilbiður guð sinn og deyr. Þjóðsöngnum lýkur á dauða í auðn.

Tónninn í Ódauðlegu verkunum er allur annar. Hann er hugvekjandi og nær að fella fjórða vegginn um stundarsakir. Hér er ekki þörf fyrir staðdeyfingu heldur fylgjumst við með aðgerðinni berum augum. Rannsóknin og uppskurðurinn er í beinni. Hann kemur manni við. Hann kemur við mann og snertir. Opnar og það glittir í kviku þegar sársaukinn kemur í ljós. Sárs-auki. Mögnun sársins. Það góðvonda. Stund sannleika. Vottun og vígsla.

Enginn fer ótilneyddur yfir mörkin og leiðin í leikhús er engan veginn augljós. Sérstaklega ef hún býður ekki upp á dægrastyttingu, tóm til að drepa tímann, skemmta sér og gleyma. Þetta alræmda sláturhús tímans, útrýmingarþúðir augnablikanna. Hér kostar ekkert inn og það er heldur enginn dyravörður. Í markaðsumhverfi virtist leiðin inn í þetta leikhús styttri en leiðin út. Lífið fyrir utan verður hins vegar bæði lengra og víðáttumeira þegar maður stendur aftur undir beru loftinu. Maður finnur ákveðinn svima eða lausn.

Þetta er leikhús sem lífsreynsla. Hér er ekki alið á skorti til að vekja löngunina. Verkin vekja þrá sem þræðir sig í gegn og logar í ómældu súrefni. Hvert verk er í senn speglun, bergmál, frumblik eða eilíf endurtekning og afrit í ólíkum myndum og útfærslum. Verkin opna og færa mann nær. Þau eru nær-ing. Sú staðreynd hefur vægi í umhverfi þar sem auðvelt er ruglast í löðrandi ranghugmyndum og margir láta sér nægja eigið heimabíó til að fylla upp í botnlausu holuna og skortinn. Og flétta eigin lífi miskunnarlaust saman við köflótta raunveruleikabætti og mislitar flækjur þeirra.

Ódauðlegu verkin eru áþreifanlegur vefnaður. Hann er þéttur, fingerður og stundum líka laus í sér. Það er enginn söguþráður heldur leita verkin frekar á sameiginleg og líkamsheit djúp reynslunnar. Þau leggja netin víða á miðum þar sem erfitt er að sjá til botns. Ýmislegt kemur líka upp á yfirborðið í afhjúpandi endurtekningunni. Þessi svæði eru gjarnan ísilögð og leikendurnir líða um á fljótandi flekunum. Orð og raddir blandast hæglega saman í flæðarmáli varanna. Í tóminu handan tungumálsins. Þegar öllu hefur verið á botninn hvolfst. Hér myndast margbrotin rof og tengslaleysi sem lýsast upp og byrja jafnvel að gróa í bláenda hvers verks.

Græni hlaupandi maðurinn yfir neyðarútganginum hjálpar samt engum úr þessu.

Verkin þreifa á þáttum sem manneskjur eru ofnar úr og því sem gerjast og brýst út í bilinu á milli þeirra. Í skynjuninni og skilningnum. Samrunanum og aðskilnaðinum. Innan um allar hraðahindranir lífsins, mislægu gatnamótin og hamslausa keyrsluna utan vega og þjónustusvæðis.

Þetta leikhús er herbergi nálægðarinnar.

Hver sýning er athöfn sem dregur okkur inn í leikinn með ýmsum ráðum. Heimurinn er tekinn í sundur og settur saman upp á nýtt. Samskeytin eru greinileg þar sem við sitjum í myrkrinu. Við erum stödd í ljósaskiptum, í þunnu bilinu milli andardráttis og hjartaslags, orðs og holds. Með galopin augu í sama tímabelti og þegar maður festir svefn og horfir beint í eigin hugarfylgsni. Þegar maður tekur selfí af sálinni. Tilfinningar sem streyma í blóðinu láta auðveldlega á sér kræla, maður heyrir í þeim og stundum koma þær upp um sig. Þegar það gerist verður loftið í senn létt og þungt. Eða fjandinn hreinlega laus.

Þetta er leikhús löngunarinnar.

Hvert verk leiðir okkur í gegnum svið og veruleika sem eru í senn smásjá og sneiðmynd af hversdeginum. Allt er gert í öryggi leiksins og ramminn er lífið sjálft. Áhorfandinn er ekki lengur vannærður neytandi eða fórnarlamb reyrt niður í leikhússæti og getur ekki yfirgefið þessa flugvél. Hann er stöðugt vitni að aðstæðum með réttarstöðu grunaðrar manneskju. Hérna er persónuábyrgðin hundrað prósent. Okkur er treyst fyrir þessari stundu og hún er líka á okkar ábyrgð. Við ráðum alltaf viðbrögðum okkar og hvaða ályktun við drögum. Hvernig við sýnum kærleikstennurnar.

HANDRIT

ÓDAUÐLEGT VERK UM STJÓRN OG STJÓRNLEYSI

Áðalbjörg, Ólöf og Lára sitja í sófa. Orri og Óli sitja fyrir aftan. Þau eru öll með gríngleraugu með skeggi og halda öll í skeggið og gleraugun. Þau sleppa taki á gleraugunum og skeggið dansar. Orri sem situr í aftari röð kemur fram og gefur tóninn fyrir flaut. Hann sest og þau byrja að flauta lag af miklum myndugleik. Djúpir andardrættir á milli lagstúfa. Árni Pétur kemur inn í flautið syngjandi, flautið breytist í raddaðan söng. Sagan byrjar:

Á meðan Árni Pétur segir söguna er honum sífellt stjórnað af fimm skrifstofuklæddum persónum með gríngleraugu. Hann er beðinn um að færa sig, tala hærra, hann er spurður út í söguna, ítrekað spurður hvort sagan fjalli um samband hans við pabba hans, auk þess sem þessar persónur tilkynna ýmiskonar staðreyndir um lífið. Afskiptasemi þeirra magnast eftir því sem líður á söguna.

Kafli I

Skemmtisagan

Árni Pétur: Ég er frjáls. Ég er sveimhugi. Og ég er ekkert mjög mikið fyrir tækni. Allavega ekki bíla. Í raun og veru er ég á móti bílum. Ég er á móti svona einkabílum. Ég ferðast með strætó. Ég fer á puttanum, ég fer hjólandi, ég fer gangandi. Ég er hold og blóð. Ég vil finna hitann frá öðru fólki. Vera saman, það er meira gaman. Ekki hafa einhverja svona brynju á milli mín og annars fólks. Kynnast því. Finna náttúruna leika við hörundið á mér. Og mér tókst, alveg þangað til ég varð 25 ára, að keyra ekki bíl.

Orri og Óli byrja smám saman að hreyfa Árna til í rýminu; benda honum á færa sig inn eða út úr ljósi. Kalla stundum inn í söguna „aðeins meira til vinstri“, „geturðu fært þig nær miðjunni“ og enda í átökum um hann þar sem þeir toga í sitt hvorn handlegginn á honum.

Árni Pétur: Hvorki bíl né traktor. En þá kom upp smá vandamál í fjölskyldunni. Pabbi var mikill hestamaður og einu sinni þegar hann var á leið heim úr hesthúsinu þá missti hann bílprófið. Aðeins of mikið svona, búinn að fá sér neðan í því. Og þar sem svo heppilega vildi til að meðreiðarsveinn hans og besti vinur, sem átti líka hest í sama hesthúsi, var ökukennari. Þannig að það var ákveðið að múta mér til þess að taka bílpróf svo ég gæti skutlað pabba upp í hesthús. Og það vildi svo vel til að prófdómarinn var líka vinur þeirra og var með hest í sama húsi.

Lára: Er þetta saga um þig og pabba þinn?

Árni Pétur: Nei, nei, þetta er saga um mig og bíla. Jæja, allt í einu stend ég uppi með það að ég þarf að fara að taka bílpróf. Og þetta var mjög erfitt mál fyrir mig. 25 ára gamall. Ég skildi ekki þessa tækni. Til dæmis þetta með bílinn. Sko, það er bensín. Bremsa. Og kúpling. Þetta eru þrír hlutir sem maður á að stíga

á í einu. Ég bara með tvær lappir. Eða taka af stað í kyrrstöðu í brekku með handbremsunni. Það er eitthvað með að stíga á kúplingu og svo að ... þetta var svona konsept sem ég náði ekki. Nema hvað, ég fæ prófið. Ég skil ekki af hverju. Þú veist, það var bara ... mér var smyglað í gegn. Ökukennarinn og prófdómarinn fengu viskíflösku og bara „láttu strákinn ná prófinu og ...“. Og þarna, allt í einu er ég kominn með bílpróf og pabbi segir: „heyrðu, við kaupum líka bara bíl handa þér. Ég tími ekki að láta þig fá fína bílinn. Þú færð bara sérbíl til að skutla mér uppí hesthús.“ Og við förum saman upp í Jöfur og kaupum Skoda.

Ólöf: Er þetta um bílaviðskipti á milli austurs og vesturs?

Árni Pétur: Og ég skrifa undir og ég fæ lyklana í hendurnar og ég labba að Skodanum. Ég bara orðinn bíleigandi og svo hugsaði ég: Bíddu við. Það er föstudagur. Það er sko algjör umferðarteppa í bænum. Og brjál að gera. Og ég segi: Hérna pabbi, skutlaðu nú bara bílnum heim fyrir mig. Þannig að svo bara æfi ég mig í kvöld eða bara á nóttunni. Keyri um hverfið og ... þú veist. Ég treysti mér ekki alveg til að keyra heim núna. Og svo bara fæ ég bílinn. Og bíllinn stendur fyrir utan heima hjá mér og ekkert mál. Og það er sumar og mér dettur auðvitað ekki í hug að fara að keyra bílinn. Ég bara stundum sýni vinum mínum: Sjáðu, ég á bíl núna. Skoda. Og þeir segja: Hvað er hann mörg hestöfl? Og ég svara: Öh, hestöfl, er það eitthvað í sambandi við vélina. Við skulum bara gá. Og ég fer og opna húddið og þar er engin vél ... Þið vitið að það er engin vél framan í Skodanum, hún er að aftan.

Aðalbjörg: Það er allt í lagi að vera eins og Skodi, með vélina á vitlausum stað.

Árni Pétur: Þannig að mér tekst að komast í gegnum heilt sumar án þess að keyra bíl. En svo kemur upp mál. Mál, ekki vandamál ... kannski ... gleðifréttir. Ég kemst inn í leiklistarskóla í Kaupmannahöfn. Og eins og flestir aðrir Íslendingar þá dró ég allt fram á síðustu stundu.

Ólöf: Er þetta um frestunaráráttu?

Árni Pétur: Eins og að sækja um vegabréfið, ná í námslánin, ná í sæng hjá frænku minni sem ætlaði að lána mér æðardúnssæng af því það var svo kalt í Kaupmannahöfn. Þetta var svona góð sæng sem hún átti frá því hún var sjálf í Danmörku. Ég þurfti líka að fara til pabba og fá pabba til að skrifa upp á víxil fyrir mig. Þannig að ég hugsa með sjálfum mér: Þetta er síðasti dagurinn. Ég er að fara á morgun. Það er grenjandi rigning.

Ólöf: Er þetta um íslenska veðráttu?

Árni Pétur: Þú veist, það er grenjandi rigning og ég næ þessu ekki ef ég ætla að taka strætó eða fara á puttanum. Ég bara næ þessu ekki. Þannig að ég segi við vinkonu mína: Hálfheilalausar kellingar í Breiðholti geta keyrt. Af hverju ætti ég ekki að geta keyrt bíl?

Ólöf: Er þetta um úthverfamenningu?

Aðalbjörg: Það er ekkert mál að finna stæði á stöðum þar sem maður vill ekki vera, eins og til dæmis í úthverfum.

Árni Pétur: Þannig að við förum út í bílinn og okkur tekst að koma bílnum í gang. Ég kem honum í annan gír, við keyrðum bara í öðrum gír. Og við förum niður í bæ, ég drep á á öllum gatnamótum, en allt í lagi með það. Passa mig á að fara ekki upp brekkur út af handbremsunni. Þannig að mér tekst að ná þessu. Ég næ í námslán, ég næ í vegabréfið, ég næ í sængina til frænku minnar sem hún ætlaði að lána mér af því það var svo kalt í Danmörku. En ég átti eftir að fara eitt og það var að ég átti eftir að fara til pabba upp á heilsuverndarstöð til að láta hann skrifa undir víxilinn fyrir mig. Og ég keyri inn Skúlagötuna og ætla að keyra upp Barónsstíginn og ég hugsa með mér: Best að gefa í af því ef ég stoppa þá lendi ég í vandræðum. Þannig að ég gef í og er kominn að Laugaveginum. Fullt af umferð á Laugaveginum. Drep á mér. Og ég hugsa: Taka af stað í brekku með handbremsu. Það er eitthvað í sambandi við kúplingu og bensíngjöf. Og ég prófa. Keyri aðeins áfram. Drep á mér. Renn aftur á bak. Fer aftur af stað. Starta. Fer aðeins fram. Og renn aftur á bak.

Aðalbjörg: Lífið er eins og Barónstígur, maður fer eitt skref fram og tvo skref aftur á bak.

Árni Pétur: Og það byrja að safnast bílar fyrir aftan mig. Alveg niður að sjó, hægt og rólega.

Ólöf: Er þetta um umferðina í miðbænum.

Árni Pétur: Og ég hugsa með mér: Shitt, ég á eftir að keyra á næsta bíl sem síðan klessir á næsta og næsta og næsta og síðasti bíll fer bara beint niður í sjó. Og ég segi við vinkonu mína: Heyrðu, viltu fara út og tala við fólkið. Og biðja þau aðeins um að færa sig, bakka aðeins aftar þannig að ég hafi smá meiri möguleika á að renna aftur á bak áður en ég kemst yfir Laugavegin. Grenjandi rigning. Hún hoppar út úr bílnum og byrjar að tala við fólkið og það segir: Hérna, hvað er maðurinn eiginlega að gera? Kann hann ekki að keyra? Hver gaf honum ökuréttindi og svona? Nema mér tekst að koma bílnum í gang og ég æði yfir Laugavegin, upp á heilsuverndarstöð og opna dyrnar hjá pabba og hendi lyklunum á borðið og segi ...

Lára: Já sko! Pabbi þinn aftur! Þetta er saga um þig og pabba þinn!

Árni Pétur: Nei ...

Lára: Jú, þetta er um þig og pabba þinn. Ha?

Árni Pétur: Nei, nei, nei.

Lára: Er þetta fjölskyldudrama. Ha? Ha?

Árni Pétur: Nei, þetta er saga um mig og bíla. Þetta er bara svona standup.

Lára: Ha? Gamansaga?

Árni Pétur: Já, svona standup.

Lára: Gamansaga?

Árni Pétur: Já, gamansaga.

Lára: Já ... Lítur spyrjandi í kringum sig á hina.

Orri gengur að Árna Pétri og tekur í öxlina á honum.

Orri: Ég held að það sé best að þú byrjir bara upp á nýtt.

Ólöf: Já. Og vertu bara þú sjálfur.

Sagan endurtekin

Árni Pétur kemur aftur inn, kórinn flautar og Árni Pétur

syngur sína ariú og byrjar að segja söguna upp á nýtt.

Inngrip og útúrdúrar fara strax af stað og ágerast hratt.

Orri og Lára hreyfa Árna Pétur til í rýminu og setja hann í alls

kyns stellingar og gefa honum um leið komment eins og:

Þú ert eins og ljósastaur.

Þú ert eins og stjórnmálamaður.

Þú ert eins og Gísli Marteinn.

Þú ert eins og umferðarlöggæ.

Þú ert eins og pabbi þinn.

Óli spyr þrálátlega um sannleiksgildi sögunnar. Arndís spáir í tengingu

föðurins og alkóhólismans við söguna, Ólöf reynir stöðugt að finna út

úr því hvað sagan fjallar um og fer inn í alla mögulega útúrdúra.

Aðalbjörg reynir að gefa jákvæð komment.

Í mikrafóninn eru sögð allskonar lífsgullkorn á borð við:

Lára: Alkóhólismi er félagslegur, líkamlegur og geðrænn sjúkdómur.

Orri: Ég er eins og stöðumælir, reglulega koma

opinberir starfsmenn og tæma alla vasa.

Óli Steinn: Það er ekki áfangastaðurinn sem skiptir máli heldur ferðalagið.

Aðalbjörg: Það er ekkert mál að finna stæði á stöðum þar sem

maður vill ekki vera, eins og til dæmis í úthverfum.

Aðalbjörg: Lífið er eins og Barónsstígur, maður fer

eitt skref fram og tvo skref aftur á bak.

Aðalbjörg: Lífið er eins og einstefnugata, maður getur

ekki stoppað og það er ekki hægt að snúa við.

Ólöf: Lífið er eins og stjórnlaus rússibani.

Aðalbjörg: Framtíð mín er björt og glæsileg.

Árni Pétur: Ég er frjáls. Ég er sveimhugi. Og ég er ekkert mjög mikið fyrir tækni.

Allavega ekki bíla. Í raun og veru er ég á móti bílum. Ég er á móti svona einkabílum.

Ég ferðast með strætó. Ég fer á puttanum, ég fer hjólandi, ég fer gangandi. Ég er

hold og blóð. Ég vil finna hitann frá öðru fólki. Vera saman, það er meira gaman.

Ekki hafa einhverja svona brynju á milli mín og annars fólks. Kynnast því. Finna

náttúruna leika við hörundið á mér. Og mér tókst, alveg þangað til ég varð 25 ára, að

keyra ekki bíl. Hvorki bíl né traktor. En þá kom upp smá vandamál í fjölskyldunni.

Pabbi var mikill hestamaður og einu sinni þegar hann var á leið heim úr hesthúsinu

þá missti hann bílprófið. Aðeins of mikið svona, búinn að fá sér neðan í því. Og

þar sem svo heppilega vildi til að meðreiðarsveinn hans og besti vinur, sem átti líka hest í sama hesthúsi, var ökukennari. Þannig að það var ákveðið að múta mér til þess að taka bílpróf svo ég gæti skutlað þabba upp í hesthús. Og það vildi svo vel til að prófdómarinn var líka vinur þeirra og var með hest í sama húsi.

Þannig að allt í einu stend ég uppi með það að ég þarf að fara að taka bílpróf. Og þetta var mjög erfitt mál fyrir mig. 25 ára gamall. Ég skildi ekki þessa tækni. Til dæmis þetta með bílinn. Sko, það er bensín. Bremsa. Og kúpling. Þetta eru þrír hlutir sem maður á að stíga á í einu. Ég bara með tvær lappir. Eða taka af stað í kyrrstöðu í brekku með handbremsunni. Það er eitthvað með að stíga á kúplingu og svo að ... þetta var svona konsept sem ég náði ekki. Nema hvað, ég fæ prófið. Ég skil ekki af hverju. Þú veist, það var bara ... mér var smyglað í gegn. Ökukennarinn og prófdómarinn fengu viskíflösku og bara „láttu strákinn ná prófinu og ...“. Og þarna, allt í einu er ég kominn með bílpróf og þabbi segir: „Heyrðu, við kaupum líka bara bíl handa þér. Ég tími ekki að láta þig fá fína bílinn. Þú færð bara sérbíl til að skutla mér uppí hesthús.“ Og við förum saman upp í Jöfur og kaupum Skoda.

Óli Steinn: Drapstu á þér? Drapst á þér eða bílnum? Þetta er lygi.

Árni Pétur: Nema mér tekst að koma bílnum í gang og ég æði yfir Laugavegin, upp á heilsuverndarstöð og opna dyrnar hjá þabba og hendi lyklunum á borðið og segi bara: Eigðu bara þessa helvítis druslu!

Svo fer ég til Danmerkur og það keyrir enginn bíl í Danmörku. Það dettur engum til hugar að keyra bíl í Danmörku þannig að ég er hamingjusamur í Danmörku. Fer bara á hjóli og á puttunum og svona. Svo er mér boðið hlutverk í bíómynd, í danskri bíómynd, og ég átti að leika bílatöffara. Og ég er spurður: Ertu ekki örugglega með ökuréttindi. Og ég bara: Júúú. Og ég átti að vera að keyra rosalega hratt í gegnum eitthvað svona verksmiðjuhverfi. Svo kom atriðið þar sem ég átti að vera að keyra bílinn.

Árni Pétur er spurður ýmissa triviala spurninga um söguna sem hann er að segja. Hvaða ár var þetta, hvað hét myndin, hver var leikstjórinn, hver lék í henni, hvernig mynd var þetta, var þetta klámmynd, hvort hann sé klámhundur? Spurningarnar eru alltof margar, sagan getur ekki haldið áfram. Stjórnunin er orðin yfiringengileg. Árni Pétur endar í gólfinu geltandi eins og hundur.

Orri: Stattu upp.

Óli: Segðu brandara.

Árni Pétur: Betra er píka í höfn en háfskip á hafi.

Orri: Er þetta brandari?

Árni Pétur: Já.

Ólöf: Kanntu annan?

Árni Pétur: Hver er munurinn á homma og ísskáp?

Orri: Veit það ekki. Hvað?

Árni Pétur: Ísskápurinn prumpar ekki þegar kjötið er tekið út.

Eða

Árni Pétur: Hvernig kemurðu fjórum hommum á barstól?

Orri: Veit það ekki. Hvað?

Árni Pétur: Þú snýrð honum við?

Óli: Hverjum, hommanum?

Árni Pétur: Nei, stólnum.

Kafli II

Leikur lífsins

Árni Pétur er skilinn eftir einn á sviðinu meðan kórinn sest á rökstóla. Þau koma aftur inn og ýta á undan sér borði með leikmunum og Láru sem hefur tekið niður gleraugun. Henni er stillt upp við hlið Árna Péturs og kórinn stillir sér upp í kringum þau.

Gerði eitthað.

Gerðið eitthvað fallet.

Gerði eitthvað innilegt.

Gerði eitthvað fyndið.

Verðið hamingjusöm.

Verði sexí.

Farið nær hvert öðru.

Nær.

Snertist þið.

Brosiði.

Farið nær.

Verði innilegri.

Gerð þið eitthvað.

Segið þið eitthvað.

Kórinn byrjar smám saman að manipulera parið. Fyrst eru búnar til einfaldar myndir framsviðs, þá fá þau leikmuni í hendurnar og eru færð aftar á sviðið inn í leikmyndina. Þau fá síðan texta fyrir framan sig. Þau fara í gegnum myndir úr hjónabandi: Samstöðu, samveru, fjarveru, huggulegheit, hátíð, hamingju, nánd, einmanaleika, sjálfsmorðshugleiðingar, sinnuleysi, subbuskap, firringu, kynlíf, drykkjuskap, uppgjöf.

Texti á miðum:

Halló.

Þú fullkomnar mig.

Það er ekkert að marka neitt sem þú segir.

Nei.

Mér finnst þú flott.

Kaffið er kalt.

Ísraelstjórn hefur ákveðið að stofna háskóla á Vesturbakkanum.

Komdu.

Þetta er búið.

Gleðileg jól.

Er pósturinn kominn?
 Þú ert svo falleg þegar þú sefur.
 Já.
 Stríðið er búið.
 Fyrirgefðu.
 Kysstu mig.
 Ég skal tala við pabba.
 Til hamingju með afmælið.
 Ætlaðu ekki að svara símanum?
 Ég er ástfanginn af þér.
 Kaupmaðurinn á horninu lokar búðinni í hádeginu.
 Mig langar ekki að hlæja, hahaha.
 Ég er sekur.
 Snýttu þér.
 Þú lýgur.
 Þetta segir þú alltaf.
 Ég veit ekki hvað ég vil.
 Ég er ekki viss.
 Hvað kostar tott?
 Eigum við ekki bara að hafa það kósý?
 Ég er með dínamít.
 Þú ert aumingi.
 Það er aldrei neitt skemmtilegt í sjónvarpinu á mánudögum.
 Farðu heim.
 Það er aldrei of seint.
 Mér leiðist.
 Slökktu.
 Ég er á ystu nöf.
 Ertu með eða á móti.
 Mig langar í það.
 Ég nenni þessu ekki.
 Segðu já.

Árni Pétur fær nóg, slítur sig út úr stjórnuninni og
 byrjar að dansa með blómvönd í hendi.

Ólöf (í míkrofón): Dansinn, dæmigerð flóttaleið.

Ólöf stillir útvarpinu undir míkrofóninn þannig að suðið
 magnast upp. Kórinn yfirgefur svæðið, Árni dansar.

Kaflí III

Dansinn, dæmigerð flóttaleið

Árni Pétur dansar af innlifun við suðið úr útvarpinu.
 Eftir örliða stund kemur Aðalbjörg inn aftur og byrjar að
 fylgjast með Árna Pétri. Hún tekur af sér gleraugun.

Aðalbjörg: Það er svo fallegt að vera manneskja. Það er svo fallegt að vera frjálst. Það er svo fallegt að dansa. Maður er frjálst eins og lítið barn sem dansar fyrir framan sjónvarpið og er fyrir öllum eða í bíói eða eitthvað. Lítið barn sem er berfætt til dæmis. Það er svo fallegt að vera berfættur og það er svo fallegt að vera úti. Liggja í mosa og ímynda sér að það búi tröll í fjöllum og þegar þau gráta þá sé rigning. Esjan er falleg og lækurinn og það er svo fallegt að dansa. Það er fallegt að vera mannvera. Það er fallegt að snúa sér í hringi. Það er hægt að snúa sér endalaust en þá fær maður flækju. Garnaflekju og þarna heilaflekju. Það er svo fallegt að vera ringlaður. Það er svo fallegt að vera fertugur og eiga dansskó og ...

Aðalbjörg heldur leiknum áfram án afláts. Árni Pétur stoppar hana af tvisvar sinnum með því að halda um munninn á henni áður en hann hleypur út af sviðinu.

Það er svo fallegt að vera reiður og hlaupa út. Það er svo fallegt að flýja. Það er svo fallegt að koma brjáláður til baka og ætla að hefna sín. Það er svo fallegt að sýna tilfinningar og missa stjórn á sér ...

Árni Pétur kemur hlaupandi til baka, tekur um vit Aðalbjargar þar til hún virðist kafa og deyja.

Kaflí IV

Maðurinn leggst í duftið og guð stígur úr vélinni

Kórinn kemur inn alvarlegur í bragði og fjarlægir líkið, Árni stendur hreyfingarlaus á sviðinu. Þau ganga á hann með ásökunum og taka lokahnykk manípúlasjónar með hrópum og köllum, skipa honum ýmist að leggjast á gólfíð eða standa upp.

Kór:

Segðu: fyrirgefðu.

Segðu: ég er sekur.

Segðu: fyrirgefðu, ég iðrast gjörða minna.

Segðu: ég er aumingi.

Farðu niður á hné.

Segðu: ég er sekur aumingi.

Leggstu niður.

Hærra.

Segðu þetta eins og þú meinar það.

Árni Pétur hrópar á hjálp, getur ekki meir.

TÓNLIST

Ave María e. Gounod

María stígur út, kórinn víkur til hliðar, María tekur Árna í fang sér.

PÍETA

LOK

ÓDAUÐLEGT VERK UM SAMHENGÍ HLUTANNA

Prolog I

Maðurinn og samfélagið

Kæru gestir, ég býð ykkur hjartanlega velkomin á ódauðlegt verk um samhengi hlutanna. Ég heiti Steinunn Knútsdóttir og er hér í hlutverki hinnar talandi leikskrár. Ég er jafnframt höfundur og leikstjóri sýningarinnar, en um útlit sér Ilmur Stefánsdóttir, förðun Svanhvít Valgeirsdóttir og leikarar í sýningunni eru: Aðalbjörg Árnadóttir, Árni Pétur Guðjónsson, Hera Eiríksdóttir, Jórunn Sigurðardóttir, Lára Sveinsdóttir, Magnús Guðmundsson, Ólöf Ingólfssdóttir og Sveinn Ólafur Gunnarsson.

Verkið er hugleiðing um ábyrgð og áhrif mannsins á umhverfi sitt og samfélag.

Við veltum fyrir okkur ákveðnum spurningum s.s.:

Hvaða þátt eigum við í því sem á okkur dynur?

Hvaða öfl stýra því sjónarspili sem fyrir augu okkar ber á hverjum degi?

Hver er ábyrgð hvers og eins?

Höfum við áhrif á eigin örlög?

Höfum við áhrif á nokkuð eða nokkurn í kringum okkur?

Skiptir máli hvað við gerum eða segjum – hversu oft og mikið við mótmælum? Hafa orð okkar og athafnir í raun einhvern slagkraft og áhrifamátt?

Erum við í raun og veru að tala saman?

Kunnum við að hlusta?

Kunnum við að gera hlutina upp – greina hina sönnu glæpamenn og viðurkenna eigin glappaskot? Hver er sekur og hver er saklaus? Hver er refsingin?

Hvað viljum við, hvað getum við og hvað gerum við?

Hvað er til ráða í samfélagi þar sem heimurinn hefur snúist við, ekki er hlustað á fólkið og andi glæpamanna hangir í loftinu, en skuldin skellur á sakleysingjunum?

Fylgist með og lesið í ódauðlegt verk um samhengi hlutanna – við lofum engum svörum en við veltum upp spurningunni um hver stjórni gangi tilveru okkar.

Ég býð ykkur upp á ögrandi samverustund þar sem þið þurfið að svara spurningunum.

Gjörið svo vel.

Prolog II

Maðurinn er eyland

Kæru gestir, ég býð ykkur hjartanlega velkomin á ódauðlegt verk um samhengi hlutanna. Ég heiti Steinunn Knútsdóttir og er hér í hlutverki hinnar talandi leikskrár. Ég er jafnframt leikstjóri og höfundur sýningarinnar, en um útlit sér Ilmur Stefánsdóttir, förðun Svanhvít Valgeirsdóttir og leikarar í sýningunni eru: Aðalbjörg Árnadóttir, Árni Pétur Guðjónsson, Hera Eiríksdóttir, Jórunn Sigurðardóttir, Lára Sveinsdóttir, Magnús Guðmundsson, Ólöf Ingólfssdóttir og Sveinn Ólafur Gunnarsson. Maðurinn er eyland og verkið hér fjallar um máttlausar tilraunir hans til að komast út úr einangruninni.

Maðurinn reynir af veikum mætti að koma hugsunum sínum og löngunum í orð og athöfn, en er einhver sem skilur hann?

Náum við að tjá það sem í brjósti okkar býr eða felum við hin raunverulegu skilaboð undir yfirborði orðanna?

Maðurinn hrópar stöðugt á hjálp en það er enginn sem heyrir köllin því skilaboðin eru svo vel falin í djúpi sálarinnar.

Maðurinn ber með sér stöðugan, djúpan sársauka, einhverja vöntun sem er óskilgreind. Maðurinn saknar guðs og reynir því að taka á sig hlutverk hans – ráðskast með umhverfi og aðstandendur og tekur sér vald yfir lífi minni máttar. Þetta brólt mannsins er oftast túlkað sem hybris eða oflæti en í raun er þetta örvæntingarfull tilraun mannsins til þess að mana fram guð og losna þannig við einsemd sína – en tómið og einmanaleikinn skín í gegn og gerir manninn ófæran um að hafa raunveruleg samskipti – hann verður blindur og heyrnarlaus og ófær um að koma hugsunum sínum og löngunum í orð. Við þetta breytist maðurinn umsvifalaust í skrímsli sem annaðhvort eyðileggur allt í kringum sig eða snýr sér undan í vanmætti sínum og skorast undan ábyrgð þegar mest á riður. Ég býð ykkur að fylgjast með einmana sálum í leit að guði og örvæntingarfullum tilraunum þeirra til þess að ná sambandi sín á milli. Ég býð ykkur að horfa í spegil.

Gjörið svo vel.

Prolog III

Maðurinn er villidýr

Kæru gestir, ég býð ykkur hjartanlega velkomin á ódauðlegt verk um samhengi hlutanna. Ég heiti Steinunn Knútsdóttir og er hér í hlutverki hinnar talandi leikskrár. Ég er jafnframt leikstjóri og höfundur sýningarinnar, en um útlit sér Ilmur Stefánsdóttir, förðun Svanhvít Valgeirsdóttir og leikarar í sýningunni eru: Aðalbjörg Árnadóttir, Árni Pétur Guðjónsson, Hera Eiríksdóttir, Jórunn Sigurðardóttir, Lára Sveinsdóttir, Magnús Guðmundsson, Ólöf Ingólfssdóttir og Sveinn Ólafur Gunnarsson. Hvað leynist undir yfirborðinu?

Við teljum okkur vera siðmenntað, vitiborið mannkyn. Við höfum tungumál sem gerir okkur kleift að útskýra í þaula hugsanir okkar og tilfinningar, við höfum kerfi er tryggja velferð sem flestra, kerfi sem vernda minni máttar og ganga út á að sterkir styðji hina veiku, að hinir seku fái makleg málagjöld og hinir saklausu grið. Við teljum okkur hafa góða yfirsýn og skilning á eigin umhverfi. En í raun er maðurinn dýr og stjórnað af frumstæðum, dýrslegum hvötum. Sem dýr berst maðurinn um yfirráð, hann þarf að sýna styrkleika því í heimi dýranna er það sá sterkasti sem lifir af en sá veiki verður undir. Maðurinn berst fyrir lífi sínu og náttúra hans gengur út á að halda við mannkyninu – gera sjálfan sig eilífan. Tímgunarhvöt mannsins er sterk og þar beitir hann eðlisávisun sinni sem vísar honum á sterkustu genin til undaneldis en veikustu genin fara í að fæða þá sterku. Öll okkar tilvera gengur út á að breiða yfir þessa staðreynd. Maðurinn hefur vitræna hugsun og sumir vilja segja sál og jafnvel anda sem er hafinn yfir efnið og hvatirnar. Þessi vitræni hluti mannsins gengst ekki við dýrinu hið innra og gerir allt hvað hann getur til að bæla niður þessar frumstæðu hvatir, hemja og temja dýrið. En því meira sem við reynum að halda því niðri, þeim mun sterkara verður það. Það sem í raun og veru skiptir máli liggur undir yfirborðinu, við þurfum að skyggjast á bak við merkingu orðanna. Undir niðri er maðurinn ekki

annað en villidýr sem er stöðugt að reyna að brjótast út. Orðin eru aðeins afvegaleiðsla – það eru hinar grimmi, dýrslegu hvatir sem eru við völd. Kæru gestir, ég bið ykkur um að skyggjast undir yfirborðið og fylgjast með lífsbaráttu homo sapiens, sjáið dýrin takast á, þá sterku taka völdin meðan troðið er á hinum veiku ... Sjáið villidýrið vakna. En gæti verið að sál mannsins sé yfirsterkari efninu? Gæti verið að jafnvel andi mannsins sé í raun það sem lifir? Hvort er það veruleikinn yfir eða undir yfirborðinu sem vinnur betur að því að gera manninn eilífan?

Spáið í það.

Prolog IV

Leikhúsið

Kæru gestir, ég býð ykkur hjartanlega velkomin á ódauðlegt verk um samhengi hlutanna. Ég heiti Steinunn Knútsdóttir og er hér í hlutverki hinnar talandi leikskrár. Ég er jafnframt leikstjóri og höfundur sýningarinnar, en um útlit sér Ilmur Stefánsdóttir, förðun Svanhvít Valgeirsdóttir og leikarar í sýningunni eru: Aðalbjörg Árnadóttir, Árni Pétur Guðjónsson, Hera Eiríksdóttir, Jórunn Sigurðardóttir, Lára Sveinsdóttir, Magnús Guðmundsson, Ólöf Ingólfsdóttir og Sveinn Ólafur Gunnarsson.

Verkið er byggt á texta eftir hið mikla leikskáld Ágúst Strindberg. Textinn er samtal miðaldra leikkonu við ástmann sinn. Strindberg er mikið leikskáld, texti hans lifir í mörgum lögum og hægt er að nálgast hann út frá mjög ólíkum hugmyndum. Það er freistandi að nota textann og leita að skáldinu – skyggjast undir yfirborð orðanna og finna hina raunverulegu merkingu þeirra – mana hinn mikla skapara fram. Þessi sýning er óður til leikhússins og þeirra miklu meistara sem hafa notað miðilinn sem farartæki fyrir hugsanir sínar, tilfinningar og langanir. En leikhúsið er náttúrulega einhvers konar hliðarveruleiki og spurning hvaða áhrif það getur haft á umhverfi sitt. Hér er allt í þykjustunni – leikarar sýningarinnar fara heim að lokinni sýningu og sinna sínum fjölskyldum og vinum – hugsa um kreppuna eða ekki. En hér inni eru þeir í hlutverki Alís eða Kurt ... þarna úti eru þau í hlutverki móður, föður, drottinara, borgara, fórnarlamb, vitnis, sakleysingja og þar fram eftir götunum.

Það er gaman og forvitnilegt að leyfa okkur að velta upp hlutverki leikhússins og listarinnar í heild sinni. Hvernig birtist hún okkur – getum við tekið hlutverk listamannsins alvarlega? Er ekki hlutverk mitt sem móður mikilvægara en að fremja ódauðlega list á Nýlistasafninu? Hvert er ykkar hlutverk sem áhorfenda? Hvað eruð þið að gera hérna? Hvað vilji þið mér og okkur? Hvernig ætlið þið að nota þessa upplifun sem þið eruð að fara að gangast á vald? Spáið í það.

Kaflí I

Lögmál: Sá sem talar horfir á viðmælanda sinn.
Hlustandinn horfir fram til áhorfenda.

A

Ólöf: Þetta er eins og aðfangadagskvöld jóla!

Sveinn: No!

Ólöf: Þakkaðu mér fyrir! Sex vitni, og fjögur þeirra pottþétt. Kæra hefur verið lögð fram og svar kemur í skeyti hingað – hingað beint inn í virkið!

Sveinn: Jæja!

Ólöf: Segðu takk fyrir í stað jæja!

B

Sveinn: Hvers vegna hefur hann kveikt á öllum þessum kertum?

Ólöf: Auðvitað af því hann er myrkfælinn!

Sveinn: Hvað hefur hann verið að gera hérna?

Ólöf: Það er eins og hann ætli að fara að flytja! Þangað niður skaltu flytja!

Sveinn: Ekki þetta! Mér finnst það hörmulegt ... hann var æskuvinur

minn og sýndi mér oft góðvild þegar ég átti erfitt ... Hann á bág!

Ólöf: Hvað þá um mig sem hef ekkert til saka unnið og orðið

að fórna frama mínum fyrir þessa ófreskju!

Sveinn: Hvernig var um þennan frama? Var hann svo glæstur?

Ólöf: Hvað leyfirður þér? Veistu hver ég er, hver ég hef verið?

Sveinn: Sona, sona!

Ólöf: Byrja þú nú líka, strax?

Sveinn: Strax?

C

Ólöf: Þú bitur mig!

Sveinn: Já, ég skal bíta þig á barkann og sjúga úr þér blóðið eins og gaupa! Þú hefur vakið í mér villidýrið sem ég hef árum saman reynt að drepa með sjálfsafneitun og meinlætalífi!

Ég kom hingað í þeirri trú ég væri örlítið betri en þið en er nú aumastur allra! Síðan ég sá þig í allri þinni skelfilegu nekt, síðan ástríða mín villti um fyrir mér finnst ég með mér ofurstyrk hins illa; hið ljóta verður fagurt, hið góða ljótt og veikt! Komdu, ég skal kæfa þig með kossi!

Ólöf: Sérðu farið eftir fjötrana sem þú leystir. Ég var ambátt og hef verið leyst úr ánauð!

Sveinn: En ég skal binda þig ...

Ólöf: Þú?

Sveinn: Ég ...

Ólöf: Ég hélt um stund þú værir ...

Sveinn: Frelsaður?

Ólöf: Já. Þú nefndir syndafallið ...

Sveinn: Gerði ég það?

Ólöf: Og ég hélt þú værir kominn til að predika ...

Sveinn: Héltu það?

D

Sveinn: Eftir klukkutíma erum við í borginni! Þá skaltu fá að sjá hver ég er ...

Ólöf: Og í kvöld förum við í leikhús! Til að sýna okkur! Það er hann

sem situr uppi með smánina ef ég strýk; skilurðu það?

Sveinn: Ég er farinn að skilja! Svo fangelsi er ekki nóg ...

Ólöf: Nei, það er ekki nóg! Smán skal hann fá ofaní kaupin!

Sveinn: Einkennilegur heimur! Þú fremur ósæmilegt

athæfi og smánin skellur á honum!

Ólöf: Fyrst heimurinn er svona heimskur!

Sveinn: Það er eins og þessir fangelsisveggir hafi drukkið í sig alla illsku

afbotamannanna; og maður þarf ekki annað en anda til að fá hana oní sig!

E

Sveinn: Fyrirgefðu mér!

Ólöf: Já, á hnjánun! – Andlitið í gólfið – kysstu fót minn!

Og reyndu þetta aldrei oftari! --- Upp!

Sveinn: Hvar hef ég lent? Hvar er ég?

Ólöf: Þú veist það!

Sveinn: Ég held helst ... ég sé í helvíti!

Kaflí II**Kór – stækkun**

Arni Pétur stillir sér upp fyrir aftan Svein og fylgir fókus hans og höfuðhreyfingum.

Ólöf: Þetta er eins og aðfangadagskvöld jóla!

Sveinn: No!

Ólöf: Þakkaðu mér fyrir! Sex vitni, og fjögur þeirra pottþétt. Kæra hefur verið lögð fram og svar kemur í skeyti hingað – hingað beint inn í virkið!

Sveinn: Jæja!

Ólöf: Segðu takk fyrir í stað jæja!

Magnús, Aðalbjörg, Jórunn og Lára koma inn og fara með Árna Pétri.

Sveinn: Hvers vegna hefur hann kveikt á öllum þessum kertum?

Ólöf: Auðvitað af því hann er myrkfælinn!

Sveinn: Hvað hefur hann verið að gera hérna?

Ólöf: Það er eins og hann ætli að fara að flytja! Þangað niður skaltu flytja!

Sveinn: Ekki þetta! Mér finnst það hörmulegt ... Hann var æskuvinnur

minn og sýndi mér oft góðvild þegar ég átti erfitt ... Hann á bág!

Ólöf: Hvað þá um mig sem hef ekkert til saka unnið og orðið

að fórna frama mínum fyrir þessa ófreskju!

Lára gengur yfir til Ólafar og fylgir henni.

Sveinn: Hvernig var um þennan frama? Var hann svo glæstur?

Ólöf: Hvað leyfirður þér? Veistu hver ég er, hver ég hef verið?

Sveinn: Sona, sona!
 Ólöf: Byrja þú nú líka, strax?
 Kór: Strax?

Ólöf stendur upp og gengur yfir í kór.

Kór: (Hvísl) Hvað hefur hann verið að gera hérna?
 Lára: Það er eins og hann ætli að fara að flytja! Þangað niður skaltu flytja!
 Kór: (Hvísl) Ekki þetta! Hann á bág!
 Lára: Hvað þá um mig sem hef ekkert til saka unnið og orðið að fórna frama mínum fyrir þessa ófreskju!
 Kór: (Hvísl) Hvernig var um þennan frama? Var hann svo glæstur?
 Lára: Hvað leyfirður þér? Veistu hver ég er, hver ég hef verið?
 Kór: (Hvísl) Sona, sona!
 Lára: Byrja þú nú líka, strax?

Magnús (lítur fram): Strax?

Allir út nema Lára og Magnús.

Kaflí III

Skipt um hlutverk

Leikararnir skiptast á að fara með senuna, farið er í gegnum allar mögulegar samsetningar á pörum. Meginreglan er að leikari fari í spor þess sem áður fór með hlutverkið og sá gangi út.

Lára: Þú bitur mig!
 Magnús: Já, ég skal bíta þig á barkann og sjúga úr þér blóðið eins og gaupa! Þú hefur vakið í mér villidýrið sem ég hef árum saman reynt að drepa með sjálfsafneitun og meinlætalífi!
 Lára: Sérðu farið eftir fjötrana sem þú leystir. Ég var ambátt og hef verið leyst úr ánauð!
 Magnús: En ég skal binda þig ...
 Lára: Þú?
 Árni Pétur: Þú?
 Magnús: Ég ...
 Árni Pétur: Ég hélt um stund þú værir ...
 Magnús: Frelsaður?
 Árni Pétur: Já. Þú nefndir syndafallið ...
 Magnús: Gerði ég það?
 Árni: Pétur Og ég hélt þú værir kominn til að predika.
 Magnús: Héltu það?

Magnús: Sérðu farið eftir fjötrana sem þú leystir. Ég var ambátt og hef verið leyst úr ánauð!
 Árni Pétur: Ég skal binda þig ...
 Magnús: Þú?

Árni Pétur: Ég kom hingað í þeirri trú ég væri örlítið betri en þið en er nú aumastur allra! Síðan ég sá þig í allri þinni skelfilegu nekt, síðan ástríða mín villti um fyrir mér finn ég með mér ofurstyrk hins illa; hið ljóta verður fagurt, hið góða ljótt og veikt! – – – Komdu, ég skal kæfa þig með kossi!

Magnús: Þú?

Jórunn: Þú?

Árni Pétur: Ég ...

Jórunn: Ég hélt um stund þú værir ...

Árni Pétur: Frelsaður?

Jórunn: Já. Þú nefndir syndafallið ...

Árni Pétur: Gerði ég það?

Jórunn: Og ég hélt þú værir kominn til að predika.

Árni Pétur: Héltstu það?

Jórunn: Sérðu farið eftir fjötrana sem þú leystir. Ég

var ambátt og hef verið leyst úr ánauð!

Árni Pétur: Ég skal binda þig ...

Jórunn: Þú?

Árni Pétur: Já, ég skal bíta þig á barkann og sjúga úr þér blóðið eins og gaupa!

Þú hefur vakið í mér villidýrið sem ég hef árum saman reynt að drepa með

sjálfsafneitun og meinlætalífi!

Aðalbjörg: Sérðu farið eftir fjötrana sem þú leystir. Ég var ambátt og hef verið leyst úr ánauð!

Jórunn: Ég skal binda þig ...

Aðalbjörg: Þú?

Jórunn: Já, ég skal bíta þig á barkann og sjúga úr þér blóðið eins og gaupa!

Þú hefur vakið í mér villidýrið sem ég hef árum saman reynt að drepa með

sjálfsafneitun og meinlætalífi!

Kaflí IV

Mismunandi stellingar og staðsetningar í rými

Hér er unnið með mismunandi rýmissamband persónanna á sviðinu.

Aðalbjörg: Eftir klukkutíma erum við í borginni! Þá skaltu fá að sjá hver ég er ...

Jórunn: Og í kvöld förum við í leikhús! Til að sýna okkur! Það er

hann sem situr uppi með smánina ef ég strýk; skilurðu það?

Aðalbjörg: Ég er farin að skilja! Svo fangelsi er ekki nóg ...

Jórunn: Nei, það er ekki nóg! Smán skal hann fá ofaní kaupin!

Aðalbjörg: Einkennilegur heimur! Þú fremur ósæmilegt

athæfi og smánin skellur á honum!

Jórunn: Fyrst heimurinn er svona heimskur!

Magnús: En ég skal binda þig ...

Jórunn: Þú?

Magnús: Ég ...

Jórunn: Ég hélt um stund þú værir ...

Magnús: Frelsaður?

Jórunn: Já. Þú nefndir syndafallið ...

Magnús: Gerði ég það?

Jórunn: Og ég hélt þú værir kominn til að predika.

Magnús: Héltstu það?

Sveinn: Ég hélt þú værir kominn til að predika.

Magnús: Héltstu það?

Ólöf: Ég hélt þú værir kominn til að predika.

Magnús: Héltstu það?

Aðalbjörg: Sérðu farið eftir fjötrana sem þú leystir. Ég var ambátt og hef verið leyst úr ánauð! –

Lára: Ég skal binda þig ...

Aðalbjörg: Þú?

Lára: Síðan ég sá þig í allri þinni skelfilegu nekt, síðan ástríða mín villti um fyrir mér finn ég með mér ofurstyrk hins illa; hið ljóta verður fagurt, hið góða ljótt og veikt! Komdu, ég skal kæfa þig með kossi!

Aðalbjörg: Þú?

Lára: Ég.

Aðalbjörg: Þú?

Árni Pétur: Ég.

Aðalbjörg: Þú?

Sveinn: Ég.

Sveinn: Þú?

Árni Pétur: Ég.

Sveinn: Þú?

Árni Pétur: Ég.

Sveinn: Eftir klukkutíma erum við í borginni! Þá skaltu fá að sjá hver ég er ...

Árni Pétur: Og í kvöld förum við í leikhús! Til að sýna okkur! Það er hann sem situr uppi með smánina ef ég strýk; skilurðu það?

Sveinn: Ég er farinn að skilja! Svo fangelsi er ekki nóg ...

Árni Pétur: Nei, það er ekki nóg! Smán skal hann fá ofaní kaupin!

Sveinn: Einkennilegur heimur! Þú fremur ósæmilegt athæfi og smánin skellur á honum!

Aðalbjörg: Eftir klukkutíma erum við í borginni! Þá skaltu fá að sjá hver ég er ...

Jórunn: Og í kvöld förum við í leikhús! Til að sýna okkur! Það er hann sem situr uppi með smánina ef ég strýk; skilurðu það?

Aðalbjörg: Ég er farin að skilja! Svo fangelsi er ekki nóg ...

Jórunn: Nei, það er ekki nóg! Smán skal hann fá ofaní kaupin!

Aðalbjörg: Einkennilegur heimur! Þú fremur ósæmilegt athæfi og smánin skellur á honum!

Leikhópurinn stillir sér upp í kringum borðið í „fjölskyldumynd“. Einn í einu ganga leikararnir að borðinu og segja setninguna þegar þeir staðnæmast.

Jórunn: Fyrst heimurinn er svona heimskur!

Sveinn: Fyrst heimurinn er svona heimskur!

Ólöf: Fyrst heimurinn er svona heimskur!

Magnús: Fyrst heimurinn er svona heimskur!

Lára: Fyrst heimurinn er svona heimskur!

Árni Pétur: Fyrst heimurinn er svona heimskur!

Stúlkubarn, Hera, kemur inn og stillir sér upp framsviðs til vinstri.

Hera: Fyrst heimurinn er svona heimskur!

Árni Pétur stillir sér upp framsviðs til hægri og um leið og hann byrjar að tala líta allir leikararnir undan.

Árni Pétur: Ég kom hingað í þeirri trú ég væri örlítið betri en þið en er nú aumastur allra! Síðan ég sá þig í allri þinni skelfilegu nekt, síðan ástríða mín villti um fyrir mér finn ég með mér ofurstyrk hins illa; hið ljóta verður fagurt, hið góða ljótt og veikt!

Hera: Fyrirgefðu mér!

Árni Pétur: Já, á hnjónum! – Andlitið í gólfíð.

Árni gengur að Heru.

Árni Pétur: Kysstu fót minn! Og reyndu þetta aldrei oftari! --- Upp!

Hera: Fyrirgefðu mér!

Leikararnir standa upp einn af öðrum og beina setningu sinni að Heru sem lítur út.

Aðalbjörg: Fyrirgefðu mér!

Magnús: Fyrirgefðu mér!

Jórunn: Fyrirgefðu mér!

Lára: Fyrirgefðu mér!

Sveinn: Fyrirgefðu mér! (Sest í stól.)

Ólöf: Fyrirgefðu mér! (Sest í stól.)

Ólöf: Þetta er eins og aðfangadagskvöld jóla!

Sveinn: No!

Ólöf: Þakkaðu mér fyrir! Sex vitni, og fjögur þeirra pottþétt. Kæra hefur verið lögð fram og svar kemur í skeyti hingað – hingað beint inn í virkið!

Sveinn: Jæja!

Ólöf: Segðu takk fyrir í stað jæja!

Leikhópurinn stígur fram og í sameiningu snúa þau myndinni við. Sveinn og Ólöf leggjast á gólfið með borðið á milli sín, enn sitjandi í stólunum.

Ólöf: Þetta er eins og aðfangadagskvöld jóla!

Sveinn: No!

Ólöf: Þakkaðu mér fyrir! Sex vitni, og fjögur þeirra pottpétt. Kæra hefur verið lögð fram og svar kemur í skeyti hingað – hingað beint inn í virkið!

Sveinn: Jæja!

Ólöf: Segðu takk fyrir í stað jæja!

Jórunn, Lára og Aðalbjörg ganga inn. Þær taka upp borð og stóla. Sveinn og Ólöf liggja sem dauð á gólfinu.

Jórunn fram til áhorfenda: Já, ég skal bíta þig á barkann og sjúga úr þér blóðið eins og gaupa! Þú hefur vakið í mér villidýrið sem ég hef árum saman reynt að drepa með sjálfsafneitun og meinlætalífi!

Jórunn gengur út.

Kafli V

Vettvangur glæps

Á sviðinu standa Lára og Aðalbjörg eins og á vettvangi glæps.

Lögmálið breytist. Þær horfa á lík, fram til áhorfenda og á hvor aðra til skiptis, eru samtaka en þær fylgjast ekki að. Þær tala þegar þær horfa á lík.

Aðalbjörg: Þetta er eins og aðfangadagskvöld jóla!

Lára: No!

Aðalbjörg: Þakkaðu mér fyrir! Sex vitni, og fjögur þeirra pottpétt. Kæra hefur verið lögð fram og svar kemur í skeyti hingað – hingað beint inn í virkið!

Lára: Jæja!

Aðalbjörg: Segðu takk fyrir í stað jæja!

Þær hreyfa sig úr stað.

Aðalbjörg: Þetta er eins og aðfangadagskvöld jóla!

Lára: No!

Aðalbjörg: Þakkaðu mér fyrir! Sex vitni, og fjögur þeirra pottpétt. Kæra hefur verið lögð fram og svar kemur í skeyti hingað – hingað beint inn í virkið!

Lára: Jæja!

Aðalbjörg: Segðu takk fyrir í stað jæja!

Þær hreyfa sig úr stað og inn ganga Árni Pétur og Magnús.

Þeir hafa samskonar rótasjón í höfuðhreyfingum. Horfa á kringumstæðurnar, horfa fram og hvor á annan.

Árni Pétur: No!

Magnús: Þakkaðu mér fyrir! Sex vitni, og fjögur þeirra pottþétt. Kæra hefur verið lögð fram og svar kemur í skeyti hingað – hingað beint inn í virkið!

Árni: Jæja!

Magnús: Segðu takk fyrir í stað jæja!

Aðalbjörg: Þetta er eins og aðfangadagskvöld jóla!

Lára: No!

Árni Pétur: No!

Magnús: No!

Aðalbjörg: Þetta er eins og aðfangadagskvöld jóla!

Lára: No!

Árni Pétur: No!

Magnús: No!

Þau hreyfa sig úr stað á texta og fara á bak við borð.

Aðalbjörg: Þetta er eins og aðfangadagskvöld jóla!

Lára: No!

Árni Pétur: No!

Magnús: No!

Á bak við borð.

Aðalbjörg: Hvers vegna hefur hann kveikt á öllum þessum kertum?

Árni Pétur: Auðvitað af því hann er myrkfælinn!

Magnús: Hvað hefur hann verið að gera hérna?

Lára: Það er eins og hann ætli að fara að flytja! Þangað niður skaltu flytja!

Aðalbjörg: Ekki þetta! Mér finnst það hörmulegt ... hann var æskuvinnur minn og sýndi mér oft góðvild þegar ég átti erfitt.

Hera gengur inn.

Hera: Hvers vegna hefur hann kveikt á öllum þessum kertum?

Allir fara út nema líkin og Jórunn gengur inn.

Hera: Hvers vegna hefur hann kveikt á öllum þessum kertum?

Jórunn: Auðvitað af því hann er myrkfælinn!

Hera: Hvað hefur hann verið að gera hérna?

Jórunn: Það er eins og hann ætli að fara að flytja! Þangað niður skaltu flytja!

Jórunn: Fyrirgefðu mér!

Hera: Já, á hnjónum!

Jórunn krýpur.

Andlitið í gólfíð – kysstu fót minn! Og reyndu þetta aldrei oftar! --- Upp!

Jórunn: Hvar hef ég lent? Hvar er ég?

Hera: Þú veist það!

Jórunn: Ég held helst ... ég sé í helvíti!

Hera valhoppar í burtu og leggst undir borð. Líkin standa upp og yfirgefa sviðið ásamt Jórunni.

Kafli VI

Tilfinningum plantað á vettvang

Á meðan senan er leikin liggur barnið undir borði.

Senan er leikin þrisvar í gegn: inn kemur Árni Pétur og flissar – fer út aftur. Aðalbjörg kemur inn í örvæntingu, Jórunn kemur inn tómlát, Aðalbjörg fer út, Sveinn kemur inn í bræði, Ólöf sýnir fyrirliðningu og vantrú – Árni og Aðalbjörg koma aftur inn.

Lára: Þú bitur mig!

Magnús: Já, ég skal bíta þig á barkann og sjúga úr þér blóðið eins og gaupa! Þú hefur vakið í mér villidýrið sem ég hef árum saman reynt að drepa með sjálfsafneitun og meinlætalífi!

Ég kom hingað í þeirri trú ég væri örlítið betri en þið en er nú aumastur allra! Síðan ég sá þig í allri þinni skelfilegu nekt, síðan ástríða mín villti um fyrir mér finn ég með mér ofurstyrk hins illa; hið ljóta verður fagurt, hið góða ljótt og veikt! Komdu, ég skal kæfa þig með kossi!

Lára: Sérðu farið eftir fjötrana sem þú leystir. Ég

var ambátt og hef verið leyst úr ánauð!

Magnús: En ég skal binda þig ...

Lára: Þú?

Magnús: Ég ...

Lára: Ég hélt um stund þú værir ...

Magnús: Frelsaður?

Lára: Já. Þú nefndir syndafallið ...

Magnús: Gerði ég það?

Lára: Og ég hélt þú værir kominn til að predika.

Magnús: Héltu það?

Lára: Þú bitur mig!

Magnús: Já, ég skal bíta þig á barkann og sjúga úr þér blóðið eins og gaupa! Þú hefur vakið í mér villidýrið sem ég hef árum saman reynt að drepa með sjálfsafneitun og meinlætalífi! Ég kom hingað í þeirri trú ég væri örlítið betri en þið en er nú aumastur allra! Síðan ég sá þig í allri þinni skelfilegu nekt, síðan ástríða mín villti um fyrir mér finn ég með mér ofurstyrk hins illa; hið ljóta verður fagurt, hið góða ljótt og veikt! Komdu, ég skal kæfa þig með kossi!

Lára: Sérðu farið eftir fjötrana sem þú leystir. Ég var ambátt og hef verið leyst úr ánauð!

Magnús: En ég skal binda þig ...

Lára: Þú?

Magnús: Ég ...

Lára: Ég hélt um stund þú værir ...

Magnús: Frelsaður?

Lára: Já. Þú nefndir syndafallið ...

Magnús: Gerði ég það?

Lára: Og ég hélt þú værir kominn til að predika.

Magnús: Héltu það?

Lára: Þú bitur mig!

Magnús: Já, ég skal bíta þig á barkann og sjúga úr þér blóðið eins og gaupa! Þú hefur vakið í mér villidýrið sem ég hef árum saman reynt að drepa með sjálfsafneitun og meinlætalífi! Ég kom hingað í þeirri trú ég væri örlítið betri en þið en er nú aumastur allra! Síðan ég sá þig í allri þinni skelfilegu nekt, síðan ástríða mín villti um fyrir mér finn ég með mér ofurstyrk hins illa; hið ljóta verður fagurt, hið góða ljótt og veikt! Komdu, ég skal kæfa þig með kossi!

Lára: Sérðu farið eftir fjötrana sem þú leystir. Ég var ambátt og hef verið leyst úr ánauð!

Magnús: En ég skal binda þig ...

Lára: Þú?

Magnús: Ég ...

Lára: Ég hélt um stund þú værir ...

Magnús: Frelsaður?

Lára: Já. Þú nefndir syndafallið ...

Magnús: Gerði ég það?

Lára: Og ég hélt þú værir kominn til að predika.

Magnús: Héltu það?

Lára: Þú bitur mig!

Allir þagna og draga sig í hlé upp við vegg.

Magnús: Já, ég skal bíta þig á barkann og sjúga úr þér blóðið eins og gaupa! Þú hefur vakið í mér villidýrið sem ég hef árum saman reynt að drepa með sjálfsafneitun og meinlætalífi! Ég kom hingað í þeirri trú ég væri örlítið betri en þið en er nú aumastur allra! Síðan ég sá þig í allri þinni skelfilegu nekt, síðan ástríða mín villti um fyrir mér finn ég með mér ofurstyrk hins illa; hið ljóta verður fagurt, hið góða ljótt og veikt! Komdu, ég skal kæfa þig með kossi!

Undir þessari ræðu reynir Lára að halda niðri í sér hlátrinum. Allir reyna að halda niðri í sér hlátrinum. Lára springur loks úr hlátri. - Allir hlæja.

ÞÖGN

Barnið kemur undan borðinu og gengur að Láru og hvíslar í eyra hennar.

Lögmálið fer aftur í sitt upprunalega form að öðru leyti en því að Hera hvíslar í eyra Láru áður en hún tekur til máls. Hera fylgir fókus Láru.

Lára: Eftir klukkutíma erum við í borginni! Þá skaltu fá að sjá hver ég er ...

Magnús: Og í kvöld förum við í leikhús! Til að sýna okkur! Það er hann sem situr uppi með smánina ef ég strýk; skilurðu það?
 Lára: Ég er farin að skilja! Svo fangelsi er ekki nóg ...
 Magnús: Nei, það er ekki nóg! Smán skal hann fá ofaní kaupin!
 Lára: Einkennilegur heimur! Þú fremur ósæmilegt athæfi og smánin skellur á honum!
 Magnús: Fyrst heimurinn er svona heimskur!
 Lára: Það er eins og þessir fangelsisveggir hafi drukkið í sig alla illsku afbrotamannanna; og maður þarf ekki annað en anda til að fá hana oní sig!

TÓNLIST

Allir hlaupa út af sviðinu og koma til baka léttir í lund með borðdúk og servíettur.

Intermezzo

Á meðan lagt er á borð kemur hver og einn leikari fram fyrir hópinn og sýnir áhorfendum einfalt töfrabragð.

Kafli VII

Epíski kaflinn

Borðið er dúkað – munnþurrkur verða að objektum og búningum.
 Unnið er frjálst með reblikkurnar og leikararnir skipta ört um „búninga“.
 Vísað er í stemningar og tímabil.
 Byrjað er á einföldum senum á milli tveggja – endað á stórum dramatískum myndum með öllum á mörgum hæðarplönnum.
 Textinn er fluttur af mismunandi styrkleika.

Sitúasjónir í línulegri röð:

Borðhald hjóna
 Partý
 Tómsundur/frítími
 Húsbændur og hjú
 Veitingahús
 Hjónalíf
 Kynlíf
 Sukk – sjúsk
 Kirkjunnar fólk
 Sveitarómantík
 Verkamenn
 Bylting
 Stríð
 Vígvöllur
 Sjúkrahús
 Dánarbed
 Jarðarför
 Gróteska
 Fírring

Hlutverk:

Nunnan Ólöf
 Hjúkrunarkonan Lára
 Biskupinn Sveinn
 Kúrekinn Magnús
 Múslimakonan Aðalbjörg
 Bófinn Árni Pétur
 Bóndakonan Jórunn
 Húsbændur og hjú allir

Element:

Sársauki
 Kynlíf
 Ofbeldi
 Ást – gleði
 Hatur – reiði
 Dauði
 Einelti

Klútar:

Umbúðir sjúkra Sveinn
 Bundið fyrir augu Árni Pétur
 Tannpínuklútur Jórunn
 Upp í munn Sveinn
 Bundið um munn Árni
 Bundið um hendur – hönd Ólöf
 Ennisband Magnús
 Handklæði um háls Jórunn
 Um handlegg Magnús
 Blómvöndur Lára
 Skaufi Árni
 Þerra tár Magnús

Textar:

Ég hélt þú værir kominn til að predika.
 Fyrirgefðu mér!
 Þú veist það!
 Ég skal binda þig ...
 Komdu, ég skal kæfa þig með kossi!
 Þú bitur mig!
 Þú hefur vakið í mér villidýrið.
 Sona, sona!
 Byrja þú nú líka, strax?
 Þú nefndir syndafallið ...
 Ég kom hingað í þeirri trú ég væri örlítið betri en þið en er nú aumastur allra!
 Ég var ambátt og hef verið leyst úr ánauð!

Strax.

Þegar byltingin hefur átt sér stað og fyrsta mannfallið sést í myndinni kemur barnið inn og leggst á vígvöllinn.

Kaflinn endar á grófum myndum ofbeldis og firringar þar sem hópurinn ræðst gegn Árna sem er bundinn á höndum og fótum, það er bundið fyrir augu hans og munn.

Kaflí VIII

Lokamynd, maðurinn í öngstræti – guðleg opinberun

Kaflinn er túlkaður með mikilli tilfinningu. Leikararnir hrópa í mikilli bræði og grimmd að Árna Pétri sem er mjög aumur – hann svarar þrátt fyrir að vera keflaður.

Árni Pétur: Fyrirgefðu mér!

Kór: Já, á hnjánum! – Andlitið í gólfið – kysstu fót minn!

Og reyndu þetta aldrei oftari! --- Upp!

Árni Pétur: Hvar hef ég lent? Hvar er ég?

Kór: Þú veist það!

Árni Pétur: Ég held helst ... ég sé í helvíti!

TÓNLIST

Ave María e. Gounod

María mey (Aðalbjörg) birtist undan borðinu með dúkinn sem slæðu – barnið gengur eins og engill á undan henni að Árna Pétri og leysir klútana. Þegar Árni er laus, valhoppar barnið út af sviðinu með klútana og María mey tekur Árna í faðminn. Leikararnir snúa sér við einn af öðrum og ganga að veggnum og standa þar með bakið í áhorfendur.

PÍETA

LOK

ÓDAUÐLEGT VERK UM STRÍÐ OG FRÍÐ

Stúlka og drengur sofa í myrkrinu undir ljósaperu.

Kaflí I

Jafnvægi – traust – gleði

Ljós neðarlega, fer upp þegar börnin vakna og niður þegar nóttin kemur.

Börnin eru sofandi.

Þau vakna, leika sér, hlæja, verða þreytt og hvíla sig.

Kaflí II

Við

Vatnsbali kemur inn sviðsvinstri á meðan þau sofa.

Börnin vakna upp við vatnshljóð. Þeim er lyft upp af gólfinu af skuggaverunum.

Þau fara strax að vatninu, hlæja, leika sér að vatni, skvetta og frussa, drekka.

Þau eru leidd af skuggunum inn í þvottarritúal:

Þau fá sér sjálf að drekka, skuggi setur vatn í hendur drengsins, hann þvær

stúlkunni í framan. Hann setur vatn í hendi hennar, hún þvær honum.

Þau þvo saman hendur, hann sest og hún þvær fætur hans –hann

horfir fram. Hann þvær fætur hennar – hún horfir fram.

Þau hjálpast að upp og teygja sig.

Þau fara í reipitog, detta, hlæja og verða þreytt,

finna nýjan náttstað og sofna í „skeið“.

Kaflí III

Ég – þú

Vatn kemur inn sviðshægri.

Hún vaknar fyrst við vatnið – hleypur að því og vekur drenginn með skvettu.

Hann ris upp og þau framkvæma ritúalið.

Hrista höfuð og taka höndum um andlit ... fela sig og

segja kúkú og fara síðan að leika elti-feluleik.

Hún: Þú ert hann.

Hann (fer undir ljósið og telur upp að 10): Byrja að leita.

Hún felur sig með hjálp skugganna sem leiða hana upp í ósýnilega brekku.

Hann byrjar að leita en finnur hana of seint – hún hleypur í

ljósið, horfir upp í það og segir aftur: Þú ert hann.

Hann telur aftur, og aftur fela skuggarnir stúlkuna.

Þegar hann er byrjaður að leita opinbera skuggarnir stúlkuna – drengurinn

og stúlkan hlaupa um í rýminu uns stúlkan dettur og meiðir sig.

Hann verður leiður og vill hjálpa henni upp af gólfinu en hún verður reið við hann og hefst á loft í bræðiskasti.

Hann réttir henni höndina en hún slær í hana, hann reynir aftur að gefa henni höndina og hún slær aftur í hana. Þetta þróast þannig að þau byrja á klappleik. Þau leika sér í smástund þar til stúlkan breytir leikreglum.

Drengur: Hvað ertu að gera?

Stúlka: Það eru komnar nýjar reglur.

Drengur: Nei.

Stúlka: Jú.

Drengur: Nei.

Stúlka: Jú.

Þau lyftast frá gólfi í bardagastöður og færast í loftinu frá hvort öðru. Þau koma hægt niður.

Þau eru hljóð og setjast hvort á sinn staðinn, hún færast nær ljósinu sem virðist veita hlýju og öryggi. Hún reynir að sofna en getur það ekki. Hann situr einn. Hún sest upp og horfir á hann – þau ulla hvort á annað, fara að hlæja og hún býður honum undir ljósið. Þau sýna hvort öðru umhyggju og hlýju. Þau hvíla sig. Hún sofnar á maga hans.

Kafli IV

Eftirvænting – ákafi – eignarréttur

Vatnið kemur inn sviðsvinstri.

Hann vaknar fyrst. Vekur hana með því að pikka í hana og þau fara í gegnum ritúalið.

Hún: Þú ert hann.

Þau leika sér í skógi af skuggum.

Hann nær að klukka hana með hjálp skugganna.

Hún gengur að ljósinu en nennir ekki að vera hann svo hún segir: Bíddu.

Hún gengur að vatninu og fær sér að drekka og leyfir honum að drekka líka.

Um leið og hann hefur drukkið klukkar hún hann.

Hann verður svolítið pirraður en gengur að ljósinu og telur. Stúlkan stendur fyrir aftan hann á meðan hann telur. Hún felur sig ekki.

Hann: Byrja að leita.

Hún: Stopp.

Hún fer að drekka aftur en hleypir honum ekki að.

Hann: Má ég?

Hún hrindir honum frá sér.

Hann: Má ég?

Hún hryndir honum frá sér.

Hann: Má ég?

Hún sparkar til hans og þau takast bæði á loft í stórum átökum. Hann vinnur bardagann, sigrar vatnið og kemur niður úr átökunum og fær sér að drekka.

Hún sest framsviðs, sigruð – leið.

Glas birtist úr lausu lofti og stúlkan tekst á loft til að sækja það. Hún fer að vatninu og fær vatn í glas og drengurinn drekkur úr bunu á meðan. Þau drekka bæði vild sína og horfa fram í eitt augnablik. Sátt.

Hann sest undir ljósið sem er greinilega besti staðurinn, hún er ein eftir með glasið sem hún leggur frá sér. Hún veit ekki hvað hún á af sér að gera. Brekkan tekur hana og hún virðist liðast um í lausu lofti. Hún rúllar niður á hendur – gengur á höndum, fer í brú, hristist og grettir sig fyrir hann og honum er skemmt. Hann býður henni að setjast hjá sér og þau sitja saman undir ljósi.

Hann: Meira.

Hún heldur fína sýningu fyrir hann byrjar á hoppi og fer síðan í handahlaup – arabastökk – og endar á grettu.

Hún ætlar að setjast en hann leyfir henni það ekki. Hún horfir fram til áhorfenda og beinir athygli sinni að þeim. Með hjálp skugganna svífur hún um loftið og endar framsviðs þar sem hún leikur skringilegt atriði fyrir áhorfendur. Hann verður mjög afbrýðisamur og stoppar hana. Þau fara bæði á hvolf; hann frýs í loftinu. Hún sigur hægt niður og talar til áhorfenda.

Hún (leikið úr hljóðkerfi): Getur þú hjargað mér?

Hún sest ein aftarlega á sviðinu með bakið í áhorfendur. Hann situr einn framsviðs.

Bók kemur fljúgandi í gegnum loftið og til hans. Hann tekst á loft og grípur bókina og sest með hana undir ljósið.

Hún verður forvitin þegar hann byrjar að hlæja að því sem hann les. Hún kemur til hans og sest við hliðina á honum.

Þau lesa saman, hlæja og verða þreytt og sofna saman.

Kaflí V

Keppni – spennan – átök

Hún vaknar fyrst og flýtir sér að finna bókina og byrjar að lesa.

Hann vaknar og sér hana við lestur – hún leyfir honum ekki að vera með. Glasið birtist og hann sækir það. Hún sér hann með glasið og fær áhuga á því.

Skuggarnir færa glas og bók á milli barnanna og færa þau nær hvort öðru um leið.

Þau sitja hlið við hlið, hann með glasið og hún með bókina, hún flettir blaðsíðunum svo hratt að hann getur ekki fylgst með ... hann verður pirraður og drekkur allt úr glasinu, hún bregst leifturhratt við – hún grípur í glasið – hann grípur í bókina og þau takast á loft.

Glasíð brotnar og bókin rifnar á milli þeirra.

Blaðsíður koma niður úr loftinu. Glasíð hverfur og glerbrot birtast í loftinu og á gólfinu.

Þau horfa í svolitla stund á það sem þau hafa gert. Þau setjast og leggjast síðan og snúa saman bókum. Undir ljósinu eru glerbrot og rifrildi úr bók.

Kafli VI

Vopnahlé - friður - ný byrjun - leiði

Börnin vakna og færa sig nær rifrildunum og setjast sitt hvoru megin við þau. Skuggarnir safna saman blaðsíðunum úr bókinni og glerbrotunum og láta þau svífa í gegnum loftið í hendur barnanna. Eins og fyrir töfra verða bókin og glasið heil aftur. Skuggarnir leiða börnin saman aftur, þau sitja dauð með bók og glas á milli sín. Þau lesa í smástund og leggjast síðan til svefns á bakinu.

Kafli VII

Svik - ótti - hatur - hefnd

Stúlkan vaknar ein, sest upp og horfir fram til áhorfenda.

Hún: (leikið úr hljóðkerfi): Þú getur ekki bjargað mér.

Vatnið byrjar að seytla og vekur drenginn. Börnin fara inn í ritúalið en þau eru köld og áhugalaus og skuggarnir hryssingslegir. Hann frussar á hana, hún horfir út - allt frýs í augnablik áður en hún heldur áfram í ritúalinu. Þegar því er lokið segir hún: Þú ert hann. Þau endurtaka eltingarleikinn frá byrjun verksins og slysið endurtekur sig - hún hvessir augunum á hann og hann horfir fram. Mikil spennan en engin útrás í átökum.

Hann tekur glasið og hún tekur bókina.

Hún les og hann drekkur. Hún stelur blaðsíðum úr bókinni án þess að hann sjái, fer afsíðis, les síðurnar og leggur sig. Hann tekur bókina og sér að blaðsíður vantar. Hann fer til hennar þar sem hún liggur og ætlar að taka síðurnar til baka en henni verður mjög hverft við. Þau takast á um blaðsíðurnar og halda bæði fast í þær, svífandi í loftirnu þegar hnifur birtist skyndilega í lausu lofti. Þau hræðast bæði hnifinn og átökin stöðvast, þau síga niður og stara á hnifinn. Þau leggjast bæði til hvílu en sofna hvorugt, þau snúa frá hvort öðru og eru óróleg og greinilega hrædd. Skuggarnir taka sér bólfestu undir ljósinu.

Kaflí VIII**Stríð**

Hún fer á stjá og er hrædd við skuggana undir ljósinu.

Vatnið byrjar að seytla og börnin fara bæði í einu hendingskasti að vatninu sem hverfur um leið og þau ná því.

Þá birtist bókin í lausu lofti og þau hlaupa í hendingskasti að bókinni sem hverfur um leið og þau nálgast hana.

Hún gengur framhjá skuggunum og sest með bakið í ljósið og reynir að lesa.

Hann virðist gagntekinn af hnífnum, nálgast stúlkuna. Hún snýr baki í hann ... vill ekki hleypa honum að sér. Hann gengur hægt að hnífnum sem hangir í loftinu og ætlar að grípa hann þegar vatnið byrjar að streyma og börnin hlaupa bæði að því og rekast á.

Þar hefjast lokaslagsmálin um hnífinn sem endar í hendi stúlkunnar sem ber hann við háls drengsins.

ÞÖGN

Blóm sem stúlkan hefur haft í hárinu svífur nú í gegnum loftið og lendir á gólfinu.

Hún sleppir takinu á drengnum og gengur hægt frá honum.

Hann sér blómið, tekur það upp og ætlar að færa henni það. Hann snertir öxl hennar og hún snýr sér við og stingur hnífnum í hjartað í honum. Hann fellur til jarðar.

Kaflí IX**Sigur – ósigur – uppgjöf – ákall**

Hún stendur og horfir á hann.

Hún fær bókina og glasið í hendurnar, breiðir út faðminn.

Róddin breytist undir lestrinu úr ródd barns í ródd fullorðinnar konu og hendurnar síga þar til í lokin að glas og bók hverfa úr höndum stúlkunnar.

Hún (leikið úr hljóðkerfi):

Ó, sigur

ó, sæti sigur

ó, sigur!

ó, sæti sigur!

ó, fagri

óafturkallanlegi

óbætanlegi

óafturkræfi sigur

ó, sigur ...

Ósigur ...

Ósigur. Ósigur!

Ósigur!

Kaflí X

Guð úr vélinni

TÓNLIST

Tónlist: Xerxes, aría e. Händel

Bjöllur klingja, mannsraddir heyrað syngja og skuggarnir sýna sig - taka af sér höfuðfötin. María mey birtist úr myrkrinu.

María mey (syngjandi):

Aldrei séð hef

fegurri blíðlegri

blíðlegri skugga blóms

í heimi hér.

Aldrei séð hef

fegurri blíðlegri

fegurri skugga blóms í heimi hér

blíðlegri skugga blóms

aldrei séð hef

fegurri, dýrðlegri, blíðlegri skugga blóms í heimi hér

í heimi hér.

María mey tekur í hönd stúlkunnar, reisir drenginn við og

leiðir börnin út af sviðinu í gegnum skuggana.

Inn kemur foreldri með ungbarn í fanginu og stillir sér í ljósið.

LOK

ÓDAUÐLEGT VERK UM DRAUM OG VERULEIKA

Persónur verksins eru dreifðar um rýmið, hver í sínum

þönkum, sitjandi á stólum. Mikið hugsað.

Rólegt – litlar hreyfingar – sembaltónlist.

Aðalhjörg stendur með myndbandsupptökuvél og beinir henni á gólfið

– þegar lifnar yfir rýminu hefur hún upptökur. Hún beinir sjónum að

litlum atriðum, handahreyfingum, andliti, augum, fótum. Myndunum er

varpað á tvo flenniskjái sitt hvorum megin við sviðsopið út allt verkið.

Ólöf snýr baki í áhorfendur við bakvegginn. Hún hreyfir sig ofurhægt á jöfnum hraða út allt verkið. Hún snýr sér við og gengur beint fram með jaðrinum sviðshægri.

Sjö slög heyrast úr hljóðkerfinu:

Útvarpsfréttir dagsins í dag.

Undir fréttunum er fókus á Svein sem er byrjaður að undirbúa ræðu. Rödd

hans hækkar og hann tekur við. Talandinn er sérkennilegur. Hann skeytir

smáorðum inn í textann, svo sem er með, svartur, hvítur, hann o.s.frv.

Sveinn:

Góða kvöldið. Ég hef ekki hugsað mér að vera væminn eins og aðrir hérna í kvöld.

Sigurður minn, þú átt ekki von á góðu, það veit ég. Hún Súsanna er þrjóskaði en

andskotinn. Við tvö höfum oft tekist á í gegnum tíðina. Eitt sinn þegar hún var

fjögurra ára tók hún af sér bílbeltið og ég lagði bílnum úti kant og sagðist ekki ætla

af stað fyrr en hún væri búin að festa það á sig aftur. Þar sátum við í hálf tíma þar

til ég festi það á hana sjálfur. Seinna þegar hún var unglingur, kom hún til mín og

sagði: „Pabbi“, hún var alltaf að ögra mér, „pabbi, hvað myndirðu gera ef ég kæmi

með löggju heim?“ Þá sagði ég: „Ég myndi taka þéttingsfast í höndina á honum, grípa um öxl hans, horfa djúpt í augun á honum og votta honum mína dýpstu samúð.“

Þá sagði hún; hún var alltaf að ögra mér: „En ef ég kæmi heim með negra?“

Þá sagði ég: „Ég myndi taka þéttingsfast í höndina á honum, grípa um öxl hans,

horfa djúpt í augun á honum,“ ég bý á annarri hæð, „leiða hann um íbúðina

mína og sýna honum hvernig ég bý og svo myndi ég kasta honum fram af

svölunum.“ Það var líka á unglingsárunum sem Súsanna tók upp á því að gerast

dópisti, og gerði það með stæl, var sprautufíkill í einhver þrjú ár. Og hélt sig með

allskonar hyski. Síðan ákvað hún að þurrka sig upp og fór í Krýsuvík í hálf árs

meðferð. Hún var nú ekki búin að vera þar lengi þegar hún kom til mín og sagði:

„Pabbi, ég er komin með kærasta, ég hitti hann í Krýsuvík.“ Og svo eitt kvöldið

kom hún með hann heim og ég kannaðist við kauða. En þau voru ástfangin

og ekkert að gera við því og þau eru að gifta sig hérna í dag. Ég ætla nú ekki

að skála fyrir þeim eða fara með einhverjar krúsíðullur en frekar að mælast

til þess að við lyftum glösum og skálum fyrir Krýsuvíkursamtökunum.

Mér finnst ég ekki hafa unnið neina sigra, nema kannski að

eignast hana Ástríði, það var sigur. Ég lít ekki á mig sem einhleypa

móður, heldur bara móður. Við eigum þetta saman.

Þetta er dæmigerð nýs lífs spurning.

Þetta er falleg birta en hún er ekki nauðsynleg.

Hannes hóstar. Árni klappar.

TÓNLIST

Orri og Árni Pétur fara geyst um sviðið í einhvers konar leit að hljóði. Hannes er í andnaud – hann fellur í gólfið. Sveinn hóstar ofsalega og Orri hendir stól í gólfið. Allir fara úr jafnvægi og á meðan Árni Pétur talar hreyfa þau sig mjög hægt eins og í vatni.

ÞÖGN

Árni Pétur:

Hljóð verður til þegar hlutur hreyfist fram og til baka nógu hratt til að setja af stað bylgjur í því efni sem hann titrar í, þ.e. raddböndunum í þessu tilfelli. Hljóðið verður svo að berast að eyranu og flytjast þaðan upp í heila. En skoðum fyrst hvernig hljóð berst að eyranu. Eðlisfræði hljóðsins. Hljóðið sem við heyrðum fór sem bylgja frá hljóðberanum gegnum loftið. Sameindir loftsins (mólikúlin) urðu fyrir truflun, rákust hver á aðra og frá hver annarri. Samþjöppun og lofttæmi. Bylgjur – eins og danspör á gólfi rekast á þegar þjónn gengur um og ýtir við þeim og þau rekast svo á önnur pör og svo framvegis svo allt dansgólfið verður fyrir áhrifum af ferðalagi þjónsins. Bylgjuhreyfingunni mætti líkja við það þegar steini er varpað í vatn. En hljóð fer mun hraðar. Hljóðið sem við heyrðum fór um 343.6 metra á sekúndu því hér inni eru um 20 gráður á Celsíus. Hæð bylgjunnar gefur okkur hljóðstyrkinn sem í þessu tilfelli var nokkuð hátt, 80 desibel myndi ég skjóta á. Ég er sjálfur núna að nota eitthvað um 60 desibel. 0 desibel heyrist varla, 8 desibel eru eins og andardráttur sofandi barns – 130 óbærilegur hávaði (hrópar), en þetta var kannski bara 65–70 desibel. Hljóðbylgjan hefur enga þýðingu fyrr en hún skellur á eyranu. Lítur ekkert spes út svona við fyrstu sýn. Húðblaðka og brjósk. Hérna inni eru svo fíngerð líffæri sem starfa á svo áreiðanlegan og sjálfvirkkan máta að enginn verkfræðingur gæti líkt eftir því og maður fyllist lotningu. Hljóðhimnan nemur bylgjuhreyfingarnar. Hún er svo næm að hún skynjar bylgjuhreyfingu þó orka hennar sé ekki meiri en suð býflugur fyrir utan gluggann, svo lítil að það þyrfti eitt hundrað þúsund milljón milljónir býflugur suðandi fyrir utan gluggann til að framleiða nóga orku til að lýsa upp 40 watta ljósaperu. Þess vegna verðum við að magna upp titringinn svo hægt sé að breyta hljóði úr titringi í taugaboð. Hljóðhimnan breytir sveiflum í loftinu í sveiflur í föstu efni. Titringurinn berst frá henni í smábeynin þrjú í miðeyranu. Hamar, steðji og ístað. Beininn margfalda titringskraft hljóðhimnunnar með vogarstangarkrafti. Hljóðhimnan tengist hamrinum sem ýtir svo á steðjann sem svo gefur aukna orku á ístaðið sem svo þrýstir á örsmáan eggglaga glugga kuðungsins sem tekur við öllum þessum aukna krafti á 30 sinnum minna svæði en svæði hljóðhimnunnar er. Þaðan berst bylgjan inn í vökva kuðungsins og inn í innra eyrað. Kuðungurinn er vökvaþyllt líffæri og þar inni flýtur líffæri Gortes eins og kaþbátur í sjó sem er upprunninn

frá þeim tíma sem sem forfeður okkar voru að skríða á land úr hafi, og báru með sér í innra eyranu FRUMHAFIÐ. Þarna hreyfast bifhár sem þang í hafi, skynja og meta og nærast í hafi upprunans, í frumhafinu, þar er hljóðið núna.

Arndís klórar í stól og býr til hljóð sem fær alla athyglina.

Árni Pétur:

Ef tré fellur í skógi og enginn heyrir það. Var þá hljóð?

TÓNLIST

Allir hrökkva í gírinn og komast aftur í jafnvægi við upphafsstef þáttarins Hugvekja dagsins sem leikinn er í heild sinni. Leikararnir setjast flestir í stólana sína en Hannes reikar um eirðarlaus.

Hannes:

Geturðu lánað mér síma? Geturðu lánað mér síma? Hvað, getur enginn lánað mér síma? Eru ekki allir með síma nú til dags? Ég get alveg hringt stutt og látið hringja í mig til baka ... Netið. Ég get farið á netið, er ekki þráðlaust net út um allt? Ég fer bara á netið, ég fer bara á netið og sendi honum tölvupóst, hvað er aftur netfangið? Gabriel@heaven.com, .org., .com, .net ...

Facebook ... fer bara á Facebook. Við erum vinir, ég fer bara á Facebook og skrifa á vegginn hans. Nei, ég sendi honum skilaboð. Sendi skilaboð, blessaður, hvað segirðu? Hvar ertu? Ég hef ekki séð þig svo lengi, þú komst alltaf til mín, þú komst alltaf á nóttunni, en núna er ég bara einn, þú komst alltaf. Heil sért þú, sem nýtur náðar guðs! Drottinn er með þér. Öttast þú eigi, því að þú hefur fundið náð hjá guði. Þú munt þunguð verða og son ala. Hann mun verða mikill og kallaður sonur hins hæsta.

Þú varst svo glæsilegur, vænghafið svo stórt og það glóði af þér ...

En hvað svo? Þú komst alltaf til mín en nú kemurðu ekki lengur, þú skildir mig eftir og hvað svo? Ég kann ekkert á þetta, ég veit ekkert um útvíkkun eða grindargliðnun eða fæðingarpunglyndi og ég reyni að tala við lækinn og hann hjálpar mér ekkert, hann skilur ekki að ég er ekki veikur hér (bendir á enni) heldur hér (bendir á bumbuna) og ég held að það sé eitthvað að, það er eitthvað að og það getur enginn hjálpað mér.

Kannski er bara komið að þessu, kannski er þetta bara að gerast, kannski þarf ég bara að koma mér héðan, kannski þarf ég bara að fara héðan, fara niður á BSÍ, kaupa miða með rútunni og fara, fara norður í Skagafjörðinn, þangað sem þú sýndir mér, á myndinni, í Glaumbæ, stóra húsið, ekki í miðjuna samt heldur lengst til vinstri, þangað förum við, við tveir, þú tekur í höndina á mér og leiðir mig inn gólfið, ég leggst á gólfið og þú leggur á mig hendur og segir: Verið óhræddir, því sjá, ég boða yður mikinn fögnuð, sem veitast mun öllum lýðnum: Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs. Og hafið þetta til marks: Þér munuð finna ungbarn reifað og lagt í jötu.

Dýrð sé guði í upphæðum og friður á jörðu með mönnum sem hann hefur velþóknun á.

Það er komið að því, þið hljótið að sjá það, við sjáum það allsstaðar í kringum okkur, innsiglin eru að rofna, hlustið bara á fréttirnar, í fréttunum eru alltaf sex fréttir og í hverri frétt eru sex setningar ... í hverri setningu sex orð ... hafið þið ekki tekið eftir því?

Það er komið að þessu.

En það er samt eitthvað að, tíminn er kominn en ég finn ekkert lengur, ég veit ekki, það er eitthvað að, ég held að hann gæti verið ... ég held að það sé dáið, ég finn ekkert, ég held að hann gæti verið dáinn, ég held að það sé dáið ... (grætur).

Allir leikararnir syngja angurvært vögguljóð:

Blundaðu ljúflingur láttu þig dreyma
leiðirnar björtu í unaðarheima.
Legg aftur augun þín yndið mitt besta
aldrei skal myrkrið sín tök á þér festa.

TÓNLIST

Allir rjúka upp. Kaos ríkir í rýminu. Allir tala í einu.
Sveinn færir stóla í biðstofu í sviðshægra.
Orri, Árni Pétur og Hannes horfa út um glugga.

Arndís gengur um ósýnilegt herbergi, virðir fyrir sér húsgögn og hluti.

Arndís:

Ég er hérna með til sölu fataskáp. 1 og 20 á breidd, 2 metrar á hæð. Úr gegnheilum við, mjög góðar skúffur.

Svo er ég með spegil frá því um aldamótin 1900 með gullbryddingum. Voða fallegt blómamynstur. Mjög fallegur. 70 þúsund. Ég er með ljósakrónu með mörgum örmum frá sama tíma, saman myndi þetta fara á svona 120 þúsund.

Ég er með mottu. Ekkert merkileg motta. En hún er með skemmtilegu dýramynstri. Það eru ljón og tígrisdýr og krókódílar og apar. Bara öll dýrin í skóginum. Ég myndi vilja fá 4500 fyrir hana.

Svo er hér ljósblá trékom móða með veggfóðruðum skúffum með blómum.

Verðhugmynd 20 þúsund.

Eitt stykki ljósblátt rúmteppi. Bútasaurur. Þrír púðar fylgja með. Vinsamlegast sendið tilboð.

Hvít lítið borð. Fætur hvítlakkaðir. Borðplata úr plexigleri.

Hæð 60 cm. Breidd og lengd 50 cm. 7 þúsund krónur.

Fallegur og vel bólstraður ömmustóll í gráum lit frá Carena. Góðar hallastillingar á baki og fyrir fætur. Hafði hugsað mér að fá 10 þúsund krónur fyrir hann.

Til sölu einnig stór brjóstagjafapúði í glaðlegum litum með myndum af allskyns ævintýraverum. Þarna eru Öskubuska, Mjallhvít og hún í Frozen. Hægt að taka áklæðið og þvo ... 3.500.

Samfellur í stærð 62, þrjár saman. Ein blá með hvítum röndum, ein rauð og ein með svona Spiderman-mynd. 3000.

Svo er hér falleg bastvagga með skerm. Ég myndi vilja fá verðtilboð.

Skírnarkjöll. Aldrei notaður. Kannski ...

Undir miðjum textanum kemur Orri og eltir Arndísi, hann virðist sjá herbergið eins og hún. Þegar Arndís stoppar byrjar Orri að syngja:

Sofðu, sofðu litla barnið blíða
bjartir vaki englar þér við hlið
móðurhöndin milda, þýða
mjúkt þér vaggar inn í himinfrið.

Leikararnir koma saman í kringum Orra. Í lok söngsins myndar Aðalbjörg augað í Orra og úr auganu er spiluð á skjánum upptaka af hópnum utandyra þar sem þau eru að taka við bikar úr hendi leikstjórans. Tónlist. Allir eru glaðir, í litríkum klæðnaði, þau láta bikarinn ganga á milli sín og stilla sér síðan upp í mynd sem leysist upp með hlátrasköllum. Á sviðinu fer fram hliðstætt hreyfimylnstur í hópnum. Lára gengur hægt inn á sviðið og mjakar sér inn að bakveggnum þar til myndbandinu lýkur. Hún togar í spotta sem leysir niður hvítt segl sem lokar á gluggana. Á tjaldinu er hnit sem á stendur: Styrkleikar – Veikleikar, Ógnir – Tækifæri. Við hljóðið af tjaldinu sem fellur stöðvast tónlistin og leikararnir setjast í stólana sem er raðað upp eins og þeir væru í biðstofu.

Lára:

Komiði ...

Komiði sæl.

Ég heiti Sigurbjörg Einarsdóttir.

Þekkir þú sjálfa/-an þig? Auðveldast er að segja já, og hugsa svo ekki meira um það. En staldraðu aðeins við, littu inn á við og gefðu þér sjálfri/-um heiðarlega einkunn á skalanum 1-10 um sjálfsmat/sjálfsálit/sjálfsstraust þitt og árangur. Ef þú gefur til dæmis sjálfri/-um þér einkunnina 6, þá segir það að einhver 40% standa eftir. Hvað eru þessi 40 prósent? Það er eitthvað sem þú sjálf/-ur telur vannýtt eða óvirkkt hjá þér. Kannski er talan lægri, sjálfsmatið lágt og þér líður þá væntanlega ekki vel með það. Þá er samt ekkert að óttast því þá áttu bara ennþá meiri innistæðu til að sækja í, því öll/allur ert þú 100%.

SVÓT stendur fyrir S = styrkur V = veikleiki Ó = ógnun T = tækifæri.

Styrkleikar og veikleikar eru þættir í innra umhverfi ykkar (e. microenvironment) – hlutir sem hægt er að breyta – hæfileikar, reynsla, þekking o.þ.h.

Ógnanir og tækifæri eru í ytra umhverfinu og þið fáið þeim ekki breytt á auðveldan hátt (e. macroenvironment) – lög, reglur, tíska, samkeppni o.þ.h.

Aðalbjörg króar Láru af með myndatökunni. Lára frýs. Sveinn sætir lagi og tekur tússpennann sem fellur úr hendi Láru. Hann byrjar að jafna orðin út á töflunni, bætir við „er með – ekki með – svartur – o.s.frv.“.

Lára jafnar sig og fer að dreifa miðum til leikaranna. Þegar Sveinn er hættur að skrifa á töfluna heldur Lára áfram fyrirlestrinum og leikararnir byrja að skrifa á miðana sem þeir fengu.

Hægt er að safna upplýsingum saman og nýta styrki og möguleika. Skoðaðu sjálfa/-n þig vel og rækilega og skrifaðu allt niður sem fellur undir hvern lið.

Gefðu þér góðan tíma til að vinna þessa vinnu því hún verður að vera vönduð.

Þau byrja strax að líma gula miða upp á hnitið á töflunni.

Þegar þetta er komið geturðu lesið sjálfan þig. Tækifæraliðurinn er sá sem verður mest spennandi eftir þessa vinnu því nú ertu líka fær um að sjá hvaða tækifæri liggja fram á veginn. Hér er rétt að taka fram að tækifærin geta verið af öllum toga, ekki endilega að verða forstjóri þó það sé annars ágætt, heldur getur verið um að reða að bæta sig á ýmsum sviðum mannlífsins, t.d. verða betri í mannlegum samskiptum, betri stjórnandi, betra foreldri, verða ákveðnari, jákvæðari, skemmtilegri, hætta að stela eða bara hvað sem er. Vinnan er ekki þar með búin, en stórt skref stigið. Nú þegar þú sérð tækifærin þarftu að setja þér markmið. Þá er gríðarlega mikilvægt að hafa markmiðið ögrandi, dæmi: Ef þú stekkur 1.20 í hástökki nú þegar, þá stillirðu hæðina ekki í 1.20 heldur í 1.25 en setur stefnuna á 1.70 eða þangað sem tækifærið liggur.

Arndís færir alla miðana í veikleika.

Einsettu þér að nálgast takmarkið í litlum áföngum, eins og þú værir að bæta þig í hástökki (æfðu þig). Viðmiðið á ekki að vera hvað aðrir eru að gera heldur á mælikvarðinn að vera þú sjálf/-ur, (þú hækkar rána eftir því sem þú stekkur hærra) sjáðu sjálfa/-an þig mjakast nær og nær settu marki.

Hvernig getum við náð að viðhalda og bæta styrkleika okkar?

Hvernig getum við minnkað veikleika okkar?

Hvaða möguleikar eru til staðar til að bæta stöðuna?

Hvernig getum við nýtt tækifæri okkar?

Mikilvægustu tækifærin.
Hvernig getum við fyrirbygggt og eytt ógnunum?
Mikilvægustu hættur/ógnir.

Nú geturðu lesið sjálfa/-an þig og þá þarftu að setja
þér markmið og búa til aðgerðaáætlun.

Til þess þarftu að snúa veikleikum upp í styrkleika.

Orri kemur upp að töflunni og byrjar að endurraða miðunum
og um leið að snúa veikleikum upp í styrkleika.

Á miðunum stendur:

hatur
satan
hávaði
krabbamein
ógleði
dauði
einsemd
martröð
nauðgun
skagaþjörður
innilokun
veggur
myrkur

Á meðan Orri talar í síbylju heldur Lára áfram í lágum hljóðum að útlista SVÓT
á töflunni.

Texti Láru sem ekki heyrir nema sem muldur:

Lára: Tilgangurinn er að einstaklingurinn taki skref í átt að framtíðarsýn
sinni, markmiðum og væntingum til lífsins. Ferlið hjálpar einstaklingnum að
skilgreina og ná persónulegum og faglegum markmiðum hraðar og auðveldar
en annars væri mögulegt og stefnir að því að hámarka getu einstaklingsins.
Auka sjálfsvitund. Skapa umhverfi sem styður einstaklinginn í að fá
skýrari sýn á sjálfa/-n sig, með virkri hlustun, kröftugum spurningum,
endurgjöf og áskorun. Draga fram sköpunarkraft einstaklingsins,
styrk hennar/hans og hæfni til að finna eigin lausnir.

Móta aðgerðir. Styðja einstaklinginn í að setja sér markmið sem
fyllir hana/hann eldmóði og hvetur hana/hann áfram. Styðja
einstaklinginn í að breyta á jákvæðan hátt hugsunum og atferli.
Fimm aðalatriði:

Að gera skýr markmið, uppgötva nýja möguleika, móta aðgerðir,
skoða hindranir, gera samantekt og næstu skref.

Þá opnast nýir möguleikar.

Móta aðgerðir sem færa einstaklinginn nær markmiði sínu. Næst er að skoða það
sem gæti hugsanlega orðið markmiðinu til hindrunar og finna leiðir til lausnar.

Kröftugar spurningar eru eitt af því sem getur skapað aukna sjálfsvitund einstaklingsins og er grundvöllur árangurs. Kröftuga spurningu væri hægt að skilgreina sem þá spurningu sem vekur einstaklinginn til nýrra og frjórra hugsana.

Spurningar eru forsenda þess að læra.
 Spurningar eru glugginn að sköpunarkrafti og innsæi.
 Spurningar hvetja til nýrra og ferskra hugsana.
 Spurningar ögra úreltum hugmyndum.
 Spurningar leiða okkur til framtíðar.
 Því má segja að grundvöllur þess að vera árangursríkur er að hafa hæfni til að spyrja kröftugra spurninga.

Kröftug spurning inniheldur aðeins fimm orð. Þegar of mörg orð eru notuð verður hún ruglingsleg. Allra áhrifamestu spurningarnar eru eins atkvæðis spurningar eins og til dæmis: Hvað? Hvernig? Hvenær? Þannig spurningar eru skýrar og hnitmíðaðar. Kröftugar spurningar geta leitt til aukinnar sjálfsvitundar þar sem einstaklingurinn er vakinn til vitundar um hugsanir sínar, tilfinningar og umhverfi. Þær ögra henni/honum til að finna sín eigin svör og lausnir. Þetta leiðir til þess að sjálfstraust hennar/hans og geta til þess að leysa þau vandamál sem upp koma vex. Það er mjög mikilvægt að finna út hvar hæfni einstaklinganna liggur, svo að hver og einn finni sitt rétta hlutverk. Kröftugar og ögrandi spurningar geta oft orðið kveikjan að nýjum og frumlegum hugmyndum. Kröftugar spurningar kalla fram fleiri spurningar, örva hugsun, hvetja til hugmyndaauðgi og beina hugsuninni inn á nýjar brautir.

Notaðu þessa aðferðafræði ef þú vilt ná í það sem upp á vantar hjá þér, eða bara til að bæta þig í því sem þú ert að gera í dag.

Orri:
 Ógleði.

Neikvætt. Líkamleg tilfinning. Jafnan undanfari uppkasta. Uppköst. Æla. Neikvætt.

En ef við slítum orðið í sundur: Ó-gleði! Skjótum inn í til frekari skýringar Ó-hvílík-gleði. Eins og upphróunin Ó-gleði! Jákvætt.

Hávaði.

Neikvætt. Árás á skynfærin. Getur leitt til varanlegs skaða. Getur jafnvel sprengt hljóðhimnuna og þar með valdið heyrnartapi eða algjöru heyrnarleysi í einhverjum tilvikum. Neikvætt.

En ef við slítum orðið í sundur: Há. Eins og há, hávaxin. Hávaxið fólk er tekjuhærra en annað fólk. Hávaxið fólk er jafnframt líklegra til sigra í samfélaginu. Hávaxið fólk nýtur meiri virðingar og velgengni en annað fólk. Hávaxið fólk er jafnframt líklegra til að velja sér góðan maka, maka við hæfi, maka sem nýtur einnig velgengni. Jákvætt.

Vað, eins og vaðið heim að bænum, fallegur staður. Það er gaman að vaða. Að vaða í vatni. Er skemmtilegt. Jákvætt.

I, eins og orðið, i, upphrópun. Áttuð úr Hafnarfirði. Í sjálfu sér hvorki jákvætt né neikvætt. Heldur ætlað til þess að draga léttvægt dár að hlutunum. Dár er form af fyndni. Það kunna allir að meta fyndni. Jákvætt.

Há-Vað-I. Jákvætt.

Krabbamein. Neikvætt. Hræðilegur sjúkdómur sem getur lagst á hvaða hluta mannslíkamans sem er. Erfiður viðureignar. Þarfnast mikillar aðhlynnningar. Fólk deyr oft úr krabbameini. Jafnvel þótt það nái sér af sjúkdómnum getur hann blossað upp aftur. Krabbamein. Neikvætt.

En ef við slítum orðið í sundur: Krabba. Eins og krabbadýr. Krabbar eru sniðug dýr. Þeir labba út á hlið, það er pínulítið fyndið. Krabbar eru líka þeim undarlega hæfileika gæddir að ef maður slítur klærnar af þeim þá vaxa þær aftur, verða að vísu ekki jafn stórar og áður, en engu að síður. Jákvætt.

Mein, eins og, eins og, eins og ... Mæn, mæn uppá þýsku. Mein. Mein þýðir mæn uppá þýsku. Við munum öll eftir leikaranum geðþekka Jeroen Krabbe. Hann var hollenskur. Hann. Hann talar þýsku. Hann lék í James Bond-bíómyndinni Living Daylights, sælla minninga, ein af eftirminnilegri Bond-myndunum. Jákvætt. Krabba. Mein. Krabbinn. Minn. Jákvætt.

Nauðgun.

Neikvætt. Gróft líkamlegt ofbeldi, oft karlkyns gerandi á hlut konu. Þó ekki einhlítt. Skilur eftir sig ör á sálinni alla ævi. Getur líka leitt til þunglyndis. Jafnvel sjálfsmorðs. Neikvætt. En ef við slítum orðið í sundur. Nau! Eins og upphrópunin: Nauh! Eða: NauNauNau! Eða eins og Laddi sagði hérna um árið: NojNojNoj. Jákvætt. ÞÐ eins og, eins og ÞÐÞ eins og ÞÐ eins og ÞÐ, eins og maður sem á erfitt með að segja err.

Eð, Eð, Eð þetta ekki hann ... Hvað eð þetta?

Gun, eins og stamandi einstaklingur. GunGunGunGunGunnar eða GunGunGunGunnhildur.

Nau Eð þetta GunGunGunGunnhildur. Jákvætt.

Satan.

Myrkrahöfðinginn. Lúsífer. Drottari helvítis. Fallni engillinn.

Neikvætt. En ef við snúum orðinu við. Natas.

Natas líkist eignarfallsmyndinni af karlmannsnafninu Natan. Natans.

Eins og, Natan Ólsen heildsali. Við munum öll eftir honum.

Máttarstólpi í samfélaginu. Hann var góður maður.

Satan. Jákvætt.

Myrkur ... (Ad lib)

Þegar Orri hættir greiningu sinn sest hann aftur í stólinn sinn þar sem hann fer að brjóta saman blaðið sitt. Allir tala í síbylju um eitthvað tengt myrkrinu. Lára með myndavélina í andlitinu færir fyrirlesturinn og töfluskrifin á gólfíð. Hún skriður fram. Leikararnir standa allir upp og rómur þeirra hækkar smám saman og þau færast hægt í áttina að Láru sem stöðvast við fætur Ólafar sem nú er komin fremst á sviðið. Lára lítur upp á Ólöfu og hópurinn þagnar.

Orri:

Komiði sæl.

Ég heiti Sigurbjörg Einarsdóttir.

Þekkir þú sjálfa-n þig? Auðveldast er að segja já.

Ólöf opnar lófana og þar er hún með lítið Maríu meyjar-líkneski sem stendur á spiladós. Ólöf snýr spiladósinni sem spilar Ave María. Hún krýpur að Láru og leggur Maríu niður fyrir framan hana. Tónlistin fer í hljóðkerfið og mynd af Maríu-líkneskinu fer upp á skjáina. Lára leggur höfuðið niður og horfir á Maríu. Lára lokar augunum. Allir loka augunum. Allir brosa. Á bakveggnum hefur Orri raðað gulu miðunum þannig að þeir forma fugl á flugi og á stólunum hafa leikararnir skilið eftir fugla sem þau hafa brotið saman úr blaðinu sem þau fengu frá Láru. Tónlistin fjarar út og myndin á skjánum leysist upp.

ÞÖGN

LOK

ÓDAUÐLEGT VERK UM ÁST OG ÁSTLEYSI: HVAR ER GUÐ?

Kaflí I

Steinunn tekur á móti áhorfendum í forsal leikhússins og á við hvern og einn stutt samtal. Hún fer með áhorfandann til fundar við barn og spyr hvort barnið megi spyrja áhorfandann nokkurra spurninga. Hún kynnir áhorfandann og barnið með nafni. Barnið fer með áhorfandann á afvikinn stað.

Spurningar barns

Það sem við erum að fara inní er kannski ekki endilega það sem þú myndir skilgreina sem leiksýningu. Þetta verður frekar eins og ritual, einskonar upplifun, hugleiðing eða jafnvel hugleiðsla.

Ég ætla að fylgja þér inn í salinn en áður en við förum inn langar mig að spyrja þig nokkurra spurninga, er það í lagi? Má ég halda í höndina á þér meðan við tölum saman?

Þegar ég spyr þig þarftu ekki að svara mér heldur bara hugleiða svarið innra með þér.

Finnurðu hlýju gagnvart fólki?
Finnurðu hlýju gagnvart mér?

Elskar þú einhvern?
Er einhver sem elskar þig?
Elskarðu sjálfa/n þig?

Hvernær jataðirðu síðast ást þína?

Hefur þér einhvern tíma dottið í hug að þú getir ekki elskað?
Hefur þér einhvern tíma dottið í hug að enginn elskaði þig?
Finnst þér ástin sársaukafull?

Hefurðu upplifað ástarsorg?
Hefurðu misst ástvin?
Hefurðu sært ástvin?
Hefðurðu brugðist ástvini?
Hefur þú yfirgefið einhvern sem elskar þig?

Hefur þú fyrirgefið?
Hefur þér verið fyrirgefið?

Geturðu staðsett ástina í líkamanum á þér?
Geturðu staðsett ástarsorgina í líkamanum á þér?

Sjáðu hér þessa steina – ég bið þig um að velja einn stein fyrir þá ástarsorg eða ástvinamissi sem liggur þyngst á þér – þú mátt velja fleiri en einn stein. Gefðu þér góðan tíma.

Sjáðu þessar fjaðrir – ég bið þig um að velja eina fjöður fyrir hverja ósk sem þú berð í brjósti fyrir þann/þá sem þú elskar. Gefðu þér góðan tíma.

Nú göngum við inn í salinn.

Gengið í salinn. Leikari tekur á móti áhorfandanum og sýnir honum steinagarðinn þar sem áhorfandinn leggur steininn sinn með öðrum steinum.

Fólk tínist inn og sest dreift um dimmt rýmið á meðan ritualið er í gangi – hljóðmynd: djúpur en seiðandi sláttur/púls.
Þegar allir eru komnir hefst lestur á bréfum.

Kaflí II

Steinunn:

Sæl,

Mig langar til þess að lesa upp úr bréfum sem okkur hafa borist.

Textinn er lesinn í míkrofón – mjög lágstemmt og látlaust.

Kom sólin með þér í bæinn?

Í húsinu okkar verða stórir gluggar sem vísa út að hafinu, himninum og skóginum.

Ég er glataður í að halda fjarlægð en þú ert enn verri ... aftur á móti ertu:

Falleg

Gáfuð

Hugrökk

Ekta

Tælandi

Heillandi

Fyndin

og ótútreiknanleg

og það er akkúrat það sem mér finnst dásamlegt.

Vertu hjá mér að eilífu.

Þú dregur fram djöfulinn í fólki – skemmtilegt – djöfullinn er svo kreatífur.

Ég elska að liggja við hliðina á þér án þess að segja nokkuð,
að keyra með þér í gegnum landslagið
að heyra fótatak þitt úr fjarska
að anda með þér
að hugsa með þér
að horfa upp í himininn með þér.
Ég elska þig.
Ást mín til þín er leyndardómur - ég veit ekki hvaðan hún
kemur eða hvað hún kallar á, ég veit bara að hún er til.

Ég kyssi þig aftur og aftur.

Allt minnir á þig ...

Ísland er fallett land, við keyrum og däumst að landslaginu. Núna sit ég á klósetti á stað sem ég hef aldrei heimsótt áður – þetta ár er fullt af nýjum ævintýrum og það stærsta ert þú.

Ég elska þig í rigningunni.

Ég elska þig í sólinni.

Ég elska þig á nóttunni.

Ég elska þig á daginn.

Ertu dottinn út af radarnum? Ekkert samband?

Samband, reyki sígarettu við lítinn læk og hugsa um þig.

Ó nei. Samband, ég sem var að trappa niður. Ég get ómögulega sent þér kveðju þar sem ég segi þér hversu brjálæðislega glöð ég er að heyra frá þér. Ég get heldur ekki sent þér koss ... það er algjört NOGO.

Já, svona er það. Stundum verður maður að sýna viljastyrk þannig að í þessu skeyti er hvorki koss né faðmlag.

Í augnablikinu ímynda ég mér þig í öllum þeim hlutverkum sem þú gegnir, akkúrat núna þegar klukkan er hálf sjö á venjulegum þriðjudegi, þú sem konan, móðirin, nágranninn, stjórninn, vinkonan og stjúpan á meðan ég sit á alþjóðlegri flugstöð með aðeins eitt hlutverk, „ferðalangurinn“, hlutverk sem er ekkert sérlega krefjandi og þess vegna þínu leiðinlegt. Þá er ég knúinn til að taka á mig hlutverk leynilega elskhugans með svolítið hættulegar hugsanir og set upp leyndardómsfullan svip og vona að það sé einhver sem kunni að meta sýninguna. All the world is a stage and most of us are desperately unrehearsed.

Yfir og út.

Góða nótt í björtu sumarnóttinni langt uppí norðri. Nóttin í þessari borg er full af eftirvæntingarfullum hljóðum. Ungar konur hlæja hátt og ungu mennirnir þurfa ekki hvatningu til þess að breyta í frumstæð öskur, músíkin berst frá mörgum stöðum og blandast saman, einhver ber afrískar trommur. Við þurfum einhvern sem syngur lag ... annars er nóttin full af þrá og örvæntingu. Það smýgur inn í kroppinn á mér og ég iðaða í skinninu. Það eru 15 dagar þar til við sjáumst.

14 dagar.

Tíminn stendur í stað á skrifstofunni.

Tíminn stendur í stað í strætó númer 37 á leiðinni upp
Sveigarðsgötuna. Sólin skín inn um gluggann á andlitið þitt.

Vertu hjá mér að eilífu.

Ég lofa.

Klukkan er 12 og ég sit á skrifstofunni og hlusta á
crazy love og hugsa til framtíðarinnar.

TÓNLIST

Crazy Love

I can hear her heart beat for a thousand miles
And the heavens open every time she smiles
And when I come to her that's where I belong
Yet I'm running to her like a river's song

She gives me love, love, love, love, crazy love
She gives me love, love, love, love, crazy love

She's got a fine sense of humor when I'm feeling low down
And when I come to her when the sun goes down
Take away my trouble, take away my grief
Take away my heartache, in the night like a thief

Yes I need her in the daytime
Yes I need her in the night
Yes I want to throw my arms around her
Kiss her hug her kiss her hug her tight

And when I'm returning from so far away
She gives me some sweet lovin' brighten up my day
Yes it makes me righteous, yes it makes me feel whole
Yes it makes me mellow down in to my soul

e. Jim Morrison í flutningi Morrison og Bob Dylan.

Nú hef ég úðað á mig „Delicious“ ilmvatninu og er á leið í loftið.

Þú ert delicious og mig langar að borða þig – ég byrja á öxlinni ... mmmm delicious.

Ég held þú hafir gleymt því hversu gömul ég er og örugglega frekar seig.

Þú verður að taka litla bita og tyggja vel annars færðu illt í magann.

Þú segir ... mér er nefnilega svolítið illt í maganum ... heldurðu

að það sé þess vegna? Hjálp! Kallið á lækinnn!!!

Góða nótt, ég ætla að sofna og dreyma þig. Ég kyssi þig á hálsinn og bak við eyrað og ég er hamingjusöm einfaldlega vegna þess að þú ert til.

Ég elska þig, ég elska þig, ég elska þig, ég elska þig, ég elska þig,
ég elska þig, ég elska þig, ég elska þig, ég elska þig ...

DOK

Núna sit ég í garði í bænum þar sem ég fæddist og hugurinn reikar.
Ég hugsa um foreldra mín og æskuna. Ég hugsa líka um framtíðina
sem er gáta. Þú talar um hugrekki – ég hugsa líka um það.
Á morgun ætla ég að stinga mér í vatninu þar sem ég lærði að synda.
Við skulum sjá hvort við getum haldið okkur frá drukknun í þeim
straumi sem hefur tekið okkur. Ég er að gera allt rétt hérna megin.

Ég líka ... er að gera allt rétt og vona að það sé það rétta að gera.

Ég talaði við guð og hún segir að það sé ekkert sem
er algjörlega rétt eða algjörlega rangt.

Eldurinn logar og hugurinn reikar á staðnum þar sem amma átti ævintýri lífs síns, sem varð að leyndarmálinu sem hún tók með sér í gröfina. Mig langar helst að hrópa úti nóttina en er hrædd við að vekja þá sem sofa. Náttúran, forlögin, sálin, selurinn ... hvað veit ég? Það eina sem ég veit er að ég elska þig, sakna þín, þarfnast þín. Efnafræði? Rafmagn? Hvernig getur það virkað í svona mikilli fjarlægð?

Það eina sem ég veit er að ég elska þig, sakna þín, þarfnast þín. Efnafræði? Rafmagn? Hvernig getur það virkað í svona mikilli fjarlægð?

Hvernig getur það virkað í svona mikilli fjarlægð?

Eftir að hafa keyrt í bíl, í strætó og í lest, eftir að hafa flogið og siglt er ég að komast á leiðarenda.

Ég hef líka gengið og hlaupið og kæmi gjarnan skriðandi síðasta spölinn en þess þarf ég ekki því ég er um borð í sigurvagninum sem flytur mig alla leið.

Lykillinn liggur í móttökunni, herbergi 220.

Að vera ástfanginn = ástand.

Að vera óþekkur = afstaða.

Að bera upp bónorð = aðgerð.

Að drekka heila hvítvínsflösku og senda sms yfir hafið með bónorði = frekar heimskulegt.

Að fyrirgefa ástfanginni, óþekkri og kenndri konu fyrir að fara yfir strikið = skynsamlegt.

Þú ert falleg þegar þú grætur.

Það er eins og þú sért ótrúlega langt í burtu ... er ég að ganga af göflunum eða?

Viltu svara mér?

Ástin mín með mjúku hendurnar og þá fallegustu þríhyrninga á kroppnum sem hugsast getur – með augu sem opna inn í guðlegar víddir og fállegu og mjúku varirnar sem mér finnst svo æðislegt að kyssa – ég bið þig sem ert ævintýri í kvenlíkama. Þú sem breytist í goðsögulega veru á næturnar og í heimsvanan bóhem á daginn – ég leggst á hnén, gyðjan mín.

Vertu hjá mér að eilífu.

Ég lofa.

Hvað ertu að gera í dag? Ertu upptekin? Ertu með einhverjum? Heima?
Einhverstaðar úti?
Ertu leið?
Ertu reið úti mig?
Ertu reið úti sjálfa þig?
Elskar þú mig?
Elskar þú sjálfa þig?
Ég er heima.
Er að vinna í tölvunni.
Ég er gráttbólgin.
Mér er illt í brjóstinu.
Börnin eru með mér.
Hann er í Kaupmannahöfn.
Ég er ekki reið út í neinn.
Ég elska sjálfa mig og þig.
Ég virði þig.
Ég bið eftir því að þú hringir.
Ég bið þig um að svara mér svo ég þurfi ekki að vera hér allan
daginn og velta því fyrir mér hvernig þú hafir það.

Klukkan er hálf eitt um nótt og það er allsherjar krísa, vodka, yfirheyrslur, lygar.

Allt er í lagi, held ég. Ég hef einsett mér að vera góð, skemmtileg, hjartsýn og samvinnuþýð.

Aðstæður okkar eru mjög niðurbjótandi. Það fyrsta sem brotnar í hjónaböndum er nándin, samlífið, kynlífið. Af hverju ertu enn að sofa hjá honum?

Er það nauðsynlegt? Það grefur undan okkur – hvort er það nándin við hann eða mig sem er lygi?

Það er sorglegt ef kynlíf er orðinn gjaldmiðill fyrir þig. Þú talar um að þínar aðstæður séu svo erfiðar og að þetta sé svo auðvelt fyrir mig. Mín teoría er sú að það sé létt fyrir þig að vera í lyginni – þar hefurðu hvort eð er verið svo lengi – það hlutskipti þekkirðu best. Það verður fyrst erfitt þegar sannleikurinn brýst fram. Ég er ótrúlega þreytt í dag og ég nenni ekki að tipla á tánnum í kringum neinn. Ég bið ekki um annað en að þú sért heiðarleg gagnvart sjálfri þér. Að þú hafir sjálfsvirðingu og virðingu fyrir mér og framtíð okkar. Ég vil að þetta geti gengið. Það gerir það bara ef það er gagnkvæm virðing, opnun, sannleikur og engin lygi ... heldur ekki sú sem við beitum á okkar sjálf. Sjálfsblekkingin.

Þú hefur augljóslega engan áhuga á sambandi við mig – þú hefur áhuga á viðskiptasambandi með tímaramma og fjármagni.

Auðvitað elska ég þig! Kannski er ég ekki ástfangin af þér eins og ég hef verið en ... lífið er öldudalur.

Helst af öllu langar mig til þess að við finnum hvort annað aftur. Að ég geti orðið skotin í þér og að þú getir orðið skotinn í mér. Því flest annað höfum við. Það er langt síðan við áttum tíma saman tvö ... mjög langt síðan. Ég hef verið að reyna að tala fyrir því að við færum eitthvað tvö, að við gerðum eitthvað sem þar en úr því hefur ekki orðið. Við höfum eytt tíma saman sem vinir og sú samvera hefur verið mjög fín og nauðsynleg. Við vorum að mörgu leyti nánari síðasta eina og hálfa árið en við höfðum verið lengi. En við náðum aldrei að opna okkur hvert fyrir öðru. Þú náðir aldrei að tala um það sem gerðist og það var alltaf eins og veggur á milli okkar. Þú segir að þú þurfir ekki að gera það, þú hefur sagt „kannski seinna“. Kannski ástæðan fyrir þessu sé að það er mjög langt síðan að þú misstir áhugann á að vera kærasti minn ... ég veit það ekki. Mig grunar það – ég hugsar að þú vitir það ekki sjálfur.

Af hverju ættu hlutirnir að vera einfaldari fyrir mig?

Fattarðu hversu erfitt þetta er fyrir mig?

Nú snýst allt í kringum þig ...

Ég er tilbúin að fórna heilmiklu.

Eru mínar fórnir einskis virði?

Nú er ég hér tilbúin að halda áfram. En ég er enn viðkvæm og ég hef engar varnir. Ég held þú vitir hvar veikleikar mínir liggja. Að skilja veikleika manneskju er vopn – ég vona bara að friðurinn haldist svo þú grípir ekki til þessa vopns.

Í auðmýkt.

Hæ, við getum talað saman í kvöld, í fyriramálið eða á laugardaginn að deginum til. Á föstudaginn og annað kvöld er ég mjög upptekin og get ekki talað í símann. Ég vona að eitthvað af þessum tímasetningum passi.

Ég hef alltaf elskað þig en ekki leyft mér að fara þangað í mörg ár. Ég hef fylgst með þér af aðdáun en ég hef gert það úr fjarska – ekki sem maki þinn og vinur sem tekur þátt í því sem þú gerir og hugsar, heldur sem útlendingur í eigin fjölskyldu, útlendingur í eigin hjónabandi.

Ástin mín

Ég veit að þú ferð ekki lengur inn á þetta pósthfang nema þú viljir heyra frá mér og þess vegna þori ég að senda þér þetta ástarbréf.

Ég hugsa ennþá um þig þrálátlega.

Ég lifi tvöföldu lífi. Á yfirborðinu er allt í fínu lagi, ég geri allt rétt, virðist vera þroskuð, rausnarleg og skynsöm en í mínu innra þrái ég bara þig og okkur. Ég elska þig ennþá af öllu mínu hjarta, öllum mínum huga og allri minni sál.

Allt minnir á þig.

Þín að eilífu.

Ástin mín.

Ég er enn á mjög myrkum stað og á erfitt með að sá ljósið. Allt er eitthvað svo merkingarlaust. Ég er svo þreytt og rugluð. En ég vil ekki eyðileggja allt það fína sem við eigum, fallegu upplifanirnar, verkefnin okkar, sigrana.

Með þér er ég heil en ókosturinn við það er að þá kemur allt fram í mér. Ætli það sé ekki gott að horfast í augu við djöflana í sér. Það hef ég gert hér með. Ég vona bara að það sem gerðist hafi ekki valdið dýpri skaða í sambandi okkar.

Geturðu fyrirgefið mér?

Þín.

Ég sendi þér ljósið sem vantar og eiginleika þess:

Geislana.

Hitann.

Orkuna.

Hraðann.

Heilandi kraftinn.

Töfrana.

Það er ósk mín að það hitti þig í hugann, hjartað og sálina.

All is not lost ...

Elsku hjartans ástin mín,
ég elska þig og hef elskað þig frá upphafi. Féll algerlega fyrir þér á sínum tíma, var
brjálæðislega skotinn í þér í mörg ár. Fegurðin og nautnin sem fylgir því að langa
aftur til að snerta þig og leika við þig, njóta þín og nautnast með þér minnir mig á
þessi ár. Hún kveikir í mér neista sem dó fyrir nokkrum árum, sem ég leyfði að deyja.
Ef þetta endar með því að við skiljum, að mér takist ekki að lifa upp í það sem þú átt
rétt á, þá hefur þú samt gert mér óendanlegan greiða þessa síðustu daga. Þér tókst
að draga mig nauðugan þangað sem ég óttaðist – að kjarnanum í sjálfum mér. Ég get
auðvitað klúðrað því eins og öllu öðru en þú ert búin að gefa mér nýtt tækifæri. Nú er
komið að mér að sýna hver ég er í trausti þess að ég sé góður maður þrátt fyrir allt.

Ég þoli ekki að sofa einn. Sakna þín.

Elsku besti,

eitt skaltu vita að ég er enn opin, óhrædd við allt nema staðinn sem við vorum á – þangað vil ég ekki fara aftur. Tæknilegir hnökrar eru alltaf yfirstíganlegir ef maður ræktar ástina. Ég held að við gætum átt gott líf saman en ég vil ekki vera með þér ef þú vilt ekki vera með mér. Það má vel vera að við séum ólík en það breytir ekki ástinni og öllu því sem við höfum byggt upp í sameiningu – allt lífið, dásamlegar minningar, börnin og okkar fallega heimili.

Ástin er til staðar eða ekki – þar stendur fleygurinn- einhverstaðar hættum við að hafa aðgang að hjarta hvors annars og við vorum orðin ófær um að njóta ásta. Fylgdu þínu hjarta, ég ætla ekki að aftra þér ef þú heldur að það sér rétt fyrir þig að fara. Þinn vinur.

Þú ert enn í huga mínum hverja mínútu, hvern dag.

TÓNLIST

Crazy Love

I can hear her heart beat for a thousand miles
And the heavens open every time she smiles
And when I come to her that's where I belong
Yet I'm running to her like a river's song

Í flutningi Ingibjargar Ýrar.

Elsku,

ég finn að þú ert að fara frá mér og ég held þú komir ekki aftur. Það liggur í líkamstjáningu þinni, í augnaráðinu, í orðum þínum og gerðum.

Þú mátt fara, ég mun setta mig við það. Finndu sjálfan þig, farðu út í heim og njóttu þín – finndu konu sem elskar þig eins og þú ert og vill ekki breyta þér, konu sem er lík þér.

Far vel.

Elsku hjartans fallegi, kynþokkafulli, flotti, klári,
ég elska þig og vil vera með þér.

En ég get ekki deilt þér með neinum ... því miður. Ef ég er ekki nóg, þá
verðum við að skilja. Ég finn það djúpt í mér að það gengur ekki, sama
hversu viljug ég er. Þrátt fyrir meldingar mínar í gær og í raun vilja minn
... þá brýtur það gegn minni innstu og bestu vitund. Ég höndla það ekki.
Þetta skrifa ég eftir að hafa átt með þér yndislegustu nótt sem ég hef átt með þér
í mörg ár – þú ert æðislegur og ég vildi svo óska þess að ég væri nóg fyrir þig.
Grundvallar staðreyndin er sú að ég get ekki borið virðingu fyrir þér ef þú gefur
þig á vald svo frumstæðum öflum eins og gráa fiðringnum, almennri greddu
... að þú bara viljir hafa möguleikann á að sofa hjá hverri sem er. Ég vil ekki
þurfa að koma að rúmi þar sem þú hefur notið ásta með frillu eða kærustu.
Ég myndi missa alla sjálfsvirðingu ef ég opnaði sambandið – ég á ekki innistæðu
fyrir opnun.
Kveðja.

Takk fyrir bréfið,
minn skilningur er sá að við séum skilin. Mér þykir það leiðinlegt – auðvitað.
Ég hugsa um þig og sakna þín en um leið veit ég að þetta er það rétta fyrir mig.
Ég get ekki verið sú sem þú vilt að ég sé. Ég hugsa öðruvísi en þú og mér líður
öðruvísi og það skapar misskilning, misklíð og sársaukafullar aðstæður fyrir
okkur bæði. Mig langar ekki að vera á þessum stað með neinum. Hvorki sms
né tölvupóstur hjálpa upp á þegar samskiptin eru orðin svona skökk. Það eru
1744 kílómetrar á milli okkar, það er staðreynd sem við verðum að lifa með.
Þegar sá dagur kemur að þú vilt vera vinur minn þá verð ég hér.
Kær kveðja.

Sæl,

ég vona að það komi ekki illa við þig að fá bréf frá mér núna en ég finn mig knúinn til að skrifa þér. Ég vil biðja þig fyrirgefningar á því hvernig ég hef komið fram við þig. Hvers eðlis var þetta samband? Árum saman sveik ég alla þá sem ég raunverulega elska. Ég laug að þeim, stal tíma frá þeim, peningum og athygli sem ég eignaði mér af eigingirni til einskis annars en að svara fýsnum mínum með þér. Á sama tíma sveik ég sjálfan mig og gerði mig að verri manneskju en ég var fyrir. Það sem mér finnst erfiðast að horfast í augu við er hvernig ég kom fram við aðra á meðan þetta varði. Það á líka við um þig. Á heimilinu lokaði ég mig sífellt meira af, ég varð fjarlægari og kaldari og varð einfaldlega minni og verri maður. Ég varð ekki bara verri eiginmaður heldur verri faðir og vinur. Við þig varð ég sífellt miskunnarlausari, leyfði þér ekki að fara þegar þú vildir losna heldur gekk á eftir þér með fagurgala. Þannig virti ég ekki þínar óskir heldur lét mínar eigingjörnu fýsnir ráða. Ég hafði auðvitað tilfinningar til þín eftir svo náin samskipti í svo langan tíma en mér fer fjarri að sjá þær sem ást eða að ég hafi verið ástfanginn af þér. Mér finnst ég hafa notað þig í ástandi sem var á engan hátt heilbriggt. Mitt ástand var í það minnsta ekki heilbriggt og mig grunar að þitt hafi ekki verið það heldur. Sá maður sem þú kynntist var sami óheilbrigði og svikuli maður og sá sem fjölskyldan fékk að kynnst – ég var jafn óheiðarlegur við þig og hana.

Þegar ég hugsa til baka þá sé ég ekki fallegt eða spennandi ástarsamband. Ég sé mann sem lokaði sig sífellt meira af – ekki bara frá umhverfi sínu heldur tilfinningum sínum og hugsunum. Ég sé mann sem lét stjórnast af fýsnum frekar en kærleika. Ég sé mann sem varð tilfinningalega fátækari og ófærari um að taka heilbrigðar ákvarðanir um eigið líf.

Ég bið þig um að fyrirgefa mér og óska þess að þú finnir farsæla leið til að byggja þitt líf upp að nýju – að þér verði fyrirgefið og að þú getir fyrirgefið sjálfri þér.

Með virðingu.

Elsku þú,
kisan hefur verið óróleg í marga daga. Hún vælir ...
Hún skilur ekki afhverju en það er eitthvað þarna úti sem kallar á hana.
Hún hefur nýlega uppgötvað hvöt sem er svo sterk og svo sársaukafull
að hún rekur hana inn í alltumlykjandi ástand girndarinnar þar sem
hún vælir eins og ungabarn og gengur eirðarlaus um húsið.
Ég hef pantað tíma hjá dýralækninum – ég hef ákveðið að slökkva þrána, manipulera
náttúruna – aflima. Hún mun ekki fá leyfi til þess að fylgja þessu náttúrulega eðli.
Mér finnst ég hafa gert það sama við sjálfa mig.
Þín að eilífu.

Kaflí III

Steinunn: Hér endar lesturinn og við erum komin að staðnum í lokaverki ódauðlegu kvintólógíunnar þar sem söguhetjan viðurkennir vanmátt sinn og hrópar á hjálp – guð stígur út úr vélinni og bjargar deginum.

Í dag er það ég sem stend í sporum söguhetjunnar í leikverki sem hefur skilið við skáldskapinn og fetar sig inn í raunveruleikann með því að sækja vitnisburð um ást og ástleysi til áhorfenda sinna.

Og nú stend ég vanmáttug gagnvart þeim hliðum ástarinnar sem birst hafa í þessum bréfum sem okkur voru send og veit ekki alveg hvernig ég á að halda áfram.

Þið sem hafið séð okkar fyrri verk vitið að við erum komin á staðinn þar sem María mey birtist okkur. Og nú er það bara að biðja og vona að guðdómurinn stígi niður og bjargi mér. En hvar er guð ... eða öllu heldur hver er hann?

Á meðan við biðum langar mig til þess að spyrja þig, Ólöf.

Heldur þú að guð sé ást?

... kannski ég breyti spurningunni.

Ólöf trúir þú á ástina?

Ólöf kemur í ljósið og svarar spurningunni en endar á því að spyrja annan leikara að nýrri spurningu um ástina.

Allir í leikhópnum svara og síðastur er Orri Huginn.

Orri Huginn svarar með því að syngja lagið Bridge over Troubled Water eftir að hann hefur minnt áhorfendur á fjöðrina (fjaðrirnar) sem þeir halda á í hendinni – hann biður fólk að taka þær með sér heim og muna eftir óskum sínum.

Bridge over troubled water

When you're weary, feeling small,
When tears are in your eyes, I will dry them all;
I'm on your side. When times get rough
And friends just can't be found,
Like a bridge over troubled water
I will lay me down.
Like a bridge over troubled water
I will lay me down.

When you're down and out,
When you're on the street,
When evening falls so hard

I will comfort you.
I'll take your part.
When darkness comes
And pain is all around,
Like a bridge over troubled water
I will lay me down.
Like a bridge over troubled water
I will lay me down.

Sail on silvergirl,
Sail on by.
Your time has come to shine.
All your dreams are on their way.
See how they shine.
If you need a friend
I'm sailing right behind.
Like a bridge over troubled water
I will ease your mind.
Like a bridge over troubled water
I will ease your mind.

e. Simon og Garfunkel

LOK



GAGNRÝNI Í PRENTMIÐLUM



ÓDAUÐLEGT VERK UM STJÓRN OG STJÓRNLEYSI 2005

*Tilraunaverk Steinunnar Knútsdóttur ber með sér
ferskan blæ í kyrrstöðunni sem alla jafna ríkir
í leikhúslífi okkar.*

Verkið ódauðlega

Tilraunaverkefni Steinunnar Knútsdóttur rann sitt skeið í vikunni. Aðsókn var góð á þriðjudagskvöld þegar undirritaður sá það. Það var skemmtileg kvöldstund þótt stutt væri. Það er skondið í samsetningu þó að nokkur spunabragur væri á því og nánast væri miðjað um Árna Pétur Guðjónsson.

Sú hugmynd að setja saman lítinn hóp til vinnu af þessu tagi, þreifingar um form og tækni, er góðra gjalda verð. Á plusssófa í hráslagalegur rými sitja fimm karlar með gleraugu og skegg og bíða. Þegar á líður kemur sá sjötti inn og tekur að segja persónulega gamansögu. Karlarnir sem reyndar eru þrjár konur og tveir karlar taka að trufla frásögnina, skjóta inn spurningum og þegar sögumaður hefur söguna öðru sinni ágerast tuflanirnar og taka loks yfir athöfnina. Verkið teygir sig síðan í hreyfingakönnun, þróast áfram yfir í skemmtilega sýningu á samhengi muna, texta og hreyfingar sem er athyglisverð tilraun í merkingarfræði. Enn tekur það stökk í háðramatísk átök, morð og brottmál líks, ásökun og yfirhafna innkomu hinnar látnu í trúarlegu tákni.

Allt var þetta framkvæmt vafningalaust: hér var unnið með fornan kjarna kórs og andmælanda. Hvergi var dautt augnablik í framgangi og lengi voru átökin í mörgum lögum. Árni Pétur sýndi hér allar

sínar bestu hliðar: íroníska stöðu í verkinu, fyndna frásagnartækni, líkamsbeitingu sem jaðraði við dans og gerandi sem var fjölbreytt og átakamikil í bland við skop.

Kórinn sem á móti tók var samtaka og fylginn sér, misskýr í tali og lék sér auðveldlega að mótsögn yrðingar og gerðar. Það var gaman að sjá sýningu sem laut hvergi undir persónuleikasköpun heldur hnoðaðist áfram á tilrauninni og hafði greinilega notið ljósrar leiðsagnar í mótun. Svo er annað mál að lyktir verksins með sinni kristilegu boðun í pietu voru fallegar í sinni alvöru en gersamlega á skjön við allt sem á undan fór.

En tilraunum sem þessum ber að fagna. Þær auðga oftast leikhúslíf. Margt bendir til að smærri verkefni í styrkveitingum leiklistarráðs eigi sér ekki stærri áhorfendabasa en rétt um þúsund áhorfendur. Má spyrja hvort ekki er nær að fækka styrkjum, en leikhúsbransinn vinni meira á þessum nótum: launa laust fyrir þá ánægju eina að gera hvað kemur, hvað þróast og stenst.

*Gagnrýni Páls Baldvins Baldvinssonar,
birt í DV 26. maí 2005.*

Brosað kankvíslega í Klink og Bank

Það er alltaf gott að koma í Klink og Bank og horfa á leiksýningar. Ekkert vesen, bara koma eins og maður er klæddur. Og hvar á að ganga inn er alltaf gáta sem þarf að leysa, í þetta sinn var það, þegar öll nótt virtist úti, í gegnum port á milli holta, kerti vísuðu leið inn í myrkrið og beðið á stólum í myrkrinu innan um verkfæri og frauðplasthnullunga sem hugmyndaflug einhvers myndlistarmanns er að glíma við. Svo var gengið í hráan sal og þar sátu á upplýstum sófa þrjár konur í svörtum drögtum með gleraugna- og nefgrímu með yfirvaraskeggi og tveir jakkafataklæddir karlmenn með eins grímur stóðu á bak við þær. Þau sátu öll nokkuð lengi kyrr, stíf í frosinni mynd, svo láku andlitin á þeim niður eins og sprungin blaðra og komu í þau kippir. Það var kankvíst.

Inn kemur: Árni Pétur Guðjónsson, bjartur og brosandí fer hann að segja áhorfendum söguna af því þegar hann loks tók bílpróf tuttugu og fimm ára, þá á leið til Kaupmannahafnar í leiklistarnám, og hætti sér út á götu í Reykjavík á Skoda. Sú saga virtist ætla að verða skemmtileg nema grímuklædda alltitandi fólkið í sófanum fer þá að skipta sér af honum, hvar hann stendur, hvaða raddstyrk hann noti, hvernig hann segi söguna, hvernig hann sé klæddur. Aðdáunarverð, þolinmóð viðbrögð hans við eilífum aðfinnslum og poti, láta eins og ekkert sé, haggast ekki, byrja upp á nýtt, leikarinn byrjar ævinlega upp á nýtt - en auðvitað fáum við aldrei að heyra söguna.

Annað atriði: Árni Pétur og Lára Sveinsdóttir í höndum grímuklædda liðsins sem er orðið aðgangsharðara í stjórnuninni; leikararnir dúkkur, eru hreyfðar, látnar standa og sitja, festast í stöðunni; lesa texta sinn vélrænt af pappírsblöðum sem þeim eru rétt og úr verður absúrd dýalógur; blóm í hönd, snara um háls, byssa sem beinist að konunni og upp koma ýmsir kostir: Hengir

hann sig? Skýtur hann hana? En engin dramatík verður til, aðeins kostir. Oft kankvísir kostir.

Þriðja atriði: Árni Pétur dansar, hann er frjáls, hann er glaður. Inn kemur: Aðalbjörg Árnadóttir, hún er hugfangin af dansinum, þarf að segja honum frá því, það flæðir úr henni fögnuðurinn og þrengir að honum, það daprast dansinn, hann kyrkir hana.

Fjórdi atriði: Grímuklædda liðið ekki lengur grímuklætt krefur morðingjann um reikningsskil, að játa sekt sína, líkt og væru þau öll ritstjórar á DV, gerist þá það sem aldrei gerist í lífinu bara á leiksviði: Guðlegt inn grip (deus ex machina), birtist hún María mey og frelsar hann undan faríseunum, tekur morðingjann í fangið (Pieta) og horfir kankvísu auga upp til hins æðsta stjórnanda. Abbú.

Öll hefur stutt sýningin yfirbragð tilraunar, spuna, leitar, sem mér finnst alltaf ánægjulegt í leikhúsi. Gott líka að geta brosað oft og þurfa ekki að hlæja. En spuni jafn ágætur og hann er í undirbúningi verður oft flatneskjulegur og ómarkviss á sviðinu sjálfu jafnt í hreyfingu sem texta. Og æfingar fyrir leiklistarnema eins og „dúkkar“ fá áhorfandann til að brosa en vísa í fyrstu lítið lengra en til þeirrar alkunna staðreyndar að ætíð sé einhver að ráðskast með annan og margt sé mögulegt á leiksviði. En ekki er allt sem sýnist og líta má á tilraunina sem allegoríu um leikhúsið. Leikstjórar, leiklistarkennarar standi þar andspænis leikurum, stjórn andspænis stjórnleysi, ofríki andspænis flæðandi sköpun. Leikarinn endi með að myrða þann sem lofar hann um of. Kannski, svo ég sé líka kankvís, er það bara guðs vilji!

*Gagnrýni Maríu Kristjánsdóttur,
birt í Morgunblaðinu 9. júní 2005.*

ÓDAUÐLEGT VERK UM SAMHENGILUTANNA 2009

Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna

Ofangreindur titill, Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna, hljómar ekki bara vel heldur er sömuleiðis úthugaður. Hann er á leikverki Steinunnar Knútsdóttur, sem sýnt verður í síðasta sinn í Nýlistasafninu í kvöld. Á verki sem ekki bara er úthugað heldur óvenjulega lunkið – ekki síst þar sem hvað lengst er gengið í því að kanna möguleika textans í samhengi leikhússins. Og hvað þýðir það? kann einhver að spyrja, er ekki alltaf verið að kanna möguleika textans í leikhúsinu? Mín reynsla, sem leikhúsgests, er reyndar ekki á þá lund. Hún er þvert á móti sú að alltof algengt sé að vaxtarbroddar listgreina séu ekki sýnilegir. Að fáir þori að taka áhættuna á því að setja eitthvað upp sem fólki gæti mislíkað, sem fólk ekki kannast við og finnst framandlegt, sem fólk getur ekki samsamað sig og álítur þar af leiðandi ekki vera leikhús. Það er m.ö.o. alltof oft verið að höfða til meðalmennskunnar; fullnægja afþreyingarþörf með ærið fyrirsjáanlegum hætti.

Sú sýning sem ég sá í Nýlistasafninu hristi dálítið uppí manni. Hún hófst á því að Steinunn, höfundur verksins, flutti formála að því í hlutverki hinnar „talandi leikskrár“. Sá formáli er ekki alltaf eins, heldur eru þær forsendur (eða sú leikskrá) sem Steinunn leggur upp með til í nokkrum útgáfum sem óhjákvæmilega hafa áhrif á upplifun áhorfandans hverju sinni. Sjálfur leiktextinn breytist þó ekki. Steinunn er m.ö.o. að bjóða mismunandi túlkanir á sömu sýningunni, rétt eins og hún hafi ekki viljað njörva sig niður fyrir fullt og fast. Auðvitað er þetta meðvituð ákvörðun hjá henni – enda snýst verkið um möguleika leikhússins – og aðferðin er styrkur sýningarinnar. Jafnframt tekst Steinunni strax, og það meira að segja áður en verkið hefst, að ögra sjálfsöruggi áhorfandans, sýna honum fram á að skoðanir hans eru ekki óháðar umhverfinu, heldur byggjast einmitt á „samhengi hlutanna“.

Og hefst þá leikurinn. Þar er þessi tilraunaþráður milli verksins og áhorfenda spunninn áfram. Þótt textinn byggist á samtölum leikaranna tala þeir ekki hver til annars heldur til áhorfenda. Þannig er dregið úr bilinu á milli þeirra og verksins, á milli salarins og sviðsins. Og þótt áhorfendur taki ekki með beinum hætti þátt í verkinu, eru þeir mjög meðvitaðir um að þeir eru hluti af raunveruleika leikhússins – án þeirra væri verkið ekki til. Þetta er ekki ný hugmynd, í það minnsta ekki í myndlist og kannski vel við hæfi að flutningurinn skuli eiga sér stað í Nýlistasafninu af þeim sökum. Í leikverkum hafa tilraunir til að draga áhorfendur inn í verk oft haft alltof dramatísk áhrif; vekja andúð, óþægindi með áhorfendum – bæta litlu við. Í Nýlistasafninu er þessi nálgun þó fyrst og fremst á hugmyndafræðilegum nótum og mjög sterk sem slík.

Notkun Steinunnar á leikurunum undirstrikar síðan þessi áhrif; flutningur textans gengur hring eftir hring og leikararnir skiptast sífellt á hlutverkum þannig að verkið er í stöðugri endurnýjun. Valdajafnvægi raskast; verkið breytir um merkingu. Sá sem er kúgaður verður kúgari, góður verður vondur, hugleysingi fær hugrekki og þannig fram og til baka. Sjálft leikrýmið tekur meira að segja stakkaskiptum, gólfflötur færast upp á vegg.

Allt miðar þetta að því að afhjúpa tæki og tól leikhússins; textann, leikarana, sviðið, hreyfinguna. Sýna fram á endalaus möguleika, ólíkan lestur og sýn. Um leið virkar leikritið eins og hluti fyrir miklu stærri heild. Stuttur textinn sem er í raun endurtekinn í sífellu, vísar langt út fyrir sig og segir sögu mannlegra samskipta, trúarbragða, valdabaráttu, ástar, haturs og þar fram eftir götunum. Hvort Steinunni hefur tekist að skapa „ódaðlegt verk“ þori ég ekki að fullyrða. En „samhengi hlutanna“ afhjúpar hún afar eftirminnilega.

Pistill Fríðu Bjarkar Ingvarsdóttur, birtur undir flokknum „Af listum“ í Morgunblaðinu 4. febrúar 2009.

ÓDAUÐLEGT VERK UM STRÍÐ OG FRÍÐ 2010

Afþreying og experiment II

Á sviði Hafnarfjarðarleikhússins frumsýndi um síðustu helgi hópur sem nefnir sig Áhugaleikhús atvinnumanna undir forystu Steinunnar Knútsdóttur lítið sviðsverk, Ódauðlegt verk um stríð og frið. Frumsýndi, segi ég, sem er þó víst fullmikið sagt, því að verkið var sýnt síðastliðið vor í húsi Leiklistarskólans við Sölvhólsstötu; mig minnir ég hafi skrifað eitthvað smávegis um það, er þó ekki alveg viss. Í öllu falli: það er hluti af „kvintológíu“ (fimmleik) sem hópurinn mun vera að vinna að; væntanlega á þetta að vera einhvers konar „work in progress“. Hér beinist athyglin að tveimur ungum börnum sem eru á miðju sviði í daufri birtu, en í kringum þau og að baki þeim veltast um svartklæddar verur sem renna nánast saman við myrkrið; þær eru sífelldar að vesenast í börnunum, handleika þau og hefja á loft; skuggaleg tákni þeirra afla sem við erum – eða okkur finnst við vera – ofurseld. Börnin reyna að ná sambandi sín á milli, en verurnar trufla það, verða æ aðgangsharðari – þarf ég nokkuð að segja meir?

Í kynningu leikhússins segir að börnunum sé fylgt „frá sakleysi yfir í sekt, frá trausti yfir í ótta, frá kosmosi í kaos“; sagan sé sögð „á einfaldan og ljóðrænan hátt en um leið af hrópandi vægðarleysi með skerandi táknum“. Verkið eigi að draga fram „vilja mannsins til þess að slá eign sinni á fólk, hugmyndir og fyrirbæri, og átök mannsins um yfirráð“. Gott og vel – en af hverju ekki bara að segja eins og er (úr því á annað borð er verið að útlista póesíuna): þetta er í meginatriðum gamla sagan um syndafallið, kominn beint úr Biblíunni, ívafin táknumyndum sem allar má finna í helgum ritningum gyðinga og kristinna: vatni, bók, sverði eða hnífi. Í lokin gengur Guðsmóðirin sjálf inn á sviðið og upphefur undurfagran söng (Händel), tekur bæði börnin í hönd sér og leiðir á brott. Draumur, óskhyggja, eða veruleiki? Því er að sjálfsgöðu ekki svarað; áhorfandinn verður að eiga við sjálfan sig hvernig hann skilur það.

Eitthvað mun sýningin hafa þróast frá því í vor; ég þori ekki að segja hversu mikið, en engar stórbreytingar sýndust mér hafa orðið á henni. Yfirleitt fannst mér hún njóta sín betur á sviðinu í Hafnarfirði, það var mun rýmra um hana þar en í húsi Listaháskólans, andstæður ljóss og myrkurs á einhvern hátt skarpari. Uppbyggingin er dramatísk, en full aðgerðalítill á stöku stað: balletískur kynningarkafllinn ágætur, börnin tvö standa sig vel þó að eðlilega finnum við til þess að þau eru mjög með hugann við hreyfimunstrin; um miðbikið hefði enn mátt þetta og skerpa á línunum að mínum dómi. Óræð og ógnandi tónlist Hilmar Arnar Hilmarssonar átti drjúgan þátt í þeim hughrifum sem þarna tókst að skapa. Lokamyndin með Maríu og barninu – já, ég gleymdi að geta þess að þá er borið inn lifandi kornabarn, alvöru kornabarn sem var eins og það hefði fæðst á sviði, ekkert hrætt við allar þessar skrítnu verur – hún var blátt áfram hrifandi. Hinn dökkklæddi leikflokkur tekur af sér grímurnar og horfir til okkar brosleitur, en María snýr við okkur baki og gengur burt með Adam litla og Evu; undir ómar Händel.

Leikhúsfólki er stundum hælt fyrir að þora að prófa eitthvað sem er ekki fyrirfram víst hvort gangi upp. En vitaskuld getur „framúrstefna“ orðið jafn geld og klisjukennd og öll önnur leikform; sagan um nýju fötin keisarans á oft jafnmikið erindi við leikhúsfólk og aðra. Ég hef haft mismikla ánægju af þeim þremur verkum „kvintológíunnar“ sem enn hafa sést, en einna mesta af þessu; mér finnst það vitsmunalegt og einlægt, látlaust og fallett. Það er ekkert offramboð af slíku á íslenskum leiksviðum nú um stundir. Svo er ókeypis inn fyrir allan almenning (ekki bara krítikera og boðsgesti), gleymum ekki því. Einhvern tímann talaði merkur leikhúsmaður um fátæka leikhúsið – fátækt í ytra skilningi, ekki þeim innri. Það skyldi þó ekki vera að tími þess sé að renna upp á voru fátæka landi?

**** (fjórar stjórnur)

Gagnrýni Jóns Viðars Jónssonar, birt í DV 12. maí 2010.

ÓDAUÐLEGT VERK UM DRAUM OG VERULEIKA 2010

Frelsari úr föðurkviði

Í snjóhvítu rými sem áður hefur líklega hýst neta-gerð eða fiskikara-framleiðslu hreyfast, svífa, smjúga og hlaupa hvítklæddar verur sem eru í senn allar persónurnar og eins hver og ein sem leitar og leitar að tilgangi þess að vera að leita. Hver persóna hefur sín einkenni, eða öllu heldur sína þráhyggju. Þráhyggjan getur orðið svo áþreifanleg að hún verður hreinlega líkamlega sýnileg eins og hjá unga manninum sem er farinn að ganga með barn og það ekki hvaða barn sem er heldur sjálfan frelsarann.

Hópurinn er á sviði sem er afmarkað með hvítum tjöldum, það er hátt til lofts og hljóðið berst vel. Hljóðið og hvernig það berst verður líka eitt af aðaláhugamálum eins úr hópnum. Þess eina sem er ekki klæddur eins og hann sé á hæli, heldur er fremur eins konar ferðamaður í Grikklandi eða prófessor. Árni Pétur Guðjónsson fer með þetta hlutverk og þó svo að yfirbragð hans sé svona útlitslega öðruvísi í upphafi er hann engu að síður einnig hluti af þessu dreymsa teymi sem birtist jafnt á sviðinu og eins á tveimur örþunnum hvítum tjöldum til hliðanna. Ein persónanna er stöðugt að mynda sem er jú ein af okkar nútíma áráttum og eins rýkur ólétti strákurinn um og leitar sér að síma, er það í raun og veru eina ákall persónu í verkinu til hinna persónanna í beinum skilningi. Enda ekki lítið í húfi því hann þarf að ná í Guð almáttugan. Það er stutt í leiftrandi kímni.

Sveinn Ólafur Gunnarsson túlkar fremur einhverfan þráhyggjumann sem getur ekki komið frá sér setningum nema eins og hann sé að pikka þær á lyklaborð.

Hver og einn af leikurunum hefur mótað sína karaktera og skrifað fyrir þá. Þetta er tilraunaverkefni en alls ekki ruglingslegt eða tilviljanakennt. Steinunn Knútsdóttir virðist hafa mjög sterka sýn með verkinu og sömuleiðis rammar hún það mjög vel inn í þeirri tækni sem notuð er.

Í síðari hluta verksins birtist fyrirlestrarkona, ein af þessum sem spretta nú upp eins og gorkúlur með sannleiksfyrirlestur um hamingjuna og hvernig við erum og ættum að vera. Þessi er svo taugatrekkt og óörugg að henni bregður sjálfri þegar hún opnar munninn. Það var Lára Sveinsdóttir sem fór með þetta hlutverk og var hún í einu orði sagt yndisleg. Fyrirlesturinn verður svo að myndlistarverki aftast á sviðinu með hjálp hópsins. Aðrir leikarar voru þau Hannes Óli Ágústsson, Orri Huginn Ágústsson, Aðalbjörg Árnadóttir, Ólöf Ingólfsdóttir og Arndís Hrönn Egilsdóttir sem lék konu með mikla undirliggjandi sorg, líklega misst barn, en þemað um barnið var gegnumgangandi.

Leikmyndin er tær og nútímavídeótæknin gengur alveg upp sem hluti af leikverkinu.

Niðurstaða: Öguð og athyglisverð sýning, svolítið hæg í byrjun en þess betri þegar líða tók á verkið.

**** (fjórar stjórnur)

*Gagnrýni Elísabetar Brekkan,
birt í DV 17. nóvember 2010.*

ÓDAUÐLEGT VERK UM ÁST OG ÁSTLEYSI: HVAR ER GUÐ? 2015

Hvað er ást?

Áhugaleikhús atvinnumanna hefur verið starfandi síðan 2005 en á þessum tíu ára starfsferli hafa þau sýnt fjögur sviðsverk undir nafninu „Ódauðlegt verk um? ...“, Ódauðlegt verk um ást og ástleysi, hvar er guð? er hið fimmta.

Sýningin byrjar áður en gengið er inn í salinn þar sem áhorfendur eru kynntir fyrir litlum og gríðarlega einlægum hjálparhellum hópsins. Þær hafa í fórum sínum spurningalista sem er óneitanlega í þyngri kantinum. Þess er ekki krafist að spurningunum sé svarað upphátt á staðnum heldur fá þær að fljóta um í hugarfylgsnum áhorfenda meðan á sýningunni stendur. Þær eru á þessa leið: „Hefur þú verið ástfangin?“ „Hvað er ástleysi?“ „Hefur þú upplifað hjartasorg?“

Ókeypis er inn á allar sýningar hópsins og hefur verið frá stofnun. Slík afstaða gerir áhorfendur líklegri til að taka áhættu og mæta á tilraunaleiksýningu en verður líka til þess að þverskurðurinn af áhorfendahópnum er fjölbreyttari heldur en gengur og gerist. Hópurinn blandar saman gjörðum áhorfenda og hópsins en sýningin verður þannig sameiginleg eign allra í salnum, einhvers konar útgáfa af helgileik. Beinni þátttöku gesta er haldið í lágmarki en er leikandi vel samansett þannig að útkoman er áhrifamikil meðan á sýningu stendur, jafnvel lengi eftir að henni lýkur.

Öll umgjörð er hin einfaldasta; svört baktjöld, einn hljóðnemi, nótnastandur og sviðslýsingunni haldið í lágmarki. Leikararnir klæðast einnig sínum eigin fötum og finnast oftar en ekki úti í sal á meðal þeirra sem þar sitja. Náðin sem þau skapa á Litla sviði Borgarleikhússins með þessum lágstemmdu aðferðum er virkilega áhrifarík.

Lítið er um svör við stóru spurningum lífsins en það er ekki tilgangur verksins heldur frekar að biðja áhorfendur um að finna svörin innra með sér. Þau berjast ekki við að finna þau sjálf eða einblína stöðugt á sitt eigið sálarlíf heldur opna þau fyrir sjálfskoðun hjá öðrum.

Taktur framvindunnar er flæðandi og afslappaður en samt sem áður má finna undirliggjandi spennu þar sem hópurinn sjálfur spinnur ákveðnar senur með því að spyrja hvert annað óvæntra spurninga. Sýningin daðrar stundum við væmnina en nær oftast að draga í land áður en tilfinningavellan fer yfir þolmörk.

Áhugaleikhús atvinnumanna á mikið hrós skilið fyrir að varpa fram þessum stærstu vangaveltum mannverunnar en spurningar um guðlegt yfirbragð ástarinnar ganga aðeins of langt. Þrátt fyrir fallegar tengingar á milli hugtakanna eru þær yfirborðskenndar og ættu betur heima í annarri sýningu.

Þrátt fyrir nokkra hugmyndafræðilega galla er Ódauðlegt verk um ást og ástleysi, hvar er guð? krefjandi og eftirminnilegt sviðsverk. Vonandi verður þetta ekki síðasta verk hópsins í þessari seríu því þau eiga svo sannarlega mikið inni.

Niðurstaða: Töfrandi tilraunaleikhús sem hikar ekki við að varpa fram stórum spurningum.

**** (fjórar stjörnur)

Gagnrýni Sigríðar Jónsdóttur,
birt í Morgunblaðinu 2. september 2015.

Aftanmálsgreinar

- 1 Bókin *2010, lárétt rannsókn: örverk um áráttur, kenndir og kenjar* var gefin út af Áhugaleikhúsi atvinnumanna í desember 2010.
- 2 Hvörf, samkvæmt skrifum Aristótelesar um skáldskaparlistina, eru nauðsynlegur hluti harmleikja þegar alger stefnubreyting verður á atburðarásinni og við það öðlast persóna nýjan skilning á aðstæðum sínum, kennsl. Hvörf og kennsl eru hluti af verkferakistu leikarans við túlkun á klassískum verkum.
- 3 Deus ex machina er latneskt hugtak sem notað var um gríska harmleiki og aðferð margra þeirra við að leysa átök og enda leikinn með innkomu eins af guðunum á sviðið. Til þess þurfti ákveðna tækni sem vísað er til í orðasambandinu. Vélin var einhvers konar hjálpartæki eða krani sem notaður var við að slaka leikaranum á sviðið eins og af himnum ofan.
- 4 María Kristjánsdóttir: „Brosað kankvíslega í Klink og Bank“, *Morgunblaðið*, 9. júní 2005. Gagnrýnina má lesa í heilu lagi í viðauka bókarinnar.
- 5 Páll Baldvin Baldvinsson: „Verkið ódauðlega“, *DV*, 26. maí 2005. Gagnrýnina má lesa í heilu lagi í viðauka bókarinnar.
- 6 Steinunn Knútsdóttir: „Listamenn rétta valdi peninganna fingurinn“ *DV*, 6. júní 2005.
- 7 Í *Aurora Borealis* gerðum við tilraun með að leika í gegnum veraldarvefinn og sendum leiksýninguna út í beinni vefútsendingu. Þessi vinna varð vísirinn að því sem ég hélt áfram að vinna með í Netleikhúsinu Herbergi 408 ásamt Hrafnhildi Hagalín og var vettvangur vinnu Áhugaleikhúss atvinnumanna við *Örverk um áráttur, kenndir og kenjar* árið 2010.
- 8 Pietà er ítalska og þýðir miskunnsemi en hugtakið hefur verið notað í listasögunni yfir helgimyndir sem sýna Maríu mey með látinn Jesú í skauti sér. Myndin kristallar píslarsögu Krists og sýnir um leið hina miklu mildi og miskunnsemi Maríu og mennsku Jesú.
- 9 Fríða Björk Ingvarsdóttir: „Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna“, *Morgunblaðið*, 4. febrúar 2009. Greinina má lesa í fullri lengd í viðauka bókarinnar.

- 10 Jón Viðar Jónsson: „Afþreying og experíment II“, *DV*, 12. maí 2010. Gagnrýnina má lesa í heilu lagi í viðauka bókarinnar.
- 11 Líkamleg hlustun er hugtak sem notað er í þjálfun leikara. Hlustun er ákveðin innstilling leikarans þegar hann skynjar með öllum líkamanum hreyfingar í leikrým-inu, en þá er talað um að leikarinn hlusti með öllum líkamanum.
- 12 Elísabet Brekkan: „Frelsari úr föðurkviði“, *Fréttablaðið*, 17. nóvember 2010. Gagnrýnina má lesa í heild sinni í viðauka bókarinnar.
- 13 Orðið kaþarsis er úr grísku og þýðir hreinsun. Hugtakið er notað um þann áhrifa-mátt grísku harmleikjanna að vera tæki fyrir áhorfandann til að öðlast andlega hreinsun í gegnum raunir persóna verksins. Í Grikklandi til forna var litið á leiksýn-ingu sem helgiathöfn.
- 14 Sigríður Jónsdóttir: „Hvað er ást?“, *Fréttablaðið*, 2. september 2015. Gagnrýnina má lesa í heilu lagi í viðauka bókarinnar.
- 15 „Borgarleikhúsið markaðsfyrirtæki ársins“, *Morgunblaðið*, 4. nóvember 2010.

HEIMILDIR & ÍTAREFNI

- Allen, Paul. 2003. *The Art of Stillness: The Theater Practice of Tadashi Suzuki*. Methuen, London.
- Alschitz, Jurij. 2003. *The Vertical of the Role: Method for the Actor's Self-Preparation*. ars incognita, Berlín.
- Alschitz, Jurij. 2005. *40 Questions of One Role: A Method for the Actor's Self-Preparation*. ars incognita, Berlín.
- Artaud, Antonin. 1970. *The Theatre and its Double*. Calder, London.
- Barba, Eugenio (ritstj.). 2002. *Towards a Poor Theatre: Jerzy Grotowski*. Routledge, New York.
- Barba, Eugenio og N. Savarese. 2006. *A Dictionary of Theatre Anthropology: The Secret Art of the Performer*. Routledge, London.
- Beck, Jessica. 2010. „Alba Emoting and Emotional Melody: Surfing the Emotional Wave in Cachagua“. *Dance and Performance Training* (1) 2: 141-156. Routledge Press, London.
- Bogart, Anne og T. Landau. 2005. *The Viewpoints Book: a practical guide to viewpoints and composition*. Theatre Communications, New York.
- Bogart, Anne. 2007. *And then, You Act: Making Art in an Unpredictable World*. Routledge, New York.
- Borgart, Anne. 2001. *A Director Prepares: Seven Essays on Art and Theatre*. Routledge, London.
- Brecht, Bertolt. 1964. *Brecht on Theatre: The Development of an Aesthetic*. Methuen, London.
- Carnicke, Sharon. 2009. *Stanislavsky in Focus: An Acting Master for the Twenty-First Century*. Routledge, London.
- Elísabet Brekkan. 2010. „Frelsari úr föðurkviði“. *Fréttablaðið*, 17. nóvember.
- Etchells, Tim. 1999. *Certain Fragments: Contemporary Performance and Forced Entertainment*. Routledge, London.
- Fríða Björk Ingvarsdóttir. 2009. „Ódauðlegt verk um samhengi hlutanna“. *Morgunblaðið*, 4. febrúar.
- Helmer, Judith og F. Malzacher. 2004. *Not Even a Game Anymore: The Theatre of Forced Entertainment = das Theater von Forced Entertainment*. Alexander Verlag, Berlín.
- Holdsworth, Nadine og G. Willcocks. 2014. *European Theatre Performance Practice, 1900 to the Present*. Ashgate Publishing, Farnham.
- Hurley, Erin. 2010. *Theatre & Feeling*. Palgrave Macmillan, New York.
- Jón Viðar Jónsson. 2010. „Afþreying og experiment II“. *DV*, 12. maí.
- Krasner, David. 2000. *Method Acting Reconsidered, Theory Practice, Future*. St. Martins Press, New York.

- María Kristjánsdóttir. 2005. „Brosað kankvíslega í Klink og Bank“. *Morgunblaðið*, 9. júní.
- Páll Baldvin Baldvinsson. 2005. „Verkið ódauðlega“. *DV*, 26. maí.
- Petit, Lenard. 2009. *The Michael Chekhov Handbook: For the Actor*. Routledge, New York.
- Richards, Thomas. 1995. *At work with Grotowski on Physical Actions*. Routledge, London.
- Sigríður Jónsdóttir. 2015. „Hvað er ást?“ *Fréttablaðið*, 2. september.
- Steinunn Knútsdóttir. 2010. *2010, lárétt rannsókn: örverk um áráttur, kenndir og kenjar*. Áhugaleikhús atvinnumanna, Reykjavík.
- Suzuki, Tadashi. 2003. *The Way of Acting: The Theatre Writings of Tadashi Suzuki*. Theatre Communications Group, New York.
- Suzuki, Tadashi. 2015. *Culture is the Body: The Theatre Writings of Tadashi Suzuki*. Theatre Communications Group, New York.
- Watson, Ian. 1995. *Towards a Third Theatre: Eugenio Barba and the Odin Teatret*. Routledge, London.
- Watson, Ian. 2003. „Culture, Memory, and American Performer Training“. *New Theatre Quarterly* 19 (73): 33–40. Cambridge University Press, Cambridge.
- Zarrilli, Phillip. 1995. *Acting (re)Considered: Theories and Practices*. Routledge, London.

Tenglar

- <http://www.boxiganga.dk>
- <http://www.odinteatret.dk>
- <http://www.grotowski.net>
- <http://www.albaemoting.com>
- <http://siti.org>
- <http://www.forcedentertainment.com>
- <http://herbergi408.is>
- <http://ahugaleikhus-atvinnumanna.com>

lím